


# Ársskýrsla 2011



# Ársskýrsla 2011



Persónuvernd

Ljósmyndir: Bjarni Eiríksson  
Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja   
*ISSN 1670-3782.*

---

## Formáli forstjóra

---



Eitt af höfuðverkefnum Persónuverndar er að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi. Hún á að hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitæfni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga á hverjum tíma, skilgreina og afmarka hvar einkalífsvernd er hætta búin.

Stöðugt líta dagsins ljós ný tækniundur á sviði vinnslu persónuupplýsinga. Það sem nú rís hvað hæst er tækni á sviði lífkennagreiningar, m.a. til að greina andlit og önnur líkamsauðkenni. Með henni, og nær takmarkalausri vidd internetsins, hafa skapast nýir og ófyrirsjáanlegir möguleikar til eftirlits með lífi og ferðum manna.

Gerð og notkun persónusníða hefur öðlast nýja merkingu. Til grundvallar liggur gríðarleg upplýsingasöfnun í gagnaverum um allan heim, vinnsla á veraldarvef og notkun háþróaðrar stærðfræði til að reikna og greina líf og venjur manna, neyslusnið og lífshætti.

Notkun persónusníða getur vissulega verið hagkvæm og til margra hluta nytsamleg en þar getur ýmiss böggull fylgt skammri. Verði fólk vegið, metið og meðhöndlað eftir því að hvaða sniði það fellur getur það leitt til ýmiss konar mismununar og skapað hættu á að sumir útilokist að ósekju frá því að geta fengið vissa þjónustu. Það getur skaðað atvinnumöguleika þeirra og menntunartækifæri með ógagnsæjum og ósanngjörnum hætti og má ekki fara gegn grunnhugmyndum okkar um réttlæti.

Það er auðvelt að sjá fyrir sér að í framtíðinni muni aðilar reyna að nýta sér þessa tækni til að finna fyrirfram þá þegna sem líklegir séu til að rata af sporinu. Þar geta minnstu skekkjur valdið ómældu tjóni. Til að það gerist ekki verða allir að leggjast á eitt – vísinda- og tæknimenn, ráðamenn og markaðsaðilar.

Til skýringar leyfi ég mér að vitna í vinnuskjal<sup>1</sup> starfshóps sem Persónuvernd á aðild að. Þar er dregin upp mynd af verslunarmiðstöð framtíðarinnar.

Í henni er eftirlitsmyndavélakerfi sem getur borið kennsl á menn, sjálfkrafa rakið hreyfingar þeirra og greint svipbrigði, s.s. bros og reiði. Það þekkir fastan viðskiptavin um leið og hann kemur inn í bíla-stæðahúsið og beinir honum í stæði sem hentar honum. Þegar hann kemur á verslanasvæðið vísar það honum á fót og verslanir við hans hæfi. Það hvert honum er beint ræðst af ýmsu. Þeim tilboðum sem eru í gangi og því hvar hann hefur verslað áður. Honum birtast valdar auglýsingar en sum verslana-, veitinga- eða skemmtisvæði eru lokað honum. Þefa má uppi hugsanlega bílaþjóf áður en þeir hafa svo mikið sem snert nokkurn bíl. Njósnaflugur (e. *drones*) með myndavélum og öðrum skynjurum fylgja þeim eftir þar til grunur hefur verið staðfestur eða honum eytt. Unnt er að nema smáhluti sem menn bera innanklæða.

Þessi mynd byggist ekki aðeins á nútíma andlitsgreiningu og fullkominni stærðfræði heldur sameinar hún og notar persónuupplýsingar sem þegar eru til í vörúsum og gagnaverum um heim allan. Slík viðbót hefur þegar verið hönnuð og notuð í svokölluðu INDECT-kerfi (Intelligent information system supporting observation, searching and detection for security of citizens in urban environment) þar sem miklu magni upplýsinga og háþróaðri upplýsingatækni er steypt saman í því skyni að verjast hugsanlegum hryðjuverkum og glæpum áður en þeir eru framdir.

Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að færa myndina af verslunarmiðstöðinni yfir á samfélagið okkar. Þegar það er gert verður flestum ljóst að slíkt eftirlit þarf að eiga sér trausta lagastöð og má ekki gerast nema að vandlega ígrunduðu ráði.

Með aukinni hnattvæðingu, tölvuvæðingu og skrifstofuvæðingu eykst flækjustigið í störfum Persónuverndar. En mikilvægi virðingar fyrir friðhelgi einkalífs við meðferð persónuupplýsinga breytist ekki. Það verður æ mikilvægara að minna bæði stjórnvöld og fyrirtæki á að gæta þess að safna og nota persónuupplýsingar í hófi og með lögmætum hætti.

---


1 [http://ec.europa.eu/justice/data-protection/article-29/documentation/opinion-recommendation/files/2012/wp193\\_en.pdf](http://ec.europa.eu/justice/data-protection/article-29/documentation/opinion-recommendation/files/2012/wp193_en.pdf)

Hver maður á rétt á því að upplýsingar um sig séu unnar af varfærni og vandvirkni. Almenn tiltrú borgaranna á stofnunum samfélagsins er ein af máttafæðum þess. Borgarar og neytendur í stafrænu samfélagi og vinnuumhverfi verða að geta treyst því að persónuupplýsingar verði meðhöndlaðar með lögmætum og málefnalegum hætti. Það er krafa sprottin af lýðræðislegri rót, samofin rétti manna til að ráða yfir eigin lífi og líkama – rétti til að ráða eigin örlögum í lýðræðislegu samfélagi.

Persónuvernd mun hér eftir sem hingað til leggja sig fram um að rækja hlutverk sitt af kostgæfni og standa vörð um rétt einstaklinga á þessu sviði. Þó er skarð fyrir skildi eftir að Páll Hreinsson lét af störfum fyrir Persónuvernd fyrir ári síðan. Við hin þökkum honum heilshugar fyrir frábært og óaðfinnanlegt samstarf og óskum honum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi hjá EFTA-dómstólnum.

Í júlí 2012

*Sigrún Jóhannesdóttir*



## Efnisyfirlit

Formáli forstjóra.....	5
Efnisyfirlit .....	7
<b>1. Almenn</b> .....	<b>11</b>
1.1. Persónuvernd.....	11
1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2011.....	11
1.3. Um starfið árið 2011 .....	11
1.4. Um fjárreiður 2011 .....	13
<b>2. Hlutverk Persónuverndar .....</b>	<b>15</b>
2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar.....	15
2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar. ....	15
2.3. Um úttektir.....	16
<b>3. Nánari umfjöllun um ýmis mál .....</b>	<b>17</b>
3.1. Veitt leyfi 2011.....	17
3.1.1. Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf.....	17
3.1.2. Leyfi til flutnings upplýsinga um viðskiptamenn og starfsmenn úr landi .....	17
3.1.3. Leyfi vegna vísindarannsóknna á heilbrigðissviði.....	17
3.1.4. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna.....	28
3.2. Nánar um ýmis mál.....	28
3.2.1. Fyrirspurn Dominos um hvort skráning á kennitölum viðskiptavina samrýmdist 10. gr. laganna – mál nr. 2010/1020.....	28
3.2.2. Lögreglumaður kvartaði yfir því að þingmaður sendi lögreglustjóra afrit af bréfi lögreglumannsins til þingmannsins – mál nr. 2011/18.....	29
3.2.3. Aðgerð Símans kærð til lögreglu – mál nr. 2010/488.....	30
3.2.4. Creditinfo Lánstrausti hf. synjað um leyfi – mál nr. 2009/680 .....	33
3.2.5. Ítarlegar upplýsingar um viðskiptavini Hraðpeninga ehf. birtust á Netinu – mál nr. 2010/907 .....	34
3.2.6. Lögmet vöktun R ehf. en annmarkar á fræðslu – mál nr. 2010/959.....	36
3.2.7. Fjármálaráðuneytið veitti ranga fræðslu í eineltiskönnun – mál nr. 2010/1046.....	37
3.2.8. Svar við athugasemdum frá VÍS vegna ákvörðunar um svonefndan svikahnapp fyrir “nafnlausar” ábendingar – mál nr. 2010/1130.....	37
3.2.9. Notkun Securitas á málaskrárupplýsingum lögreglu – mál nr. 2010/703.....	40
3.2.10. Vinnsla Seðlabankans vegna gjaldleyrisefirlits – mál nr. 2010/610 .....	43
3.2.11. Meðferð myndefnis úr eftirlitsmyndavél í bakaríi – mál nr. 2011/31 .....	44
3.2.12. Óheimil framsending á tölvupósti – mál nr. 2010/1054.....	45
3.2.13. Röntgenfilmur frá Landspítala til Guam – mál nr. 2010/1057 .....	46
3.2.14. Eftirlitsmyndavél í orlofshúsi – mál nr. 2010/1002.....	47

3.2.15.	<i>Miðlun leiðishafaskráar til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi – mál nr. 2010/925.....</i>	48
3.2.16.	<i>Notkun ljósmyndar við auglýsingu á bók – mál nr. 2010/1201 .....</i>	48
3.2.17.	<i>Varðveisla á persónugreinanlegum gögnum kerð til lögreglu – mál nr. 2011/62.....</i>	49
3.2.18.	<i>Frávísun kvörtunar varðandi framvísun vinnuskráa í þágu gjaldeyrisfirlits – mál nr. 2010/998.....</i>	51
3.2.19.	<i>Vinnsla stéttarfélags á upplýsingum um laun félagsmanna – mál nr. 2011/201 .....</i>	51
3.2.20.	<i>Fræðsla til starfsmanna sem settu rafrænni vöktun hjá bakaríi – mál nr. 2010/1067.....</i>	52
3.2.21.	<i>Heimild stórverslunar til að skrá kennitölur – mál nr. 2011/341.....</i>	53
3.2.22.	<i>Birting lista Ferðamálastofu yfir þá sem ekki höfðu tilskilin leyfi – mál nr. 2011/143.....</i>	53
3.2.23.	<i>Skráning heilsufarsupplýsinga um starfsmenn – mál nr. 2011/1.....</i>	54
3.2.24.	<i>Aðgangur skatttrannsóknarstjóra að úrskurðum yfirskattanefndar – mál nr. 2011/377.....</i>	55
3.2.25.	<i>Heimild fyrirtækis til að varðveita persónuupplýsingar sem safnað var vegna tilmæla Fjármálaeftirlitsins, – mál nr. 2011/1143 .....</i>	56
3.2.26.	<i>Tilmæli FME ekki talin vera skuldbindandi um vinnslu persónuupplýsinga – mál nr. 2010/1216.....</i>	58
3.2.27.	<i>Tilkynningarskylda til Persónuverndar um færslu sjúkraskráa – mál nr. 2011/417 .....</i>	58
3.2.28.	<i>Skráning kennitölu hjá stjórnvaldi heimil – mál nr. 2011/3.....</i>	59
3.2.29.	<i>Skráning kennitölu hjá byggingavörverslun heimil – mál nr. 2011/122 .....</i>	60
3.2.30.	<i>Undirskriftasífunun á vefsíðu – mál nr. 2011/369.....</i>	61
3.2.31.	<i>Opnun bréfs, ljósritun og Fésbókarfærsla – mál nr. 2011/354.....</i>	62
3.2.32.	<i>Eyðing persónuupplýsinga um gjaldþrot manns – mál nr. 2011/73 .....</i>	63
3.2.33.	<i>Kvörtun vegna synjunar um aðgang að tölvupósti vísað frá – mál nr. 2011/472 .....</i>	63
3.2.34.	<i>Miðlun lista yfir þá sem ekki höfðu vatnsúðakerfi – mál nr. 2011/396.....</i>	64
3.2.35.	<i>Bakgrunnshugun Siglingastofnunar – mál nr. 2010/1051.....</i>	65
3.2.36.	<i>Samanburður á stimpilklukku og ökurita – mál nr. 2011/147.....</i>	67
3.2.37.	<i>Afhending Felix-skáar á Taekwondo-móti – mál nr. 2011/408.....</i>	68
3.2.38.	<i>Viðkvæmar persónuupplýsingar sendar í almennum pósti – mál nr. 2010/1069.....</i>	68
3.2.39.	<i>Aðgangur fyrrverandi starfsmanns að tölvupósti – mál nr. 2011/477 .....</i>	69
3.2.40.	<i>Óheimil framsending á tölvupósti – mál nr. 2011/482.....</i>	70
3.2.41.	<i>Miðlun upplýsinga úr málaskrá lögreglu – mál nr. 2011/272 .....</i>	71
3.2.42.	<i>Synjað um leyfi til aðgangs að sjúkraskráum Vogs – mál nr. 2010/1116 .....</i>	72
3.2.43.	<i>Meint miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga frá læknastöð til móður – mál nr. 2010/1085 .....</i>	74
3.2.44.	<i>Skráning kennitölu hjá banka við sölu á gjaldeyri – mál nr. 2011/198.....</i>	75
3.2.45.	<i>Fræðsla í tengslum við spurningakönnun á netinu – mál nr. 2010/932.....</i>	76
3.2.46.	<i>Miðlun RÚV á upplýsingum um umsækjanda um sumarstarf – mál nr. 2011/437.....</i>	77
3.2.47.	<i>Skráning grunnskóla á viðkvæmum persónuupplýsingum um nemanda – mál nr. 2011/231.....</i>	78
3.2.48.	<i>Birting farþegalista á netinu – mál nr. 2011/223.....</i>	79
3.2.49.	<i>Álit á miðlun kennitalna – mál nr. 2011/512.....</i>	81
3.2.50.	<i>Ákvörðun um leyfisskyldu vegna rannsóknar – mál nr. 2011/581 .....</i>	82
3.2.51.	<i>Afhending nafnalista hjá stéttarfélagi – mál nr. 2011/450 .....</i>	83
3.2.52.	<i>Miðlun upplýsinga úr fæðingaskrá – mál nr. 2011/189.....</i>	84
3.2.53.	<i>Um leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 – mál nr. 2012/733.....</i>	85
3.2.54.	<i>Svikahnappur Vinnumálastofnunar – mál nr. 2010/1040.....</i>	86
3.2.55.	<i>Svikahnappur RSK – mál nr. 2010/1040 .....</i>	88
3.2.56.	<i>Kvörtun yfir markaðssetningarstarfsemi – mál nr. 2011/655.....</i>	91
3.2.57.	<i>Kvörtun yfir spurningalistakönnun í grunnskóla – 2011/209.....</i>	91
3.2.58.	<i>Útsending tölvupósts um meintan þjófnað eins starfsmanns – mál nr. 2011/568.....</i>	92
3.2.59.	<i>Óheimil krafa TR um fjárhagsupplýsingar – mál nr. 2011/184.....</i>	93
3.2.60.	<i>Upplýsingaréttur tengdur þátttöku í tölvuleik á netinu – mál nr. 2011/84 .....</i>	94
3.2.61.	<i>Markaðssetningarherferð greiðslukortafyrirtækis – mál nr. 2011/698 .....</i>	96



3.2.62.	Upplýsingar um innbústryggingar til Viðlagatryggingar – mál nr. 2011/715	96
3.2.63.	Öryggi upplýsinga úr starfsmannaviðtölum – mál nr. 2011/600	97
3.2.64.	Fræðsla um vinnslu skólahjúkrunarfræðings – mál nr. 2010/906	97
3.2.65.	Upplýsingar um vanskil á umslagi bréfs – mál nr. 2011/653	99
3.2.66.	Framsént mál fellt niður – mál nr. 2011/288	100
3.2.67.	Vinnsla persónuupplýsinga um dagforeldra – mál nr. 2011/504	100
3.2.68.	Persónuupplýsingar bornar í hús – mál nr. 2011/692	101
3.2.69.	Varðveisla lögreglu á persónuupplýsingum – í máli nr. 2011/681	101
3.2.70.	Spurningalisti Vinnumálastofnunar – í máli nr. 2011/55	102
3.2.71.	Miðlun upplýsinga frá Þjóðskrá og Umferðarstofu til slitastjórnar – í máli nr. 2011/803	103
3.2.72.	Skrá stjórnvalds yfir hundaeigendur – 2011/629	104
3.2.73.	Varðveisla fyrndra kröfuréttinda – mál nr. 2011/148	105
3.2.74.	Ákveðið að aðhafast ekki meðan mál var til meðferðar hjá öðru stjórnvaldi – mál nr. 2011/327	106
3.2.75.	Kennitöluskráning við skil á vöru – mál nr. 2011/753	107
3.2.76.	Upplýsingar um einstaklinga í greiðsluadlögun – mál nr. 2011/817	107
3.2.77.	Kennitölur birtar í fundargerðum byggingafulltrúa Reykjavíkur – mál nr. 2011/811	109
3.2.78.	Verklagsreglur um varðveislutíma fjarskiptaupplýsinga – mál nr. 2010/638	109
3.2.79.	Birting Kópavogsbæjar á teikningum af húsum og tengdum upplýsingum – mál nr. 2011/439	110
3.2.80.	Miðlun upplýsinga frá tannlæknum til kortafyrirtækis – mál nr. 2010/942	111
3.2.81.	Persónuupplýsingar úr tölvuleik fluttar út fyrir EES – mál nr. 2011/84	113
3.2.82.	Upplýsingar um greiðsluadlögun notaðar í skólamötuneyti – mál nr. 2011/905	114
3.2.83.	Miðlun persónuupplýsinga um fanga til TR – mál nr. 2011/812	115
3.2.84.	Ferilvöktun í strætisvögnum – mál nr. 2011/564	116
3.2.85.	Umsögn um tillögu Stjórnlagaráðs – mál nr. 2011/792	118
3.2.86.	Umsögn um tölvunotkunarræglur sveitarfélags – mál nr. 2011/548	118
3.2.87.	Umsögn um reglugerð um upplýsingaskyldu framhaldskóla – mál nr. 2011/626	119
3.2.88.	Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimila – mál nr. 2011/319	119
3.2.89.	Umsögn um frumvarpsdrög varðandi þvinganir á fötluðum – mál nr. 2011/1182	120
3.2.90.	Markþóstur sendur sambýliskonu kvartanda – mál nr. 2011/877	122
3.2.91.	Söfnun upplýsinga í gegnum tölvuleik – mál nr. 2011/1113	122
3.2.92.	Birting upplýsinga um áhafnir á erlendri heimastíðu – mál nr. 2011/593	123
3.2.93.	Miðlun frá tryggingarfyritæki til Seðlabanka Íslands – mál nr. 2011/885	124
3.2.94.	Netbirting úrskurða og álita endurskoðendaráðs – mál nr. 2011/939	125
3.2.95.	Aðvaranir um rafræna vöktun við Hvalfjardargöng – mál nr. 2011/802	127
3.2.96.	Mál varðandi dagbók grunnskólanemanda fellt niður – mál nr. 2011/784	128
3.2.97.	Synjað um undanþágur frá því að virða bannmerkingu í Þjóðskrá – mál nr. 2010/874	128
3.2.98.	Aðgangur að sjúkraskrá í tengslum við rekstur matsmáls fyrir héraðsdómi – mál nr. 2011/873	129
3.2.99.	Viðbrögð við fréttum um gagnagrunn FME – mál nr. 2007/728	130
<b>4.</b>	<b>Erlent samstarf</b>	<b>132</b>
4.1.	Samstarf norrænna persónuverndarstofnana	132
4.2.	Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana	132
4.3.	Alþjóðlegt samstarf	132
4.4.	Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins	133
4.5.	Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB	133
<b>5.</b>	<b>Ýmislegt fréttæmt af erlendum vettvangi</b>	<b>134</b>
5.1.	Evrópski persónuverndardagurinn 2011	134
5.2.	Franska Persónuverndarstofnunin sektar Google	134

5.3.	<i>Svissneskur stjórnisýsludómstóll fjallaði um Google Street View .....</i>	<i>134</i>
5.4.	<i>Álit Evrópska persónuverndarfulltrúans (EDPS) um varðveislu fjarskiptaupplýsinga .....</i>	<i>135</i>
5.5.	<i>Svör Facebook til norrænu persónuverndarstofnananna .....</i>	<i>135</i>
<b>6.</b>	<b>Lög og reglur .....</b>	<b>136</b>
6.1.	<i>Breyting á reglum um vöktun .....</i>	<i>136</i>
6.2.	<i>Lög nr. 77/2000 .....</i>	<i>139</i>



## Persónuvernd

# 1. Almenn

## 1.1. Persónuvernd

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og -reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

## 1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2011

Formaður stjórnar, Dr. Páll Hreinsson, hæstaréttardómari, lét af störfum í ágúst. Björg Thorarensen, próffessor við lagadeild Háskóla Íslands, tók við formennsku 1. nóvember.

Árið 2011 sátu eftirfarandi í stjórn stofnunarinnar: Haraldur Briem, sóttvarnalæknir, Aðalsteinn E. Jónasson, hæstaréttarlögmaður og dósent, Magnús Hafliðason, formaður Skýrslutæknifélags Íslands, og Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður. Vilhelmina Haraldsdóttir, læknir, var varamaður Haraldar en Sigrún Gunnarsdóttir, varaformaður Skýrslutæknifélags Íslands, var varamaður Magnúsar. Aðrir varamenn voru Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson, héraðsdómslögmaður, og Ástríður Grímsdóttir, dómari.


Forstjóri stofnunarinnar var Sigrún Jóhannesdóttir. Sigríður Dröfn Ámundadóttir var fjármála- og skrifstofustjóri í janúar. Herdís Anna Ingimundardóttir tók þá við en lét af störfum í febrúar. Þá tók við starfinu Kolbrún B. Bjarnadóttir.

Starfandi lögfræðingar voru Þórður Sveinsson, Alma Tryggvadóttir, Þórunn Pálína Jónsdóttir, (lét af störfum í febrúar), Vigdís Eva Línal, Anna María Káradóttir, (fór í leyfi í september), Teitur Skúlason (hóf störf í september) og Helga Grethe Kjartansdóttir (hóf störf í október). Sumarstarfsmaður var Daði Heiðar Kristinsson.

## 1.3. Um starfið árið 2011


Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tölulíð. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, er ellefta ársskýrsla Persónuverndar.

Stöðug aukning hefur orðið í fjölda innkominna erinda. Ný skráð mál á árinu 2011 voru 1.397 en á árinu voru einnig til afgreiðslu 190 óafgreidd erindi frá fyrra ári. Alls hafði stofnunin því til meðferðar 1587 mál. Þar af höfðu 1307 mál verið afgreidd við árslok. Eftirfarandi mynd sýnir fjölgun skráðra mála frá stofnuninni frá upphafi.



Eftirfarandi tafla sýnir tegundir nýskráðra mála árið 2011.

Tegundir	Fjöldi
Erlent samstarf	74
Frumkvæðismál	14
Fyrirspurnir/umsagnir/álit	463
Kvartanir/kæzur/úrskurðir	139
Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	17
Leyfisumsóknir	68
Mál vegna tilkynninga	470
Úttektarmál	3
Veitt leyfi	99
Annað	50
Alls	1397



## 1.4. Um fjárreiður 2011

Fjárveitingar í fjárlögum til Persónuverndar árið 2011 námu samtals 69 millj. kr., en það var hækkun um 2,6 millj. kr. frá árinu 2010. Tekjuafgangur frá fyrri árum var alls 23,5 millj.kr. Um mitt ár felldi ráðuneytið niður um 16 millj. kr. af þessum afgangi, en stofnunin hélt eftir tæpum 7,5 millj. af honum. Þá hafði hún rúmlega 2 millj. í sértekjur. Til ráðstöfunar voru því rúmlega 78 millj.kr. Rekstrargjöld námu rúmlega 75 millj.kr. Halli ársins 2011 var rúmlega 4 millj.kr. Heildartekjuafgangur er u.þ.b. 3,5 millj.kr.

### Rekstrarreikningur ársins 2011

Helstu stærðir ársreikningsins eru þessar:

	2011	2010	Fjárheimild
<b>Rekstrarreikningur</b>			
Tekjur samtals.....	2.125.164	1.498.226	2.600.000
Gjöld samtals.....	75.277.706	63.020.417	71.600.000
Framlag úr ríkissjóði.....	69.000.000	66.400.000	69.000.000
Hagnaður/tap ársins.....	-4.152.542	4.877.809	0
<b>Efnahagsreikningur</b>			
Eignir samtals.....	3.600.678	23.578.541	
Skuldir samtals.....	863.220		745.776
Höfuðstóll í árslok.....	2.737.458	22.832.765	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	3.361.179	23.539.550	





## 2. Hlutverk Persónuverndar

### 2.1. Um ýmis verkefni Persónuverndar

Helstu verkefni Persónuverndar eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrirmæli varðandi tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Enn fremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlendum vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og siðareglna og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög nr. 77/2000, reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrirmæli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífsrétt manna. Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði laga nr. 77/2000 og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráð eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settra samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögrelustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og inn-sigla starfsstöð hans þegar í stað.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, bann við notkun þeirra, eyðingu þeirra og ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslu þeirra. Hún getur ákveðið að leggja dagsæktir á þann sem ekki sinnir fyrirmælum hennar.

Brot á ákvæðum laga nr. 77/2000 og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer er: 510-9600. Faxnúmer er: 510-9606. Netfang er: postur@personuvernd.is.

Á heimasíðu stofnunarinnar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is), er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um Persónuvernd, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni, reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

### 2.2. Um leyfisveitingar og tilkynningar.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 8. gr. laga nr. 77/2000, sem og 9. gr. laganna sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þessara heim-

ilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju, einstöku tilviki til þess að skera úr um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur alla jafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna en rísi ágreiningur milli aðila um vinnsluna verður sá ágreiningur borinn undir Persónuvernd.

Á ábyrgðaraðila hvílir skylda til að till kynna Persónuvernd um vinnlu persónuupplýsinga. Tilkynningar eru flestar sendar rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is). Þær vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. laga nr. 77/2000. Það hefur hún gert með setningu reglna. Núgildandi reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga eru nr. 712/2008. Í 4. gr. reglnanna eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lífsýnalögum nr. 110/2000 og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera rökstudd. Í henni skal m.a. tilgreina hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Umsókn má skila á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

Við afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskrá vegna aftursýnna vísindarannsókna fer Persónuvernd að verklagsreglum nr. 340/2003.

### 2.3. Um úttektir


Samkvæmt 2. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er það eitt af hlutverkum Persónuverndar að hafa eftirlit með því að aðilar, sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga, fari að lögum og öðrum reglum sem um vinnsluna gilda og tryggja eiga að fyllsta öryggis sé gætt.

Til þess að Persónuvernd geti rækt það eftirlitshlutverk, sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt, getur verið nauðsynlegt að gera úttekt á fyrirkomulagi öryggismála hjá ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga. Ákvörðun um úttekt þarf þó ekki að fela í sér að Persónuvernd telji að öryggiskerfi viðkomandi ábyrgðaraðila sé að einhverju leyti ábótavant. Gert er ráð fyrir að úttektir af þessu tagi fari fram í góðri samvinnu Persónuverndar og ábyrgðaraðila. Markmiðið er að sannreyna að öryggiskerfi ábyrgðaraðila sé í samræmi við þær öryggiskröfur sem Persónuvernd gerir til vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga.

Úttektir eru oftast framkvæmdar í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn felst í því að kalla eftir og fara yfir skrifleg gögn frá ábyrgðaraðila, sbr. 11. gr. fyrrgreindra laga. Seinni hlutinn er skoðun á þeim stað eða stöðum þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram á vegum ábyrgðaraðila. Það er gert í þeim tilgangi að bera fyrirkomulag og ástand öryggiskerfis saman við framlögð gögn ábyrgðaraðila þar að lútandi. Persónuvernd lýkur svo úttektinni með ákvörðun um hvort öryggiskerfið standist þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum um öryggi persónuupplýsinga og gefur ábyrgðaraðila fyrirmæli um úrbætur ef ástæða þykir til.

Við úttektir hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft á tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur því úttekt Persónuverndar oft takmarkast við afmarkaðan þátt starfseminnar. Í þeim tilgangi að öðlast raunhæfan samburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sambærilegri starfsemi. Er þá jafnan reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni þannig að ætla megi að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.





## **3. Nánari umfjöllun um ýmis mál**

Hér að neðan er gerð grein fyrir ýmsum málum sem Persónuvernd fjallaði um á árinu 2011. Fyrst er gerð grein fyrir starfsleyfum samkvæmt 45. gr. laganna, en síðan leyfum vegna ýmissa vísindarannsókna.

### **3.1. Veitt leyfi 2011**

#### **3.1.1. Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf.**

Persónuvernd afgreiddi umsókn Creditinfo Lánstrausts (mál nr. 2010/1029) um nýtt starfsleyfi til vinnslu upplýsinga um *einstaklinga*. Að hluta til var fallist á umbeðnar breytingar en að hluta til var þeim hafnað. Við ákvæði í 2. gr. leyfisins bættist heimild til að skrá upplýsingar um eignaleysisfirlýsingar skuldara samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum, enda hefði skuldari fallist á skráninguna. Við sömu grein bættist ákvæði sem heimilaði skráningu upplýsinga um sannanlega vanefndan samning eða nauðasamning til greiðsluáðlögunar sem skuldari hefði gert og áskrifandi að upplýsingakerfi Creditinfo Lánstrausts verið aðili að. Sala upplýsinga um greiðsluáðlögun var ekki heimilud. Persónuvernd afgreiddi einnig umsókn Creditinfo Lánstrausts um nýtt starfsleyfi til vinnslu upplýsinga um lögaðila. Voru breytingarnar í samræmi við nýútgefnar breytingar á einstaklingaleyfi. Við 2. gr. bættist heimild til skráningar upplýsinga um eignaleysisfirlýsingar skuldara samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum. Að auki var fallist á breytingu á 4. gr. leyfisins um upplýsingakerfi um fjárhagsskuldbindingar vegna umsókna um lánafyrirgreiðslu.

#### **3.1.2. Leyfi til flutnings upplýsinga um viðskiptamenn og starfsmenn úr landi**

Persónuvernd afgreiddi umsókn (mál nr. 2011/765) frá Danfoss hf. um heimild til flunings upplýsinga um viðskiptamenn og starfsmenn úr landi. Nánar tiltekið var veitt leyti til flutnings upplýsinganna til Indlands. Meðal annars var gert að skilyrði fyrir leyfisveitingunni að Danfoss gerði skriflegan samning við viðtakanda um vernd upplýsinga í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2010/87/EB frá 5. febrúar 2010 um stöðluð samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluáðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun 95/46/EB.

#### **3.1.3. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðisviði**

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð ýmissa vísindarannsókna á heilbrigðisviði. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út.

**2010/1176** – Þórarni Gíslasyni, yfirlækni á LSH, Hanne Krage Karlsen, doktorsnema, Þorsteini Jóhannessyni, sérfræðingi hjá Umhverfisstofnun, Bertil Fossberg prófessor, og Önnu Oudin, post doc, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Loftmengun og komur sjúklinga á Landspítala háskólasjúkrahús“.

**2010/868** – Sigurveigu Pétursdóttur, sérfræðingi í bæklunarskurðlækningum barna, Þurý Ósk Axelsdóttur, deildarlækni á bæklunarskurðeild og Guðbjörgu Eggertsdóttur, sérfræðingi í sjúkráþjálfun barna hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Cerebral Palsy Eftirfylgd: Rannsókn á tíðni mjaðmalíðhlaupa og fjölda inngripa hjá börnum með CP sem fædd eru á árunum 1989–1999 (CP: Cerebral Palsy).“

**2010/1031** – Þorsteini Jónssyni, hjúkrunarfræðingi og aðjúnkt við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, og Helgu Valgerði Skúladóttur og Sigríði Berglindi Birgisdóttur, hjúkrunarfræðinimum við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Starfsemi GÁT teymis á Landspítala“.

**2010/1026** – Ásgeiri Haraldssyni, prófessor í barnalækningum við Háskóla Íslands og yfirlækni á Barnaspítala Hringingsins, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Lyfjaeitranir og aðrar eitranir barna“.

**2010/1025** – Ásgeiri Haraldssyni, prófessor í barnalækningum við Háskóla Íslands og yfirlækni á Barnaspítala Hringingsins, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Kviðverkir barna á bráðamóttöku Barnaspítala Hringingsins“.

**2010/965** – Hjalta Mía Þórisssyni, sérfræðilækni á LSH, Haraldi Bjarnasyni, sérfræðilækni og yfirlækni Interventional Radiology deilda Mayo Clinic, og Óttari Mía Bergman, sérfræðilækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Árangur Innæða Krabbameinsmeðferðar með lokun slagæðar (Trans arterial chemoembolization), inngripa á Íslandi“.

**2010/1155** – Helgu Auðardóttur, og Urði Njarðvík, lektor við sálfræðideild HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Samanburður á tvítyngdum og eintyngdum börnum sem vísað er í athugun: Tilvísunarástæða, aldur og niðurstöður athugana“.

**2010/1221** – Birni Guðbjörnssyni, sérfræðingi/dósent í gigtarrannsóknum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Könnun á tengslum coxib lyfja við heila- og hjartaáföll á Íslandi 2001–2003 með sérstöku tilliti til ungra einstaklinga sem fengu heila- og hjartaáföll“.

**2010/1124** – Axel F. Sigurðssyni, Halldóru Björnsdóttur, Ingu S. Þráinsdóttur og Þorbirni Guðjónssyni, sérfræðingum í lyflækningum og hjartalækningum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Klínísk virkni Pentalon hjá sjúklingum með áreynslubundna hjartaögn eftir samfellda meðferð í 12 vikur – slembiröðuð, tvíblind, samanburðarrannsókn við lyfleysu“.

**2011/4** – Jens Kjartanssyni, yfirlækni á Lýtalækningadeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss (LSH) og klínískum prófessor við Læknadeild HÍ og Davíð Jenssyni, deildarlækni á skurðlækningasviði LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Meðferð legusára á tímabilinu 2001–2010“.

**2010/1206** – Berglindi Brynjólfssdóttur, sálfræðingi á Barna- og unglíngageðdeild LSH (BUGL), Dr. Unni Njarðvík, lektor við Háskóla Íslands, og Lydíu Ósk Ómarsdóttur, Cand.-Psych.-nema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Mat á árangri hópkvíða-meðferðar fyrir unglíngi“.

**2011/10** – Helgu Völu Helgadóttur, meistaranema í lögum við Háskólann í Reykjavík, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Ríkissaksóknara og Fangelsismálastofnun vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Brotakonur – Brotamenn – Fer íslenska réttarkerfið ólíkum höndum um brotakonur og brotamenn“.

**2011/15** – Hildi Harðardóttur, yfirlækni á kvenna- og barnasviði LSH, Vigdís Stefánsdóttur, erfðaráðgjafa

og Þórði Þórkellssyni, yfirlækni á vökudeild LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Útkoma þungunar þegar líkur í samþættu líkindamati (SPL) á meðgöngu eru auknar“.

**2011/71** – Ólafur Skúla Indriðasyni, lækni á LSH, veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Langvinnur nýrnasjúkdómur og háþrýstingur hjá almennu þýði á Íslandi“

**2011/19** – Birni Zoëga, bæklunarskurðlækni við LSH, og Aroni Björnssyni, yfirlækni heila- og taugaskurðlækninga, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „NICE – Fjölsetra, framvirk, slembiröðuð, samanburðarrannsókn, til að meta virkni og öryggi Aperius™ PercLID™ kerfisins miðað við sjálfstæða, þrýstingsminnkandi skurðaðgerð vegna hrörnnunar í lendarhrygg sem leiða til heltikasta sem eiga upptök sín í taugakerfinu.“

**2011/14** – Aðalbirni Þorsteinssyni, yfirlækni á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi, Hildi Harðardóttur, yfirlækni á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi, og Jóhanni Sigurjónssyni, læknanema, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Útanbastsdeyfirngar við fæðingar á Landspítala 1991–2010 – Áhrif á fæðingarmáta“.

**2011/118** – Halldóru Eyjólfsdóttur, aðstoðarmanni yfirsjúkraþjálfara, Ástu S. Guðmundsdóttur, sjúkraþjálfara, Brynju Haraldsdóttur sjúkraþjálfara, og Dr. Maríu Ragnarsdóttur, rannsóknarsjúkraþjálfara, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Árangur uppbyggingar brjóst með flipa úr bakbreiðivöðva miðað við væntingar sjúklings og áhrif aðgerðarinnar á öxl, brjóstkassa og bak.“

**2011/119** – Gísli Heimi Sigurðssyni, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlækni á svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala, Sigurbergi Kárassyni, yfirlækni á Landspítala, Ásbirni Blöndal, sérfræðilækni á Sjúkrahúsinu á Akureyri, og Birni Gunnarssyni, yfirlækni á svæfingadeild Sjúkrahússins á Akranesi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Horfur sjúklinga sem undirgangast skurðaðgerðir í Evrópu. European Surgical Outcome Study (EuSOS)“.

**2011/193** – Hlíf Steingrímisdóttur, yfirlækni blóðlækninga á LSH, Vilhelmínu Haraldsdóttur, sviðsstjóra, og Helgu Ögmundsdóttur, yfirlækni og prófessor, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Mergæxli (Multiple Myeloma) á Íslandi frá 2000–2010. Samanburður á forspáráttum, meðferð og lifun sjúklinga 1980–2000 og 2000–2010“.

**2011/279** – Brynju Ingadóttur, sérfræðingi í hjúkrun, Elínu J.G. Hafsteinsdóttur, hjúkrunarfræðingi og hagfræðingi, Önnu Maríu Ólafsdóttur, hjúkrunarfræðingi á LSH, Lilju Ásgeirsdóttur, hjúkrunarfræðingi á LSH, Margréti Sjöfn Torp, hjúkrunarfræðingi og gæðastjóra á LSH, Láru Borg Ásmundsdóttur, sérfræðingi í hjúkrun á LSH, Herdísí Sveinsdóttur, Ph.D., prófessor í hjúkrun við HÍ og forstöðumanni fræðasviðs hjúkrunar á skurðlækningasviði LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Fasta sjúklinga fyrir skurðaðgerð á Landspítala“.

**2010/996** – Birni Magnússyni, lækni á Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupsstað, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Gildi þolprófa til greiningar kransæðþrepngsla“

**2010/1027** – Ásgeiri Haraldssyni, yfirlækni á Barnspítala Hringingsins, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Heilahimnubólga í börnum á Íslandi“.

**2010/1089** – Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur, sérfræðingi í innkirtla- og efnaskiptasjúkdómum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Æsavöxtur á Íslandi“.

**2010/1118** – Brynjólfi Mogensen, yfirlækni á Landspítala, Björku Ólafsdóttur, deildarlækni á Landspítala, Elísabetu Benedíks, yfirlækni og Guðrúnu Björg Steingrímisdóttur, 3. árs læknanema við læknadeild Há-

skóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Dánarmein sjúklinga á bráðadeild Landspítala í Fossvogi“.

**2010/1119** – Brynjólfur Mogensen, yfirlækni á LSH, og Bjarna Þorsteinssyni, læknanema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Golfáverkar á Íslandi á árunum 2000–2009“.

**2010/1120** – Brynjólfur Mogensen, yfirlækni og dósent, Heru Jóhannesdóttur, 3. árs læknanema, Birni Zoëga, forstjóra LSH, Grétari Ottó Róbertssyni, sérfræðingi í bæklunarskurðlækningum, og Eyþóri Erni Jónssyni, deildarlækni á bæklunarskurðdeild LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Hafa jákvæðar ræktanir í gerviliðaaðgerðum áhrif á langtímaárangurinn?“

**2010/1181** – Þórði Þórkelssyni, yfirlækni á vökudeild Barnaspítala Hringssins, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Skemmdir í hvíta efni heila fyrirbura – tíðni, helstu áhættuþættir og afleiðingar“.

**2011/13** – Hildi Harðardóttur, yfirlækni á Kvenna- og barnasviði Landspítalans, Ragnheiði Bjarnadóttur, sérfræðilækni, Þórði Þórkelssyni, yfirlækni, og Dagbjörtu Helgadóttur, læknanema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Lyfjanotkun við yfirvofandi fyrirburafæðingu.“

**2011/72** – Krabbameinsskrá Íslands, Herdís Sveinsdóttur, prófessor, Katrín Blöndal, sérfræðingi í hjúkrun, Ásdís Ingvarsdóttur, diplómahjúkrunarfræðingi, og Sigríði Zoëga, diplómahjúkrunarfræðingi, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga úr krabbameinsskrá vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Vandamál maka karla sem eru á hormónahvarfsmeðferð vegna útbreidds krabbameins í blöðruhálskirtli og þarfir þeirra fyrir upplýsingar og stuðning“.

**2011/77** – Ólafur Skúla Indriðasyni, sérfræðilækni á Landspítala, Runólfi Pálssyni, yfirlækni og dósent, Viðari Erni Eðvarðssyni, sérfræðilækni, Guðjóni Haraldssyni, sérfræðilækni, og Þóri Bergssyni, nemanda við læknaeild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Efnaskiptaáhættuþættir fyrir myndun nýrnasteina meðal sjúklinga í nýrnasteinagöngudeild LSH“.

**2011/86** – Birni Rúnari Lúðvíkssyni, Ásgeiri Haraldssyni, yfirlækni og prófessor, Sigurveigu Þ. Sigurðardóttur, sérfræðilækni, Sólrúnu Melkorku Maggadóttur, lækni, og Þorgeiri Orra Harðarsyni, læknanema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og til samkeyrslu persónuupplýsinga við dánarmeinaskrár Hagstofu Íslands vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Meðfæddir ónæmisgallar á Íslandi“.

**2011/99** – Kristjáni Skúla Ásgeirssyni, skurðlækni, og Þorvaldi Jónssyni, skurðlækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Árangur tafarlausra brjóstauppbýgginga á Landspítala 2008–2010“.

**2011/203** – Oddfríði R. Jónsdóttur, hjúkrunarfræðingi á skurðlækningadeild 12-G á Landspítala, og Auðnu Ágústsdóttur, verkefnastjóra vísinda-, mennta- og gæðasviðs Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Samanburður á flötum stómaplötum með tilliti til leka. Coloplast River CP2150C“.

**2011/207** – Ásgeiri Haraldssyni, yfirlækni á Barnaspítala Hringssins, og Jóni R. Kristinssyni, barnalækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Óvenjulegar eitlastækkanir – sjúkratilfelli“.

**2011/208** – Runólfi Pálssyni, yfirlækni nýrnalækninga á LSH, Ólafur Skúla Indriðasyni, sérfræðilækni á nýrnalækningasviði, Matthíasi Halldórssyni, deildarlækni á geðsviði, og Engilbert Sigurðssyni, yfirlækni á

geðsviði LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Langvinnur nýrnasjúkdómur af völdum litíum á Íslandi“.

**2011/225** – Þórði Þórkelssyni, yfirlækni Vökudeildar Barnaspítala Hringins, Guðrínu Kristjánsdóttur, prófessor við Háskóla Íslands, og Elínu Ögmundsdóttur, meistaranema í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Eftirlit með blóðsykri nýbura: tíðni blóðsykurfalls, áhættuþættir og meðferð“.

**2011/236** – Runólfi Pálssyni, yfirlækni nýrnalækninga á Landspítala, Kristni Sigvaldasyni, yfirlækni gjörgæslulækninga á Landspítala, og Ólafi S. Indriðasyni, sérfræðilækni á nýrnalækningaeiningu Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Nýgengi blóðnatríumlækkunar og afdrif sjúklinga“.

**2011/240** – Elísabetu Benedíksz, yfirlækni á bráðadeild Landspítala, Brynjólfi Mogensen, yfirlækni og dósent, Þórdísi J. Hrafnkelsdóttur, yfirlækni og dósent, Bjarna Árnasyni, deildarlækni á bráðadeild, og Bo Enemark Madsen, sérfræðilækni í Boston í Bandaríkjunum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Tengsl dvalarlengdar á bráðamóttöku við legulengd á sjúkrahúsi og 30 daga dánartíðni“.

**2011/247** – Michael Clausen, sérfræðingi í barnalækningum og ofnæmissjúkdómum barna, Davíð Gíslasyni, lækni á göngudeild í ofnæmissjúkdómum á Landspítala, og Sonju Kristínu Kjartansdóttur, læknanema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Bráðaofnæmi gegn fæðu og ofnæmislost á bráðamóttökum LSH 2003–2009“.

**2011/312** – Fanneyji Finnisdóttur, nema við Háskólann í Reykjavík, og Davíð Þór Björgvinssyni, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Barnavernd Reykjavíkur vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Meðalhófsregla barnaverndarlaga nr. 80/2002 í framkvæmd“.

**2011/317** – Sigfúsi Þór Elíassyni, prófessor við tannlæknadeild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Langtímaending mismunandi tannfyllingarefna og árangur meðferðar á tannátutíðni“.

**2011/321** – Guðrínu Kr. Guðfinnsdóttur fyrir hönd Landlæknisembættisins, Guðlaugu Þórsdóttur, lækni, Magnúsi Jóhannssyni, lækni og prófessor, og Elísabetu Benedíksz, yfirlækni bráðadeildar Landspítala, var veitt leyfi til samkeyrslu lyfjagagnagrunns Landlæknisembættisins við upplýsingar úr sjúkraskrá um einstaklinga sem hlotið hafa beinbrot. Tilefnið er rannsóknin „Óþót og beinbrot“.

**2011/342** – Garðari Kristinssyni, BA-nema í sagnfræði, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Þjóðskjalasafni Íslands vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Lokaverkefni í sagnfræði B.A.“

**2011/455** – Agnesi Hilmarsdóttur og Ástu Þorgilsdóttur, nemendum í tannsmíði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga úr sjúkraskrá tannlæknadeildar Háskóla Íslands yfir nöfn þeirra sjúklinga sem gengist hafa undir heilgómsmíði á tannlæknadeild vegna rannsóknarinnar „Lokaverkefni í tannsmíði við Tannlæknadeild Háskóla Íslands“.

**2011/454** – Magnúsi Haraldssyni, sérfræðilækni og dósent, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Áhrif breytileika í líkindum á staðsetningu sjónáreita á frammistöðu á stökkhreyfiprófi augna hjá einstaklingum með geðklofa og heilbrigðum einstaklingum“

**2011/407** – Svandísi Írisi Hálfánardóttur, sérfræðingi í hjúkrun á líknardeild Landspítala í Kópavogi, Guðlaugu Helgu Ásgeirdóttur, prestri á líknardeild, Elísabetu Pétursdóttur, sjúkraliða á líknardeild, Guðbjörgu Jónu Guðlaugsdóttur, hjúkrunarfræðingi í heimahlynningu, og Gunnlaugu Guðmundsdóttur, Ingi-

björgu Hreiðarsdóttur og Ólöfu S. Arngrímsdóttur, hjúkrunarfræðingum á líknardeild, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Innleiðing á áhættumati fyrir aðstandendur á líknardeild í Kópavogi og í heimahlynningu og möguleg úrræði“.

**2011/406** – Vilhjálmí Rafnssyni, prófessor við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til öflunar upplýsinga úr Krabbameinsskrá og samkeyrslu viðkvæmra persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Röðulslysið, afdrif áhafnar“.

**2011/374** – Elfu Björt Hreinsdóttur, sálfræðingi í átröskunarteymi LSH, Ingunni Hansdóttur, lektor við Háskóla Íslands og sálfræðingi hjá SÁÁ, og Sólveigu Maríu Ólafsdóttur, Cand.Psych-nema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Próffræðilegir eiginleikar íslenskrar þýðingar Eating Disorder Evaluation Questionnaire (EDE-Q) og Clinical Impairment Assessment (CIA)“.

**2011/331** – Jóni Friðriki Sigurðssyni, prófessor og yfirsálfræðingi, og Baldri Heiðari Sigurðssyni, sálfræðingi við fullorðinsgeðsvið Landspítalans, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Greining einhverfurófsraskana á fullorðinsárum: afturvirk athugun á greiningarsögu nokkurra einstaklinga sem greinst hafa með röskun á einhverfurófi eftir 18 ára aldur.“

**2011/289** – Péttri Lúðvígssyni, barnalækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Beinkröm hjá barni“.

**2011/283** – Sigríunu Reykdal, lækni, Þórunni Sævarsdóttur, ígræðsluhjúkrunarfræðingi á LSH, Leifi Þorsteinssyni, líffræðingi á LSH, og Helgu Valgerði Ísaksdóttur, nemanda við læknadeild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Eigin stofnfrumuigræðsla (autologous transplant) á LSH. Úttekt á árangri meðferðar 2004–2010“.

**2011/478** – Bárði Sigurgeirssyni, Birki Sveinssyni, Jóni Hjaltalín Ólafssyni, Jóni Þrání Steinssyni og Steingrími Davíðssyni, sérfræðingum í húðsjúkdómum, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu „Fjölsetra, slembiræðarar, tvíblindrar samanburðarrannsóknar við tvær lyfleysur, til að sýna fram á virkni 12 vikna meðferðar með secukinumab gefið undir húð borið saman við lyfleysu og Etanercept og til að meta öryggi, þol og langtíma virkni í allt að 1 ár hjá þátttakendum með meðalsvæsin til alvarlegan langvinnan skellupsórisis“

**2011/469** – Bárði Sigurgeirssyni, Birki Sveinssyni, Jóni Hjaltalín Ólafssyni, Jóni Þrání Steinssyni og Steingrími Davíðssyni, sérfræðingum í húðsjúkdómum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár í þágu „Fjölsetra, slembiræðarar, tvíblindrar samanburðarrannsóknar við lyfleysu, til að sýna fram á virkni 12 vikna meðferðar með secukinumab gefið undir húð og til að meta öryggi, þol og langtíma virkni í allt að 1 ár hjá þátttakendum með meðalsvæsin til alvarlegan langvinnan skellupsórisis“.

**2011/453** – Ingibjörgu Hilmarsdóttur, sérfræðilækni á sýklafræðideild LSH, og Önnu Þórisdóttur, sérfræðilækni á smitsjúkdómadeild LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Ífarandi myglusveppasýkingar á Íslandi á tímabilinu 1999–2012“.

**2011/360** – Vilmundi Guðnasyni, forstöðulækni Hjartaverndar, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og samkeyrslu í þágu „Rannsóknar á afkomendum þátttakenda í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar: Rannsókn á erfðaorsökum og forstigeinkennum algengra sjúkdóma í afkomendum eldra fólks.“

**2011/208** – Viðbótarleyfi var gefið út til handa Landlæknisembættinu til samkeyrslu viðkvæmra persónuupplýsinga úr lyfjagagnagrunni í þágu rannsóknarinnar „Langvinnur nýrnasjúkdómur af völdum litum á Íslandi“

**2011/665** – Víði Sigrúnarsyni, lækni, Solveg Reitan, lækni á St. Olavs Hospital í Þrándheimi, og Gunnari Morken, prófessor og sérfræðingi hjá St. Olavs Hospital, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Samanburðarrannsókn á milli Íslands og Þrándheims, Noregi, á tíðni nauðungarvistana og áhrifum nauðungarvistana á meðferðargang hjá sjúklingum með nýlega greindan langvinnan geðrofssjúkdóm“.

**2011/660** – Einari Oddssyni, Kjartani Örvar og Einari S. Björnssyni, sérfræðingum í lyflækningum og meltingarsjúkdómum á LSH, og Guðjóni Kristjánssyni og Nick Cariglia, sérfræðingum í lyflækningum og meltingarsjúkdómum á FSA, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Fasa 3, slembiröðuð, tvíblind, fjölsetra, samhliða samanburðarrannsókn við lyfleysu til að meta öryggi og verkun ustekinumab innleiðslumeðferðar hjá einstaklingum með miðlungs til alvarlegan Crohns sjúkdóm sem ekki þola meðferð með TNF mótverkandi lyfjum eða þar sem slík meðferð hefur ekki borið árangur.“

**2011/659** – Einari Oddssyni, Kjartani Örvar og Einari S. Björnssyni, sérfræðingum í lyflækningum og meltingarsjúkdómum á LSH, og Guðjóni Kristjánssyni og Nick Cariglia, sérfræðingum í lyflækningum og meltingarsjúkdómum á FSA, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Fasa 3, slembiröðuð, tvíblind, fjölsetra, samhliða samanburðarrannsókn við lyfleysu til að meta öryggi og verkun ustekinumab viðhaldsmeðferðar hjá einstaklingum með miðlungs til alvarlegan Crohns sjúkdóm.“

**2011/627** – Elínu J.G. Hafsteinsdóttur, deildarstjóra á gæðadeild LSH, Elísabetu Guðmundsdóttur, verkefnastjóra á hag- og upplýsingadeild LSH, Birnu Björg Másdóttur, verkefnastjóra á hag- og upplýsingadeild LSH, og Hildi Helgadóttur, innlagnarstjóra á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Bráðar endurlagnir á legudeild lyflækninga- og skurðlækningasviðs Landspítala“.

**2011/615** – Ragnheiði Ingibjörgu Bjarnadóttur, sérfræðilækni á kvennadeild LSH, Aðalbirni Þorsteinsyni, yfirlækni á svæfinga- og gjörgæsludeild LSH, kvennasvið, Guðmundi K Klemenzyyni, sérfræðilækni á svæfinga- og gjörgæsludeild LSH, kvennasviði, og Ingu Rós Valgeirsdóttur, læknaandídat á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Innlagnir á gjörgæsludeild LSH í tengslum við meðgöngu og/eða fæðingu á tímabilinu 2001–2010“.

**2011/505** – Árna V. Þórssyni, lækni og dósent, og Ragnari Bjarnasyni, prófessor og yfirlækni á Barnaspítala Hringingsins, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Uppruni (ethnicity) og sykursýki á Norðurlöndum. Er uppruni barna og unglunga sjálfstæður þáttur, sem hefur áhrif á stjórnun sykursýki hjá þeim sem búa á Norðurlöndum?“

**2011/478** – Bárði Sigurgeirssyni, Birki Sveinssyni, Jóni Hjaltalín Ólafssyni, Jóni Þrándi Steinssyni og Steingrími Davíðssyni, sérfræðingum í húðsjúkdómum, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu „Fjölsetra, slembiraðaðrar, tvíblindrar samanburðarrannsóknar við tvær lyfleysur, til að sýna fram á virkni 12 vikna meðferðar með secukinumab gefið undir húð borið saman við lyfleysu og Etanercept og til að meta öryggi, þol og langtíma virkni í allt að 1 ár hjá þátttakendum með meðalsvæsinn til alvarlegan langvinnan skellupsórásis“

**2011/469** – Bárði Sigurgeirssyni, Birki Sveinssyni, Jóni Hjaltalín Ólafssyni, Jóni Þrándi Steinssyni og Steingrími Davíðssyni, sérfræðingum í húðsjúkdómum, var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu „Fjölsetra, slembiraðaðrar, tvíblindrar samanburðarrannsóknar við lyfleysu, til að sýna fram á virkni 12 vikna meðferðar með secukinumab gefið undir húð og til að meta öryggi, þol og langtíma virkni í allt að 1 ár hjá þátttakendum með meðalsvæsinn til alvarlegan langvinnan skellupsórásis“.

**2011/368** – Landlæknisembættinu var veitt leyfi að samkeyra upplýsingar úr sjúkraskrá LSH og frá Læknasetrinu Þönglabakka 1 og 6 við Lyfjagagnagrunn embættisins og við samskiptaskrá landlæknis í þágu „Rannsóknar á áhrifum breytinga sem urðu 1. janúar 2010 á greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands á samsettum innöndunarlyfjum sem notuð eru við astma og langvinnri lungnateppu“.

**2011/287** – Sigurði Björnssyni, sérfræðingi í meltingarsjúkdómum hjá Læknastöðinni Glæsibæ, Tryggva Birni Stefánssyni, skurðlækni, Jóni Gunnlaugi Jónassyni, meinafræðingi, Friðriki Þór Tryggvasyni, lækna-nema, og Kjartani Örvari, Nick Cariglia og Sjöfn Kristjánsdóttir, meltingarsérfræðingum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Nýgengi þarmabólgujúkdóma á Íslandi 1995–2010“

**2011/807** – Önnu Ingibjörgu Opp, mastersnema í félagsráðgjöf við HÍ, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Stuðningsfjölskyldur í Reykjavík: Umfang, markmið, framkvæmd og málalok“.

**2011/798** – Hildi Sigurðardóttur, ljósmóður og lektor, og Sólveigu Þórðardóttur, ljósmóður á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Lausnasteinn – meðferðarprogram vegna erfiðrar reynslu og eftir fæðingu. Mat á þróun og árangri meðferðar“.

**2011/763** – Gerði Gröndal, Kristjáni Steinssyni, yfirlækni, og Þórunni Jónsdóttur, sérfræðingum í lyf- og gigtarlækningum, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Fjölsetra, slembiröðuð, samsíða rannsókn til að meta svörun við innrennslisgjöf með tocilizumab yfir 31 mínútu borið saman við innrennslisgjöf yfir 1 klukkustund hjá sjúklingum með meðalvirka eða alvarlega iktσύki (ACT FAST)“.

**2011/725** – Ludvig Guðmundssyni, yfirlækni offitusviðs Reykjalundar, Guðlaugi Birgissyni, sjúkraþjálfara á Reykjalundi og meistaranema við Háskóla Íslands, og Maríönnu Þórðardóttir, meitaranema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Árangur atferlisméðferðar með eða án hjáveituaðgerðar hjá alvarlega offeittum einstaklingum (BMI ≥35), 3–4 ára eftirfylgd.“.

**2011/716** – Guðbjörgu Grétu Steinsdóttur, nema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, og Anni G. Haugen, lektor í félagsráðgjöf, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Barnavernd Kópavogs vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Afdrifarannsókn Barnaverndar Kópavogs: Rannsókn á félagslegri stöðu ungs fólks er barnavernd hafði afskipti af á unglingsárum“.

**2011/694** – Elvu Gísladóttur, næringarfræðingi hjá landlækni, og Landlæknisembættinu var veitt undanþága til að bera lista yfir einstaklinga saman við bannskrá þjóðskrár, í þágu rannsóknarinnar „Sam-norræn vöktun (monitoring) á mataræði, hreyfivenjum og holdafari“, í samræmi við 7. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000.

**2011/691** – Jóni Jóhannesi Jónssyni, yfirlækni á erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala, Vigdís Stefánsdóttur, erfðaráðgjafa á Landspítala, og Óskari Jóhannssyni, krabbameinslækni, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Notkun rafrænna ættfræðigrunna í erfðaheilbrigðisþjónustu“.

**2011/643** – Ragnheiði Ósk Erlendsdóttur, sviðsstjóri á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Brynju Örlygsdóttur, lektor við hjúkrunarfræðideild HÍ, og Margréti Héðinsdóttur, hjúkrunarfræðingi við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Lífstíll, líðan og líkamsþyngdarstuðull skólábarna“.



**2011/616** – Önnu Sigríði Vernharðsdóttur, ljósmóður og klínískum lektor, Berglindi Steffensen, fæðingar- og kvensjúkdómalækni, Reyni Tómasi Geirssyni, prófessor og yfirlækni, og Gróu Margréti Jónsdóttur, ljósmóður og gæðastjóra, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar „Innleiðing á breyttu vinnulagi við barnsfæðingar til að fækka 3. og 4. gráðu spangarífum“.

**2011/541** – Rannveigu J. Jónasdóttur, hjúkrunarfræðingi á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi, Ólöfu Rögnu Ámundadóttur, sjúkraþjálfara á Landspítala og doktorsnema við HÍ, Gísla H. Sigurðssyni, prófessor/yfirlækni, Kristni Sigvaldssyni, yfirlækni, og Brynju Haraldsdóttur og Helgu Sjöfn Jóhannesdóttir, sjúkraþjálfurum á Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Eftirgæsla gjörgæslusjúklinga eftir útskrift af gjörgæslu: Þróun og mat á þverfaglegri eftirgæslu, stýrt af gjörgæsluhjúkrunarfræðingi“.

**2011/540** – Hauki Örvari Pálmassyni, sálfræðingi, Höllu Helgadóttur, sálfræðingi hjá Mentis Cura ehf., og Gyðu Haraldsdóttur, sviðsstjóra Þroska- og hegðunarstöðvar heilsugæslunnar, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Athugun á áhrifum tölvustýrðra verkefna á vinnsluminni barna með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD)“.

**2011/525** – Guðrúnu Kristjánsdóttur, prófessor í hjúkrunarfræði og forstöðumanni barnahjúkrunar við HÍ og Landspítala Háskólasjúkrahúss, Oddnýju Kristinsdóttur, hjúkrunarfræðingi og nema í meistaranámi við hjúkrunarfræðideild HÍ, og Ólafi Gísla Jónssyni, sérfræðilækni á Barnaspítala Hringins, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Alvarleg munns límhúðarbólga hjá börnum sem greinst hafa með krabbamein á Íslandi frá 2001–2011: Tíðni, áhættuþættir og afleiðingar – Afturskyggn rannsókn“.

**2011/513** – Dóru Lúðvíksdóttur og Sigurði Júlíussyni, sérfræðilæknum á LSH, Kristínu Báru Jörundsdóttur, hjúkrunarfræðingi á LSH, og Óla Andra Hermannssyni, læknanema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Áreynslubundin andnaud“.

**2011/502** – Sigríði Lóu Jónsdóttur og Svandísi Ásu Sigurjónsdóttur, sálfræðingum, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Birtingartími fyrstu einkenna og gruns um röskun á einhverfurófi: Samanburður á börnum á aldrinum 2–6 ára og 7–17 ára“.

**2011/858** – Birni Rúnari Lúðvíkssyni, yfirlækni og prófessor, Kristjáni Erlendssyni, framkvæmdastjóra á Landspítala-háskólasjúkrahúsi (LSH), Herði Snævari Harðarsyni, sérfræðingi á sýkladeild LSH, og Dagrúnu Jónasdóttur, aðstoðarlækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Tilfellingalýsing og faraldsfræði Lyme sjúkdóms á Íslandi“.

**2011/837** – Sigríði Ástu Hauksdóttur var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Vinnumálastofnun á Norðurlandi eystra, vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Áhrif langtímaatvinnuleysis í fjölskyldum á Akureyri í kjölfar efnahagshrunsins“.

**2011/712** – Maríu Ragnarsdóttur, sviðsstjóra á LSH, Ásdísi Kristjánsdóttur, sviðsstjóra á Reykjalundi, Hans J Beck, lækni á Reykjalundi, Magdalenu Ásgeirsdóttur, sérfræðingi á Reykjalundi, og Péttri Hannessyni, yfirlækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Mynstur öndunarhreyfinga í baklegu og standandi með framhalla hjá einstaklingum með langt genginn lungnasjúkdóm og mæði í hvíld.“.

**2011/703** – Árna Kristinssyni, prófessor og lækni, Axel Sigurðssyni, lækni, og Stefaníu Snorradóttur, hjúkrunarfræðingi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Framhalds- skoðun þátttakenda í ASCOT rannsókninni, ASCOT-10“.

**2011/645** – Funa Sigurðssyni, sálfræðingi, Lindu Dögg Hólm, nema við Háskóla Íslands, og Evu Bryndís

Pálsdóttur, nema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Barnaverndarstofu vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Fjöllerfameðferð (MST) á Íslandi“.

**2011/589** – Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni og prófessor, Helgu Tryggvadóttur, deildarlækni, Magdalenu Sigurðardóttur, hjúkrunarfræðingi, Sigurði Blöndal, skurðlækni, Kristínu Huld Haraldsdóttur, skurðlækni, Agnesi Smáradóttur, krabbameinslækni, Friðbirni Sigurðssyni, krabbameinslækni, Maríönnu Garðarsdóttur, röntgenlækni, og Jóni Gunnlaugi Jónssyni, meinafræðingi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Liffraskaði af völdum krabbameinslyfja hjá sjúklingum með meinvörp frá ristilkrabbameini“

**2011/1105** – Kjartani Örvar, Einari Oddssyni og Einari Stefáni Björnssyni, sérfræðingum í lyflækningum og meltingarsjúkdómum á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Fasa 3, slembiröðuð, tvíblind, fjölsetra, samhlíða samanburðarrannsókn við lyfleysu til að meta öryggi og verkun ustekinumab innleiðslumeðferðar hjá einstaklingum með miðlungs til alvarlegan Crohns sjúkdóm“.

**2011/1048** – Halldóru Dröfn Gunnarsdóttur f.h. Barnaverndar Reykjavíkur, Freydísi Jónu Freysteinsdóttur, dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, og Kristnýju Steingrímsdóttur, félagsráðgjafarnema við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Barnavernd Reykjavíkur vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Mat á skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd“.

**2011/972** – Ragnheiði B. Guðmundsdóttur, meistararnema í fjölskylduráðgjöf við HÍ, Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor við HÍ, og Steinunni Bergmann, félagsráðgjafa hjá Barnaverndarstofu, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Hvar á ég heima; hver hlustar á mig“.

**2011/942** – Sigríði Haraldsdóttur, f.h. Landlæknisembættisins, var veitt leyfi til samkeyrslu tveggja skráa sem embættið ber ábyrgð á, sbr. 8. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni. Tilefnið er að auka þekjun (e. completeness) og nákvæmni Krabbameinskrár með samkeyrslu við Vistunarskrá.

**2011/935** – Evald Sæmundssen, lækni á Greiningarstöð ríkisins, og Brynju Jónsdóttur, talmeinafræðingi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Börn á einhverfurófi með betri frammistöðu í málstjáningu en málskilningi á málþroskaprófum – mótsögn eða sérstök svipgerð?“

**2011/903** – Smára Pálssyni, yfirsálfræðingi og taugasálfræðingi á tauga- og hæfingarsviði Reykjalundar, Ólöfu H. Bjarnadóttur, yfirlækni á tauga- og hæfingarsviði Reykjalundar, og Sigurði Viðar, sálfræðingi á tauga- og hæfingarsviði Reykjalundar, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Áhrif vitrænnar þjálfunar hjá fólki með MS sjúkdóm“.

**2011/898** – Einari S. Björnssyni, yfirlækni á LSH, og Hildi Þórarinsdóttur, deildarlækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Ascites á Íslandi: Faraldsfræði, orsakir og horfur“.

**2011/1105** – Kjartani Örvar, Einari Oddssyni og Einari Stefáni Björnssyni, sérfræðingum í lyflækningum og meltingarsjúkdómum á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Fasa 3, slembiröðuð, tvíblind, fjölsetra, samhlíða samanburðarrannsókn við lyfleysu til að meta öryggi og verkun ustekinumab innleiðslumeðferðar hjá einstaklingum með miðlungs til alvarlegan Crohns sjúkdóm“.

**2011/1276** – Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur, sérfræðilækni á innkirtladeild Landspítalans í Fossvogi, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Frumkomið aldósterónheil-kenni á Íslandi á árunum 2007–2011“.

**2011/1249** – Jóni Friðriki Sigurðssyni var veitt leyfi til samkeyrslu sjúkraskrárupplýsinga við lyfjagagna-

grunn Landlæknisembættisins vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Hugræn atferlismeðferð í almennri heilsugæslu. Bætur hún árangur meðferðar sjúklinga með almennar tilfinningaraskanir í heilsugæslunni“

**2011/1235** – Elíasi Ólafssyni, yfirlækni á taugalækningadeild Landspítala, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Flogabreytingar í heilariti án sögu um flog. Hver var undirliggjandi sjúkdómur? Rannsókn hjá öllum sem fóru í heilarit á Íslandi á þriggja ára tímabili“.

**2011/1206** – Guðlaugu Þorsteinsdóttur, lækni á göngudeild geðdeildar LSH, og Sigurði Páli Pálssyni, geðlækni á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Getum við spáð fyrir um meðferðarhæðni hjá einstaklingum sem vísað er í meðferð vegna átraskana“.

**2011/1191** – Ingu B. Árnadóttur, tannlækni og prófessor við tannlæknadeild Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Tannheilsa barna er sóttu Hjálparvakt tannlækna 2009 og barna sem tóku þátt í Átaksverkefni 2011“.

**2011/1116** – Önnu Gunnarsdóttur, barnaskurðlækni á Barnaspítala Hringsins, Arnari Þór Tulinius, læknaema við Háskóla Íslands, og Hildi Harðardóttur, yfirlækni á kvennadeild LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Meðfæddir kviðveggsgallar á Íslandi 1984–2010“.

**2011/1004** – Sigrúnu Kristjánsdóttur, yfirljósmóður á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og meistaranema, Ólöfu Ástu Ólafsdóttur, lektor við HÍ, og Ragnheiði Bjarnadóttur, sérfræðingi í fæðinga- og kvennsjúkdómalækningum á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Er öruggt að fæða í heimabyggð? Útkoma úr fæðingum á Heilbrigðisstofnun Suðurlands árið 2010“.

**2011/1002** – Friðbirni Sigurðssyni, sérfræðingi á Landspítala í lyf- og krabbameinslækningum, Hlíf Steingrimsdóttur, yfirlækni blóðlækninga á sama spítala, Sigrúnu Reykdal, Brynjari Viðarssyni og Guðmundi Rúnarssyni, sérfræðingum í lyf- og blóðlækningum, og Agnesi Smáradóttur, sérfræðingi í lyf- og krabbameinslækningum, var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í þágu „Fasa 3, slembiraðaðrar, samsíða, tvíblindrar rannsóknar til að bera saman verkun og öryggi CT P10 við samanburðarlyfið MabThera®, hjá sjúklingum með langt gengið hnúttótt eitilfrumukrabbamein, þar sem bæði lyfin eru gefin ásamt CVP lyfja-meðferð (cýklífosfamíð, vinkristín, og prednisólón)“.

**2011/530** – Landlæknisembættinu, Páli Torfa Önundarsyni, yfirlækni blóðmeinafræðideildar Landspítala og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, Brynju R. Guðmundsdóttur, þróunarstjóra, Einari Stefáni Björnssyni, yfirlækni og prófessor við HÍ, Brynjari Viðarssyni, sérfræðilækni, Davíð O. Arnar, yfirlækni, Kristínu Ásu Einarsdóttur, deildarlífeindafræðingi, Magnúsi K. Magnússyni, prófessor í læknisfræðilegri lyfjafræði, Ólafi Skúla Indriðasyni, sérfræðilækni, Pétri S. Gunnarssyni, forstöðumanni, Rannveigu Einarsdóttur, forstöðulyfjafræðingi, og Charles W. Francis, prófessor við University of Rochester, New York, var veitt leyfi til samkeyrslu við lyfjagagnagrunn Landlæknisembættisins vegna rannsóknarinnar „Samanburður á árangri blóðþynningar með warfaríni (Kóvar) þegar skömmtun byggir á INR annars vegar og á Fiix-INR hins vegar. Framsæ, slembuð og tvíblind samanburðarrannsókn“.

**2011/1259** – Berglindi Brynjólfssdóttur, sálfræðingi, og Dr. Urði Njarðvík, lektor við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Tengsl tilfinningaerfiðleika við daglegar rútínur barna“.

**2011/1275** – Þorsteini Jónssyni, aðjúnti í bráða- og gjörgæsluhjúkrun við hjúkrunarfræðideild HÍ, og Guðbjörgu Pálsdóttur, sérfræðingi í bráðahjúkrun á LSH, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Fyrstu skráðu lífeðlisfræðileg gildi sjúklinga á bráðadeild Landspítala í Fossvogi“.

**2011/1277** – Teiti Jónssyni, tannlækni og dósent við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að sjúkra-

skrá m vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Tannígræðsla: Langtímaþróun tann- og stoðvefja eftir flutning framjaxla“.

### 3.1.4. Önnur leyfi vegna rannsóknarverkefna

Veitt voru eftirtalin leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna annarra rannsóknarverkefna en þeirra sem voru á heilbrigðissviði. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út.

**2011/426** – Halldóru Valgerði Steinsdóttur og Írisi C. Lárusdóttur, B.A.-nemunum í sagnfræði við Háskóla Íslands, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Þjóðskjalasafni Íslands vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Samskipti íslenskra kvenna við erlenda hermenn á heimsstyrjaldarárunum 1940–1942 – B.A.-ritgerð í sagnfræði“.

**2011/1015** – Helenu Konráðsdóttur, nema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, Dr. Sigrúnu Júlíusdóttur, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, og Írisi Kristinsdóttur, lögfræðingi hjá Héraðsdómi Reykjaness, var veitt leyfi til aðgangs að gögnum hjá Héraðsdómi Austurlands, Héraðsdómi Norðurlands eystra, Héraðsdómi Norðurlands vestra, Héraðsdómi Reykjaness, Héraðsdómi Reykjavíkur, Héraðsdómi Suðurlands, Héraðsdómi Vestfjarða og Héraðsdómi Vesturlands vegna rannsóknar sem bar yfirskriftina „Forsjámál sem fara í dóm - Rannsókn á umfangi og eðli mála í héraðsdómum“.

**2011/1027** – Steinunni Birnu Magnúsdóttur var veitt leyfi til aðgangs að úrskurðum hjá innanríkisráðuneytinu í málum um dagsektir á grundvelli barnalaga vegna rannsóknar í tengslum við skrif á ML ritgerð.

## 3.2. Nánar um ýmis mál

### 3.2.1. Fyrirspurn Dominos um skráningu á kennitölum – mál nr. 2010/1020

Persónuvernd svaraði fyrirspurn Dominos um hvort skráning á kennitölum viðskiptavina samrýmdist 10. gr. laganna. Hún taldi svo geta verið þegar vara væri pöntuð og greidd við afhendingu en ekki ef um staðgreiðsluviðskipti væri að ræða. Notkun kennitölu væri, með öðrum orðum, ekki heimil þegar viðskiptavinur kæmi inn á sölustað fyrirtækisins, legði inn pöntun og borgaði um leið.

Í svarinu segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Skráning Pizza Pizza ehf. á kennitölum viðskiptavina sinna felur í sér vinnslu persónuupplýsinga í framangreindum skilningi. Fellur mál þetta því undir gildissvið laga nr. 77/2000 og þar með leiðbeiningarhlutverk Persónuverndar, sbr. 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. laganna.

2.

Í 10. gr. laga nr. 77/2000 er afmarkað hvenær heimilt er að nota kennitölu og hvenær ekki. Þar kemur fram að notkunin er heimil ef hún á sér málefnalegan tilgang og er nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Ákvæði 10. gr. er ákvæði 8. gr. til fyllingar. Ábyrgðaraðili þarf m.ö.o. bæði að uppfylla eitthvert af heimildarákvæðum 1. mgr. 8. gr. og haga vinnslu kennitalna í samræmi við 10. gr. Ákvæði 10. gr. er ætlað að hindra að kennitölur séu notaðar að óþörfu.

Ákvæðum 1. mgr. 8. gr. er t.d. fullnægt þegar það er skylt samkvæmt lögum að skrá kennitölu eða ef hinn skráði hefur samþykkt það. Í bréfi K og M, hjá Deloitte, f.h. Pizza Pizza ehf., segir að það sé „ákvörðun hvers og eins viðskiptavinar hvort hann veiti upplýsingar um kennitölu sína og veiti fyrirtækinu þar með heimild til að skrá hana í viðskiptum aðila.“ Að því tilskildu að hinn skráði samþykki vinnslu kennitöluunnar telst hún því eiga sér stoð í 1. tölulíð 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Samkvæmt 10. gr. þarf skráning kennitölu að vera nauðsynleg og þjóna málefnalegum tilgangi. Pizza Pizza ehf. hefur gefið þá skýringu að skráning kennitalna myndi fara fram til þess að fyrirtækið geti brugðist við misnotkun viðskiptavina s.s. með því að synja þeim um viðskipti sem hafa margoft sérpantað pizzur en ekki sótt þær eða neitað að greiða án þess að kvörtun um gæði vörunnar hafi borist. Hafi aðrar aðgerðir, þ.e. skráning símanúmera, ekki reynst nægja fyrirtækinu í þessu skyni. Að mati Persónuverndar er hér um málefnalegan tilgang að ræða í skilningi 10. gr. og er því skilyrði þar með fullnægt.

Skráning kennitölu þarf og að vera nauðsynleg í skilningi 10. gr. Þessu skilyrði er sjaldnast fullnægt þegar um staðgreiðsluviðskipti er að ræða en getur verið það í annars konar viðskiptum þegar ætla má að aðilar þurfi að eiga frekari samskipti, s.s. vegna sérkjara um vöruskil eða reikningsgerðar. Hér er um að ræða skráningu á kennitölum þeirra sem panta pizzu. Í eðli sínu er ekki um hefðbundin staðgreiðsluviðskipti að ræða heldur viðskipti sem felast í því að pöntuð er sérútbúin vara sem ekki er greitt fyrir fyrr en hún hefur verið afhent – hún sótt eða heimsend.

Samkvæmt framangreindu er tilgangur Pizza Pizza ehf. með skráningu kennitalna málefnalegur. Þá uppfyllir skráningin það skilyrði að teljast vera fyrirtækinu nauðsynleg í skilningi ákvæðisins, að því er varðar þau viðskipti þegar vara er pöntuð og greidd við afhendingu. Það á hins vegar ekki við um þau tilvik þegar um staðgreiðsluviðskipti er að ræða, þ.e. þegar viðskiptavinur kemur inn á sölustað fyrirtækisins, leggur inn pöntun og borgar um leið - en fær vöruna afhenta þegar hún er tilbúin.

#### *N i ð u r s t a ð a:*

Skráning upplýsinga um kennitölur þeirra sem panta mat hjá Pizza Pizza ehf. getur uppfyllt skilyrði 10. gr. laga nr. 77/2000 enda sé ekki um staðgreiðsluviðskipti að ræða.“

### **3.2.2. Lögreglumaður kvartaði yfir því að þingmaður sendi lögreglustjóra afrit af bréfi lögreglu-mannsins til þingmannsins – mál nr. 2011/18**

Persónuvernd taldi málið lúta að því hvort þingmaður hafi farið út fyrir ramma 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Var málinu vísað frá.

Í ákvörðun um það segir m.a.: „Erindi yðar lýtur að bréfaskrifum þar sem bréfritarar, í skjóli skoðana- og tjáningarfrelsis, sem varið er af 73. gr. stjórnarskrárinnar, hafa lýst skoðunum sínum í orði og verki. Við mat á því hvort sending umrædds bréfs teljist, eins og hér stendur á, falla undir gildissvið laga nr. 77/2000 – og þar með valdsvið Persónuverndar – ber að líta til þess hvernig efnislegt gildissvið laganna er afmarkað í 3. gr. laganna. Hún hljóðar svo [...]. Við túlkun og skýringu á framangreindu ákvæði ber, eins og við skýringu á öðrum ákvæðum laganna, að taka mið af markmiði þeirra eins og það er afmarkað í 1. gr. þeirra. Þar segir að markmið þeirra sé að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga.

Lögin hafa að þessu leyti sama markmið og eldri lög nr. 121/1989, þótt í þeim hafi ekki verið að finna sambærilegt markmiðsákvæði. Þess í stað var í framkvæmd jafnan vitnað til athugasemda með frumvarpi til þeirra laga þar sem sagði að meginmarkmið þeirra væri að tryggja mönnum vernd gegn hættu á misnotkun upplýsinga um einkamálefni þeirra sem varðveittar væru eða skráðar með kerfisbundnum hætti. Með því var átt við söfnun og skráningu ákvæðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild, sbr. 2. mgr. 1. gr. þeirra laga. Þrátt fyrir að í málinu sé að finna persónuupplýsingar lýtur kjarni úrlausnarefnis þess að því hvort Þ, þingmaður, hafi með tjáningu sinni í orði og verki, þegar hann miðlaði bréfi yðar til lögreglustjóra, farið út fyrir ramma 73. gr. stjórnarskrárinnar. Hlutverk Persónuverndar er að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 en þau eru hins vegar byggð á því meginviðhorfi, sbr. ákvæði 5. gr., að það sé hlutverk dómstóla en ekki Persónuverndar að skera úr slíkum vafatilkvikum. Verður málinu því vísað frá.“

### **3.2.3. Aðgerð Símans kærð til lögreglu – mál nr. 2010/488**

Persónuvernd kærði til lögreglu þá aðgerð Símans hf. að nota án heimildar persónuupplýsingar um þúsundir einstaklinga, sem ekki voru viðskiptavinir fyrirtækisins. Um svokallaðar samtengiuupplýsingar var að ræða. Þær höfðu verið samkeyrðar við aðrar skrár og gerðir listar til nota í þágu fjárhagslegs ávinnings. Ákvörðunin byggði á umfangi brots og alvarleika þess.

Í ákvörðun segir m.a.: „Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupp-

lýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Hugtakið „persónuupplýsingar“ er skilgreint í 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir að persónuupplýsingar séu sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Með persónugreindum upplýsingum er t.d. átt við upplýsingar sem eru merktar með nafni hins skráða. Persónugreinanlegar upplýsingar eru hins vegar upplýsingar sem unnt er að rekja til tiltekins einstaklings þótt þær séu ekki merktar honum.

Hugtakið „vinnsla“ er skilgreint í 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir að vinnsla sé sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða raf-ræn. Skilgreining hugtaksins í lögnum byggist á b-lið 2. gr. tilskipunar 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Túlka ber vinnsluhug-takið með hliðsjón af þessu ákvæði tilskipunarinnar. Í því ákvæði segir að vinnsla persónuupplýsinga sé sérhver aðgerð eða röð aðgerða, rafrænna eða annarra en rafrænna, svo sem söfnun, skráning, kerfisbinding, geymsla, aðlögun eða breyting, heimt, leit, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, afmáun eða eyðilegging. Af framangreindu er ljóst að sú aðgerð Símans hf., að nota samtengiupplýsingar um aðra viðskiptavinum en sína eigin, og samkeyra þær við aðrar upplýsingar þannig að til urðu listar til nota í markaðslegum og fjár-hagslegum tilgangi, var vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur málið þar með undir gildissvið þeirra laga, sem og valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

## 1.2.

### *Evróputilskipanir nr. 95/46/EB og nr. 2002/58/EB*

Um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta gilda tilskipanir Evrópu-þingsins og ráðsins, sem hafa verið leiddar í lög hér á landi á grundvelli EES-samningsins og ber að fylgja eftir samkvæmt því. Tilskipun nr. 95/46/EB er um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Tilskipun nr. 2002/58/EB er um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti).

Sú fyrrnefnda, þ.e. tilskipun nr. 95/46/EB, frá 24. október 1995, var innleidd hér á landi með lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Tilskipun nr. 2002/58/EB var sett til samræmis við hana en ætlað að tryggja réttindi og frelsi einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um fjarskipti. Hún hefur því að geyma sérreglur sem tengjast rétti manna til friðhelgi einkalífsins, að því er varðar fjarskipti, og er m.a. sett í því ljósi að fjarskiptaleynd er tryggð með alþjóðasamningum um mannréttindi, einkum Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, og með stjórnarskrám aðildarríkja.

Tilskipun 2002/58/EB hefur að geyma ákvæði um ráðstafanir til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að fjarskiptasendingum til að standa vörð um leynd fjarskiptasendinga, þ.m.t. bæði efni og hvers kyns gögn sem tengjast slíkum fjarskiptasendingum, sem sendar eru með almennum fjarskiptanetum og rafrænni fjarskiptaþjónustu, auk ákvæða um að allar fjarskiptasendingar skuli háðar því skilyrði að ekki megi nota gögnin í öðrum tilgangi en þeim sem var ástæðan fyrir söfnun þeirra. Að baki búa sjónarmið um öryggi grunnstoða lýðræðisþjóðfélags, þ. á m. nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja verndun mannréttinda og mannfrelsis, en í 2. gr. formálsorða hennar segir að með henni sé leitast við að virða grundvallarréttindi og fylgja meginreglum, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

## 2.

### *Svör við sjónarmiðum og málsástæðum Símans hf. Forsendur*

#### 2.1.

#### *Vinnsla til að fullnægja lagaskyldu*

Að því er varðar það sjónarmið Símans hf. að vinnslan hafi verið félaginu nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu er því til að svara að notkun persónuupplýsinga um viðskiptavinum annarra fyrirtækja og sam-

keyrsla þeirra við aðrar persónuupplýsingar, þ. á m. símaskrá, var félaginu ekki nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu. Þvert á móti var hún bönnuð, sbr. að í 26. gr. fjarskiptalaga segir að fjarskipta fyrirtæki, sem öðlast upplýsingar frá öðru fyrirtæki við gerð samninga um aðgang eða samtengingu eða að loknum samningum, megi eingöngu nota upplýsingarnar í þeim tilgangi sem þær voru veittar og skuli á öllum stigum halda trúnað um þær. Þá segir að óheimilt sé að afhenda upplýsingarnar öðrum, þar á meðal öðrum deildum fyrirtækis, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

Óumdeilt er að Símanum hf. var heimilt að safna persónuupplýsingum sem urðu til við samtengingu fjarskiptaneta, samkvæmt 26. gr. fjarskiptalaga og 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, að því marki sem nauðsyn krafði vegna hlutverks þess sem heildsölu fyrirtækis. Hins vegar var framangreindum upplýsingum miðlað til smásölu deildar Símans hf., þrátt fyrir skýrt bann við slíkri áframsendingu, og voru þær samkeyrðar við gagnagrunn já.is og þannig unnir listar til nota í fjárhagslegu ábataaskyni. Með því notaði Síminn hf. umræddar upplýsingar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi og braut með því m.a. gegn 2. tölulið 1. mgr. 7. og 8. gr. laga nr. 77/2000.

## 2.2.

### *Brot á grundvallarmannréttindum Símans hf.*

Að því er varðar það sjónarmið Símans að brotið hafi verið gegn grundvallarmannréttindum hans, samkvæmt mannréttinasáttmála Evrópu, með því að taka nákvæmlega sama brot til rannsóknar hjá þremur ólíkum eftirlitsaðilum sem allir annað hvort hafi beitt, eða hafi boðað að beita viðurlögum vegna háttsemninnar, er eftirfarandi til að svara.

Í 4. gr. 7. viðauka við mannréttinasáttmála Evrópu er kveðið á um að enginn skuli sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur fyrir með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarhari viðkomandi ríkis. Eitt af þeim skilyrðum sem ákvæði þetta setur er að endanleg ákvörðun liggji fyrir um viðurlög, sem telja megi refsingu í skilningi mannréttinasáttmála Evrópu, og að fyrir liggji endanleg ákvörðun stjórnvalds sem gæti haft neikvæð réttaráhrif samkvæmt 1. mgr. 4. gr. 7. viðaukans. Um þetta er til frekari skýringar bent á dóm Hæstaréttar frá 8. júní 2006, í máli nr. 248/2006.

Framangreindu skilyrði er ekki fullnægt hér að því er varðar þetta mál. Til skýringar er bent á að Póst- og fjarskiptastofnun gerði félaginu hvorki sekt né önnur viðurlög, enda hefur hún ekki lagaheimildir til slíks. Hún ákvað að kæra háttsemi Símans hf. ekki til lögreglu. Auk þess lýtur ákvörðun hennar aðeins að brotum Símans hf. gegn eigin viðskiptavinum og var sá hluti málsins er varðar aðra sendur Persónuvernd. Loks tekur ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar eingöngu til brota Símans hf. á trúnaðarskyldum sínum í ljósi fjarskiptalaga. Að því er varðar aðkomu Samkeppniseftirlitsins er rannsókn málsins þar ekki lokið og liggur ekki fyrir hvort það muni beita Símann hf. viðurlögum vegna brota á samkeppnislögum. Með öllu er því óljóst hvað síðar kann að verða ákveðið af þess hálfu.

Samkvæmt framansögðu er ekki unnt að fallast á með Símanum hf. að ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, eða yfirstandandi rannsókn Samkeppniseftirlitsins á ætluðum brotum Símans á samkeppnislögum, leiði til þess að ekki séu efni til þess að Persónuvernd fjalli frekar um málið með tilliti ákvörðunar um að kæra það til lögreglu.

## 2.3

### *Viðkvæmar persónuupplýsingar*

Hjá Símanum hf. kemur fram að ekki sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi 9. gr. laga nr. 77/2000 þar sem þær upplýsingar sem notaðar voru án heimildar sé ekki að finna í upptalningu 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Það er rétt að þær eru ekki í umræddum tölulið. Hér er hins vegar um að ræða upplýsingar um fjarskipti manna sem njóta eiga sérstakrar verndar. Sú vernd kemur m.a. fram í áður nefndri tilskipun nr. 2005/58/EB um persónuvernd í fjarskiptum en efnisákvæði hennar hafa verið leidd í lög hér á landi samkvæmt EES-samningnum. Í IX. kafla fjarskiptalaga nr. 81/2003, eru m.a. ákvæði um vernd gagna um fjarskiptaumferð notenda sem geymd eru og fjarskipta fyrirtæki vinna úr og eiga að gera nafnlaus þegar þeirra er ekki lengur þörf við afgreiðslu ákveðinnar fjarskiptasendingar. Þar eru einnig ákvæði um skilyrði þess að slíkar upplýsingar megi nota vegna markaðssetningar fjarskiptaþjónustu, um vernd gegn óumbeðnum fjarskiptum,

um öryggi og þagnarskyldu, um skjalfestinu á skipulagi upplýsingaöryggis, bann við hlustun, upptöku, geymslu eða hlerun fjarskipta o.s.frv.

Með vísun til framangreinds er ljóst að þótt umræddra upplýsinga sé ekki getið í 8. tölulið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 eru þær mjög nátengdar einkalífi manna og njóta sérstakar verndar í ljósi grunnreglna um friðhelgi einkalífs, eins og að framan er rakið.

#### 2.4

##### *Jafnræðis- og meðalhófsregla stjórnssýslulaga.*

##### *Alvarleiki brots.*

Síminn hf. telur að kæra til lögreglu bryti gegn jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnssýslulaga nr. 37/1993. Brotið hafi ekki verið svo alvarlegt að kæra beri það til lögreglu, enda hafi notkun upplýsinganna ekki verið skadleg viðkomandi aðilum.

Því er til að svara að fyrir liggur að Síminn hf. notaði í heimildarleysi fjarskiptaupplýsingar um þúsundir einstaklinga sem voru í viðskiptum við önnur fjarskipta fyrirtæki en Símann hf. Um er að ræða upplýsingar um fjarskipti manna sem njóta eiga sérstakrar verndar eins og rakið hefur verið. Þá er óumdeilt að ekki var um slysi eða mistök að ræða heldur var tekin um það sérstök ákvörðun að nota þessar trúnaðarupplýsingar í hagnaðarskyni. Að mati Persónuverndar mátti Símanum hf. vera ljóst að slíkt fengi ekki samrýmt þeim ákvæðum fjarskiptalaga nr. 81/2003, sem innleiddu tilskipun nr. 2005/58/EB, eða persónuverndarlögum nr. 77/2000, sem innleiddu tilskipun nr. 95/46/EB. Er og ljóst að án virkrar eftirfylgni með því að lögnum sé fylgt ná þau ekki tilgangi sínum.

Að öllu framangreindu gættu, og í ljósi þeirrar sérstöku verndar sem þær persónuupplýsingar eiga að njóta sem verða til í fjarskiptum, er það mat Persónuverndar að um mjög alvarlegt mál sé að ræða sem eðlilegt sé og skylt að kæra til lögreglu í ljósi umfangs þess og eðlis.

#### 2.5

##### *Lögmetisreglan*

##### *Heimild Persónuverndar til að kæra til lögreglu*

Að því er varðar fullyrðingar Símans hf. um að Persónuvernd hafi ekki heimild samkvæmt lögum til að kæra mál til lögreglu er því til að svara að samkvæmt 3. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skal kæru vegna refsiverðs brots eða beiðni um rannsókn beint til lögreglu eða ákæranda. Í 42. gr. laga nr. 77/2000 er fjallað um refsingar. Þar segir að brot á ákvæðum laganna og reglugerðra settra samkvæmt þeim varði fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Þá segir í 2. mgr. 42. gr. að sé brot framið í starfsemi lögaðila megi gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við mat á því hvort kæra beri háttsemi til lögreglu telur Persónuvernd rétt að líta til þess hvort brot sé meiri háttar eða alvarlegt, t.d. vegna grófleika brots, hvort verknaður var framinn með sérstaklega víta- verðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots. Í því tilviki sem hér er til skoðunar er ljóst að umrædd háttsemi var bæði meiri háttar og alvarleg. Hún gekk gegn reglum framangreindra tilskipana um einkalífsrétt og persónuvernd og þeim grunnreglum sem fram koma 7. gr. laga nr. 77/2000. Auk þess leikur grunur á að um brot af ásetningu hafi verið að ræða í ábataskyni. Því verður að mati Persónuverndar ekki undan því vikist að kæra málið til lögreglu.

#### 3.

##### *Niðurstaða*

Sú aðgerð Símans hf. að nota samtengiuupplýsingar um aðra viðskiptavini en sína eigin, og samkeyra þær við aðrar skrár til að búa til lista til nota í markaðslegum og fjárhagslegum tilgangi, var heimildarlaus og braut gegn ákvæðum laga nr. 77/2000 og verður, í ljósi umfangs brots og alvarleika þess, kærð til lögreglu.“

##### **3.2.4. Creditinfo Lánstrausti hf. synjað um leyfi – mál nr. 2009/680**

Persónuvernd synjaði beiðni Creditinfo Lánstrausti hf. um leyfi til vinnslu persónuupplýsinga um einstaklinga í greiðsluaðlögun. Litið var til þeirra forsendna sem bjuggu að baki lagasetningu um þetta úrræði og þess hve skrásetning umræddra upplýsinga gæti orðið íþyngjandi fyrir hina skráðu.



Í ákvörðun um að synja um leyfi segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

## 2.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmál-efni og lánstraust, settrar með stoð í 45. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, er slík söfnun og miðlun upplýsinga í því skyni að miðla þeim til annarra óheimil án starfsleyfis Persónuverndar. Þá segir í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar að handhafa slíks leyfis, svonefndri fjárhagsupplýsingastofu, sé einungis heimilt að vinna með upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt hafa afgerandi þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða.

Í 8. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um skilyrði þess að unnið sé með persónuupplýsingar. Það ákvæði 8. gr., sem helst getur átt við um vinnslu á vegum fjárhagsupplýsingastofa, er 7. tölul. 1. mgr. Þar segir að vinna megi með persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmættra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Einnig getur 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. átt við um heimild til vinnslu þegar hún er nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna. Í athugasemdum við það ákvæði kemur fram að vinnsla þarf að hafa þýðingu fyrir breiðan hóp manna, sem og að undir ákvæðið geti m.a. fallið vinnsla sem á sér stað í upplýsingakerfi réttarkerfisins sem ætlað er að veita almenningi upplýsingar um löggjöf, dómaframkvæmd o.s.frv. Það að vinnsla þjóni fjárhagslegum tilgangi útiloki það ekki að hún geti verið í þágu almannahagsmuna.

## 3.

Við mat á beitingu framangreindra heimilda varðandi greiðsluáðlögun einstaklinga er rétt að líta til þeirra forsendna sem þjuggu að baki lagasetningu um það úrræði. Fyrst voru ákvæði um greiðsluáðlögun einstaklinga færð inn í lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipi o.fl., þ.e. með lögum nr. 24/2009 sem bættu X. kafla a við lögin. Síðar voru sett heildarlög um úrræðið, þ.e. lög nr. 101/2010. Í greinargerðum með þeim frumvörpum, sem urðu að lögum nr. 24/2009 og 101/2010, kemur fram að með þeim er verið að bregðist við sérstökum aðstæðum. Í II. kafla almennra athugasemda í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 24/2009, segir að í kjölfar bankahrunsins og þeirrar miklu efnahagslegu lægðar, sem því hefur fylgt með tilheyrandi greiðsluvanda fyrir stóran hóp fólks, þyki nauðsynlegt að tryggja einstaklingum virkara úrræði – þ.e. í samanburði við nauðasamninga samkvæmt VI.–X. kafla laga nr. 21/1991 – til að gera þeim eftir fremsta megni kleift að endurskipuleggja fjármál sín. Í II. kafla almennra athugasemda með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 101/2010, er og vísað til þess að þar sem stærstur hluti fjárskuldbindinga sé verðtryggður eða gengistryggður hafi skuldir lántakenda aukist mjög við hrunið. Eftir þær hamfarir, sem dunið hafi á íslensku efnahagslífi, sé nauðsynlegt að aðlaga virði eigna og krafna að veruleikanum og eðlilegri greiðslugetu skuldara.

Skrásetning umræddra upplýsinga í skrá Creditinfo Lánstrausts hf. um fjárhagsmálafni og lánstraust einstaklinga, sem haldin er í því skyni að miðla þeim til annarra, yrði að teljast íþyngjandi. Það að upplýsingarnar yrðu sérgreindar ásamt upplýsingum um gerða kaupmála og fjárræðissviptingar myndi ekki breyta hinu íþyngjandi eðli skráningarinnar. Af framangreindu verður ráðið að með lagasetningu um greiðsluáðlögun sé m.a. verið að bregðast við greiðsluvanda einstaklinga sem er til kominn vegna atvika sem þeir gátu ekki ráðið við.

Litið hefur verið til þess að umrætt úrræði til handa einstaklingum er reist á m.a. danski fyrirmynd.

Þetta kemur m.a. fram í niðurlagi II. kafla almennra athugasemda með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 101/2010. Ólíkt því sem er hér á landi er þar að finna ákvæði í settum lögum sem hafa að geyma efnislegar reglur um skráningu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga í því skyni að miðla þeim til annarra. Meðal þess sem mált er fyrir um í þarlandum lögum í því sambandi er að óheimilt sé að miðla upplýsingum um greiðsluadögum einstaklinga (d. gældssanering) sem hefur endanlega verið staðfest, sbr. 3. mgr. 23. gr. dönsku persónuupplýsingalaganna nr. 429 frá 31. maí 2000 (d. lov om behandling af personoplysninger).

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar er mált fyrir um grunnregluna um friðhelgi einkalífs. Þá segir í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 77/2000 að markmið laganna sé m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Þegar litið er til þessara ákvæða og alls framangreinds telur Persónuvernd áður nefnd ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000 ekki geta rennt stöðum undir umrædda skráningu. Þá verður ekki talið að skráningin geti átt stoð í öðrum ákvæðum 8. gr. Telur Persónuvernd að óski félagið nýmæla sem ganga lengra en gildandi lög og reglur gera ráð fyrir sé það hlutverk löggjafans að taka afstöðu til þeirra nýmæla sem um er beðið. Er þá sérstaklega litið til ákvæðis 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Hefur Persónuvernd því ákveðið að verða ekki við beiðni Creditinfo Lánstrausts hf. um að gefa út leyfi til vinnslu upplýsinga um einstaklinga sem fengið hafa greiðsluadögum samkvæmt X. kafla a í lögum nr. 21/1991 og lögum nr. 101/2010.

#### 4.

Creditinfo Lánstraust hf. fer einnig fram á að afnumið verði ákvæði í starfsleyfi varðandi einstaklinga þess efnis að eyða skuli upplýsingum um skráðan kaupmála ef fyrir liggja að gengið hafi verið frá lögskilnaði þeirra sem hann gerðu. Ekki eru færð rök fyrir því hvers vegna fella ætti brott þetta ákvæði og er því ekki tímabært að taka afstöðu til þessarar beiðni. Aðrar þær breytingar á starfsleyfinu, sem Creditinfo Lánstraust hf. leggur til í bréfi sínu, dags. 22. nóvember 2010, lúta ekki að efnislegum atriðum heldur uppröðun ákvæða leyfisins. Tekin verður afstaða til þessara atriða við útgáfu næsta starfsleyfis.“

### 3.2.5. Ítarlegar upplýsingar um viðskiptavinum Hraðpeninga ehf. birtust á Netinu – mál nr. 2010/907

Vaðveisla vinnsluadila var talin hafa brotið gegn fyrir mælum ábyrgðaraðila (Hraðpeninga) og því taldi Persónuvernd hana hafa verið ólögmeta.

Í niðurstöðu hennar segir m.a.: „Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna.

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Af framangreindu er ljóst að í birtingu umræddra persónuupplýsinga um viðskiptamenn Hraðpeninga ehf. á vefsiðunni [www.leppaludar.com](http://www.leppaludar.com) fólst vinnsla persónuupplýsinga í framangreindum skilningi. Samkvæmt því fellur mál þetta undir efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000.

#### 2.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 telst ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga vera sá aðili sem ákveður tilgang vinnslunnar, þann útbúnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 77/2000 segir að átt sé við þann aðila sem hefur ákvörðunarvald um vinnslu persónuupplýsinga og að jafnvel þótt slíkur aðili feli öðrum meðferð upplýsinganna beri hann ábyrgðina, svo fremi hann hafi áfram ákvörðunarvaldið. Vinnsluadili er hins vegar sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum við framangreint frumvarp segir að vinnsluadili geti t.d. verið aðili sem sér um að þróa upplýsingakerfi eða gera við og viðhalda tölvuhugbúnaði.

Óumdeilt er að Hraðpeningar ehf. fóru með ákvörðunar- og ráðstöfunarvald þeirra persónuupplýsinga

sem hér um ræðir og teljast því hafa verið ábyrgðaraðili. Þ, kerfisfræðingur, telst aftur á móti vinnsluaðili í skilningi 5. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Úrskurðarefni þessa máls snýr því eingöngu að því hvort vinnsluaðili hafi gengið gegn skýrum fyrirmælum ábyrgðaraðila þegar hann vistaði framangreindar persónuupplýsingar á læstu heimasvæði sínu, með fyrrgreindum afleiðingum.

### 3.

Um samband ábyrgðaraðila og vinnsluaðila er fjallað í 13. gr. laga nr. 77/2000, en þar kemur fram að ábyrgðaraðila sé heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmd viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit. Slíkur samningur skal vera skriflegur og þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Öll vinnsla þessa aðila sem ekki er í samræmi við fyrirmæli ábyrgðarmanns er ólögmat.

Ákvæði laga nr. 77/2000, um skyldur ábyrgðaraðila, gilda þótt vinnsla hafi verið falin vinnsluaðila og taka til vinnslu sem vinnsluaðili annast. Af því leiðir m.a. að leiði brot gegn lögum nr. 77/2000 og eftir atvikum reglum eða fyrirmælum Persónuverndar til fjárhagslegs tjóns getur ábyrgðaraðili orðið bótaskyldur nema sannað verði að tjónið verði hvorki rakið til mistaka eða vanrækslu hans né vinnsluaðila. Vinnsluaðili getur einnig orðið bótaskyldur samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins vegna tjóns sem hann veldur af ásetningi eða gáleysi. Þá geta bæði ábyrgðaraðili og vinnsluaðili orðið ábyrgir fyrir greiðslu miskabóta sé skilyrðum laga fullnægt. Ekki er hins vegar á valdi Persónuverndar að skera úr um það hvort bóta- eða refsíábyrgð hafi stofnast á hendur ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila heldur er slíkt hlutverk dómstóla.

### 4.

Í málinu liggur fyrir að Hraðpeningar ehf. hafi annars vegar gert verktakasamning og hins vegar trúnaðarsamning við Þ um tiltekna vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi að útbúa forritunarkóða fyrir nýtt sms-kerfi fyrirtækisins. Samkvæmt forsvarsmönnum Hraðpeninga ehf. var lagt fyrir Þ að eyða umræddum gögnum eftir að vinnu hans samkvæmt samningi við fyrirtækið lauk. Það hafi hann ekki gert heldur vistað upplýsingarnar á læstu einkasvæði sínu á internetinu, með fyrrgreindum afleiðingum.

Vinnsluaðili hefur viðurkennt, að fyrir mistök og gáleysi sitt hafi hann vistað framangreindar upplýsingar á heimasvæði sínu þannig að þær urðu aðgengilegar almenningi á internetinu. Einnig hefur komið fram að hann hafi gleymt að eyða listanum þegar vinnu hans lauk. Af framangreindu er ljóst að vinnsluaðili gekk gegn skýrum fyrirmælum ábyrgðaraðila þegar hann vistaði framangreindar upplýsingar á heimasvæði sínu en eyddi þeim ekki. Því var framangreind vinnsla, þ.e. birting lista yfir viðskiptamenn Hraðpeninga ehf. á heimasíðunni leppaludar.com, ólögmat.“

#### **3.2.6. Lögmæt vöktun R ehf. en annmarkar á fræðslu – mál nr. 2010/959**

Úrskurðað var í ágreiningsmáli um lögmæti rafrænnar akstursdagbókar hjá R ehf. í vöruflutningabifreiðum fyrirtækisins. Litið var til þess að starfsmenn notuðu umrædda bíla og tæki aðeins í vinnu og ekki við athafnir sem tilheyruð heimilum þeirra eða einkalífi að öðru leyti. Vöktunin var hins vegar ekki talin ógna grundvallarréttindum og frelsi þeirra og því talin heimil í ljósi þeirra lögmætu hagsmuna sem R ehf. hefðu vísað til en að annmarkar hafi verið á fræðslu til viðkomandi starfsmanns.

Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla persónuupplýsinga við notkun hinnar rafrænu akstursdagbókar fellur því undir úrskurðarvald Persónuverndar.

Hins vegar er tekið fram að það fellur ekki undir verksemið Persónuverndar að taka afstöðu til álítaefna sem kunna að tengjast því með hvaða hætti laun kvartanda eru eða hafa verið ákveðin eða til samningssambands kvartanda og ábyrgðaraðila að öðru leyti.

2.

Kvartandi telur í fyrsta lagi að í því felist brot á persónurétti hans að fylgst hafi verið með honum með notkun umrædds búnaðar (þ.e. sagasystem/rafræn akstursdagbók). Um það hvort heimild hafi staðið til þess af hálfu ábyrgðaraðila að nota búnaðinn ber að líta til þeirra skýringa sem hann hefur gefið, þ.e. um að hann hafi verið settur upp til að fylgjast með hvar bílar séu í lok dags til að geta skipulagt næsta dag og til að fylgjast með eyðslu á bílum. Teljast slíkir hagsmunir vera lögmætir í skilningi 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. um að heimil sé vinnsla sem er nauðsynleg í þágu lögmætra hagsmuna. Þó er skilyrði að grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi ekki þyngra. Við mat á þessu skiptir máli að hér er um að ræða mjög stóra flutninga-bifreið og leiða má að því líkur að hún sé eingöngu nýtt sem vinnutæki en ekki við athafnir sem tilheyra heimili hins skráða eða einkalífi að öðru leyti. Verður því ekki séð að sú vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer með notkun rafrænnar akstursdagbókar í bifreiðinni sé í eðli sínu til þess fallin að ógna grundvallarréttindum og frelsi hins skráða þannig að þyngra þyki vega en tilgreindir hagsmunir ábyrgðaraðila. Er það því mat Persónuverndar að umrædd vinnsla R ehf. með notkun rafrænnar akstursdagbókar í flutninga-bifreiðinni samrýmist 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

3.

Í öðru lagi er kvartað yfir því að ábyrgðaraðili hafi ekki rækt fræðsluskyldu sína samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir m.a. að þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skuli hann m.a. fræða hinn skráða um þau atriði sem hann þarf að vita, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna. Í 10. gr. reglna um rafræna vöktun nr. 837/2006 er sömuleiðis að finna ákvæði um fræðslu sem veita ber þeim sem sæta rafrænni vöktun. Segir þar m.a. að þeim skuli veitt fræðsla um tilgang vöktunar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að þeim upplýsingum sem safnast og hversu lengi þær verði varðveittar. Í máli þessu hefur komið fram af hálfu kvartanda að fræðsla hafi ekki verið veitt. Sönnunarbyrði um það hvort fræðsla hafi verið veitt með fullægjandi hætti hvílir á ábyrgðaraðila. Af hans hálfu hefur hins vegar ekkert komið fram um að kvartandi hafi fengið nokkra fræðslu um hina rafrænu akstursdagbók þótt þetta hafi verið kynnt öðrum starfsmönnum áður en hann hóf störf. Liggur því ekki fyrir að hinum skráða hafi verið veitt fræðsla svo sem skylt er samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000.“

### **3.2.7. Fjármálaráðuneytið veitti ranga fræðslu í eineltiskönnun – mál nr. 2010/1046**

Það var niðurstaða Persónuverndar að fjármálaráðuneytið hafi brotið gegn lögum um persónuvernd við gerð könnunar á einelti meðal ríkisstarfsmanna. Brotið fólst m.a. í því að þátttakendum var sagt að ekki yrði unnt að rekja svör til þeirra en í raun var öðruvísi um hnútana búið. Var ráðuneytið sem ábyrgðaraðili ótvírætt talið bera ábyrgð á hinni röngu fræðslu sem þátttakendur fengu.

Í úrskurði Persónuverndar segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í at-hugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

Tekið er fram að úrskurður þessi lýtur eingöngu að þætti fjármálaráðuneytisins en ekki Miðlunar ehf. Á þætti Miðlunar ehf. verður tekið í öðru máli.

2.

Í 20. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um að þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða sjálfum skuli ábyrgðaraðili upplýsa hinn skráða um vinnsluna. Meðal þess sem veita skal vitneskju um eru þau atriði sem hinum skráða er nauðsynlegt að vita um, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hann geti gætt lögmætra hagsmuna sinna.

Framangreind skylda hvílir á ábyrgðaraðila. Með ábyrgðaraðila er átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 13. gr. laganna er ábyrgðaraðila heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laganna. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluadili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laganna.

Umrædd rannsókn á einelti meðal ríkisstarfsmanna var unnin samkvæmt ákvörðun fjármálaráðuneytisins og var ákvörðunarvald um fyrirkomulag könnunarinnar í höndum þess. Lítur Persónuvernd því á fjármálaráðuneytið sem ábyrgðaraðila vinnslunnar.

### 3.

Í skýringum fjármálaráðuneytisins kemur fram að sú fræðsla sem svarendur fengu hafi ekki samrýmst raunverulegri fyrirtælan ráðuneytisins um verklag við könnunina. Ekki hafi verið ætluð þess að gefa svarendum rangar upplýsingar. Um mistök hafi verið að ræða hjá vinnsluadila, Miðlun ehf. Að mati Persónuverndar haggar það ekki því að samkvæmt 5. gr. þess samnings sem ráðuneytið gerði við Miðlun ehf. átti félagið að geyma svör rekjanleg í tvær vikur frá því að þau voru gefin. Hins vegar sagði í fræðslubréfum til þátttakenda að aldrei yrði hægt að rekja svör til þeirra. Þessi fræðslubréf voru bæði undirrituð af starfsmanni ráðuneytisins og starfsmanni Miðlunar ehf.

Eins og fyrr greinir ber ábyrgðaraðili lögum samkvæmt ábyrgð á því að hinir skráðu fái rétta fræðslu um vinnslu, þ. á m. um tilgang hennar og þau atriði sem honum eru nauðsynleg svo hann geti gætt hagsmuna sinna. Ber fjármálaráðuneytið, sem ábyrgðaraðili, ótvírætt ábyrgð á hinni röngu fræðslu sem þátttakendum í könnuninni var veitt. Er þá einkum litið til þess að í fræðslubréfi var ranglega fullyrt að svör þátttakenda yrðu með öllu órekjanleg, þótt til hafi staðið að hafa annan hátt á. Fræðslan samrýmdist því ekki kröfum 20. gr. laga nr. 77/2000.“

#### **3.2.8. Svar við athugasemdum frá VÍS vegna ákvörðunar um svonefndan svikabnapp fyrir „nafnlausar“ ábendingar – mál nr. 2010/1130**

Deilt var um lögmæti svokallaðra svikahnappa á vefsíðu. Í ákvörðun Persónuverndar kom fram að vinnsla persónuupplýsinga sem tengdist hnappinum samrýmdist ekki lögum um persónuvernd, m.a. sökum villandi loforða um nafnleynd. Af hálfu VÍS var niðurstöðunni andmælt.

Persónuvernd svaraði þeim andmælum lið fyrir lið. Í svarinu segir:

#### „1.

##### *Birting ákvörðunar á heimasíðu Persónuverndar*

Í erindi yðar segir:

„Umbjóðandi okkar stóð í þeirri trú að Persónuvernd myndi beina svari sínu til umbjóðanda okkar sérstaklega. Ekkert í samskiptum við Persónuvernd gaf umbjóðanda okkar tilefni til þess að ætla að stofnunin myndi taka opinbera ákvörðun í málinu. Þær málalýktir komu umbjóðanda okkar í opna skjöldu.

Í 5. tl. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („persónuverndarlög“) kemur fram að eitt af verkefnum Persónuverndar sé að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar. Þá segir jafnframt í 6. tl. sömu málsgreinar að í verkefnum Persónuverndar felist að tjá sig samkvæmt beiðni um álitaeftni varðandi meðferð persónuupplýsinga.

Að veita leiðbeiningar um álitaeftni í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga á þannig að vera eitt af verkefnum Persónuverndar. Er sú leiðbeiningarskylda í samræmi við þá grundvallarreglu sem gildir um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda almennt, sbr. 1. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 („stjórnsýslulög“).

Í leiðbeiningarskyldu hlýtur að felast að aðilar eiga að geta leitað ráða og leiðbeininga hjá Persónuvernd án þess að eiga það á hættu að opinberlega séu birtar upplýsingar um beiðni viðkomandi og þau álitaeftni

sem uppi geta verið. Vinnsla persónuupplýsinga getur verið viðkvæm og umræða um slíka vinnslu er oft vandmeðfarin. Það er því ljóst að Persónuvernd verður sérstaklega að gæta hófs í málsmeðferð og við val á þeim úrræðum sem gripið er til.

Með því að birta afstöðu Persónuverndar til váttryggingasvikahnapps umbjóðanda okkar opinberlega með ákvörðun tók Persónuvernd með engum tekið tillit til hagsmuna umbjóðanda okkar. Ákvörðun Persónuverndar olli töluverðri fjölmiðlaumfjöllun sem getur haft neikvæð áhrif á orðspor og viðskiptavild umbjóðanda okkar.“

Framangreint virðist byggt á þeirri röngu forsendu að framangreindur hnappur hefði eingöngu verið fyrirhugaður en ekki verið kominn í notkun þegar Persónuvernd tók sína ákvörðun. Vissulega má fallast á að erindi VÍS bar þess merki í upphafi að hnappurinn hefði ekki verið tekinn í notkun en þegar kom að því að taka afstöðu hjá Persónuvernd hafði hann þegar verið tekinn í notkun og var vinnsla hafin. Því varð að taka formlega ákvörðun um vinnsluna og lögmæti hennar.

Ákvarðanir Persónuverndar, umsagnir, úrskurðir og álit eru birt á heimasíðu hennar að því marki sem það þykir nauðsynlegt í ljósi leiðbeiningarhlutverks og skyldu hennar til að gera grein fyrir verkum sínum. Er hér m.a. litið til 7. tölulíðar 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 sem byggir á 5. mgr. 28. gr tilskipunar 95/46/EB. Er framangreint og í samræmi við grundvallarsjónarmið um gagnsæja stjórnslu og vinnslu persónuupplýsinga. Sama markmiði þjóna önnur ákvæði laganna, þ. á m. ákvæði 17. gr. laganna um skyldu Persónuverndar til að halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um og þá vinnslu sem hún heimilar og að sú skrá skuli vera aðgengileg almenningi. Var það því niðurstaða stjórnar að birta umrædda ákvörðun á heimasíðu stofnunarinnar.

## 2.

### *Andmælaréttur*

Í erindi yðar segir:

„Umbjóðandi okkar var ekki veitt tækifæri til þess að tjá sig um afstöðu Persónuverndar og var því jafnframt brotið á andmælarétti umbjóðanda okkar, sbr. 13. gr. stjórnslulaga. Eðlilegt hefði verið að umbjóðandi okkar hefði fengið að sjá röksemdir Persónuverndar fyrir afstöðu sinni áður en stofnunin tók ákvörðun sem birt var opinberlega“.

Í 13. gr. stjórnslulaga er fjallað um andmælarétt aðila máls. Þar segir að aðili máls skuli eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða að slíkt sé augljóslega óþarft. Andmælaréttur tekur ekki til þess að stjórnvöld skuli kynna aðilum niðurstöðu sína áður en ákvörðun er tekin í máli. Er það mat stjórnar Persónuverndar að andmælaréttur hafi að fullu verið virtur þar sem VÍS hafði fengið tækifæri til að tjá sig og hafnar hún þeirri athugasemd að brotið hafi verið á andmælarétti VÍS.

## 3.

### *Aðrir aðilar nota sambærileg kerfi*

Þá segir í erindi yðar:

„Þar fyrir utan virðist umbjóðandi okkar þurfa að gjalda fyrir það að leita til stofnunarinnar að fyrra bragði. Það er ljóst að fjölmargir aðilar hafa sambærilegan tilkynningarhnapp og umbjóðandi okkar á vefsiðum sínum en Persónuvernd hefur ekki talið ástæðu til þess að fjalla sérstaklega um þá hnappa.“

Tekið er fram að Persónuvernd hefur til meðferðar mál fjölmargra aðila sem sett hafa upp slíka hnappa, einkum opinberra aðila. Verður ekki séð að umbjóðandi yðar hafi þurft að gjalda fyrir það að leita til stofnunarinnar að fyrra bragði.

## 4.

### *Almennt álit eða bindandi ákvörðun*

Í erindi yðar segir:

„Umbjóðandi okkar [óskaði] eftir áliti Persónuverndar á því hvort ástæða væri til þess að setja ákvæði um váttryggingasvikahnapp umbjóðanda okkar í váttryggingarskilmála félagsins sem og áliti Persónuverndar á þeim verklagsreglum sem umbjóðandi okkar hafði sett um umræddan váttryggingasvikahnapp. Ekkert er vikið að fyrrnefnda álitaefninu í ákvörðun Persónuverndar og aðeins með óbeinum hætti að því síðarnefnda.

Ef markmið Persónuverndar með birtingu ákvörðunar um váttryggingasvikahnapp umbjóðanda okkar

var ætlað að hafa einhvers konar varnaðargildi hefði verið nærtækara fyrir Persónuvernd að birta almennt álit er tekur á tilkynningarhnöppum sem þessum í stað þess að láta umbjóðanda okkar gjalda þess að hafa leitað til stofnunarinnar að fyrra bragði. Slík stjórnsýsla er ekki til efturbreytni og er ekki til þess fallin að stuðla að samstarfi ábyrgðaraðila og Persónuverndar.“

Vísað er til þess sem þegar hefur verið útskýrt af tilefni fyrri athugasemda og einnig er, þar sem afstaða lögmanns VÍS virðist byggð á þeirri röngu forsendu að umræddur hnappur hafi ekki þegar verið tekinn í notkun þegar ákvörðunin var tekin, sérstaklega áréttað að svo var ekki. Hnappurinn var þá þegar kominn í notkun. Því var nauðsynlegt að taka formlega, rökstudda og bindandi ákvörðun á grundvelli 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 – þ.e. um skyldu VÍS til að stöðva vinnsluna og haga henni í samræmi við þær reglur sem fjallað er ákvörðuninni.

## 5.

### *Gagnrýni á forsendur í ákvörðun Persónuverndar*

Enn fremur segir í erindi yðar:

„Umbjóðandi okkar er ekki sammála niðurstöðu Persónuverndar né einstökum forsendum hennar sem birtist í ákvörðun stofnunarinnar frá 9. nóvember sl. Hann vill koma því á framfæri að hann telur niðurstöðuna byggða á afar hæpnum forsendum sem ekki séu skýrar.

Í persónuverndarlögum er ekki að finna skýrt bann á því kerfi sem umbjóðandi okkar hefur sett upp í tengslum við váttryggingasvikahnapp hans. Niðurstaða Persónuverndar byggir á ályktun af almennum reglum í 1. mgr. 7. gr. laganna en umbjóðandi okkar mótmælir því að hægt sé að draga þær ályktanir af reglunum eins og Persónuvernd gerir í ákvörðun sinni“

Þótt lög nr. 77/2000 geti sumpart virst flókin er bent á að þau fela í sér innleiðingu á tilskipun 95/46/EB sem áður hefur verið fjallað um. Með lögum nr. 77/2000 var Persónuvernd falið það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd þeirra. Það rækti hún með töku umræddrar ákvörðunar. Henni ber að túlka lög nr. 77/2000 með það markmið að leiðarljósi að stuðla að því að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Í lögum nr. 77/2000 er ekki talin upp með tæmandi hætti sú vinnsla og þær vinnsluáferðir sem unnt er að viðhafa þegar unnið er með persónuupplýsingar. Því til stuðnings má benda á að í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 segir, að ekki verði með tæmandi hætti taldar upp allar þær aðgerðir sem geti talist til vinnslu, enda ekki hægt að sjá fyrir nýjungar í tölvutækni sem hægt er, og verður hægt að nota, til að vinna með persónuupplýsingar.

Af framangreindu er ljóst að Persónuvernd ber, við meðferð mála hjá stofnuninni, að draga ályktanir af ákvæðum laganna og meta hvort tiltekin vinnsla samræmist ákvæðum þeirra. Í því tilviki sem hér um ræðir var framkvæmd vinnslunnar bæði talin óáreiðanleg og ósanngjörn, eins og ítarlega er skýrt í ákvörðuninni. Slíkt stangast á við ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 þar sem fram kemur meðal annars að vinnsla skuli fara fram á áreiðanlegan og sanngjarnan hátt, sbr. 1. og 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna. Er því ekki unnt að fallast á sjónarmið yðar um að ákvörðun Persónuverndar sé byggð á hæpnum forsendum.

## 6.

### *Nýjar breytingar á verklagsreglum VÍS*

Í erindi yðar kemur fram að ýmsar breytingar hafi nú verið gerðar á verklagsreglum VÍS og þeim upplýsingum sem fram koma á heimasíðu félagsins. Á heimasíðu VÍS sé nú mælst til þess að tilkynningar séu sendar inn undir nafni nema sértækar og/eða sérstakar aðstæður mæli með öðru. Þá séu tilkynnendur nú, samkvæmt verklagsreglum, hvattir til að senda inn tilkynningu undir nafni. Einnig komi nú fram í verklagsreglum að trúnaðarskylda umbjóðanda yðar hafi ekki áhrif á rannsóknarheimildir lögreglu. Þá segir í erindi yðar að í kjölfar ákvörðunarinnar hafi ákvæðum um upplýsinga- og andmælarétt hins skráða, sbr. 18. og 19. gr. laga nr. 77/2000, verið breytt í verklagsreglum VÍS.

Persónuvernd fagnar framangreindum breytingum en tekur fram að sjálfstæð úttekt hefur ekki verið gerð á síðunni eins og hún lítur út núna eða tekin efnisleg ákvörðun um hana.

Í erindi yðar segir:

„Tilgangur 3. mgr. 19. gr. persónuverndarlaga er sá að aðili geti ekki á grundvelli persónuverndarlaga krafist aðgangs að skjölum eða öðrum gögnum sem undanþegin eru aðgangi samkvæmt stjórnáslu- og upplýsingalögum.

Umræddu ákvæði er með engum hætti ætlað að leiða til þess að upplýsingaréttur hins skráða verði hinn sami og á grundvelli upplýsingalaga eða stjórnáslulaga. Í því sambandi ber að minna á það að umbjóðandi okkar er einkafyrirtæki.

Í 3. mgr. 19. gr. persónuverndarlaga er aðeins að finna eina undantekningu frá upplýsingarétti hins skráða en takmarkanir á slíkum upplýsingarétti geta jafnframt byggst á öðrum málsgreinum 19. gr. laganna.“

Af tilefni framangreinds er leiðbeint um að í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 77/2000 segir meðal annars að réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nái ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnáslulögum. Í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 segir við ákvæðið að þar séu mörkuð skil upplýsingaréttar samkvæmt stjórnáslu- og upplýsingalögum annars vegar og persónuupplýsingalögum hins vegar. Miðað sé við að réttur til aðgangs samkvæmt persónuupplýsingalögum verði sambærilegur við rétt aðila máls samkvæmt 15. gr. stjórnáslulaga og rétt almennings samkvæmt 9. gr. upplýsingalaga. Af því leiðir að aðili getur ekki á grundvelli persónuupplýsingalaga krafist aðgangs að skjölum eða öðrum gögnum sem undanþegin eru aðgangi samkvæmt stjórnáslu- eða upplýsingalögum. Þá segir í athugasemdunum að með vísun til þess að hjá einkaaðilum geti reynt á svipaða hagsmuni og hjá stjórnvöldum sé lagt til að sömu reglur gildi um aðgang að gögnum þeirra og gilda um aðgang að gögnum stjórnvalda. Með þessu hefur löggjafinn með skýrum hætti tekið afstöðu til þess hvernig ákvæði 3. mgr. 19. gr. skuli túlkað og er það ekki á valdi Persónuverndar að breyta því.“

### **3.2.9. Notkun Securitas á málaskrárupplýsingum lögreglu – mál nr. 2010/703**

Það var niðurstaða Persónuverndar að öflun Securitas á upplýsingum úr málaskrá lögreglu um alla starfsmenn í öryggisþjónustu samrýmdist ekki kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngírni, meðalhóf og áreiðanleika við vinnslu persónuupplýsinga. Í niðurstöðunni segir m.a.:

„Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

### *Heimildir til að afla málaskrárupplýsinga*

*Ákvæði 7., 8. og 9. gr.*

Svo að heimilt sé að vinna með persónuupplýsingar verður að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um grun um refsiverða háttsemi eru viðkvæmar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, en ljóst er að í málaskrá lögreglu er slíkar upplýsingar að finna. Þá kann þar að vera að finna upplýsingar um heilsuhagi, s.s. lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, en slíkar upplýsingar eru einnig viðkvæmar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr.

Securitas fær umræddar upplýsingar frá hinum skráða á grundvelli samþykkis hans, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Samþykki er skilgreint í 7. tölul. 2. gr. laganna sem: „Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu



tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.

Auk þess sem uppfylla þarf eitthvert af skilyrðum 8. og 9. gr. þarf ávallt að vera fullnægt öllum kröfunum í 7. gr. laga nr. 77/2000:

### 2.1.

#### 1. töluliður 1. mgr. 7. gr.

Samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 7. gr. skal haga vinnslu persónuupplýsinga með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti.

Við mat á því hvort þessu skilyrði sé fullnægt liggur fyrir að Securitas vill fá upplýsingar úr málaskrá óháð því hvenær starfsmaður hóf störf. Ákvæði 3. gr. reglugerðar um öryggisþjónustu nr. 340/1997 á hins vegar aðeins við um nýjar ráðningar. Þá skiptir miklu máli að *ekki* er um að ræða upplýsingar sem Securitas á rétt á að fá frá lögreglu lögum samkvæmt. Um er að ræða upplýsingar sem hinn skráði sjálfur getur fengið á grundvelli grunnréttinda sinna sem varin eru í Mannréttindasáttmála Evrópu, Stjórnarskrá Íslands og settum lögum. Rétturinn kemur m.a. fram í 8. gr. reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar segir að hann eigi rétt á að fá frá lögreglu vitneskju um a) hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með, b) um tilgang vinnslunnar og c) um hver fái, hafi fengið eða muni fá upplýsingar um hann. Markmið þessa ákvæðis er því ekki að þjóna hagsmunum aðila heldur að tryggja persónulegan upplýsingarétt hins skráða. Þessi réttur er m.a. tryggður í 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. m.a. dóma Mannréttindadómstólsins frá 7. júlí 1989, Gaskin gegn Bretlandi, nr. 10454/83, og dóm frá 13. febrúar 2003 í máli Odièvre gegn Frakklandi, nr. 42326/98. Í báðum þessum málum staðfesti dómstóllinn að í 1. mgr. 8. gr. sáttmálans felst jákvæð skylda ríkisins til þess að veita einstaklingum aðgang að sínum eigin persónuupplýsingum.

Að mati Persónuverndar fær það ekki samrýmst skilyrðum 1. töluliðar 1. mgr. 7. gr. að gera þá kröfu til starfsmanna Securitas að þeir nýti þennan rétt sinn í þágu þeirra markmiða Securitas sem lýst er í bréfi þess, dags. 9. nóvember 2010.

### 2.2.

#### 2. töluliður 1. mgr. 7. gr.

Í 2. tölulið 1. mgr. 7. gr. er sú grunnregla að aðeins skal nýta persónuupplýsingar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki vinna þær frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Hér er um að ræða gögn sem lögregla aflar eingöngu í löggæslutilgangi, ekki í öðrum tilgangi. Í 1. gr. reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu kemur fram að hún gildi eingöngu um vinnslu persónuupplýsinga í þágu lögreglustarfa skv. 1. gr. lögreglulaga. Skráin er tæki fyrir lögreglu og ákærvald til nota í störfum sínum. Þetta kemur og skýrt fram í 5. og 6. gr. hennar. Í 2. mgr. 5. gr. segir sérstaklega að persónuupplýsingar sem aflað er vegna lögreglustarfa megi ekki nýta í öðrum tilgangi, sbr. þó 6. gr. en þar er m.a. sérstök heimild til að miðla upplýsingum þegar sótt er um vinnu við löggæslu, hjá tollinum eða landhelgisgæslu enda varði starfið þjóðaröryggi eða landvarnir. Ekki er vikið að aðilum slíkum sem Securitas er.

Af framangreindu leiðir að tilgangur vinnslunnar takmarkast við lögreglustörf og eru skrárnar ekki ætlaðar öðrum sem kunna að vilja nota þær, s.s. við val á fólki í störf. Til slíkra nota eru önnur úrræði í boði. Afla má t.d. sakavottorðs. Þá má minna á það úrræði sem nýtt er við mat á hæfi dyravarða, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Er það niðurstaða Persónuverndar að öflun Securitas á upplýsingum úr málaskrá lögreglu um starfsmenn sína samrýmst ekki 2. tölulið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000.

### 2.3.

#### 3. töluliður 1. mgr. 7. gr.

Í 3. tölulið 1. mgr. 7. gr. er sú meginregla að við vinnslu skuli þess gætt að nota aðeins nægilegar og viðeigandi persónuupplýsingar og ekki meir en nauðsynlegt er miðað við tilganginn. Hér er um að ræða svonefnda *meðalhófsreglu* sem þýðir að ekki skuli afla óþarflega mikilla upplýsinga.

Við mat á því hvort Securitas afli of mikilla upplýsinga skiptir máli að ekki verður séð að öll störf hjá Securitas, við framkvæmd öryggisþjónustu, séu þess eðlis að nauðsynlegt geti verið fyrir fyrirtækið að fá úr

málaskrá lögreglu upplýsingar um alla sem þeim sinna. Meta þarf þessa þörf hverju sinni. Hún ræðst ekki af því hvenær viðkomandi hóf störf hjá fyrirtækinu heldur því hvert eðli þess starfs er sem hann hefur með höndum. Miða skal við það hvað er nauðsynlegt, sbr. að í 3. gr. reglugerðar nr. 340/1997 er gert ráð fyrir að við ráðningu starfsmanns til öryggisþjónustufyrirtækis skuli hann afhenda þau gögn *sem nauðsynleg þyki* til að mat verði lagt á hæfni hans til að gegna viðkomandi starfi. Þörf á upplýsingunum getur t.d. ráðist af því hvort viðkomandi sé ráðinn til að starfa í verslunarþjónustu, verðmætaflutningum, stjórnstöð eða gæslu þar sem alveg sérstaks öryggis er þörf. Komi upp atvik er gefi sérstakt tilefni til ítarlegrar bakgrunnsrannsóknar – s.s. niðurstaða lyfjaprófs eða grunur um misferli – er rétt að vinnslan taki mið af því tilefni sem kallar á hana. Í mörgum tilvikum eru slíkar upplýsingar um hinn skráða hins vegar jafnvel óþarfar og oft kann að nægja að fá staðfestingu frá lögreglu fyrir afmarkað tímabil eða tiltekin atvik. Við þetta má bæta að í málaskrá kemur fram fjöldi upplýsinga sem varðar ekki aðild að afbrotum, s.s. um slys, nágrannaerjur og óhöpp ýmiss konar. Með vísun til framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að öflun Securitas á upplýsingum úr málaskrá lögreglu um umrædda starfsmenn samrýmist ekki kröfum 3. töluliðar 1. mgr. 7. gr.laga nr. 77/2000.

#### 2.4.

##### 4. tölulið 1. mgr. 7. gr.

Í 4. tölulið 1. mgr. 7. gr. segir að aðeins megi vinna með upplýsingar sem eru áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Við mat á því hvort sú vinnsla sem hér um ræðir samrýmist þessari reglu þarf að líta til þess að ólíkt því sem gildir um upplýsingar í sakaskrá eru upplýsingar á málaskrá óstaðfestar í þeim skilningi að þær hafa ekki hlotið formlega umfjöllun innan dómskerfisins. Þar birtast því m.a. upplýsingar um grun um afbrot sem ekki hefur verið staðfestur með dómi. Þá birtast þar jafnvel upplýsingar um ætluð smávægileg brot eða atríði sem höfð eru eftir fólki á vettvangi slysa, afbrota eða annarra þeirra atvika sem lögregla hefur afskipti af. Þessar upplýsingar geta í ákveðnum tilvikum birst í slíku samhengi að viðkomandi einstaklingur virðist hafa verið viðriðinn eitthvað misjafnt, jafnvel að ósekju. Heimildir Securitas hf. til að fá þessar upplýsingar verður að meta í því ljósi. Þá ber að virða 71. gr. stjórnarskrárinnar sem hefur að geyma grunnregluna um réttinn til friðhelgi einkalífs.

Með vísun til framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að öflun Securitas á upplýsingum úr málaskrá lögreglu um alla starfsmenn í öryggisþjónustu samrýmist ekki kröfum 4. töluliðar 1. mgr. 7. gr.laga nr. 77/2000.

#### 3.

##### Niðurstaða:

Með vísun til framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að öflun Securitas á upplýsingum úr málaskrá lögreglu um alla starfsmenn í öryggisþjónustu samrýmist ekki kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngirni, meðalhóf og áreiðanleika við vinnslu persónuupplýsinga.“

### 3.2.10. Vinnsla Sedlabankans vegna gjaldyriseftirlits – mál nr. 2010/610

Persónuvernd ákvarðaði að söfnun Sedlabankans á persónuupplýsingum í þágu gjaldyriseftirlits hefði át sér lagastof en að stefnt skyldi að öryggisúttekt.

Um það sagði hún m.a. þetta: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

#### 2.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf ávallt að vera fullnægt einhverri af kröfunum í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki vera fullnægt einhverri af við-

bótarkröfunum fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem taldar eru upp í 9. gr. laganna. Samkvæmt b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 eru upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, viðkvæmar persónuupplýsingar. Í 15. og 16. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál er að finna ákvæði um annars vegar stjórnvaldssektir fyrir brot gegn lögumum sem Seðlabankinn ákveður og hins vegar sektir og fangelsi fyrir ákveðin brot. Í framangreindu bréfi Persónuverndar til Seðlabankans, dags. 19. október 2010, kom fram sú afstaða stofnunarinnar að það hvort brot vörðuðu stjórnvaldssektum eða öðrum víðurlögum varðaði eingöngu stigsmun en ekki eðlismun og skipti því ekki máli um hvort upplýsingar teldust vera viðkvæmar. Með vísan til 5. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar.

Í 1. mgr. 15. gr. í lögum nr. 87/1992, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 78/2010, segir að Seðlabanka Íslands sé heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem hann telji nauðsynleg. Skipti ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varði þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Seðlabankans. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Þó er gerð ákveðin undantekning varðandi upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings.

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. e getur Seðlabankinn, telji hann að starfsemi samkvæmt lögum nr. 87/1992 sé stunduð án tilskilinna leyfa, krafist gagna og upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Þá segir í 4. mgr. að Seðlabankanum sé heimilt að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála að nánar tilteknum skilyrðum fullnægðum. Auk þess segir í 15. gr. f að Seðlabankanum sé heimilt að afla upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra, sem og að leita til Fjármálaeftirlitsins vegna gagnaöflunar í tengslum við rannsókn tiltekinnna mála eins og heimildir Fjármálaeftirlitsins leyfi. Einnig er mælt fyrir um heimild Seðlabankans til að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði sem lög nr. 87/1992 taka til.

Í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um heimild til vinnslu persónuupplýsinga þegar hún er nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Þá segir í 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. má vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar ef sérstök lagaheimild stendur til vinnslunnar.

Með vísan til alls framangreinds telur Persónuvernd ekki annað hafa komið fram en að söfnun Seðlabanka Íslands á upplýsingum um gjaldeyrisviðskipti stýðjist við fullnægjandi lagaheimildir. Eru því ekki gerðar athugasemdir við að umrædd vinnsla fari fram en minnt á að við hana ber að fara að öllum grunnreglum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Í því felst m.a. að þess skal gætt að unnið sé með persónuupplýsingar á sanngjarnan, málefnalegan og lögmætán hátt og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.). Ekki hefur komið fram að í vinnslu Seðlabankans sé brotið gegn þessum ákvæðum, en þessar reglur skulu þó áréttáðar.

### 3.

Í áður nefndu bréfi Persónuverndar til Seðlabankans, dags. 19. október 2010, var í tengslum við umrædda vinnslu vikið að 21. gr. laga nr. 77/2000. Þar er mælt fyrir um fræðslu sem veita ber hinum skráða þegar upplýsinga er aflað hjá öðrum en honum sjálfum. Ákvæði 21. gr. eiga ekki við þegar vinnsla byggist á lagaheimild, sbr. 3. tölul. 4. mgr. þeirrar greinar. Svo er í umræddu tilviki eins og að framan er rakið og reynir því hér ekki á ákvæði 21. gr. um fræðslu til hins skráða.

Í 31. og 32. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga til Persónuverndar. Meginreglan er sú að rafræna vinnslu ber að tilkynna á þar til gerðu formi, sbr. 1. mgr. 31. gr., en tilkynning birtist í þar til gerðri skrá á heimasíðu Persónuverndar, sbr. 17. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 3. mgr. 31. gr. getur Persónuvernd ákveðið að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu, sbr. nánar 6. gr. reglna nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga sem hefur að geyma slíkar undanþágur. Ákvæði 3. mgr. 31. gr. veitir hins vegar ekki svigrúm til að veita undanþágur frá tilkynningarskyldu þegar um ræðir rafræna vinnslu við-

kvæmra persónuupplýsinga og ber því ávallt að tilkynna um hana, sbr. 5. gr. áðurnefndra reglna. Ekki hefur borist tilkynning frá Seðlabankanum og ber honum að bæta úr því.

Eins og fyrr greinir ber að gæta að upplýsingaöryggi þegar unnið er með persónuupplýsingar, sbr. einkum 11. gr. laga nr. 77/2000, sbr. nánar reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Meðal þess sem fram kemur í 11. gr. er að við vinnslu persónuupplýsinga skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi (1. mgr.). Þá segir m.a. að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra (2. mgr.).

Samkvæmt 2. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 hefur Persónuvernd það hlutverk að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga. Þá segir í 4. mgr. 37. gr. að Persónuvernd geti ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laganna og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirætlum.

Með vísan til þessa, sem og með hliðsjón af því hversu mikil og víðtæk vinnsla persónuupplýsinga fer fram í þágu gjaldeyriseftirlits Seðlabankans, telur Persónuvernd þörf úttekta á öryggi hjá bankanum. Til að byrja með myndi hún þurfa að beinast að öryggi við eyðingu gagna í samræmi við lýsingu bankans á bls. 4 í bréfi hans, dags. 2. september 2010, en þar kemur fram að þeim gögnum sem bankinn aflar verði eytt þegar takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum og útflæði gjaldeyris séu ekki lengur í gildi, þ.e. öðrum en þeim sem liggja til grundvallar niðurstöðum rannsókna á tilteknum meintum brotum. Við framkvæmd úttekannar má gera ráð fyrir að Persónuvernd leiti aðstoðar sérfræðings á sviði upplýsingaöryggis og kostnaður af vinnu hans lagður á Seðlabankann í samræmi við ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Tekið er fram að umfang slíkrar úttekta – og þörf fyrir hana – ræðst þó af því hvort bankinn hafi áður sjálfur leitað vottunar sérfróðra viðurkenndra vottunaraðila.“

### **3.2.11. Meðferð myndefnis úr eftirlitsmyndavél í bakaríi – mál nr. 2011/31**

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem kvartaði fyrir hönd tveggja sona sinna sem voru undir 10 ára aldri. Nánar tiltekið var kvartað yfir birtingu á myndbandi úr öryggismyndavél bakarís á heimasíðunni [www.youtube.com](http://www.youtube.com). Á umræddu myndbandi virtist annar drengjanna taka farsíma af borði ófrjálsri hendi. Persónuvernd taldi ákvæðum persónuverndarlaganna ekki hafa verið fullnægt þar sem umrætt efni var ekki afhent lögreglu til að koma málinu í réttan farveg. Þá var áréttað að þegar ekki er farið að framangreindum ákvæðum getur það leitt til þess að brotið sé á friðhelgi og rétti barna.

Í úrskurði Persónuverndar segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.“

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu er ljóst að miðlun myndbandsupptöku af einstaklingum, þ.e. upptöku sem hefur orðið til við rafræna vöktun, og talin er bera með sér að viðkomandi hafi tekið hlut ófrjálsri hendi, er rafræn vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga. Hún fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

## 2.

### *Lögmæti vinnslu*

Þótt hverjum og einum ábyrgðaraðila sé heimilt að verja hendur sínar með því að viðhafa almennt eftirlit í þágu öryggis og eignavörslu, s.s. með notkun eftirlitsmyndavéla, og geti eftir því sem þörf krefur miðlað til lögreglu upplýsingum um refsivert afhæfi, slysi o.þ.h., ber ávallt að virða reglur laga um persónuvernd nr. 77/2000. Meðal annars þarf að gæta þess að heimild standi til vinnslu samkvæmt þeim lögum.

Kveðið er á um heimildir til vinnslu í 8. gr. laga nr. 77/2000 og þurfa skilyrði þeirrar greinar ávallt að vera uppfyllt. Ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða þurfa einnig að vera uppfyllt skilyrði 9. gr. laganna. Hugtakið viðkvæmar persónuupplýsingar er skilgreint í 8. tölul. 2. gr. laganna og meðal þess

sem telst til viðkvæmra upplýsinga eru upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad. Það myndefni sem hér um ræðir, og virðist sýna ungan dreng taka farsíma ófrjálsri hendi, var til þess fallið að vekja grun um refsiverða háttsemi drengsins. Slík vinnsla þarf að samrýmast ákvæðum 9. gr. laganna.

Í 2. mgr. 9. gr. er sérákvæði um lögmæti slíkrar vinnslu. Af 2. tölulið þess ákvæðis leiðir að einvörðungu er heimilt að afhenda lögreglu myndbandsupptökur úr eftirlitsmyndavélum, enda liggja ekki fyrir upplýst samþykki þess sem upptakan er af eða leyfi Persónuverndar. Fyrir liggur að eftir þessum lagafyrirmælum var ekki farið af hálfu Bæjarbakarís Hafnarfjarðar þar sem umrætt myndefni var ekki afhent lögreglu til að koma málinu í réttan farveg, eftir atvikum hjá barnaverndaryfrvöldum, heldur var það lagt á Netið.

Ástæða er til að áréttta að þegar ekki er farið að framangreindum ákvæðum getur það leitt til þess að brotið sé á friðhelgi og rétti einstaklinga. Í því tilviki sem hér um ræðir gerðist það að mynd var lögð á Netið er sýndi ósakhæf börn þar sem þau voru undir 15 ára aldri. Við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um svo unga einstaklinga ber að sýna sérstaka varúð og hafa í huga að börn eru hópur sem þarfnast sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu.“

### **3.2.12. Óheimil framsending á tölvupósti – mál nr. 2010/1054**

Kveðinn var upp úrskurður varðandi áframsendingu á tölvupósti fyrrverandi starfsmanns hjá bæjarskrifstofu í pósthólf annars starfsmanns. Þetta hafði verið gert eftir að starfsmaðurinn lét af störfum og án hans vitundar.

Í úrskurði Persónuverndar segir m.a.: „Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Persónuupplýsingar teljast vera sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í tölvupóstskeytum sem send eru manna á milli eru persónuupplýsingar ef beint eða óbeint er hægt að rekja þau og/eða efni þeirra til tiltekins einstaklings eða tiltekinn einstaklinga. Vinnsla persónuupplýsinga er skilgreind sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Af framangreindu leiðir að sú aðgerð Seltjarnarnesbæjar að framsenda tölvupóst kvartanda í annað pósthólf er vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur málið þar með undir gildissvið þeirra laga, sem og valdssvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

#### **2.**

#### *Lögmæti rafrænnar vöktunar Framsending á tölvupósti*

Hugtakið rafræn vöktun er skilgreint í 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Undir það fellur vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit. Til rafrænnar vöktunar telst m.a. tölvupóstvöktun sem fer fram með sjálfvirkri og viðvarandi skráningu á upplýsingum um tölvupósta og tölvupóstkerfisnotkun einstakra starfsmanna. Þar undir falla einnig aðgerðir sem með beinum hætti tengjast og eru liður í þeirri vöktun, þ. á m. stillingar á því hvernig tölvupóstskeyti eru framsend. Sú aðgerð Seltjarnarnesbæjar að stilla kerfi bæjarins þannig að allur póstur til kvartanda, m.a. einkatölvupóstur, myndi sjálfkrafa framsendast í annað pósthólf var því liður í vöktun og rafrænni vinnslu í skilningi laganna.

Öll rafræn vöktun er háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi, sbr. 4. gr. laganna. Rafræn vöktun sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga þarf einnig, samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna, að uppfylla önnur ákvæði laganna – þ. á m. um heimild til vinnslu samkvæmt 8. gr. Í því máli sem hér um ræðir var ekki fyrir hendi samþykki í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 8. gr., þ.e. ekki var til staðar samþykki kvartanda fyrir því að tölvupóstur hans yrði sjálfkrafa framsendur öðrum.

Pótt samþykki liggja ekki fyrir geta önnur skilyrði ákvæðisins verið uppfyllt. Í 7. tölulið segir að vinnsla persónuupplýsinga geti verið heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili eða þriðji maður, eða aðili sem upplýsingum er miðlað til, geti hætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða, sem vernda ber lögum samkvæmt, vegi þyngra. Hér þarf og að uppfylla meginreglur 7. gr. sömu laga, m.a. um sanngirni og meðalhóf og að vinnsla sé með lögmætum hætti.

Ljóst er að í vissum tilvikum geta sérstakar aðstæður réttlætt áframsendingu tölvupóstskeyta þannig að skilyrði 7. töluliðar 1. mgr. 8. gr. teljist uppfyllt. Sönnunarbyrði hvílir á Seltjarnarnesbæ sem ábyrgðaraðila um að slíkar aðstæður hafi verið fyrir hendi og að vinnsla hafi verið honum nauðsynleg og heimil. Af hans hálfu hafa engin rök verið færð fyrir því að framsending póstsins hafi verið honum nauðsynleg til að tryggja áfram þjónustu við þá íbúa bæjarins sem þurftu að leita til fræðslu- og menningarfulltrúa bæjarins. Liggur enda ekkert fyrir um að ekki hafi mátt tryggja þessa þjónustu með öðrum hætti, s.s. því að stilla kerfið þannig að sendendur skeyta fengju aðeins skilaboð um að kvartandi hefði látið af störfum og hvert þeir gætu snúið sér. Liggur því ekki fyrir að framsending á tölvupósti kvartanda til annarra hafi verið bænum heimil.

#### *Úrskurðarorð:*

Framsending Seltjarnarnesbæjar á tölvupósti E, fyrrverandi starfsmanns bæjarins, í annað pósthólf var óheimil.“

#### **3.2.13. Röntgenfilmur frá Landspítala til Guam – mál nr. 2010/1057**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn um grisjun og eyðingu röntgenfilma. Það varð niðurstaða hennar að vinnslan, eins og henni var lýst, félli ekki undir eftirlit Persónuverndar heldur eftir atvikum Þjóðskjalasafn Íslands, Landlækniseimbættið og velferðarráðuneytið. Engu að síður væri um sjúkraskrárupplýsingar að ræða og gera bæri ríkar kröfur til verndar þeirra.

Í niðurstöðunni segir m.a.: „Fram kemur í 4. tölul. 3. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár að röntgenmyndir teljast til sjúkraskrárupplýsinga. Í 11. gr. laganna segir að sjúkraskrár skuli varðveittar í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna. Um skyldu til að afhenda sjúkraskrár til Þjóðskjalasafns Íslands, varðveislu þeirra og aðgang að þeim gilda ákvæði laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Samkvæmt 7. gr. þeirra laga er afhendingarskyldum aðilum óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala.

Af 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 227/1991 um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál leiðir að röntgenmyndir skal geyma í a.m.k. tíu ár. Reglugerðin var upphaflega sett með stöð í 16. og 18. gr. læknalaga nr. 53/1988 þar sem var að finna ákvæði um meðferð upplýsinga í sjúkraskrár. Slík ákvæði voru síðar sett í lög nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Í kjölfar þess var læknalögum breytt, þ.e. með lögum nr. 76/1997, þannig að þau vísuðu í ákvæði um sjúkraskrár í lögum um réttindi sjúklinga. Var þá lagastöð umræddrar reglugerðar að finna í 6. mgr. 14. gr. laga um réttindi sjúklinga. Með lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009 var það ákvæði fellt brott. Í þeim er ekki að finna sérstaka undanþágu varðandi röntgenmyndir og verður reglugerð nr. 227/1991 ekki túlkðuð á þann veg að ákvæði í henni sem ekki samrýmist lögum haldi gildi sínu. Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2009 hefur landlæknir eftirlit með því að ákvæði laganna séu virt en um skilaskyldu til Þjóðskjalasafns Íslands fer að lögum nr. 66/1985.

Verði það niðurstaða framangreindra aðila – þ.e. Þjóðskjalasafns og landlæknis, og eftir atvikum ráðuneytis velferðarmála – að eyða megi umræddum röntgenmyndum mun standa til að koma þeim fyrir með óskipulögðum hætti í innsigliðum gámi. Sú aðferð felur í sér að Persónuvernd mun ekki hafa eftirlit með þeim eftir að þær koma í gáminn, enda hefur hún aðeins eftirlit með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga og ekki handvirkri vinnslu persónuupplýsinga nema þær eigi að verða hluti af skrá, sbr. 3. gr. laga nr. 77/2000.

Engu að síður er um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar og samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/2009 eru sjúkraskrárupplýsingar trúnaðarmál. Þó svo að sending umræddra upplýsinga falli utan gildissviðs laga nr. 77/2000 – og þar með valdsviðs Persónuverndar – ber því engu að síður að gera ríkar kröfur til verndar þeirra í samræmi við ákvæði laga um sjúkraskrár. Hefur landlæknir eftirlit með framkvæmd þeirra laga, eins og áður segir.

#### *Samandregin niðurstaða:*

Úrlausn um það hvort heimilt sé að eyða röntgenfilmum af röntgendeild Landspítala heyrir undir Þjóðskjalasafn Íslands, Landlækniseimbættið og eftir atvikum velferðarráðuneytið. Eftirlit með öryggi röntgenfilma, eftir að þeim hefur verið komið fyrir með óskipulögðum hætti í gámi, fellur ekki undir eftirlit Persónuverndar. Engu að síður er um sjúkraskrárupplýsingar að ræða og ber að gera ríkar kröfur til verndar þeirra í samræmi við lög nr. 55/2009 um sjúkraskrár.“

### 3.2.14. Eftirlitsmyndavél í orlofshúsi – mál nr. 2010/1002

Persónuvernd barst kvörtun manns vegna eftirlitsmyndavélar í orlofshúsi sem hann hefði tekið á leigu. Var það ákvörðun Persónuverndar að eftirlitsmyndavélin skyldi fjarlægð.

Í ákvörðuninni segir m.a.: „Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með „persónuupplýsingum“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Með „vinnslu“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, sbr. 2. tölul. 2. gr. Þar undir falla m.a. söfnun, geymsla, notkun, miðlun, dreifing og birting, sbr. það sem fram kemur í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, sem og b-lið 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB.

Rafræn vöktun er vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannaferi eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Hugtakið tekur bæði til sjónvarpsvöktunar (vöktunar með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla o.þ.h.) og til vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga. Notkun þeirrar stafrænu eftirlitsmyndavélar sem hér um ræðir getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur mál þetta því undir gildissvið þeirra og þar með undir úrskurðarvald Persónuverndar.

#### 2.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, sbr. einnig 2. tölul. 2. gr. reglna um rafræna vöktun nr. 837/2006, telst ábyrgðaraðili vera sá sem ákveður tilgang vinnslunnar, þann útbúnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000 segir að átt sé við þann sem hefur ákvörðunarvald um vinnslu persónuupplýsinga. Af bréfi K má ráða að húsið er í eigu Art Ísland ehf. Ætla verður að notkun eftirlitsmyndavélar í umræddu húsi sé liður í rekstri félagsins á húsinu og verður því litið svo á að það sé ábyrgðaraðili vinnslu, enda liggur ekkert fyrir er gefi tilefni til annars.

#### 3.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000 er vöktun sem fram fer á svæði þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Í 5. gr. reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun segir og að við alla rafræna vöktun skuli þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem stefnt er að. Skal þess gætt að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiði sem stefnt er að með slíkri vöktun megi ná með vægari úrræðum.

Ekkert liggur fyrir um að hér sé fullnægt því skilyrði að vöktunar sé sérstök þörf vegna eðlis starfsemi sem fram fer. Þá er í ljósi sjónarmiða um friðhelgi einkalífs sérstaklega mikilvægt að sýna varúð við vöktun í húsum sem fólk nýtir í frítíma sínum og eru nátengd einkalífi þess. Það á t.d. við um hótélherbergi, káetur og orlofshús sem menn fá leigð til að dvelja þar í frístundum sínum. Er mikilvægt að hafa í huga að ekki verður fullyrt að þeir sem þar dvelja sjái eftirlitsmyndavél tímanlega og kunni eða geti slökkt á henni. Bent er á að varðandi vöktun utandyra gilda um margt önnur sjónarmið. Að uppfylltum meðalhófsreglum getur mátt viðhafa vöktun þar í öryggis- og eignavörsluskyni; enda séu lagaskilyrði uppfyllt – þ. á m. um fræðslu til leigutaka og viðvaranir til vegfarenda.

Með vísan til framangreinds er það mat Persónuverndar að notkun eftirlitsmyndavélar í orlofshúsi Art Ísland ehf. að Hellnum á Snæfellsnesi, sem notað er til útleigu fyrir ótilgreinda einstaklinga, fari í bága við framangreind ákvæði laga nr. 77/2000 og reglna nr. 837/2006. Persónuvernd hefur því ákveðið, á grundvelli 1. mgr. 40. gr. sömu laga, að leggja fyrir Art Ísland ehf. að fjarlægja umrædda eftirlitsmyndavél úr húsinu – að því gefnu að fyrirhugað sé að halda útleigu þess áfram.

#### Ákvörðunarorð:

Art Ísland ehf. skal fyrir 1. apríl 2011 fjarlægja eftirlitsmyndavél úr orlofshúsi að Hellnum á Snæfellsnesi sem notað verður til útleigu fyrir fólk.“

### 3.2.15. Miðlun leiðishafaskráar til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi – mál nr. 2010/925

Persónuvernd tók ákvörðun í máli varðandi miðlun leiðishafaskráar til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Var skilyrði að áður en leiðishafaskrá yrði afhent til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi, skyldi þess gætt að gefa hinum skráðu kost á andmælum gegn því að fá markpóst. Skyldi afmá af listum nöfn þeirra sem hefðu andmælt, annaðhvort beint við gardana eða við Þjóðskrá Íslands.

Í ákvörðuninni segir m.a.: „Fjallað er um miðlun skráa í þágu markaðssetningar í ákvæði 5. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar segir:

„Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda félag-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við Þjóðskrá Íslands, sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.“

2.

Í mörgum tilvikum hafa leiðishafar greitt fyrir þá þjónustu sem Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma veita þeim, s.s. fyrir viðgerðir á legsteinum eða gróðursetningu sumarblóma. Í öðrum tilvikum hafa þeir ekki gert það. Óháð því telur Persónuvernd að líta beri á þá sem viðskiptamenn í skilningi 5. mgr. 28. gr. Er þar m.a. tekið mið af markmiðsákvæði 1. mgr. 1. gr. laganna en samkvæmt því hafa lögin það markmið að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé unnið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Er ljóst að þrengri túlkun gæti komið í veg fyrir að verndarmarkmið laganna næðist. Af þessu leiðir að afhending persónuupplýsinga úr skránni í þágu markaðssetningar verður að samrýmast 5. mgr. 28. gr.

3.

Áður en afhent er skrá í þágu markaðssetningar skal, samkvæmt 2. tölulið 5. mgr. 28. gr., gefa hinum skráðu kost á að andmæla því að upplýsingar um þá birtist þar. Slíkan kost skal veita hverjum fyrir sitt leyti. Til laga Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er sú að þetta verði gert við útsendingu leiðishafabréfa og eftir atvikum við útsendingu gagna frá verktökum til leiðishafa. Þar myndi koma fram að þeir sem það vilji geti látið taka sig af útsendingarlista með því að hafa samband við Kirkjugarðana.

Persónuvernd fellst á það með Kirkjugörðunum að með slíkri aðferð megi uppfylla skyldu þeirra, sem ábyrgðaraðila skráarinnar, til að gefa hinum skráðu kost á að andmæla því að fá markpóst. Persónuvernd gerir því ekki athugasemd við það en minnir hins vegar á að ef gardarnir fela öðrum (s.s. undirverktökum) að uppfylla þessa skyldu verða þeir að gera við þá sérstaka vinnslusamninga í samræmi við 13. gr. laga nr. 77/2000.

Minnt er á að auk þess sem kanna þarf hverjir hinna skráðu hafi komið andmælum sínum á framfæri beint við skráhaldara þarf að kanna hverjir þeirra hafa komið andmælum sínum á framfæri við Þjóðskrá Íslands. Samkvæmt 4. tölulið 5. mgr. 28. gr. skal bæði eyða af skránni upplýsingum um þá sem hafa komið andmælum sínum á framfæri beint við skráhaldara og við Þjóðskrá Íslands.

#### *Niðurstaða:*

Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma ber, áður en þeir afhenda leiðishafaskrá til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi, að gæta þess að gefa hinum skráðu kost á andmælum gegn því að fá markpóst. Skal afmá af listum nöfn þeirra sem hafa andmælt, annaðhvort beint við gardana eða við Þjóðskrá Íslands.“

### 3.2.16. Notkun ljósmyndar við auglýsingu á bók – mál nr. 2010/1201

Persónuvernd vísaði frá erindi varðandi birtingu ljósmyndar í auglýsingum. Var það niðurstaðan að úrlausn málsins félli undir dómstóla. Af þeim ástæðum var ekki tekin efnisleg afstaða til þess hvort við notkun andlitsmyndarinnar hefði verið farið út fyrir mörk tjáningarfrelsisins.

Í svarinu segir m.a.: „Persónuvernd vísar til erindis yðar frá 22. desember 2010 varðandi birtingu myndar



af yður í auglýsingum á bókinni *A*, en auglýsingarnar hafa birst á veggspjöldum, sem og í blöðum, á boðskortum og öðru kynningarefni. Bókin hefur að geyma ljósmyndir sem ljósmyndarinn J hefur tekið af listamönnum. Kemur fram í erindinu að þér voruð á meðal þess listafólks sem haft var samband við í aðdraganda útgáfu bókarinnar og samþykkuð að tekin væri af yður mynd sem þar yrði birt. Í erindi yðar kemur fram að í ljósi þess gerid þér ekki athugasemd við birtingu myndarinnar í bókinni sjálfri, þ. á m. á bókarkápu. Hins vegar spyrjið þér hvort notkun myndarinnar í áðurnefndum auglýsingum hafi verið heimil.

#### 1.

Í 5. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er ákvæði sem hefur þann tilgang að samræma sjónarmið um einkalífsvörnd og tjáningarfrelsi. Þar segir að vika megi frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta að því marki sem það sé nauðsynlegt til að samræma þetta tvennt. Þá kemur fram að meðferð persónuupplýsinga, sem eingöngu er í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi, fellur utan ramma flestra ákvæða laganna, þ. á m. 40. og 41. gr. sem veita Persónuvernd heimild til að stöðva vinnslu persónuupplýsinga og beita dagsektum ef ekki er farið að fyrir-mælum hennar. Á meðal þeirra ákvæða, sem gilda um slíka meðferð persónuupplýsinga, er hins vegar 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. Þar segir að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga.

#### 2.

Verkefnum Persónuverndar er lýst í 37. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir m.a. að Persónuvernd skuli úrskurða í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi. Að mati Persónuverndar verður ekki litið svo á að í þessu felist að stofnunin hafi vald til að taka bindandi ákvörðun um það hvort einhver hafi skapað sér ábyrgð að lögum með misnotkun á stjórnarskrárbundnum rétti til tjáningarfrelsis. Er þá sérstaklega litið til fyrrnefndra ákvæða 5. gr. laga nr. 77/2000 sem hafa það m.a. í för með sér að valdheimildir Persónuverndar, s.s. til að stöðva vinnslu persónuupplýsinga og beita dagsektum ef ekki er farið að fyrir-mælum hennar, gilda ekki ef vinnsla fer eingöngu fram í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi. Þá verður ákvæðum 42. og 43. gr. laga nr. 77/2000, sem kveða á um refsíábyrgð og bótaábyrgð, einungis beitt af dómstólum.

Fyrrnefnt ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngirni við vinnslu persónuupplýsinga getur falið í sér að áður en mynd af einstaklingi er notuð í auglýsingu sé sanngarnt að afla samþykkis viðkomandi. Þá getur notkun persónuupplýsinga við gerð auglýsinga vakið spurningar tengdar 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Úrlausn ágreiningsmála þar að lútandi heyrir hins vegar einnig undir dómstóla.

Varðandi dómaframkvæmd má nefna að hinn 30. apríl 1997 féll í Héraðsdómi Reykjavíkur dómur í máli nr. E-5468/1996 sem snertir notkun myndar af einstaklingi í þágu markaðssetningar. Mynd af stefnanda í málinu hafði verið birt í sjónvarpsauglýsingu án hennar samþykkis og krafðist hún skaðabóta af því tilefni. Héraðsdómur taldi notkun myndarinnar hafa strítt gegn grunnreglu 71. gr. stjórnarskrárinnar um einkalífsvörnd og voru henni dæmdar bætur. Í niðurstöðu dómsins segir [...]

#### 3.

Þegar litið er til þess sem að framan greinir um valdmörk Persónuverndar, þegar reynir á skörun friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis, telur Persónuvernd úrlausn máls þess falla undir dómstóla. Hér verður því ekki tekin afstaða til þess hvort við notkun myndar af yður, í tengslum við kynningu á umræddri ljósmyndabók, hafi verið farið út fyrir mörk tjáningarfrelsisins, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Er máli þessu því vísað frá.“

#### **3.2.17. Varðveisla á persónugreinanlegum gögnum kærð til lögreglu – mál nr. 2011/62**

Persónuvernd kærði til lögreglu varðveislu á persónugreinanlegum upplýsingum um svör þátttakenda í könnun á einelti meðal ríkisstarfsmanna sem unnin var fyrir hönd fjármálaráðuneytisins. Ákvörðunin byggir m.a. á viðkvæmu eðli upplýsinganna og því hve lengi þær voru varðveittar án heimildar.

Í ákvörðun segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérherrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru

eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

## 2.

Fjármálaráðuneytið ákvað að gera umrædda könnun og var ábyrgðaraðili hennar að því marki sem vald þess náði til, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Miðlun ehf. var hins vegar vinnsluaðili fyrir ráðuneytið, en með vinnsluaðila er átt við þann sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila, sbr. 5. tölul. sömu greinar.

Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. er vinnsluaðila aðeins heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg. Verður vinnsluaðili að haga vinnslunni í samræmi við lög nr. 77/2000, sbr. 2. máls. 2. mgr. sömu greinar. Í því felst m.a. að vinnsluaðila ber að gæta viðeigandi upplýsingaöryggis, sbr. 11. gr. laga nr. 77/2000, sbr. reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Meðal þess sem fram kemur í 11. gr. er að við vinnslu persónuupplýsinga skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda upplýsingarnar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breyttist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi (1. mgr.). Þá segir m.a. að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra (2. mgr.).

Auk þess kemur fram í 5. mgr. 11. gr., sbr. einnig 1. mgr. 3. gr. reglna Persónuverndar nr. 299/2001, að skjalfesta skal með hvaða hætti staðið er að upplýsingaöryggismálum. Skjalfesta skal öryggisstefnu (almenna lýsingu á helstu markmiðum og áherslum varðandi upplýsingaöryggi); áhættumat, sem hefur að geyma greiningu á þeim ógnum sem stæðja að vinnslu persónuupplýsinga; og skrá öryggisráðstafanir, sem byggjast á þeim forsendum sem fram koma í áhættumati.

## 3.

Samkvæmt 5. gr. vinnslusamnings milli ráðuneytisins og Miðlunar ehf. átti að eyða öllum persónugreinanlegum gögnum innan tveggja vikna frá því að lokið yrði við að safna svörum í eineltiskönnun meðal ríkisstarfsmanna. Fyrir liggur að félagið varðveitti þær hins vegar í u.þ.b. tvö ár. Sú aðgerð fól í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 77/2000.

Til þess getur komið að vinnsluaðili sæti refsíábyrgð fyrir brot gegn lögum nr. 77/2000. Það getur t.d. orðið fari hann gegn fyrirmælum ábyrgðaraðila eða ef hann hlýðir fyrirmælum sem brjóta í bága við lögin. Miðlun ehf. hefur gefið þá skýringu að um mannleg mistök hafi verið að ræða en ekki ásetning. Samkvæmt 42. gr. laga nr. 77/2000 geta brot á ákvæðum þeirra, og reglugerða settra samkvæmt þeim, varðað viðurlögum. Þau lög takmarka ekki gáleysisábyrgð né girða fyrir hana og með gagnályktun frá 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hefur verið talið að gáleysi geti verið sagnæmisskilyrði að því er varðar brot gegn lögum nr. 77/2000. Þá verður ekki framhjá því litið að Miðlun ehf. er fagaðili með sérþekkingu á þessu sviði og að gera ber ríkari kröfur til sérfræðinga sem stunda slíka vinnslu á atvinnuskyni heldur en til annarra. Að því virtu, og í ljósi viðkvæms eðlis upplýsinganna og þess hve lengi þær voru varðveittar í heimildarleysi, ber að kæra brotið til lögreglu.

Þá hefur einnig verið ákveðið að beina fyrirmælum til Miðlunar ehf. um að setja niður verkferla til að hindra að slík mistök endurtaki sig. Í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um að Persónuvernd geti mælt fyrir um ráðstafanir sem ábyrgðaraðili skuli grípa til svo að vinnsla sé lögmæt. Af fyrirnefndu ákvæði 2. máls. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2000 leiðir að Persónuvernd getur einnig beint slíkum fyrirmælum til vinnsluaðila.

Með vísan til framangreinds er hér með lagt fyrir Miðlun ehf. að senda Persónuvernd öryggisstefnu, áhættumat og lýsingu á öryggisráðstöfunum. Í henni skal m.a. lýst þeim verkferlum sem Miðlun ehf. mun viðhafa til að hindra að persónuupplýsingar verði varðveittar hjá fyrirtækinu án heimildar. Skal lýsingin berast Persónuvernd innan tveggja mánaða, þ.e. fyrir 3. maí nk.

#### *Ákvörðunarorð:*

Varðveisla Miðlunar ehf. á persónuupplýsingum sem safnað var við gerð könnunar á einelti meðal ríkisstarfsmanna verður kærð til lögreglu. Fyrir 3. maí 2011 skal Miðlun ehf. senda Persónuvernd Öryggisstefnu, áhættumat og skjalfestingu á öryggisráðstöfunum þar sem lýst verði verkferlum er girði fyrir heimildarlausu varðveislu persónuupplýsinga.“

#### **3.2.18. Frávísun kvörtunar varðandi framvísun vinnuskráa í þágu gjaldeyriseftirlits – 2010/998**

Persónuvernd vísaði frá kvörtun flugmanns yfir því að hafa þurft að sýna vaktaskipulag sitt við kaup á gjaldeyri í banka í tilefni af vinnuferðum hans erlendis, þetta var vegna ákvarðana Seðlabanka Íslands. Persónuvernd taldi það ekki falla undir valdsvið sitt að ákveða með hvaða hætti önnur stjórnvöld, þ. á m. Seðlabanki Íslands, ákveddu að rækja hlutverk sem þeim hefði verið falið með lögum. Þar sem ekki var tekið afrit af vaktaskipulaginu í bankanum, né unnið með það á annan hátt, þótti ekki vera um vinnslu persónuupplýsinga að ræða í skilningi laganna. Var málinu því vísað frá.

Í ákvörðun stjórnar segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til vinnslu persónuupplýsinga. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn. Ábyrgðaraðili er sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.

Mál þetta lýtur ekki að vinnslu persónuupplýsinga af hálfu tiltekins ábyrgðaraðila. Það felst í kröfu um að Persónuvernd banni Seðlabanka Íslands að krefjast þess að viðskiptabankar sjái vinnuskrár einstaklinga. Erindið lýtur m.ö.o. að því að banna bankanum tiltekna aðferð sem hann hefur valið til að rækja lögbundið hlutverk sitt, m.a. það hlutverk að draga úr óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

Það fellur ekki undir valdsvið Persónuverndar að ákveða með hvaða hætti önnur stjórnvöld ákveða að rækja hlutverk sem þeim hefur verið falið með lögum. Eftir atvikum kann að vera hægt að skjóta slíkum málum til æðra stjórnvalds. Þá er það hlutverk dómstóla að fjalla um mál, s.s. ef talið er að bótaábyrgð hafi skapast með broti gegn lögum. Loks er minnt á hlutverk umboðsmanns Alþingis, samkvæmt lögum nr. 85/1997. Hann á að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga og gæta þess að jafnræði sé haft í heiðri í stjórnslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsluhætti.

#### *Niðurstöðuorð:*

Vísað er frá kröfu A um að Persónuvernd banni Seðlabanka Íslands að krefjast þess að viðskiptabankar sjái vinnuskrár einstaklinga í tilgangi gjaldeyriseftirlits.“

#### **3.2.19. Vinnsla stéttarfélags á upplýsingum um laun félagsmanna – mál nr. 2011/201**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn Sjúkraliðafélags Íslands um heimildir þess til að vinna upplýsingar um laun félagsmanna. Var niðurstaðan sú að félagið mætti vinna upplýsingar um launaflokka og föst kjör. Hins vegar þyrfti að fá samþykki félagsmanns ef félagið hefði í hyggju að fá upplýsingar um heildarlaun hans, þ. á m. greiðslur fyrir yfirvinnu og ökutækjastyrk.

Í svarinu segir m.a.: „Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf að vera uppfyllt eitthvert af skilvörðum 8. og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Samkvæmt 5. tölulíð 1. mgr. 9. gr. er heimil vinnsla sem er framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau. Slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða. Að mati Persónuverndar getur vinnsla félagsins á upplýsingum um launaflokkaröðun og föst kjör félagsmanna stuðst við þetta ákvæði.

Að því er varðar ákvæði 8. gr. koma helst til álit ákvæði 1., 3. eða 7. tölulíðar. Mat á því hvert þeirra þykir eiga við ræðst af því hvort fyrir liggja samþykki félagsmanna samkv. 1. tölulíð eða hvort lög nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur geri ráð fyrir slíkri vinnslu. Þá kunna að vera uppfyllt skilyrði 7. tölulíðar.

## 2.2.

### *Um heildarlaun einstakra félagsmanna*

Eins og áður segir þarf, svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil, að vera uppfyllt eitthvert af skilyrðum 8. og eftir atvikum 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Með hliðsjón af markmiði stéttarfélaga almennt verður ekki talið að skýra megi 5. tölulið 1. mgr. 9. gr. svo að hann beri uppi heimild stéttarfélags til að afla sundurliðaðra upplýsinga um heildarlaun einstakra félagsmanna, þ. á m. um greiðslur sem þeir fá fyrir tilfallandi yfirvinnu eða rekstur bifreiðar.

Slík vinnsla kann þó að verða félaginu heimil verði til þess afla sérstaks, ótvíræðs og yfirlýsts samþykkis frá þeim sem upplýsingarnar varða. Myndi vinnslan þá styðjast við ákvæði 1. töluliðar 1. mgr. 8. gr. og 1. töluliðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Bent er á að í 7. tölul. 2. gr. framangreindra laga er hugtakið samþykki skilgreint sem sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggt og að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv. Í almennu umsóknareyðublaði um inngöngu í stéttarfélag SLFÍ, en afrit þess fylgdi bréfi yðar dags. 8. febrúar sl., segir „Undirritaður staðfestir hér með undirskrift sinni umsókn um aðild að Stéttarfélagi Sjúkraliðafélags Íslands.“ Slík yfirlýsing uppfyllir ekki framangreind skilyrði 7. töluliðar 2. gr. laganna.“

### **3.2.20. Fræðsla til starfsmanna sem sættu rafrænni vöktun hjá bakarii – mál nr. 2010/1067**

Persónuvernd tók ákvörðun í máli starfsmanns sem kvartaði yfir rafrænni vöktun með eftirlitsmyndavél í bakarii. Beindi stofnunin þeim fyrirmælum til bakarísins að veita starfsmönnum sínum fræðslu um þá rafrænu vöktun sem það bar ábyrgð á og fram fór í bakariinu.

Í ákvörðuninni segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, taka til rafrænnar vöktunar. Hugtakið rafræn vöktun er skilgreint í 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna sem [...]

Í 4. gr. laga nr. 77/2000 er efnisregla um slíka vöktun. Af henni leiðir m.a. að við alla vöktun skal gæta ákvæða 7. gr. laganna. Þar segir að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.). Í þessari kröfu felst m.a. að veita ber hinum skráðu fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga um sig í samræmi við 20. laganna þegar upplýsinga er afla frá þeim.

Samkvæmt 24. gr. laganna skal gæta þess að gera þeim sem sætir sjónvarpsvöktun aðvart um það með merki eða á annan áberandi hátt. Af athugasemdum við 24. gr. í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 77/2000 leiðir að hún á við verði fræðslu samkvæmt 20. gr. ekki við komið, s.s. vegna þess að ekkert samband sé á milli ábyrgðaraðila og þess sem sætir vöktun. Í öðrum tilvikum þarf að veita fræðslu í samræmi við ákvæði 20. gr., jafnvel þótt ekki fari fram vinnsla persónuupplýsinga í skilningi 2. töluliðar 1. mgr. 2. gr. laganna. Hér var til staðar ráðningarsamband milli ábyrgðaraðila og hinna vöktuðu, en í slíkum tilvikum nægja ekki viðvaranir samkvæmt 24. gr. heldur þarf einnig, samkvæmt framangreindu, að veita vöktuðum starfsmönnum fræðslu um vöktunina.

Ákvæði 10. gr. reglna um rafræna vöktun nr. 837/2006 gilda um alla vöktun. Þar segir að ábyrgðaraðili að rafrænni vöktun skuli setja reglur og/eða veita fræðslu til þeirra sem henni sæta. Skuli reglur eða fræðsla taka til tilgangs vöktunarinnar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að upplýsingum sem safnast og hversu lengi þær verði varðveittar. Að öðru leyti skal, eftir því sem við á, fræða um það hvaða búnaður er notaður, t.d. hvort notaðar séu stafrænar myndavélar. Þá skal fræða um rétt viðkomandi til að andmæla vöktuninni og hverjar geti verið afleiðingar þess, um rétt hans til að fá að vita hvaða upplýsingar verða til um hann og til að fá upplýsingar leiðréttar eða þeim eytt. Fræða skal um önnur atriði að því marki sem þörf krefur með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni svo að starfsmenn geti gætt hagsmuna sinna.

## 2.

Af hálfu ábyrgðaraðila, J, hefur komið fram að eftirlitsmyndavél var komið fyrir að degi til í viðurvist þeirra starfsmanna sem þá voru á vakt. Var kvartandi ekki í þeirra hópi. Hefur ábyrgðaraðili beinlínis tekið fram, sbr. tölvubréf hans, dags. 28. febrúar sl., að starfsmönnum hafi ekki verið veitt fræðsla um rafræna vöktun með notkun vélarinnar. Er því óumdeilt að ekki var veitt fræðsla í samræmi við 20. gr. laga nr. 77/2000 og 10. gr. reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun.

Með vísun til 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 beinir Persónuvernd þeim fyrirmælum til J að veita starfs-

mönnum sínum fræðslu um þá rafrænu vöktun sem hann ber ábyrgð á og fram fer í bakaríi sem hann rekur [...] Skal sú fræðsla, eftir því sem við á, uppfylla 20. gr. laga nr. 77/2000 og 10. gr. reglna nr. 837/2006.

*Ákvörðunarorð:*

J skal veita starfsmönnum í Bakaríi Jóa Fel í Holtagörðum fræðslu um rafræna vöktun á vinnustaðnum.“

**3.2.21. Heimild stórverslunar til að skrá kennitölur – mál nr. 2011/341**

Persónuvernd gaf svar við fyrirspurn Neytendasamtakanna um heimild verslunar til að skrá kennitölur þótt aðeins væri veitt lögskyld þjónusta við skil á gallaðri vöru. Var það álit stofnunarinnar að þegar viðskiptavininn væri aðeins veitt lögskyld skilabjónusta, mætti ekki skrá kennitölu hans, nema fyrirtækið gæti sýnt fram á sérstakar aðstæður sem gerðu því slíka skráningu nauðsynlega vegna samningsgerðar. Að öðrum kosti teldist hún ekki vera nauðsynleg í skilningi 10. gr. laga nr. 77/2000. Taldi Persónuvernd meginregluna vera þá að skráning fyrirtækja á kennitölum viðskiptavina, sem aðeins nýttu lögvarinn rétt sinn samkvæmt lögum um neytendakaup, samrýmdu ekki 10. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nema sérstakar aðstæður væru fyrir hendi sem gætu réttlætt slíka skráningu.

Í svari segir m.a.: „Eins og rakið er í framangreindum málum er notkun kennitölu heimil ef uppfyllt er eitthvert af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Oft er hún nauðsynleg vegna samnings í skilningi 2. tölulíðar 1. mgr. þeirrar greinar. Hún þarf hins vegar einnig að samrýmast 10. gr. laga nr. 77/2000. Það gerir hún ef hún á sér málefnalegan tilgang og er nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu.

Í neytendaviðskiptum getur skráning kennitalna oft átt sér málefnalegan tilgang. Á hinn bóginn þarf hún einnig að vera nauðsynleg vegna viðskiptanna. Við mat á því hvort það skilyrði er uppfyllt skiptir í fyrsta lagi máli hvort aðeins er um staðgreiðsluviðskipti að ræða. Í öðru lagi skiptir máli hvort aðeins sé veitt þjónusta sem lögskyld er að veita eða hvort að einhverju leyti sé um viðskipti er að ræða þar sem meta þarf sérstaklega að hvaða marki skráning kennitölu sé nauðsynleg vegna þeirra.

Í svari þessu er við það miðað að ekki sé um reikningsviðskipti að ræða heldur almenn staðgreiðsluviðskipti. Þá tekur það ekki til þess þegar veittur er aukinn réttur heldur aðeins þegar veittur er sá réttur sem lögskyld er að veita samkvæmt ákvæðum laga um neytendakaup nr. 48/2003. Í 26. gr. þeirra er mælt fyrir um úrræði neytanda vegna galla, þ.e. um úrræði ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki hans sök né stafar af aðstæðum sem hann varða. Í þeim tilvikum getur hann m.a. valið á milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr. Í 1. máls. 1. mgr. ákvæðis 29. gr., sem er í samræmi við 3. mgr. 3. gr. tilskipunar um neytendakaup, er fjallað um rétt neytanda sem fær afhentan gallaðan söluhlut til að velja á milli þess að krefjast þess að seljandi bæti úr galla á eigin kostnað, t.d. með viðgerð, eða afhendi honum nýjan söluhlut.

Það er álit Persónuverndar að þegar viðskiptavininn er aðeins veitt sú skilabjónusta sem lögskyld er að veita honum samkvæmt lögum nr. 48/2003 um neytendakaup sé ekki heimilt að skrá kennitölu hans, nema fyrirtæki geti sýnt fram á sérstakar aðstæður sem geri því slíka skráningu nauðsynlega vegna samningsgerðar, í skilningi 2. tölulíðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Að öðrum kosti telst hún ekki vera nauðsynleg í skilningi 10. gr. sömu laga. Með vísan til þessa telur Persónuvernd meginregluna vera þá að skráning fyrirtækja á kennitölum viðskiptavina, sem aðeins nýta lögvarinn rétt sinn samkvæmt lögum um neytendakaup, samrýmdu ekki 10. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem geti réttlætt slíka skráningu.“

**3.2.22. Birting lista Ferðamálastofu yfir þá sem ekki höfðu tilskilin leyfi – mál nr. 2011/143**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn Ferðamálastofu um birtingu á lista yfir þá aðila sem veittu leyfisskylda þjónustu án þess að hafa tilskilin leyfi. Persónuvernd taldi slíka birtingu ekki æskilega í ljósi almennra sjónarmiða um vandaða stjórnsýslu. Hún taldi að í stað þess að stjórnvald auglýsti meinta lögbrjóta á vefsvæði sínu bæri því að beina málum þeirra til lögreglu.

Í svari Persónuverndar segir m.a.: „Persónuvernd hefur það hlutverk að framfylgja lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þau gilda um upplýsingar um einstaklinga, sbr. skilgreiningu 1. tölul. 2. gr. laganna á persónuupplýsingum. Alla jafna gilda þau ekki um lögaðila, sbr. þó 2. mgr. 45. gr. laganna, sem ekki verður séð að eigi við í því tilviki sem hér um ræðir. Til þess ber hins vegar að líta að í ákvæðnum tilvikum geta upplýsingar um lögaðila verið það nátengdar tilteknum einstaklingi að á

það getur reynt hvort þær skuli teljast persónuupplýsingar, t.d. þegar um ræðir lítið fyrirtæki og upplýsingar um það eru því nátengdar eigandanum (sbr. álit nr. 4/2007 um hugtakið persónuupplýsingar frá vinnuhópi forstjóra persónuverndarstofnana samkvæmt 29. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB).

Að því marki sem um ræðir vinnslu upplýsinga um einstaklinga er tekið fram að hún verður að samrýmast einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000 svo hún sé heimil. Ef vinna á með viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnæggt einhverju af skilyrðum 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður um refsiverðan verknáð eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Af 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála telur Persónuvernd, sbr. 5. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, leiða að um viðkvæmar persónuupplýsingar í þeim skilningi geti verið að ræða. Slíkar upplýsingar verða því almennt ekki birtar án skýrrar lagaheimildar.

Stjórn Persónuverndar hefur rætt mál þetta á fundum sínum þann 3. mars 2011 og í dag. Það er hennar niðurstaða að birting stjórnvalds á slíkum lista sem hér um ræðir sé ekki æskileg í ljósi almennra sjónarmiða um vandaða stjórnsýslu, jafnvel þótt lagaheimildar nyti við. Í stað þess að stjórnvald auglýsi meinta lögbrjóta á vefsvæði sínu er að hennar mati eðlilegra að það beini slíkum málum til lögreglu. Rétt er að taka fram að öðru máli gegnir um birtingu rökstuddra stjórnvaldsákvæðana á vefsíðum stjórnvalda enda sé meðalhófs gætt og nöfn einstaklinga afmáð að því marki sem þarf í ljósi sjónarmiða um þagnarskyldu og einkalífsrétt. Að öðru leyti þarf slík birting að byggjast á lagaheimild.

### 3.

#### *Samantekt:*

Samkvæmt framansögðu telur Persónuvernd ekki æskilegt að birta lista yfir þá aðila sem veita leyfisskylda þjónustu samkvæmt lögnum án þess þó að hafa fengið tilskilin leyfi.“

#### **3.2.23. Skráning heilsufarsupplýsinga um starfsmenn – mál nr. 2011/1**

Persónuvernd veitti, Reykjanesbæ leiðsögn um hvernig haga bæri skráningu upplýsinga um veikindi starfsmanna bæjarins. Meðal annars var leiðbeint um hvernig fræða bæri starfsmennina um meðferð persónuupplýsinga um sig.

Í svarinu segir m.a.: „Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Gerður er greinarmunur á almennum upplýsingum og þeim sem viðkvæmar teljast. Samkvæmt c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna teljast upplýsingar um heilsuhagi til viðkvæmra persónuupplýsinga. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Af framangreindu er ljóst að efni máls þessa, skráning upplýsinga um fjarvistir einstaklings frá vinnu vegna veikinda og eðli þeirra veikinda, er „vinnsla persónuupplýsinga“ í skilningi laga nr. 77/2000.

Í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 kemur fram að vinnsla er heimil ef til hennar stendur lagaheimild. Í 4.–6. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla er fjallað um rétt til launa í veikindum. Af þeim ákvæðum er ljóst að viss vinnsla heilsufarsupplýsinga af hálfu vinnuveitenda er óhjákvæmileg til að launþegi geti nýtt sér þann rétt. Samkvæmt 8. gr. laganna skal launþegi, sem vill neyta þessa réttar, afhenda atvinnurekanda vottorð læknis um veikindi eða slys er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla heimil beri ábyrgðaraðila skylda til hennar samkvæmt samningi aðila vinnnumarkaðarins. Hér ber að líta til kjarasamnings Stéttarfélags í almannþjónustu við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Í 12. kafla hans segir m.a. um rétt starfsmanna vegna veikinda og slysa [...]

Samkvæmt framrituðu samningsákvæði er starfsmanni, sem verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss, skylt að greina frá því og jafnvel afhenda læknisvottorð.

Af framangreindu leiðir að skráning upplýsinga um fjarvistir vegna veikinda starfsmanna Reykjanesbæjar, eins og henni hefur verið lýst í bréfaskiptum, samrýmist 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. og 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

## 2.2. Vinnslusamningur

Fyrir liggur hins vegar að skráningarnar eru sendar frá yfirmönnum deilda, sviða eða stofnana Reykjanesbæjar til trúnaðarlæknis bæjarins samkvæmt samningi við hann. Tilgangur þess er að útbúa tölfraði og veita forstöðumönnum og stjórnendum ráðgjöf varðandi læknisfræðileg málefni starfsmanna. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 77/2000 er ábyrgðaraðila heimilt að fela vinnsluáðila þá vinnslu sem honum sjálfum er heimil, að uppfylltum tilgreindum skilyrðum. Ákvæðið byggir á reglum 16. gr. og 2.–4. mgr. 17. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB sem fela í sér tvo meginþætti, þ.e. (a) að vinnsluáðili megi eingöngu meðhöndla persónuupplýsingar í samræmi við lög og fyrirmæli ábyrgðaraðila og (b) að ábyrgðaraðili skuli gera við vinnsluáðila skriflegan samning – svonefndan vinnslusamning, þar sem afmarka skuli skyldur vinnsluáðila við meðferð umræddra persónuupplýsinga.

Sá samningur sem lagður hefur verið fyrir í málinu er útrunninn auk þess sem hann uppfyllir ekki fyrirmæli 13. gr. laga nr. 77/2000. Af þeim ástæðum, og með vísan til 37. gr. laga nr. 77/2000, beinir Persónuvernd þeim tilmælum til Reykjanesbæjar að gera nýjan vinnslusamning þar sem fram komi að vinnsluáðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluáðili annast.

## 2.3. Fræðsluskylda

Þá bendir Persónuvernd á að í 20. gr. laga nr. 77/2000 er fjallað um fræðsluskyldu þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða. Kemur fram að þá skuli ábyrgðaraðili veita fræðslu um ýmis atriði, m.a. atriði sem hinn skráði þarf að vita til að geta gætt hagsmuna sinna. Það á t.d. við um það hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa veiti hann þær ekki. Af hálfu Reykjanesbæjar hefur ekki komið fram að við ráðningu starfsmanna sé þeim veitt tiltekin fræðsla um þá vinnslu sem fram fer og lýst hefur verið í bréfaskiptum.

Við túlkun á ákvæði 20. gr. laga nr. 77/2000 ber m.a. að líta til þess að hún byggir á 10. gr. tilskipunar 95/46 frá Evrópusambandinu. Er þar sérstaklega tilgreint að við mat á því hvort og að hvaða marki skuli veita hinum skráða fræðslu skuli taka mið „af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við söfnunina, til að tryggja hinum skráða að vinnslan fari fram á sanngjarnan hátt gagnvart honum“. Í ljósi þessa, og að virtri meginreglu 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngirni við vinnslu persónuupplýsinga, er mikilvægt að veitt fræðsla sé skýr, sérstaklega um valfrelsi manns til að veita viðkvæmar persónuupplýsingar um sig. Í ljósi framangreinds beinir Persónuvernd því þeim tilmælum til Reykjanesbæjar að starfsmönnum sé veitt fullnægjandi fræðsla um tilhögun á veikindaskráningu. Er æskilegt að það sé gert þegar við ráðningu.[...]

Niðurstaða: Með vísan til framangreinds beinir Persónuvernd þeim tilmælum, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000, til Reykjanesbæjar að bærinn hagi skráningu fjarvista starfsmanna þannig að fullnægt sé ákvæðum laga nr. 77/2000 um vinnslusamning og fræðslu til starfsmanna.“

### 3.2.2.4. Aðgangur skattrannsóknarstjóra að úrskurðum yfirskattaneftadar – mál nr. 2011/377

Persónuvernd gaf svar varðandi aðgang skattrannsóknarstjóra að úrskurðum yfirskattaneftadar. Taldi stofnunin að það samrýmdist ákvæðum laga um persónuvernd að yfirskattaneftand afhenti skattrannsóknarstjóra úrskurði sína svo hann gæti nýtt þá vegna stjórnsýslu embættisins, s.s. til að fá staðfestingu á því hvað skyldi teljast gildandi réttur. Ekki voru gerðar athugasemdir við að úrskurðir væru sendir á rafrænu formi en við sendinguna bæri hins vegar að gæta viðeigandi upplýsingaöryggis til að vernda upplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glötuðust eða breyttust fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

Í svarinu segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. sömu greinar. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.“

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Í máli þessu koma þar einkum til álita 3. og 6. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar. Samkvæmt 3. tölul. er vinnsla heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Þá segir í 6. tölul. að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds.

Ef um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar þarf einnig að vera fullnægt einhverju viðbótarskilyrðanna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 9. gr. laga nr. 77/2000. Í úrskurðum yfirskaðanefndar má ætla að viðkvæmar persónuupplýsingar geti komið fyrir, s.s. ef heilsufarslegir þættir skipta máli við mat á skattskyldu, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 þess efnis að upplýsingar um heilsuhagi séu viðkvæmar. Hér kemur þá einkum til álita 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. þar sem segir að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að krafa verið afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Í athugasemdum við þetta ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, segir m.a. að það sé ekki skilyrði að mál verði lagt fyrir dómstóla til að ákvæðið eigi við heldur nægi að vinnslan sé nauðsynleg til að styðja kröfu fullnægjandi rökum.

Í 1.–3. mgr. 103. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, sbr. breytingar á ákvæðunum sem gerðar voru með lögum nr. 136/2009, segir um hluverk skattrannsóknarstjóra ríkisins [...]:

Við mat á heimildum samkvæmt framangreindum ákvæðum laga nr. 77/2000 og 90/2003 má hafa til hliðsjónar að úrskurðir stjórnvalda eru alla jafna opinber gögn sem almenningur hefur aðgang að, sbr. 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996. Þegar um ræðir úrskurði skattfyrivalda getur hins vegar oft átt við undantekning 5. gr. sömu laga frá þessum upplýsingarétti, þ.e. um gögn um m.a. einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Áðurnefnd meginregla felur hins vegar í sér það stefnumið löggjafans að til undantekninga heyrir að aðgangur að stjórnvaldsúrlausnum sé takmarkaður. Um leið styður þessi meginregla þá niðurstöðu að umrædda úrskurði megi afhenda skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Þegar litið er til alls framangreinds telur Persónuvernd að það geti samrýmst fyrrnefndum ákvæðum 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 að yfirskaðanefnd afhendi skattrannsóknarstjóra ríkisins úrskurði sína svo að hann geti nýtt þá vegna stjórnslu embættisins, s.s. til að fá staðfestingu á hvað skuli teljast gildandi réttur um skattaframkvæmd. Ekki eru gerðar athugasemdir við að úrskurðir séu sendir á rafrænu formi. Við sendinguna ber hins vegar að gæta viðeigandi upplýsingaöryggis til að vernda upplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, sbr. 11. gr. laga nr. 77/2000. Sem dæmi um slíkar ráðstafanir má nefna að úrskurðir séu afhentir á innsigliðum geisladiski eða aðgangur veittur að málaskrá nefndarinnar um örugga rás þannig að komið sé í veg fyrir aðgang óviðkomandi.

#### *Álitsorð:*

Yfirskaðanefnd er heimilt að afhenda skattrannsóknarstjóra ríkisins þá úrskurði sem nefndin kveður upp. Afhenda má úrskurðina á rafrænu formi, en gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga.“

#### **3.2.25. Heimild fyrirtækis til að varðveita persónuupplýsingar sem safnað var vegna tilmæla Fjármálaeftirlitsins – mál nr. 2011/1143**

Persónuvernd gaf út álit um heimild KPMG til að varðveita persónuupplýsingar, m.a. úr skrá Creditinfo-Lánstrausts hf., sem safnað var við mat á hæfi lykilstarfsmanna vegna tilmæla frá Fjármálaeftirlitinu nr. 3/2010. Í álitinu benti Persónuvernd m.a. á að afritun framangreindrar skráar væri óheimil. Hins vegar væri fjármálastofnun heimilt að færa til bókar þær upplýsingar úr skránni sem nýttar væru við hæfismat á lögmætum og málefnalegum grundvelli. Varðveita mætti þær upplýsingar, auk sakavottorðs, svo lengi sem nauðsynlegt væri í þágu málefnalegs tilgangs með öflun þeirra. Það félli í hlut þess sem ábyrgð bæri á vinnslu persónuupplýsinga, í þessu tilviki þeirrar fjármálastofnunar sem viðhefði hæfismat, að taka afstöðu til þess hver væri málefnalegur varðveislutími.

Í álitinu segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða



eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. sömu greinar. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

## 2.

Í erindi KPMG hf. er spurt hvornig haga beri geymslu tiltekinna gagna sem safnað sé vegna hæfismats sem gert sé í ljósi leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010. Eins og fram kemur í framangreindu bréfi þess skylda tilmælin fjármálafyrirtæki ekki til öflunar þeirra upplýsinga sem hér um ræðir. Svo að geyma megi gögnin er hins vegar ljóst að heimilt þarf að vera að afla þeirra.

Svo að vinnsla sé heimil verður hún að fullnægja einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ef um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnægt einhverri af kröfunum í 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um að maður hafi verið dæmdur fyrir refsiverðan verknað eru viðkvæmar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna.

Við mat á framangreindum heimildum er til þess að líta að á fjármálafyrirtækjum hvíla skyldur til að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í ljósi þess telur Persónuvernd 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. koma til álita sem heimild fyrir meðferð persónuupplýsinga í þágu umrædds hæfismats, þ. á m. uppfléttingu í umræddri skrá Creditinfo Lánstrausts hf., en í ákvæðinu er mælt fyrir um að vinna megi með persónuupplýsingar sé vinnslan nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Þegar um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar verður einkum talið að byggja megi á samþykki sem heimild til vinnslu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Sérstaklega er tekið fram í 2. mgr. 237. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að ótvírátt samþykki hlutaðeigandi þurfi til aðgangs að sakavottorði.

## 3.

Við mat á því hvort geyma megi umrædd gögn reynir á kröfur 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, en þeim þarf ávallt að vera fullnægt við vinnslu persónuupplýsinga. Þar er mælt fyrir um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum (4. tölul.); og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Í framangreindu felst m.a. að gæta ber meðalhófs við vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. við varðveislu. Af því leiðir að persónuupplýsingum skal eytt þegar ekki er lengur nauðsynlegt að varðveita þær í lögmætum og málefnalegum tilgangi.

Við mat á því hvort varðveita megi upplýsingar úr framangreindri skrá Creditinfo Lánstrausts hf. reynir á ákvæði reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. 45. gr. laga nr. 77/2000, sem og starfsleyfis Persónuverndar til starfrækslu skrárinnar, dags. 3. ágúst 2010 (mál nr. 2010/566), veitts með stoð í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar skal þess gætt við starfrækslu slíkrar skráar að áskrifendur geti m.a. ekki afritað skrána. Í samræmi við það segir í grein 7.3.3 í áður nefndu starfsleyfi að samningar Creditinfo Lánstrausts hf. við áskrifendur skuli hafa að geyma ákvæði þar að lútandi. Staðfest hefur verið af hálfu félagsins, þ.e. með tölvubréfi til Persónuverndar hinn 27. janúar 2011, að samningar við áskrifendur samrýmist þessu.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd óheimilt að afrita skrá Creditinfo Lánstrausts hf. Hins vegar er fjármálastofnun heimilt að færa til bókar þær upplýsingar úr skránni sem nýttar eru við hæfismat á lögmætum og málefnalegum grundvelli. Varðveita má þær upplýsingar, auk sakavottorðs, svo lengi sem nauðsynlegt er í þágu málefnalegs tilgangs með öflun þeirra. Það fellur í hlut þess sem ábyrgð ber á vinnslu

persónuupplýsinga, í þessu tilvik þeirrar fjármálastofnunar sem viðhefur hæfismat, að taka afstöðu til þess hver málefnalegur varðveislutími sé. Ætla má að varðveisla á meðan viðkomandi gegnir störfum geti talist málefnaleg. Komi til þess að starfsmaður teljist ekki hæfur til að gegna starfi lykilstarfsmanns getur varðveisla sakavottorðs í tiltekinn tíma að fenginni þeirri niðurstöðu talist málefnaleg, s.s. á meðan viðkomandi einstaklingur getur leitað réttar síns eða farið fram á endurskoðun matsins. Þegar ekkert slíkt á við verður ekki séð að lengur sé ástæða til að varðveita sakavottorð og ætti því þá að vera eytt.

Minnt er að á að veita ber hinum skráðu fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga um sig, sbr. kröfu 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngirni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. einnig 20. og 21. gr. laganna. Þá verður við varðveislu að gæta upplýsingaöryggis, sbr. 11. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Þá segir í 2. mgr. að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Í ljósi þessa verður við varðveislu gagna um hæfismat að gera öryggisráðstafanir sem tryggja m.a. að ekki hafi aðrir aðgang að gögnum en þess þurfa.

#### *Álitsorð:*

Upplýsingar í skrá Creditinfo Lánstrausts hf., sem nýttar eru við hæfismat, má færa til bókar hjá viðkomandi fjármálastofnun. Varðveita má upplýsingarnar, ásamt sakavottorði, svo lengi sem nauðsynlegt er í þágu tilgangans með öflun þeirra. Gæta ber fullnægjandi öryggis við varðveisluna, en auk þess ber að veita viðeigandi fræðslu um vinnslu upplýsinga úr bæði skrá Creditinfo Lánstrausts hf. og sakavottorði.“

#### **3.2.26. Tilmæli FME ekki talin vera skuldbindandi um vinnslu persónuupplýsinga – mál nr. 2010/1216**

M kvartaði til Persónuverndar yfir því að hafa þurft að afhenda upplýsingar um hlutfjáreign barna sinna og foreldra til vinnuveitanda síns. Vinnuveitandinn, sem var fjármálafyrirtæki, vísaði í tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010. FME kvað tilmælin hins vegar ekki hafa að geyma lagaskyldu og féll fyrirtækið þá frá kröfu sinni um upplýsingarnar. Var málið þá látið niður falla.

Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.: „Efni tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 lýtur m.a. annars að því að greina hverjir teljist venslaðir aðilar og hvar upp geti komið hagsmunaaðreksstrar sem taka þarf á með starfsreglum fjármálafyrirtækis sem setja skal á grundvelli 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002. Ekki verður annað séð en að tilmælin samrýmist þeim málefnalegu markmiðum sem stefnt er að með því lagaákvæði. Álitaefnið í máli þessu lýtur hins vegar að því að hvorki eru til staðar skýrar heimildir í lögum nr. 161/2002 eða öðrum lögum til þess að knýja foreldra og fjárráða börn starfsmanns fjármálafyrirtækis gegn vilja þeirra til að veita upplýsingar um fjármál sín til fjármálafyrirtækis. Með vísun til bréfs Borgunar hf., dags. 30. mars 2011, þar sem fram kemur að ekki er lengur krafist hinna umdeildu upplýsinga hefur Persónuvernd ákveðið að láta mál þetta niður falla.“

#### **3.2.27. Tilkygningarskylda til Persónuverndar um færslu sjúkraskráa – mál nr. 2011/417**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn Landlæknisembættisins um tilkygningarskyldu heilbrigðisstarfsmanna til Persónuverndar. Í svari stofnunarinnar sagði að tilkygningarskylda hvíldi á ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga en samkvæmt lögum um sjúkraskrár væri heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna, þar sem sjúkraskrár væru færðar, ábyrgðaraðili sjúkraskráa. Tilkygningarskylda hvíldi því ekki á sérhverjum heilbrigðisstarfsmanni.

Í svarinu segir m.a.: „Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga skal sérhver ábyrgðaraðili, sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar getur Persónuvernd ákveðið undanþágur frá tilkygningarskyldunni um almennar persónuupplýsingar, sbr. 6. gr. reglna stofnunarinnar nr. 712/2008 um tilkygningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Undanþágurnar geta hins vegar ekki gilt um viðkvæmar persónuupplýsingar. Upplýsingar um heilsuhagi eru viðkvæmar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, og því þarf ávallt að tilkynna um rafræna færslu sjúkraskráa.

Sú tilkynningarskylda hvílir eins og fyrr greinir á ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga, þ.e. þeim sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þegar tilgangur vinnslu er ákveðinn með lögum er almennt litið svo á að sá aðili, sem lög fela vinnsluna, sé ábyrgðaraðili í skilningi þessa ákvæðis.

Í 12. tölul. 3. gr. laga nr. 55/2009 segir að heilbrigðisstofnun eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna, þar sem sjúkráskrár eru færðar, sé ábyrgðaraðili sjúkráskráa. Hafi sjúkráskrárkerfi heilbrigðisstofnana eða starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna, tveggja eða fleiri, verið sameinuð, sbr. VI. kafla laganna, teljist ábyrgðaraðili sjúkráskráa í kerfinu sá aðili, sem heilbrigðisstofnanir eða starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna sem aðild eiga að kerfinu, hafa komið sér saman um.

Þegar litið er til framangreinds telur Persónuvernd ljóst að tilkynningarskylda samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 77/2000 hvíli ekki á sérhverjum heilbrigðisstarfsmanni. Þá skal tekið fram að í leiðbeiningum Persónuverndar í símtölum 21. janúar og 11. mars 2011 var það ekki gefið til kynna.

Tilkynningarskylda samkvæmt framangreindu hvílir hins vegar, eins og fyrr greinir, á ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga. Eðlilegt er að líta svo á að þegar um ræðir sjúkráskrár falli það hugtak saman við áður nefnda skilgreiningu á hugtakinu ábyrgðaraðila sjúkráskráa samkvæmt lögum nr. 55/2009. Í því felst nánar tiltekið að heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna ber að tilkynna um starfrækslu rafræna sjúkráskráa á sínum vegum. Þegar tekið hefur verið upp sameiginlegt sjúkráskrárkerfi fleiri en einnar stofnunar eða starfsstofa nægir tilkynning frá þeim sem fengið hefur hlutverk ábyrgðaraðila í samræmi við 12. tölul. 3. gr. Það hvort rafrænar sjúkráskrár eru færðar í sérhönnuðu forriti eða með öðrum hætti skiptir ekki máli í því sambandi.

Um það sem fram á að koma í tilkynningum er fjallað í 32. gr. laga nr. 77/2000. Þá er nánari ákvæði um tilkynningar að finna í áður nefndum reglum nr. 712/2008. Tilkynningar eru birtar í þar til gerðri skrá á heimasíðu Persónuverndar með vísan til 17. gr. laganna. Notast er við sérstakt eyðublað til að fylla út tilkynningar sem sent er beint af heimasíðu Persónuverndar.“

### **3.2.28. Skráning kennitölu hjá stjórnvalda heimil – mál nr. 2011/3**

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem kvartaði yfir því að hafa þurft að gefa upp kennitölu í tengslum við fyrirspurn hans til Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN). Var það niðurstaða Persónuverndar að vinnsla sjóðsins á kennitölum færi fram í málefnalegum tilgangi og samrýmdist ákvæðum persónuverndarlaganna. Var þá m.a. litið til þeirrar staðreyndar að í flestum tölvukerfum hins opinbera væru málsaðilar sérgreindir á grundvelli kennitalna og það talið vera í þágu almannahagsmuna.

Í niðurstöðunni segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Hugtakið persónuupplýsingar er skilgreint sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.

Hugtakið vinnsla á við um sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með vinnslu er t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit, miðlun, samtenging eða hver sú aðferð sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, sbr. athugasemdir í greinargerð með frumvarpi því er varð síðar að lögum nr. 77/2000. Erindi kvartanda lýtur að skráningu á kennitölum. Þær teljast til persónuupplýsinga og er skráning ein tegund vinnslu. Fellur ágreiningsmál þetta því undir valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

#### 2.

Í 10. gr. laga nr. 77/2000 er afmarkað hvenær heimilt er að nota kennitölu og hvenær ekki. Þar kemur fram að notkun er heimil ef hún á sér málefnalegan tilgang og er nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Ákvæðið er ákvæði 8. gr. laganna til fyllingar, en svo vinna megi með almennar persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 1. mgr. þeirrar greinar. Ábyrgðaraðili þarf m.ö.o. bæði að uppfylla eithvert af heimildarákvæðum 8. gr. og hafa vinnslu í samræmi við 10. gr.

Samkvæmt 1. tölulíð 1. mgr. 8. gr. er vinnsla heimil sem byggir á samþykki hins skráða. Þá ber að líta til ákvæðis 5. tölulíðar um vinnslu í þágu almannahagsmuna og ákvæðis 7. tölulíðar um vinnslu sem er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til geti gætt lögmætra

hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Að mati Persónuverndar samrýmist vinnslan framangreindu ákvæði 1. mgr., einkum að virtu ákvæði 5. töluliðar.

Samkvæmt 10. gr. laganna er skilyrði að vinnsla kennitalna eigi sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Af hálfu LÍN hefur komið fram að sjóðurinn telji skráningu kennitalna vera nauðsynlega til að persónuupplýsingum einstakra manna verði ekki ruglað saman og til að tryggja skilvirka stjórnslu með vísun í málshraðareglu stjórnsluréttarins. Þá kveður sjóðurinn mikinn meirihluta fyrirspurna vera sértæks eðlis og varði beinlínis samskipti einstakra fyrirspyrjenda við sjóðinn. Því séu þær oft hluti af afgreiðslu mála, bæði hjá sjóðinum sjálfum og stjórn LÍN.

Með vísun til framangreindra skýringa LÍN er það mat Persónuverndar að umrædd vinnsla sjóðsins á kennitölum fari fram í málefnalegum tilgangi og samrýmist ákvæðum 10. gr. laga nr. 77/2000. Hefur þá m.a. verið litið til þeirrar staðreyndar að nú byggja flest tölvukerfi hins opinbera á persónugreiningu málsaðila á grundvelli kennitalna og að notkun þeirra mun almennt vera talin nauðsynleg í stjórnslu til að tryggja örugga persónugreiningu í þágu almannahagsmuna.

#### *Úrskurðarorð:*

Skráning Lánasjóðs íslenskra námsmanna á kennitölu Á var heimil.“

### **3.2.29. Skráning kennitölu hjá byggingarvöruverslun heimil – mál nr. 2011/122**

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem kvartaði yfir að hafa þurft að gefa upp kennitölu hjá byggingarvöruverslun þegar hann verslaði þar fyrir vinnuveitanda sinn. Hafði vinnuveitandinn farið fram á að allir sem tækju út vörur í reikning á hans nafni sönnuðu á sér deili. Var það niðurstaða Persónuverndar að öflun og skráning kennitölu í þeim tilgangi hafi verið nauðsynleg og farið fram í málefnalegum tilgangi.

Í úrskurðinum segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Hugtakið persónuupplýsingar er skilgreint sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið vinnsla á við um sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með vinnslu er t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit, miðlun, samtenging eða hver sú aðferð sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, sbr. athugasemdir við frumvarp það er varð síðar að lögum nr. 77/2000.

Skráning Norvíkur hf. (hjá Byko) á kennitölum einstaklinga sem eru í viðskiptum við félagið, og eftir atvikum þeirra sem koma fram fyrir þeirra hönd, er vinnsla persónuupplýsinga í framangreindum skilningi. Fellur mál þetta því undir valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

## 2.

### *Lögmeti vinnslunnar*

Í 10. gr. laga nr. 77/2000 er, afmarkað hvenær heimil er að nota kennitölu og hvenær ekki. Þar kemur fram að notkunin er heimil ef hún á sér málefnalegan tilgang og er nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Ákvæði 10. gr. er ákvæði 8. gr. til fyllingar. Ábyrgðaraðili þarf m.ö.o. bæði að uppfylla eitthvert af heimildarákvæðum 1. mgr. 8. gr. og haga vinnslu kennitalna í samræmi við 10. gr. laganna.

Í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. segir að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að hans beiðni áður en samningur er gerður. Hér undir fellur sú vinnsla sem ábyrgðaraðili þarf að framkvæma í þágu viðskiptanna, þ.e. til að þau geti farið löglega fram. Hér er einkum átt við vinnslu með almennar upplýsingar, s.s. nafn viðsemjanda og kennitölu og önnur þau atriði sem almennt koma fram við reikningagerð. Skilyrðið um að hinn skráði sé sjálfur aðili þess samnings sem um er að ræða ber að skilja með sama hætti og endranær í lögskiptum manna, þ. á m. í ljósi ákvæða II. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, með áorðnum breytingum, og almennra óskráðra reglna um umboðsmennsku, erindisrekstur og heimildir til að skuldbinda aðra menn við samning. Samkvæmt þessu er það mat Persónuverndar að framangreindu skilyrði 3. töluliðar 1. mgr. 8. gr. hafi verið fullnægt að því er varðar skráningu á kennitölu S þegar hann tók út vörur fyrir hönd atvinnurekanda síns.

Skráning á kennitölu þarf einnig að uppfylla skilyrði 10. gr. laga nr. 77/2000 um að vera nauðsynleg og

þjóna málefnalegum tilgangi. Af hálfu Norvíkur hf. vegna Byko hefur komið fram að kennitala kvartanda hafi verið skráð vegna þess að atvinnurekandi hans, sá sem er í viðskiptum við Norvík/Byko, hafi farið fram á það. Séu allir sem taki vörur út í reikning á hans vegum beðnir um kennitölu. Hann hafi sett það skilyrði að þeir sem taki út vörur í reikning á hans nafni sanni á sér deili til að tryggja skilvirka eftirfylgni með reikningum og til þess að úttektarreikningurinn sé eingöngu notaður af þar til bærum aðilum. Af framangreindum skýringum leiðir að skráning kennitölnunnar var nauðsynleg að mati Persónuverndar og fór fram í málefnalegum tilgangi. Voru því einnig uppfyllt skilyrði 10. gr. laganna fyrir umræddri skráningu á kennitölu S.

#### *Úrskurðarorð:*

Vinnsla Norvíkur hf. á kennitölu kvartanda, S, var heimil.“

### **3.2.30. Undirskriftasöfnun á vefsíðu – mál nr. 2011/369**

Persónuvernd tók ákvörðun í máli manns sem taldi sig vera á lista undirskriftasöfnunar á kjosum.is. Taldi stofnunin að dráttur á svari til málshefjanda um hvort hann væri á listanum hefði strítt gegn 14. gr., sbr. 18. gr. laga nr. 77/2000. Þá var lagt fyrir ábyrgðaraðila síðunnar, Samstöðu þjóðar gegn Icesave, að skila skýrslu um hvernig samtökin hefðu svarað beiðnum frá einstaklingum um að vita hvort þeir væru á listanum.

Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

#### 2.

Í 18. gr. laga nr. 77/2000 er að finna ákvæði um rétt hins skráða til að fá vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig frá ábyrgðaraðila, þ.e. þeim sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Líta verður svo á að samtökin Samstaða þjóðar gegn Icesave hafi stöðu slíks aðila vegna vinnslu persónuupplýsinga í þágu umræddrar undirskriftasöfnunar.

Um framangreindan upplýsingarétt segir í 1. mgr. 18. gr. [...] Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2000 skal erindi samkvæmt framangreindu afgreitt svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess. Þó má, samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, afgreiða erindi síðar ef annað er ómögulegt af sérstökum ástæðum. Þá skal hins vegar gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar innan mánaðarfrests og gefa skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

Í athugasemdum við 2. mgr. 14. gr. í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, segir að það hvað teljist sérstakar ástæður verði að meta hverju sinni og ráðist m.a. af því hvaða réttindi það eru sem viðkomandi vill nýta sér og hversu umfangsmikil þau séu. Algengasta skýring þess að ábyrgðaraðili geti ekki fullnægt skyldu sinni í tæka tíð sé væntanlega takmörkuð afkastageta hans. Slíkt geti í vissum tilvikum verið ásættanleg skýring. Af athugasendum verður ráðið að það eigi þó einkum við þegar það kostar nokkra vinnu að taka saman upplýsingar handa hinum skráða.

Ekki verður séð að hér eigi við ástæður sem falli undir 14. gr. ákvæðisins. Af því leiðir jafnframt að samtökin Samstaða þjóðar gegn Icesave eiga þegar að hafa upplýst J um hvort kennitala hans sé á umræddum undirskriftalista.

Fyrir liggur að samtökin hyggjast svara öllum fyrirliggjandi beiðnum þar að lútandi fyrir 16. maí nk. Með vísan til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 er lagt fyrir samtökin að gera Persónuvernd, í síðasta lagi fyrir þann dag, skriflega grein fyrir hvernig beiðnum hafi verið svarað. Þá er lagt fyrir samtökin að upplýsa sérstaklega um svar til málshefjanda innan sama frests.

### *Ákvörðunarorð:*

Dráttur samtakanna Samstaða þjóðar gegn Icesave á að svara J um hvort kennitala hans hafi verið skráð á undirskrifalista á vefsíðunni kjosum.is stríðir gegn 1. mgr. 14. gr., sbr. 18. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samtökin skulu eigi síðar en hinn 16. maí nk. gera Persónuvernd skriflega grein fyrir hvernig beiðnum þar að lútandi hafi verið svarað. Þá skal innan sama frests upplýst sérstaklega um svar til J.“

#### **3.2.31. Opnun bréfs, ljósrítun og Fésbókarfærsla – mál nr. 2011/354**

Persónuvernd vísaði frá kvörtun konu yfir að bréf sem henni hefði verið sent hefði verið opnað, ljósritað og skrifuð Fésbókarfærsla um efni þess.

Í ákvörðun Persónuverndar segir m.a.: „Í máli þessu er deilt um lögmæti þess þegar H opnaði bréf sem [bankinn] sendi B. Einnig er deilt um hvort H hafi mátt taka ljósrít af bréfinu og sýna það öðrum. Loks lýtur það að því hvort H hafi með ólöglegum hætti gert persónuupplýsingar um B opinberar á Netinu, n.t.t. með stöðuuppfærslu á Fésbókarsíðu sinni.

#### 1.

##### *Opnun umslags*

Kvörtun B lýtur í fyrsta lagi að því að móðir hennar, H, hafi opnað bréf sem henni var sent í lokuðu umslagi. Um var að ræða reikningsyfirlit frá [...]bankanum. Í ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eru m.a. ákvæði um viðurlög við því að skýra frá einkamálefnum og raska bréfaeind. Samkvæmt 228. gr. þeirra, með áorðnum breytingum, varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn sem hafa að geyma upplýsingar um einkamálefni manna og hann hefur komist yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirslu eða beitt annarri áþekkri aðferð. Þá segir í 229. gr. sömu laga að hver sá sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknadinn, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Í. 242. gr. laganna er afmarkað hvaða brot sæta saksókn, hvaða brot sæta ákæru ef sá krefst þess sem misgert var við og hvenær sá einn sem misgert er við getur höfðað mál út af broti. Það á m.a. við um brot gegn 228. og 229. gr. laganna. Það er hins vegar ekki á forræði Persónuverndar að fjalla um slík mál eða skera úr um það hvort brotið hafi verið gegn almennum hegningarlögum. Það er hlutverk dómstóla.

Með vísun til framangreinds er vísað frá þeim þætti kvörtunar B er lýtur að röskun á bréflýnd í ljósi ákvæða almennra hegningarlaga.

#### 2.

##### *Ljósrítun bankayfirlits*

Kvörtunin lýtur í öðru lagi að því að H ljósritaði bankayfirlit kvartanda og sýndi það öðrum. Hér þarf að meta hvort um hafi verið að ræða vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Óumdeilt er að á bankayfirlitinu komu fram upplýsingar um fjárhagsstöðu, nafn, kennitölu og heimilisfang kvartanda. Í 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 segir að persónuupplýsingar séu sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til hans. Því telst umrætt yfirlit hafa að geyma persónuupplýsingar í skilningi laganna.

Gildissvið laganna nær ekki til allrar meðferðar á slíkum upplýsingum. Þau ná í fyrsta lagi til handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga ef þær eru eða eiga að verða hluti af skrá. Ekki liggur fyrir að svo hafi verið. Lögin gilda í öðru lagi um sérhverja rafræna vinnslu slíkra upplýsinga. Til að vinnsla teljist hafa verið rafræn í þessum skilningi nægir ekki að rafmagn hafi verið beitt heldur þarf hún að hafa verið stafræn, þ.e. hafa að einhverju leyti verið unnin með tölvutækni. Samkvæmt svari H tók hún umrætt afrit af bankayfirliti kvartanda á vél sem ekki er stafrænnar gerðar. Telst því ekki hafa verið um að ræða rafræna vinnslu í skilningi laganna og fellur umrædd ljósrítun því ekki undir valdssvið Persónuverndar. Með vísun til framangreinds er vísað frá þeim þætti kvörtunar B er lýtur að því þegar H ljósritaði bankayfirlit B og sýndi það öðrum.

Kvörtun B lýtur í þriðja lagi að því að móðir hennar, H, hafi birt upplýsingar um sig á Fésbókinni. Um það hvort um opinbera birtingu upplýsinganna hafi verið að ræða skiptir máli að H er með lokaða Fésbókarsíðu, þ.e. eingöngu vinir hennar hafa aðgang að henni. Hún á 124 vini á síðunni en samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Facebook er meðalföldi vina hjá notendum um 130. Má því ætla að stöðuuppfærslur hennar séu þess eðlis að eingöngu þeir sem hún hefur samþykkt að veita aðgang að Fésbókarsíðu sinni sjái þær og þær séu ætlaðar til persónulegra nota en ekki opinberra. Þá skiptir máli að í umræddri stöðuuppfærslu kom hvorki nafn kvartanda né kærasta hennar fram.

Þrátt fyrir framangreint, og að mál þetta varði vinnslu persónuupplýsinga, lýtur þessi hluti þess að því hvort H hafi, með tjáningu sinni í orði og verki, þegar hún birti umrædda stöðuuppfærslu á Fésbókarsíðu sinni, farið út fyrir ramma 73. gr. stjórnskrárárinnar um tjáningarfrelsi. Hlutverk Persónuverndar er að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 en þau eru hins vegar byggð á því meginviðhorfi, sbr. ákvæði 5. gr., að það sé hlutverk dómstóla en ekki Persónuverndar að skera úr slíkum vafatilvikum. Verður þessum þætti málsins því vísað frá.

#### *N i ð u r s t a ð a:*

Vísad er frá kvörtun B yfir því þegar H afritaði bankayfirlit B og sýndi það öðrum, þar sem ekki telst hafa verið um rafræna vinnslu að ræða. Þá er vísað frá ágreiningi um stöðuuppfærslu H á Fésbókarsíðu og því álitaefni hvort sú aðgerð H að opna bréf til B hafi brotið gegn 228. gr og 229. gr. hegningarlaga enda er það hlutverk dómstóla að skera úr slíkum málum.“

#### **3.2.32. Eyðing persónuupplýsinga um gjaldþrot manns – mál nr. 2011/73**

M kvartaði til Persónuverndar yfir því að upplýsingar um gjaldþrot sitt hefðu verið geymdar óþarflega lengi hjá Fjársýslu ríkisins. Það ylli honum vandkvæðum á sínum vinnustað. Fjársýslan féllst á að eyða úr sínum bókum vanskilamerkingum vegna gjaldþrots M. Þá ákvað Persónuvernd að fella málið niður.

Í ákvörðuninni segir m.a.: „Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Ágreiningur um vinnslu slíkra upplýsinga fellur undir Persónuvernd, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

Í 26. gr. laga nr. 77/2000 segir að ábyrgðaraðili skuli eyða persónuupplýsingum þegar ekki sé lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Ákvæði 26. gr. tekur til upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi. Ákvæði 26. gr. er að nokkru efnislega skylt 5. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna, en samkvæmt því ákvæði á ekki að varðveita persónuupplýsingar í því formi að unnt sé að bera kennsl á hinn skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu. Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili, í samræmi við framangreint, farið þess á leit að upplýsingum um hann verði eytt eða notkun þeirra bönnuð. Það er háð því að slíkt teljist réttlæt看legt út frá heildstæðu hagsmunamati.

Samkvæmt 3. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000 getur Persónuvernd, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notkun upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra. Í máli þessu liggur hins vegar fyrir að af hálfu ábyrgðaraðila, Fjársýslu ríkisins, hefur þegar verið tekin ákvörðun um að verða við beiðni hins skráða um eyðingu í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laganna. Er því ekki til staðar ágreiningur um það atriði. Þykja því ekki efni til frekari umfjöllunar um málið og verður það fellt niður.“

#### **3.2.33. Kvörtun vegna synjunar um aðgang að tölvupósti vísað frá – mál nr. 2011/472**

Persónuvernd vísaði frá kvörtun manns yfir því Skýrr hf. hefði ekki afhent sér afrit af tölvupóstinum sínum. Skýrr var hýsingaraðili fyrirtækis sem M hafði unnið fyrir, en þegar það fyrirtæki hafði orðið gjaldþrota hafði Skýrr lokað pósthólfum allra starfsmanna, þ. á m. M.

Persónuvernd taldi málið lúta að álitaefnum um haldsrétt, þ.e. um rétt kröfuhafa til að halda hlut eða

öðrum gæðum sem hann hefur í vörslu sinni af lögmætum ástæðum vegna vanefnda skuldara. Hún taldi úrlausn slíkra mála falla utan valdsviðs síns og vísaði málinu frá.

Í ákvörðuninni segir m.a.: „Stjórn Persónuverndar ræddi máli þetta á fundi sínum í dag. Komst hún að þeirri niðurstöðu að í máli þessu reyndi á álitafni um haldsrétt, þ.e. rétt kröfuhafa til að halda hlut eða öðrum gæðum sem hann hefur í vörslu sinni af lögmætum ástæðum vegna vanefnda skuldara. Það fellur utan valdsviðs Persónuverndar að fjalla um slík álitafni, eins og það er afmarkað í 37. gr. laga nr. 77/2000. Mun Persónuvernd því ekki aðhafast vegna kvörtunar yðar en leiðbeinir yður um að leita til dómstóla hyggist þér fá úrlausn í máli þessu.“

### **3.2.34. Miðlun lista yfir þá sem ekki höfðu vatnsúðakerfi – mál nr. 2011/396**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um heimild sína til að miðla lista yfir þá sem ekki voru með vatnsúðakerfi til þjónustuaðila. Persónuvernd taldi að miðlunin gæti verið heimil. Í ljósi þess að eðli notkunarinnar, þ.e. að láta söluaðilum listann í té, fæli í sér að jafna mætti henni til notkunar í þágu markaðssetningarstarfsemi taldi Persónuvernd að Slökkviliðinu væri þó nauðsynlegt að bera listann saman við bannskrá Þjóðskrár áður en hann yrði afhentur þjónustuaðilum.

Í svari Persónuverndar segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr.

Persónuvernd hefur það hlutverk að framfylgja lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þau gilda um upplýsingar um einstaklinga, sbr. skilgreiningu 1. tölul. 2. gr. laganna á persónuupplýsingum. Alla jafna gilda þau ekki um lögaðila, sbr. þó 2. mgr. 45. gr. laganna, sem ekki verður séð að eigi við í því tilvikum sem hér um ræðir. Til þess ber hins vegar að líta að í ákveðnum tilvikum geta upplýsingar um lögaðila verið það náteygdar tilteknum einstaklingi að á það getur reynt hvort þær skuli teljast persónuupplýsingar, t.d. þegar um ræðir lítið fyrirtæki og upplýsingar um það eru því náteygdar eigandanum (sbr. álit nr. 4/2007 um hugtakið persónuupplýsingar frá vinnuhópi forstjóra persónuverndarstofnana samkvæmt 29. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB).

Að því marki sem um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga um einstaklinga er tekið fram að hún verður að samrýmast einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000 svo hún sé heimil. Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 92/2008 um brunavarnir kemur fram að eldvarnaeftirlit sveitarfélaga sé sú starfsemi slökkviliðs sem hafi eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarnir. Þá segir í d-lið sömu greinar að hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga sé m.a. að hafa eftirlit með því að eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis sinni skyldum sínum um brunavarnir samkvæmt lögum og reglugerðum í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun gefur út.

Í kafla 2.1. reglugerðar nr. 200/1994 um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði segir að eigandi atvinnuhúsnæðis sé ábyrgur fyrir því að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum um byggingar- og brunamál. Enn fremur segir að forráðamanni atvinnuhúsnæðis sé skylt að sjá til þess að það fullnægi kröfum um brunavarnir fyrir þá starfsemi sem í húsnæðinu fer fram á hverjum tíma. Þá kemur fram í kafla 10.4 í leiðbeiningum Brunamálastofnunar um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði, sem birtar eru sem viðauki við reglugerð nr. 200/1994, að eigandi, eða forráðamaður sé það á hans vegum, skuli sjá til þess að stöðugt sé fylgst með virkni sérhæfðs búnaðar og kerfa, s.s. brunaviðvörðunarkerfa og vatnsúðakerfa. Hann skuli einnig sjá til þess að viðurkenndur þjónustuaðili annist reglubundið eftirlit, viðhald og viðgerðir á slíkum búnaði og kerfum.

Af framangreindu má ráða að miðlun lista til þjónustuaðila yfir þá sem ekki eru með gildandi samning við viðurkenndan þjónustuaðila, geti samrýmst 3. tölul. 1. mgr. 8. gr., ef hún er Slökkviliðinu nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem á því hvílir.



## 2.2.

Í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000 er ákvæði um notkun persónuupplýsinga í þágu markaðssetningarstarfsemi. Þar segir að ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skuli, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá Þjóðskrár Íslands til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Þrátt fyrir hlutverk slökkviliðsins verður ekki framhjá því litið að eðli notkunarinnar, þ.e. að láta umræddum söluaðilum listann í té, felur í sér að henni verði jafnað við notkun í þágu markaðssetningarstarfsemi og sé því Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins nauðsynlegt að bera listann saman við skrá Þjóðskrár, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000.“

### 3.2.35. *Bakgrunnsathugun Siglingastofnunar – mál nr. 2010/1051*

Persónuvernd gaf út álit á viðmiðunarreglum Siglingastofnunar um bakgrunnsathugun á einstaklingum, sem fór fram samkvæmt lögum um siglingavernd. Persónuvernd taldi að þar væri ekki nægilega skýrt afmörkuð heimild til upplýsingaöflunar úr skráum lögreglu. Persónuvernd taldi að endurskoða þyrfti reglurnar.

Í áliti hennar um það segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

## 2.

### *Heimild til vinnslu*

Upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður um refsiverðan verknad eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Svo að vinna megi með slíkar upplýsingar verður að vera fullnægt einhverju skilyrðanna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga í 9. sömu laga. Þá verður, eins og endranær við vinnslu persónuupplýsinga, að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laganna.

Í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. er mælt fyrir um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil ef til hennar standi sérstök lagaheimild. Þá segir í 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem sá sem vinnur með upplýsingarnar fer með.

Í 7. mgr. 4. gr. laga nr. 50/2004 um siglingavernd segir: [...] Þegar litið er til framangreinds ákvæðis laga nr. 50/2004, sem og fyrrnefndra ákvæða laga nr. 77/2000, telur Persónuvernd heimild standa til þess að gerðar séu bakgrunnsathuganir þegar um ræðir störf þar sem slík athugun reynist nauðsynleg. Þau störf, sem það getur átt við um, eru störf verndarfulltrúa íslenskra skipa, útgerða og hafnaraðstöðu, sbr. c-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 50/2004.

## 3.

### *Grunnkröfur 7. gr. – Ábyrgð á vinnslu*

Við framkvæmd slíkra athugana, sem hér um ræðir, verður að fara að öllum grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 eins og ávallt við vinnslu persónuupplýsinga. Þar er m.a. mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og á þann veg að öll meðferð þeirra samrýmist vönduðum vinnsluháttum persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum (4. tölul.).

Í framangreindum grunnkröfum felst í stuttu máli að við vinnslu persónuupplýsinga skal gæta meðal-

hófs og að slíkar upplýsingar skulu vera sem réttastar. Í skráum lögreglu eru skráðar ýmsar upplýsingar sem geta verið matskenndar og óáreiðanlegar, s.s. um meinta hlutdeild manna í tilteknum brotum. Skráning slíkra upplýsinga kann að vera nauðsynleg í tengslum við rannsókn mála og má þá líta á þær sem vinnugögn lögreglu. Ríkir hagsmunir eru af því að slíkar upplýsingar séu ekki nýttar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, enda getur það leitt til þess að einstaklingar verði fyrir tjóni að ósekju.

Að þessu verður að gæta við framkvæmd umræddra athugana. Þá verður að líta til þess að staðfestar upplýsingar í skráum lögreglu um að menn hafi gerst sekir um tiltekin brot, t.d. gengist undir sektargreiðslu, kunna að vera þess eðlis að þær hafi ekki vægi við mat á hæfi til starfa í þágu siglingaverndar.

Í bréfi Siglingastofnunar Íslands til Persónuverndar, dags. 19. febrúar 2011, segir að það sé hlutverk Ríkislögreglustjóra að meta hæfi þeirra einstaklinga sem vilja starfa sem verndarfulltrúi skips eða hafnar og hvort þeir uppfylla þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Þess má hins vegar geta að frá Jónasi Þór Jónassyni hrl. hafa borist gögn sem virðast benda til þess að Siglingastofnun viðhafi sjálf þetta hæfismat, a.m.k. að hluta til. Má þar nefna afrit af bréfi stofnunarinnar, dags. 1. febrúar 2010, til umsækjanda um verndarfulltrúaskírteini þar sem greint er frá öflun upplýsinga frá Ríkislögreglustjóra um að viðkomandi hafi gengist undir tiltekna sektargreiðslu. Með vísan til þess segir í bréfinu að bakgrunnsathugun Ríkislögreglustjór-embættisins kunni að leiða til þess að ekki verði hægt að gefa út umrætt skírteini. Þá segir að áður en Siglingastofnun taki ákvörðun í málinu sé veittur kostur á andmælum.

Lög nr. 50/2004 eru ekki skýr um það hver viðhafi umrætt hæfismat. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna fer Siglingastofnun Íslands með framkvæmd siglingaverndar, ásamt ýmsum öðrum aðilum, þ. á m. Ríkislögreglustjóra. Þá verður ráðið af 4. gr. að Siglingastofnun fari með meginhluta eftirlitsins en önnur stjórnvöld að því marki sem sérstaklega er tilgreint í lögnum eða þegar Siglingastofnun felur þeim það sérstaklega, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Af þessu verður ráðið að Siglingastofnun sé til þess bær að ákveða viðmið um hvenær einstaklingur telst hæfur til að fá útgefið skírteini verndarfulltrúa. Í því felst jafnframt að Siglingastofnun gegnir stöðu ábyrgðaraðila að vinnslu persónuupplýsinga í því sambandi, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir að ábyrgðaraðili sé sá sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Tekið er fram í 2. mgr. 7. gr. laganna að ábyrgðaraðili beri ábyrgð á því að ávallt sé farið að áðurnefndum grunnkröfum 1. mgr. sömu greinar.

Fyrir liggur að Siglingastofnun hefur sett viðmiðunarreglur varðandi bakgrunnsathugun einstaklinga. Þar kemur fram að sektargreiðslur, sem nema meira en 50.000 kr., geta leitt til þess að viðkomandi teljist ekki hæfur til að skipa stöðu verndarfulltrúa. Þá verður ráðið af viðmiðunarreglunum að fangelsisrefingar og ítrekuð brot á síðustu fimm árum geti haft slíkt í för með sér. Að auki geti sama niðurstaða almennt hlotist af upplýsingum sem færðar hafa verið á skrár lögreglu á sama tímabili. Tekið er fram að ófrágengin mál, sem geti leitt til ákæru, geti fallið þar undir, en heimild til athugunar upplýsinga afmarkast þó ekki við slík mál.

#### 4.

##### *Niðurstaða*

Ákvæði 7. mgr. 4. gr. laga nr. 40/2004 felur í sér heimild til að láta fara fram bakgrunnsathugun á þeim sem sækja um að vera vera verndarfulltrúar íslenskra skipa, útgerða og hafnarastöðu. Þar sem um heimildarákvæði er að ræða hefur Siglingastofnun svigrúm til mats um það hvort slík athugun fer fram, en auk þess getur Siglingastofnun metið hversu víðtæk athugunin þarf að vera. Við slíkt mat verður Siglingastofnun að fara að grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngirni, meðalhóf og áreiðanleika við vinnslu persónuupplýsinga.

Umræddar viðmiðunarreglur eru mjög almennar. Til að fara að þessum grunnkröfum telur Persónuvernd nauðsynlegt að sett séu skýrari viðmið um hvaða brot séu þess eðlis að haft geti áhrif á ákvörðun um skipun verndarfulltrúa, sem og í hvaða tilvikum upplýsingar úr málaskrá lögreglu geti skipt máli í því sambandi. Í því felist jafnframt að upplýsinga sé ekki aflað nema þær lúti að þeim atriðum sem talið er að hafi vægi við umrætt mat. Með vísan til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 leggur Persónuvernd því fyrir Siglingastofnun Íslands að endurskoða umræddar viðmiðunarreglur í ljósi framangreindra sjónarmiða.

##### *Álitsorð:*

Viðmiðunarreglur Siglingastofnunar Íslands varðandi bakgrunnsathugun einstaklinga samkvæmt 7. mgr. 4. gr. laga nr. 40/2004 um siglingavernd hafa ekki að geyma nægilega skýra afmörkun á heimild til upp-

lýsingaöflunar, sbr. grunnkröfur 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Lagt er fyrir Siglingastofnun að endurskoða viðmiðunarreglurnar þannig að afmörkun á framangreindu verði skýrari.“

### 3.2.36. Samanburður á stimpilklukku og ökurita – mál nr. 2011/147

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem kvartaði yfir þeirri framkvæmd vinnuveitanda síns að bera upplýsingar úr stimpilklukku saman við upplýsingar úr ökurita. Persónuvernd taldi að vinnsla vinnuveitandans væri heimil.

Í úrskurði Persónuverndar segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Vinnsla persónuupplýsinga með samanburði á ökurita og stimpilklukku, þ.e. unnum tímum kvartanda, fellur því undir úrskurðarvald Persónuverndar.

#### 2.

Í fyrsta lagi lýtur erindi kvartanda að því að Ólíudreifing hf. hafi borið upplýsingar úr ökurita í olíubifreið félagsins saman við persónuupplýsingar um unna tíma kvartanda, þ.e. samkvæmt stimpilklukku.

Svo vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður ávallt að fullnægja einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. segir að heimil sé vinnsla sé hún nauðsynleg til að gæta lögmættra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Í þessu felst að meta skal þá hagsmuni sem vegast á. Bæði þarf að líta til réttinda og frelsis hins skráða og lögmættra hagsmuna annarra af því að vinnslan fari fram.

Af hálfu ábyrgðaraðila, Ólíudreifingar hf., hefur verið bent á að í umræddu tilviki hafi unnir tímar kvartanda verið óvenju margir og því hafi verið nauðsynlegt að kanna málið. Hafi upplýsingar úr ökurita verið notaðar enda ekki hægt að koma við annarri verkstjórn. Enginn starfsmaður hafi verið á skrifstofu á þessum tiltekna tíma og ekki verið unnt að fylgjast með notkun bílsins með öðrum hætti. Að mati Persónuverndar eru þetta lögmætir hagsmunir í skilningi ákvæðis 7. tölulíðar 1. mgr. 8. gr. Að því er varðar hagsmuni hins skráða hins vegar verður ekki séð að hann hafi fært fram rök er styðji þá niðurstöðu að vinnslan hafi raskað grundvallarréttindum hans eða frelsi. Þá skiptir máli að sú bifreið sem ökuritinn er í er olíubíll og eingöngu til nota í þágu vinnuveitanda. Verður því ekki séð að einkalífshagsmunir kvartanda af því að vinnslan færi ekki fram hafi vegið þyngra en framangreindir hagsmunir ábyrgðaraðila.

#### 3.

Í öðru lagi er kvartað yfir því að kvartandi hafi ekki fengið fræðslu frá ábyrgðaraðila um að upplýsingar úr ökurita yrðu hugsanlega bornar saman við persónuupplýsingar um unna tíma, þ.e. samkvæmt stimpilklukku. Í 20. gr. laga nr. 77/2000 segir að þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skuli hann meðal annars fræða hann um þau atriði sem hann þarf að vita um, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hann geti gætt hagsmuna sinna. Í 10. gr. reglna um rafræna vöktun nr. 837/2006 er sömuleiðis að finna ákvæði um fræðslu sem veita ber þeim sem sæta rafrænni vöktun. Segir þar að starfsmönnum skuli veitt fræðsla um tilgang vöktunar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að þeim upplýsingum sem safnast og hversu lengi þær verði varðveittar.

Í máli þessu hefur komið fram að við innleiðingu á notkun ökurita hafi þeir verið kynntir fyrir trúnaðarmanni starfsmanna. Þá hafi notkunin verið kynnt fyrir bílstjórum á starfsmannafundi, reglum um notkun hafi verið dreift til bílstjóra og límmiði settur í bíla með ökurita til að minna á tilvist þeirra. Af hálfu kvartanda hefur engum athugasemdum við þetta verið komið á framfæri. Að mati Persónuverndar liggur því ekki fyrir að ábyrgðaraðili hafi vanrækt fræðsluskyldu sína samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000 og 10. gr. reglna um rafræna vöktun nr. 837/2006.

### Úrskurðarorð:

Samanburður Ólíudreifingar hf. á persónuupplýsingum um G, sem sóttar voru í stimpilkluKKu, við upplýsingar um notkun olíubifreiðar, þ.e. samkvæmt ökurita, fór ekki í bága við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.“

#### **3.2.37. Afhending Felix-skráar á Taekwondo-móti – mál nr. 2011/408**

Persónuvernd felldi niður mál konu sem hafði kvartað yfir afhendingu Felix-skráar á Taekwondo-móti. Konan taldi að A hefði stofnað aðgang í sínu nafni, prentað út sk. Felix-skrá hennar og afhent mótsstjóra. A hafnaði þessu og lagði fram staðfestingu mótsstjóra. Persónuvernd taldi það ekki vera á sínu valdi að rannsaka málið frekar, t.d. með því að afla upplýsinga um ip-tölu og eiganda hennar. Slíkt væri aðeins á valdi lögreglu að undangengnum dómsúrskurði. Því ætti hún þann kost einan að fella málið niður og var það gert.

Í ákvörðun hennar segir m.a.: „Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Samkvæmt framansögðu telst skráning í Felix-skrá ÍSÍ og UMFÍ, og afhending persónuupplýsinga um S, í tengslum við Íslandsmótið í Taekwondo, vera vinnsla persónuupplýsinga. Fellur mál þetta þannig undir ákvæði laga nr. 77/2000 og verkefnasvið Persónuverndar.

Persónuvernd hefur rannsakað mál þetta með þeim úrræðum sem henni eru búin að lögum. Það er ekki á hennar valdi að rannsaka það frekar, s.s. með því að fá upplýsingar um hvaða ip-tala stóð að baki umræddri færslu og upplýsa hvaða einstaklingur sé skráður fyrir henni. Slíkt er aðeins á valdi lögreglu að undangengnum dómsúrskurði. Eins og mál þetta liggur fyrir er ekki hægt að slá því föstu hver hafi skráð persónuupplýsingar um kvartanda í hina svokölluðu Felix-skrá, án samþykkis kvartanda. Með vísan til þess, og þeirra aðgerða sem Íþróttasamband Íslands hyggst grípa til til að auka öryggi vinnslunnar, er málinu lokið af hálfu Persónuverndar.“

#### **3.2.38. Viðkvæmar persónuupplýsingar sendar í almennum pósti – mál nr. 2010/1069**

Persónuvernd úrskurðaði í máli konu sem kvartaði yfir að skýrsla um greiningu á syni hennar hefði verið send með almennum pósti frá BUGL. Skýrslan týndist í meðförum póstsins. Persónuvernd taldi sendingu svo viðkvæmra upplýsinga með almennum pósti hafa verið óheimila.

Í úrskurðinum segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

### 2.

Við vinnslu persónuupplýsinga ber m.a. að fara að grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er m.a. mælt fyrir um að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess gætt að hún samrýmist vönduðum vinnsluháttum, sbr. 1. tölul.

Í 11. gr. laga nr. 77/2000 er regla um öryggi persónuupplýsinga. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. ber að gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Þá segir í 2. mgr.

11. gr. að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Einnig ber að virða reglur Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Í 4. gr. þeirra segir m.a. að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi öryggisráðstafanir og beri ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður. Markmið skipulags- og tæknilegra öryggisráðstafana sé að tryggja nægilegt öryggi og vernda persónuupplýsingar, m.a. gegn því að þær glatist. Við val öryggisráðstafana skuli taka mið af áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á. Skuli þær tryggja nægilegt öryggi með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Sé persónuupplýsingum miðlað um net skuli taka mið af þeirri áhættu sem sú aðferð hefur í för með sér.

Vegna viðkvæms eðlis slíkra persónuupplýsinga sem mál þetta varðar telur Persónuvernd, einkum í ljósi áðurnefndra krafna 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 11. gr. laga nr. 77/2000, að viðhafa beri sérstakar öryggisráðstafanir við sendingu þeirra. Auka má öryggi sendinga verulega með því að senda þær með ábyrgðarpósti. Þá ber og að nýta þær tæknilegu lausnir sem í boði eru á hverjum tíma. Þótt askilegast sé að afhenda hlutaðeigandi aðilum upplýsingar um greiningu barna sinna á fundi með þeim má, verði því ekki viðkomið, nýta ýmsa tækni til að senda þær með tryggum hætti. Kemur m.a. til greina að senda þær með dulkóðuðum rafpósti eða með notkun rafrænna skilríkja þannig að óviðkomandi geti ekki tekið við þeim.

Fyrir liggur að í þessu máli var skýrsla um niðurstöður greiningar á syni kvartanda, sem fram fór hjá BUGL, ekki tilbúin þegar haldinn var skilafundur með foreldrum drengsins og fulltrúa skólans. Var hún þess í stað send með óvörðum almennum pósti. Ljóst er að ávallt er hætt við að sendingar glatist í slíkum pósti, sérstaklega ef þær eru ekki sendar í ábyrgð. Engu að síður var það gert og í þessu tilviki glataðist umrædd skýrsla. Með því var brotið gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 7. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2000 og fyrirmælum í reglum Persónuverndar nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

#### *Úrskurðarorð:*

Barna- og unglingageðdeild Landspítalans braut gegn reglum um öryggi við meðferð persónuupplýsinga með því að senda með almennum og óvörðum pósti viðkvæmar persónuupplýsingar í skýrslu um son S og greiningu á honum.“

#### **3.2.39. Aðgangur fyrrverandi starfsmanns að tölvupósti – mál nr. 2011/477**

Persónuvernd úrskurðaði í máli fyrrverandi starfsmanns sveitarfélags um aðgang hans að tölvupósti sínum. Aðgangurinn tengdist málaferlum hans við sveitarfélagið. Fyrir lá að til þess að skoða póstin yrði hann að komast á netþjón sveitarfélagsins. Var það niðurstaða Persónuverndar að það hefði verið eðlileg öryggisráðstöfun hjá sveitarfélaginu að ákveða að maðurinn gæti ekki gert það einsamall.

Í niðurstöðunni segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.“

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu leiðir að sú aðgerð að heimila kvartanda að skoða tölvupósthólf sitt á sínum fyrri vinnustað, Seltjarnarnesbæ, og að gæta öryggis við framkvæmd þeirra aðgerðar, fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000 og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

#### 2.

Ekki er fyrir hendi ágreiningur um hvort hinn skráði eigi að fá aðgang að tölvupósti sínum hjá fyrrverandi vinnuveitanda sínum. Afmarkast úrlausnarefni máls þessa eingöngu við það að bærinn ákveði að hafa núverandi starfsmann bæjarins viðstaddan þegar fyrrum starfsmaður, þ.e. hinn skráði (kvartandi), skoðar póst sem hann bæði fékk og sendi þegar hann var enn við störf.

Almennt er það svo að þegar starfsmaður lætur af störfum er sú útstöð sem hann notaði lögð af og

pósthólf hans lokað (gert óvirkt). Eftir það verða skeyti sem kunna að liggja í hólfinu ekki skoðuð nema í gegnum netþjón viðkomandi ábyrgðaraðila. Slíkur aðgangur er í framkvæmd oftast takmarkaður við kerfis- eða öryggisstjóra ábyrgðaraðila enda ljóst að miklir öryggishagsmunir og áhætta fylgir jafnan aðgangi að netþjónum fyrirtækja og stofnana. Mun svo vera í því máli sem hér er til úrlausnar, eins og fram kemur í tölvubréfi Seltjarnarneskaupstaðar hinn 20. júní 2011.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 77/2000 ber ábyrgðaraðila að gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og fyrir óleyfilegum aðgangi. Um þetta eru einnig ákvæði í reglum nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Í 4. gr. þeirra segir að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi öryggisráðstafanir og að við val á þeim skuli hann taka mið af áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á. Varðandi tækniráðstafanir skal hafa hliðsjón af nýjustu lausnum sem í boði eru og kostnaði við framkvæmd þeirra. Þá geta öryggisráðstafanir verið skipulagslegar. Undir það falla ýmsar stjórnunarlegar aðgerðir, s.s. þær er lúta að trúnaði, ábyrgð og hlutverki einstakra starfsmanna.

Það er mat stjórnar Persónuverndar að það sé eðlileg öryggisráðstöfun í framangreindum skilningi að binda aðgang starfsmanna að netþjóni öryggisskilyrðum, hvort sem um er að ræða núverandi eða fyrrverandi starfsmenn. Eru því ekki efni til að gera athugasemd við það mat Seltjarnarnesbæjar að nauðsynlegt sé að setja það sem skilyrði að starfsmaður sé ekki einn við að skoða gögng á netþjóni, enda er það öryggisráðstöfun í samræmi við 11. gr. laga nr. 77/2000 og 4. gr. reglna nr. 299/2001.“

### **3.2.40. Óheimil framsending á tölvupósti – mál nr. 2011/482**

Kveðinn var upp úrskurður varðandi áframsendingu fyrirtækis á tölvupósti fyrrverandi starfsmanns eftir að hann lét af störfum þar. Var áframsendingin talin óheimil en ekki lá fyrir að hún hafi verið fyrirtækinu nauðsynleg til að tryggja áfram þjónustu við viðskiptavinum sína. Þá lá ekki fyrir að ekki hafi mátt stilla póstkerfið þannig að sendendur skeyta fengju skilaboð um að kvartandi hefði látið af störfum og hvert þeir gætu snúið sér.

Í úrskurðinum segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.“

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu leiðir að sú aðgerð Pennans á Íslandi ehf. að framsenda tölvupóst kvartanda í pósthólf annars starfsmanns var vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur málið þar með undir gildissvið þeirra laga, sem og valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna. [...]

Hugtakið rafræn vöktun er skilgreint í 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Undir það fellur vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit. Til rafrænnar vöktunar telst m.a. tölvupóstvöktun sem fer fram með sjálfvirkri og viðvarandi skráningu á upplýsingum um tölvupósta og tölvupóstkerfisnotkun einstakra starfsmanna. Þar undir falla einnig aðgerðir sem með beinum hætti tengjast og eru liður í þeirri vöktun, þ. á m. stillingar á því hvernig tölvupóstskilyrði eru framsend. Sú aðgerð Pennans að stilla kerfi fyrirtækisins þannig að allur póstur til kvartanda myndi sjálfkrafa framsendast í annað pósthólf var því liður í vöktun og rafrænni vinnslu í skilningi laganna.

Öll rafræn vöktun er háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi, sbr. 4. gr. laganna. Ef vöktun felur í sér vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið laganna þarf, samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna, einnig að uppfylla önnur ákvæði laganna – þ. á m. um heimild til vinnslu samkvæmt 8. gr. Í því máli sem hér um ræðir liggur ekki fyrir með ótvíræðum hætti hvort samþykki hafi verið aflað í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 8. gr., þ.e. ekki liggur fyrir hvort samþykki kvartanda hafi fengist fyrir því að tölvupóstur hans yrði sjálfkrafa framsendur öðrum.

Þótt samþykki liggja ekki fyrir geta önnur skilyrði ákvæðisins verið uppfyllt. Í 7. tölulíð segir að vinnsla persónuupplýsinga geti verið heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili eða þriðji maður, eða aðili sem

upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða, sem vernda ber lögum samkvæmt, vegi þyngra. Hér þarf og að uppfylla meginreglur 7. gr. sömu laga, m.a. um sanngirnirni og meðalhóf og að vinnsla sé með lögmætum hætti.

Ljóst er að í vissum tilvikum geta sérstakar aðstæður réttlætt áframsendingu tölvupóstskeyta þannig að skilyrði 7. tölulíðar 1. mgr. 8. gr. teljist uppfyllt. Sönnunarbyrði hvílir á Pennanum sem ábyrgðaraðila um að slíkar aðstæður hafi verið fyrir hendi og að vinnsla hafi verið honum nauðsynleg og heimil. Af hans hálfu hefur ekki verið sýnt fram á að framsending póstsins hafi verið honum nauðsynleg til að tryggja áfram þjónustu við viðskiptavinir sína. Liggur enda ekkert fyrir um að ekki hafi mátt tryggja þessa þjónustu með öðrum hætti, s.s. því að stilla kerfið þannig að sendendur skeyta fengju aðeins skilaboð um að kvartandi hefði látið af störfum og hvert þeir gætu snúið sér. Liggur því ekki fyrir að framsending á tölvupósti kvartanda til annarra hafi verið fyrirtækinu heimil samkvæmt 7. tölulíð 1. mgr. 8. gr. laganna.

#### *Úrskurðarorð:*

Framsending Pennans á Íslandi ehf. á tölvupósti Á, fyrrverandi starfsmanns fyrirtækisins, í annað pósthólf var óheimil.“

#### **3.2.41. Miðlun upplýsinga úr málaskrá lögreglu – mál nr. 2011/272**

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem kvartaði yfir því að lögregla hefði miðlað upplýsingum úr málaskrá sinni til geðlæknis sem átti að meta andlega heilsu mannsins í tengslum við umsókn hans um endurnýjun skotvopnaleyfis. Ekki lá fyrir samþykki fyrir miðluninni. Var það niðurstaða Persónuverndar að miðlunin hafi verið óheimil.

Í niðurstöðunni segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

Við meðferð máls þessa kom fram af hálfu kvartanda að hann fengi ekki aðgang að upplýsingum um sjálfan sig úr málaskrá lögreglu. Af hálfu lögreglu hefur komið fram að umbeðin gögn hafi verið tekið saman fyrir kvartanda og liggur fyrir að þau eru nú komin í hans hendur. Er því ekki lengur til staðar ágreiningur um það atriði og verður ekki um það fjallað frekar. Afmarkast úrlausnarefni máls þessa því við það hvort umrædd miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga um kvartanda frá lögreglu til S geðlæknis hafi verið heimil.

#### 2.

Upplýsingar í málaskrá lögreglu geta m.a. lotið að grun um refsiverða háttsemi, en þá teljast þær viðkvæmar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil verður að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Hér kemur til álita að til vinnslu hafi staðið samþykki hins skráða þannig að telja megi skilyrði 1. tölul. greinarinnar vera uppfyllt. Þá þarf að skoða hvort vinnslan samrýmist 2. tölul. greinarinnar, um vinnslu sem er heimil samkvæmt lögum.

#### 2.1.

Í bréfi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 22. mars 2011, er vikið að því að vinnslan hafi byggst á samþykki kvartanda. Segir að það hafi verið að hans frumkvæði sem geðlæknir hans hafi haft samband við embættið en kvartandi hefði falið honum að rita umbeðið vottorð og afhent honum afrit af bréfi embættisins. Um þetta segir m.a. í bréfi lögreglu: „Beiðni kvartanda til viðkomandi læknis um að rita vottorðið gat því ekki talist annað en samþykki hans fyrir því að veita honum aðgang að þeim gögnum sem átti að hafa til hliðsjónar við mat á andlegu heilbrigði hans og ljóst er að læknirinn hafði samþykki kvartanda fyrir því að afla þeirra.“

Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 lýtur að heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga á grundvelli samþykktis hins skráða. Hugtakið samþykki er síðan skilgreint í 7. tölul. 2. gr. laganna sem sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykktur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.

Í því máli sem hér um ræðir sýndi kvartandi lækni sínum bréf frá lögreglu þegar hann bað lækinn um að gefa út læknisvottorð. Af framangreindu ákvæði 7. tölul. 2. gr. laganna leiðir að ekki verður litið svo á að einstaklingur hafi samþykkt miðlun viðkvæmra upplýsinga með því að sýna lækni sínum slíkt bréf enda þarf hann að gefa frá sér *sérstaka yfirlýsingu* um að hann sé samþykktur vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um sig. Af því leiðir að miðlun umræddra persónuupplýsinga um kvartanda frá lögreglu til S geðlæknis var ekki heimil á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

## 2.2.

Í öðru lagi kemur til skoðunar hvort miðlun upplýsinganna hafi verið heimil, þótt hún hafi ekki samrýmt 1. tölulíð 1. mgr. 9. gr. laganna, því hún hafi samrýmt reglum um miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga úr skrá m lögreglu til þriðja aðila og þar með átt sér heimild í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna.

Um heimild til miðlunar persónuupplýsinga úr skrá m lögreglu er fjallað í 6. gr. reglugerðar nr. 322/2001, með síðari breytingum. Þar eru taldir upp þeir aðilar sem lögregla má miðla slíkum upplýsingum til. Sú upptalning er tæmandi að öðru leyti en því að hinn skráði sjálfur á rétt á upplýsingum um sig, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar, enda eigi ekki við ákvæði 9. gr. um takmarkanir á upplýsingarétti. Miðlun umræddra upplýsinga um kvartanda úr málaskrá lögreglu til S geðlæknis féll ekki undir upptalningu 6. gr. reglugerðar nr. 322/2001.

Við mat á andlegri heilsu í tengslum við endurnýjun skotvopnaleyfis er lækni heimilt að styðjast við nauðsynlegar upplýsingar úr sjúkraskrá, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár þar sem mælt er fyrir um heimild heilbrigðisstarfsmanna til aðgangs að slíkum skrá m vegna meðferðar. Telja má greiningu á einstaklingum vegna útgáfu vottorða um heilsufar falla þar undir, sbr. 3. tölul. 3. gr. laganna. Einnig verður að telja lækni mega notast við gögn sem sjúklingur sjálfur leggur fram. Þar á meðal gætu verið gögn úr skrá m lögreglu sem hann hefur sjálfur fengið aðgang að samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 322/2001. Svo var ekki í því tilviki sem hér um ræðir.

Af framangreindu leiðir að miðlun umræddra persónuupplýsinga um kvartanda frá lögreglu til S geðlæknis samrýmdist heldur ekki 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

## Úrskurðarorð:

Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var óheimilt að miðla upplýsingum úr málaskrá um B til S geðlæknis af tilfni óskar B um að fá frá S læknisvottorð.“

### 3.2.42. Synjað um leyfi til aðgangs að sjúkraskrá m Vogs – mál nr. 2010/1116

Persónuvernd synjaði umsókn tveggja nema og Rannsóknarstöðvar í heilbrigðisfræði og Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum um að fá sjúkraskrár Vogs. Um var að ræða sjúkraskrár allra sem leituðu þangað á árabílinu 1980 til og með 2009, rúmlega 20 þúsund manns. Vísindasíðanefnd og sjúkrahúsið höfðu samþykkt þetta. Samkvæmt umsókn var hvorki fyrirhugað að fræða hina skráðu um þetta né að afla samþykktis.

Í ákvörðun Persónuverndar segir m.a.: „Mál þetta lýtur að umsókn um leyfi til aðgangs að sjúkraskrá m samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997. Um er að ræða sjúkraskrár á Vogi sem hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar um alla sem leituðu þangað á árabílinu 1980 til og með 2009. Munu þeir vera rúmlega 20 þúsund talsins.“

## 1.

Áður en að Persónuvernd ákveður hvort hún gefur út leyfi til aðgangs að sjúkraskrá þarf hún að meta hvort lög geri ráð fyrir slíkri vinnslu og hún geti samrýmt þeim. Öll vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. málsgreinar 9. gr. laga nr. 77/2000. Við mat á því hvort sú vinnsla sem hér um ræðir rúmist innan vinnsluheimilda ákvæðisins ber m.a. að líta til ákvæðis 9. tölulíðar um vinnslu sem er heimil sé hún nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með



tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á. Ákvæðið er sett með hliðsjón af 4. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB þar sem segir að þrátt fyrir almennt bann við slíkri vinnslu megi, með fyrirvara um setningu viðeigandi öryggisákvæða, mæla fyrir um frekari undanþágur ef sýnt þyki að brýnir almannahagsmunir krefjist þess. Það megi annaðhvort gera í innlendum lögum eða með ákvörðun eftirlitsfirvalds.

Við skýringu á framangreindu ákvæði tilskipunarinnar þarf m.a. að líta til 29., 33. og 34. greina í formálsorðum tilskipunar 95/46/EB.

- a. Í 29. gr. segir að frekari vinnsla persónuupplýsinga í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi teljist venjulega ekki ósamrýmanleg þeim markmiðum sem voru forsenda söfnunarinnar, að því tilskildu að aðildarríkin setji viðeigandi öryggisákvæði. Þessi öryggisákvæði verða einkum að útiloka notkun upplýsinga til stuðnings ráðstöfunum eða ákvörðunum viðvíkjandi tilteknum einstaklingi.
- b. Í 33. gr. segir að upplýsingar, sem geti eðli sínu samkvæmt verið brot gegn grundvallarfrelsi eða friðhelgi einkalífs, skulu ekki teknar til vinnslu nema hinn skráði veiti afdráttarlaust samþykki sitt til þess. Þó skuli kveðið á um undanþágur frá þessu banni til að mæta tilteknum þörfum, einkum ef menn, sem eru þagnarskyldir, vinna upplýsingarnar með ákveðnu heilsufarslegu markmiði eða þær eru unnar í tengslum við lögmæta starfsemi tiltekinna samtaka eða stofnana sem hafa það að markmiði að tryggja grundvallarfrelsi.
- c. Þá segir í 34. gr. að ef sýna megi fram á að brýnir almannahagsmunir krefjist þess megi víkja frá banni um vinnslu viðkvæmra flokka upplýsinga, til dæmis á sviði almannaheilbrigðis og almannatrygginga, einkum til að tryggja gæði og hagkvæmni málsmeðferðarreglna um uppgjör krafna um bætur og þjónustu í sjúkratryggingakerfi, á sviði vísindarannsókna og opinberra hagskýrslna. Þeim beri þó skylda til að setja sértæk og viðeigandi öryggisákvæði til að vernda grundvallarréttindi manna og rétt þeirra til friðhelgi einkalífs síns.

Öll vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf, auk þess að uppfylla skilyrði 9. gr. laga nr. 77/2000, einnig að uppfylla eitthvert af skilyrðum 8. gr. Þá þarf við alla vinnslu persónuupplýsinga, að fara að grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Þar er mælt fyrir um að þess skuli gætt við meðferð persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hinu skráða lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Við beitingu laga nr. 77/2000 ber að líta til markmiðsákvæðis þeirra sem er í 1. gr. laganna. Þar kemur fram að markmið laganna er m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Í því felst að gæta þarf ákvæðis 71. gr. stjórnskrárinna og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

## 2.

Af hálfu ábyrgðaraðila liggur ekki fyrir að leita eigi samþykkis hinna skráðu, fræða þá um fyrirhugaða vinnslu né að virða sjálfsákvörðunarrétt þeirra sérstaklega. Þarf því að vera ljóst að lagaskilyrðum til þess að Persónuvernd geti samþykkt vinnsluna sé fullnægt. Forsenda þess að hún geti gert það er sú að fyrir liggja (1) að brýnir almannahagsmunir krefjist þess og (2) að viðeigandi öryggis sé gætt. Nú þegar liggur fyrir að öryggislýsing í umsókn V, A og R er ófullkomin. Á hinn bóginn er ótímabært að taka nánari afstöðu til hennar þar sem fyrst verður að liggja fyrir mat ábyrgðaraðila í samræmi við framangreint og að uppfyllt séu skilyrði 8. og 9. gr. laganna og framangreindra meginreglna 7. gr. laga nr. 77/2000. Meðal annars þarf að liggja fyrir hvort ná megi settu rannsóknarmarki án þess að miðla hinum viðkvæmu persónuupplýsingum til óviðkomandi aðila, s.s. vegna þess að annars sé ekki unnt að svara rannsóknartilgátu eða spurningu. Slíkt mat liggur ekki fyrir. Meðan svo er getur Persónuvernd ekki tekið afstöðu til þess hvort veita beri umbeðið leyfi í samræmi við 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

### *Ákvörðunarorð:*

Lagt er fyrir ábyrgðaraðila að framkvæma mat á því hvort unnt sé að svara fyrirbyggjandi rannsóknarspurningu án þess að miðla viðkvæmum persónuupplýsingum til óviðkomandi aðila. Þegar það mat liggur fyrir verður tekin ákvörðun um hvort skilyrði séu til að veita leyfi í samræmi við 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997.“

#### **3.2.43. Meint miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga frá læknastöð til móður – mál nr. 2010/1085**

Persónuvernd vísaði frá kvörtun konu yfir miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga frá læknastöð til móður sinnar. Málið var látið niður falla þar sem ekki væri komin fram sönnun um miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga.

Í ákvörðuninni segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þar undir geta m.a. fallið miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, sbr. það sem fram kemur í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, sem og b-lið 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB. Með vísan til framangreinds telst sú aðgerð að miðla persónuupplýsingum um læknaheimsóknir kvartanda vera vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000.

#### 2.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og eftir atvikum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf aðeins að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. en vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að auki að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna. Heilsufarsupplýsingar teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Auk þess sem heimild þarf að vera til vinnslu í 8. og, eftir atvikum, 9. gr. verður öllum kröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 ávallt að vera fullnægt við vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. kröfu 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. um áreiðanleika persónuupplýsinga. Í ákvæðinu segir að slíkar upplýsingar skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum; persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta.

#### 3.

Það mál sem hér er til úrlausnar lýtur að kvörtun E yfir miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga um sig frá Húðlæknastöðinni til þriðja aðila, n.t.t. móður hennar. Athugun Persónuverndar hefur hins vegar ekki leitt í ljós að umrædd miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga hafi farið fram. Aðeins liggur fyrir að miðlað hafi verið almennum upplýsingum um hana, þ.e. um skuld E við Húðlæknastöðina. Var þeim upplýsingum miðlað með því að hringja í símanúmer sem kvartandi hafði sjálf gefið upp og þar með samþykkt í verki, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, að hringt væri í það númer. Eins og mál þetta er vaxið liggur ekki fyrir að viðkvæmum persónuupplýsingum hafi verið miðlað í umræddu símtali og eru af þeim sökum ekki forsendur til frekari umfjöllunar um málið af hálfu Persónuverndar. Af þeirri ástæðu verður það fellt niður.

Með vísan til framangreinds, og í ljósi ákvæðis 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, um áreiðanleika við vinnslu persónuupplýsinga, og reglna 11. gr. um öryggisráðstafanir, hefur Persónuvernd hins vegar einnig ákveðið að leggja fyrir Húðlæknastöðina að ganga úr skugga um áreiðanleika tengiliðaupplýsinga þegar sjúklingar ná 18 ára aldri. Skal það gert þannig að eftir að þeir ná þeim aldri verði tryggt að aðeins verði hringt í sjúklingana sjálfa og ekki í aðra nema þeir hafi sjálfir sérstaklega samþykkt það.

### *Ákvörðun*

Mál þetta hefur verið rætt á fundi stjórnar Persónuverndar. Telur hún að samkvæmt framanrituðu liggja ekki fyrir að fram hafi farið sú miðlun persónuupplýsinga sem erindi kvartanda lýtur að. Þykja því ekki vera efni til frekari afskipta af málinu nema fram komi ný gögn. Verður það því látið niður falla.“

### 3.2.44. Skráning kennitölu hjá banka við sölu á gjaldeyri – mál nr. 2011/198

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns varðandi skráningu kennitölu í banka við sölu á gjaldeyri. Var það niðurstaða Persónuverndar að bankanum hefði verið óheimilt að skrá kennitölu kvartanda þegar hann seldi gjaldeyri að fjárhæð 60 evrur í útibúi bankans. Þá var lagt fyrir bankann að stöðva slíka vinnslu persónuupplýsinga fyrir 1. ágúst 2011, að viðlögðum dagsektum.

Í úrskurði Persónuverndar segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Skráning á kennitölum manna felur í sér vinnslu persónuupplýsinga í þessum skilningi og fellur mál þetta því undir valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

Um það álitaefni, sem mál þetta lýtur að, hefur þegar verið fjallað af hálfu Persónuverndar. Vísast til úrskurðar Persónuverndar, dags. 23. febrúar 2009 (mál nr. 2008/780). Í honum voru ákvæði laga nr. 64/2006 túlkuð vegna kvörtunar yfir kröfu um kennitölu við greiðslu nokkurra giróseðla. Til frekar skýringar má og vísa til álits Persónuverndar, dags. 13. mars 2006 (mál 2005/263), af tilefni kvörtunar manns yfir því að hafa ekki getað keypt gjaldeyri án þess að gefa upp kennitölu sína í KB-banka.

## 2.

### Lögmæti vinnslunnar

Svo að vinnsla persónuupplýsinga, þ. á m. kennitalna, sé heimil þarf hún að fullnægja einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar kemur í fyrsta lagi til álita að hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. Af atvikum máls þessa má ráða að þetta ákvæði á ekki við.

Í öðru lagi er í 2. tölulíð 1. mgr. 8. gr. það ákvæði að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Hér undir fellur vinnsla persónuupplýsinga um hinn skráða sem er nauðsynleg til að efna samning við hann, s.s. til að vita hverjum á að afhenda pantaða vöru. Það liggur í hlutarins eðli að sé um staðgreiðsluviðskipti að ræða á þetta skilyrði ekki við nema alveg sérstaklega standi á og fyrir liggir að af einhverjum ástæðum verði slík viðskipti ekki efnd nema kennitala sé skráð. Af hálfu Arion banka hefur því verið haldið fram að samskipti bankans við viðskiptavini sína geti ekki talist til hefðbundinna staðgreiðsluviðskipta, enda sé starfsemi bankans starfsleyfisskyld og lúti opinberu eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Þá sé milliganga um gjaldeyrisviðskipti og verslun með erlendan gjaldeyri háð leyfi frá Seðlabanka Íslands og skráningarskyld hjá Fjármálaeftirlitinu. Að mati Persónuverndar leiða þessi sjónarmið ekki til þeirrar niðurstöðu að um sé að ræða vinnslu er studd verði við ákvæði 2. tölulíðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Í þriðja lagi er í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. ákvæði um vinnslu sem er heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Hér ber að líta til laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þar er að finna fyrirmæli löggjafans um hvenær og hvernig skuli gera svonefnda áreiðanleikakönnun – en með því er átt við að viðskiptamaður skuli sanni á sér deili. Í 4. gr. þeirra er rakið hvenær gera skal slíka könnun. Þar segir, með áorðnum breytingum: [...]

Ekki hefur komið fram af hálfu ábyrgðaraðila að nokkurt framangreindra skilyrða 4. gr. laga nr. 64/2006 hafi verið uppfyllt. Þá liggur ekki fyrir að nauðsynlegt hafi verið, vegna ákvæða í öðrum lögum, að skrá kennitölu kvartanda í umrætt sinn við sölu á 60 evrum. Verður því ekki séð að vinnslan hafi samrýmst 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Í 7. tölulíð 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 segir að heimil sé vinnsla sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Í þessu felst að meta skal þá hagsmunum sem vegast á. Bæði þarf að líta til réttinda og frelslis hins skráða og lögmætra hagsmuna annarra af því að vinnslan fari fram. Af hálfu ábyrgðaraðila, Arion banka hf., hefur komið fram að bankinn skrái kennitölur því viðskipti yrðu að öðrum kosti nafnlaus en hann þurfi að geta rakið viðskipti sem eiga sér stað í honum. Þótt starfsmenn bankans leitist við að inna störf sín vel af hendi komi upp mistök sem bankinn

vilji geta leiðrétt. Þá þurfi bankinn að geta uppfyllt þær ríku almennu kröfur sem viðskiptavinir, eftirlitsaðilar, stjórnvöld, lögregla og almenningur geri til áreiðanleika þjónustu bankans. Að mati Persónuverndar er hér um að ræða lögmæta hagsmuni í skilningi 7. tölulíð 1. mgr. 8. gr. Bankinn hefur hins vegar ekki sýnt hvernig þeir vegi þyngra en hagsmunir hins skráða. Þá hagga þau atriði sem bankinn bendir á ekki því að fyrir liggur skýr ákvörðun löggjafans sem fram kemur í framangreindri 4. gr. laga nr. nr. 64/2006. Hún er sú að við slík gjaldeyrisviðskipti sem hér um ræðir skuli miða við það hvort fjárhæð sé 1.000 evrur eða hærri miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, hvort sem viðskiptin fara fram í einni færslu eða fleirum sem virðast tengjast hver annarri. Einungis löggjafinn sjálfur getur breytt þessari reglu en hvorki bankinn né einstök stjórnvöld.

Samkvæmt framangreindu verður hvorki séð að skráning á kennitölu kvartanda hafi samrýmst 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 né öðrum lagaákvæðum. Var hún því óheimil.

Til að forðast misskilning skal áréttað að ekki eru gerðar athugasemdir við að fjármálastofnanir viðhafi nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja áreiðanleika vinnslu eða girða fyrir peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Við mótun slíkra ráðstafana verður hins vegar að fara að settum lögum og gæta meðalhófs þannig að ekki fari fram ónauðsynlegt eftirlit með einstaklingum, þ. á m. þegar um er að ræða smávægileg viðskipti sem hverfandi líkur – ef einhverjar – eru á að tengist slíkri starfsemi.

### 3.

#### *Stöðvun vinnslu*

Í 40. gr. laga nr. 77/2000 kemur fram að Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skrár eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Þá segir í 1. mgr. 41. gr. að sé ekki farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. geti hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að hennar mati. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirmælum Persónuverndar sé fylgt.

Í 42. gr. laganna kemur fram að brot á ákvæðum þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngrri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

Með vísun til framangreinds hefur Persónuvernd ákveðið að leggja fyrir Arion banka hf. að láta þegar af þeirri vinnslu með persónuupplýsingar sem að samkvæmt framangreindu fer í bága við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Skal bankinn eigi síðar en 1. ágúst nk. hafa tilkynnt Persónuvernd um með hvaða hætti hann hyggst gera það.

#### *Úrskurðarorð:*

Arion banka hf. var óheimilt að skrá kennitölu J þegar hann seldi gjaldeyri að fjárhæð 60 evrur í útibúi bankans við Hlemm 8. febrúar 2011. Fyrir 1. ágúst nk. skal Arion banki hf. hafa stöðvað slíka vinnslu persónuupplýsinga sem mál þetta lýtur að.“

#### **3.2.45. Fræðsla í tengslum við spurningakönnun á netinu – mál nr. 2010/932**

Persónuvernd úrskurðaði í máli manns sem taldi sig hafa fengið ófullnægjandi fræðslu þegar hann tók þátt í könnun á netinu. Persónuvernd taldi ekki hafa verið brotið gegn reglum um fræðsluskilyldu.

Í úrskurði Persónuverndar segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.“

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Mál þetta lýtur að söfnun svara sem rekja mátti til einstakra svarenda. Teljast þau því hafa að geyma persónuupplýsingar í skilningi laganna og með söfnun svaranna fór fram rafræn

vinnsla í skilningi laganna. Af því leiðir að málið fellur undir úrskurðarvald Persónuverndar, þar með talið það álitaefni hvort veitt hafi verið tilskilin fræðsla í samræmi við fyrirmæli þeirra laga.

Í 20. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir fræðsluskyldu ábyrgðaraðila. Þar kemur fram að þegar hann aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um vinnsluna. Meðal þess sem fræða ber um eru þau atriði sem hinum skráða er nauðsynlegt að vita, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hann geti gætt lögmætra hagsmuna sinna. Markmið 20. gr. er að tryggja að hinn skráði geti á upplýstan hátt tekið ákvörðun um hvort hann vilji samþykkja vinnslu persónuupplýsinga um sig, hafi hann um það val. Skal ábyrgðaraðili hafa frumkvæði að því að veita fræðsluna.

Sú kvörtun sem mál þetta varðar lýtur að því að fræðsla sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands veitti kvartanda í tengslum við gerð könnunarinnar „Rödd ráðþega“ hafi ekki verið rétt. Fullyrt hafi verið í fræðslu að svör yrðu ekki rekjanleg en í raun hafi þau verið það.

Af hálfu ábyrgðaraðila, Félagsvísindastofnunar Íslands, hefur hins vegar komið fram að þátttakendur hafi fengið fræðslu um a) að þeim væri ekki skylt að svara spurningalistanum og b) að þegar könnuninni lyki yrði ekki hægt að rekja svör til einstaklinga. Um það sagði m.a. í inngangstexta að könnuninni:

„Þegar könnuninni er lokið verða netföng aðskilin svörum og unnið úr upplýsingum með þeim hætti að tryggt verður að ekki sé hægt að rekja svör til einstaklinga.“

Af framangreindum texta verður ekki annað ráðið en að kvartandi hafi þegar í upphafi fengið fræðslu um að svör yrðu ekki gerð órekjanleg fyrir en að unnið hefði verið úr þeim – þ.e. þegar könnuninni yrði lokið. Að mati Persónuverndar liggur því ekki fyrir að Félagsvísindastofnun Íslands hafi brotið gegn fræðsluskyldu sinni samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000 við gerð könnunarinnar „Rödd ráðþega“ – þ.e. með því að heita því ranglega að svör yrðu frá upphafi ópersónugreinanleg.“

### **3.2.46. Miðlun RÚV á upplýsingum um umsækjanda um sumarstarf – mál nr. 2011/437**

Persónuvernd úrskurðaði í máli konu sem kvartaði yfir því að RÚV hefði miðlað persónuupplýsingum um sig, þ.e. um að hún hefði sótt um tiltekið sumarstarf. Persónuvernd taldi að miðlunin hefði verið heimil.

Í úrskurði Persónuverndar segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.“

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þar undir geta m.a. fallið miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, sbr. það sem fram kemur í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, sem og b-lið 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB.

Með vísan til framangreinds telst sú aðgerð RÚV ohf. að miðla persónuupplýsingum um kvartanda, þ.e. að hann hafi sótt um auglýst störf á fréttastofu RÚV ohf., hafa verið vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur úrlausn máls þessa þar með undir verkefnasvið Persónuverndar.

## 2.

### *Lögmati miðlunar á persónuupplýsingum*

Vinnsla persónuupplýsinga er heimil ef eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, er uppfyllt. Samkvæmt 3. tölul. 8. gr. telst vinnsla heimil ef hún er nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Með lagaskyldu er átt við hvers konar skyldu sem leiðir af lagasetningu.

Í 1. mgr. 1. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 segir að þau taki til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að lögin taki til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur verið falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Segir í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til upplýsingalaga að lögin gildi að öðru leyti ekki um einkaaðila, en undir það hugtak falli m.a. „félög einkaréttarlegs eðlis, eins og hlutafélög og sameignarfélög, þótt þau séu í opinberri eigu“.

Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt hlutafélag í opinberri eigu samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 6/2007. Vegna sérákvæðis 12. gr. laganna, þar sem sérstaklega er tekið fram að upplýsingalög nr. 50/1996 gildi um

starfsemi Ríkisútvarpsins ohf., liggur þó fyrir að upplýsingalögin gilda engu að síður um aðgang almennings að gögnum í vörslum þess.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 er þeim sem lögin ná til skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál. Þó nær rétturinn ekki til gagna sem talin eru upp í 4. gr. laganna, þ.e.:

1. Fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum og skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi;
2. bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað;
3. vinnuskjala sem stjórnvald hefur ritað til eigin afnota; þó skal veita aðgang að vinnuskjöllum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá;
4. umsókna um störf hjá ríki eða sveitarfélögum og gagna sem þær varða. Þó er skylt að veita upplýsingar um nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Í því máli sem hér um ræðir liggur ekki fyrir að miðlað hafi verið öðrum persónuupplýsingum um kvartanda en þeim er greinir í framangreindu ákvæði 4. tölulíðar, þ.e. um nafn hans, heimilisfang og starfsheiti. Þá liggur ekki fyrir að þeim persónuupplýsingum hafi verið miðlað fyrir en umsóknarfrestur um umrætt starf var liðinn.

Þótt fallast megi á það með kvartanda að birting upplýsinga um nöfn umsækjenda geti í ákveðnum tilvikum valdið þeim óhagræði hagar það ekki því að löggjafinn hefur, með framangreindum ákvæðum 3. gr. og 4. tölul. 4. gr. upplýsingalaga, ákveðið að almennur aðgangur skuli vera að slíkum persónuupplýsingum sem hér um ræðir. Er því ljóst að til vinnslunnar, þ.e. til miðlunar á persónuupplýsingum um að kvartandi hefði sótt um umrætt starf hjá RÚV ohf., stóð lagaheimild í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Var miðlun persónuupplýsinganna til almennings því heimil að lögum.

#### *Úrskurðarorð:*

RÚV ohf. var heimilt að afhenda almenningi persónuupplýsingar um umsókn A um sumarstarf á fréttastofu félagsins.“

#### **3.2.47. Skráning grunnskóla á viðkvæmum persónuupplýsingum um nemanda – mál nr. 2011/231**

Persónuvernd úrskurðaði um lögmati þess þegar grunnskóli varðveitti viðkvæmar persónuupplýsingar um nemanda við skólann. Persónuvernd lagði fyrir grunnskólann að eyða þeim.

Í ákvörðun Persónuverndar segir m.a.: „Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Samkvæmt framansögðu fól umrædd færsla í dagbók Grunnskólans [...] í sér vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur þar með undir úrskurðarvald Persónuverndar að leysa úr máli sem lýtur að því hvort eyða beri færslunni úr dagbók skólans.

#### 2.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að fullnægja öllum grunnskörum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, m.a. um að persónuupplýsingar séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti (1. tölul.) og að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.). Þá skal aðeins vinna með upplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Í 26. gr. laga nr. 77/2000 er fjallað um eyðingu og bann við notkun persónuupplýsinga þótt ekki liggi fyrir að þær séu rangar eða villandi. Samkvæmt 2. mgr. getur skráður aðili krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlæt看legt út frá heildstæðu hagsmunamati, nema ákvæði annarra laga standi því í vegi.

Í því máli sem hér er til úrlausnar er hinn skráði barn sem getur ekki sjálft farið með sitt mál. Samkvæmt lögræðislögum nr. 71/1997 hefur lögráðamaður lögformlega heimild til þess að skuldbinda ólögráða einstakling. Í 51. gr. laganna er kveðið á um að foreldrar barns, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, og þeir sem barni koma í foreldra stað, ráði persónulegum högum þess. Af þessu er ljóst að það er hlutverk foreldra eða forráðamanna ólögráða barns að ráða úr málefnum þess og fara með þau réttindi og skyldur sem ella hvíldu á barninu – þar á meðal því að bera upp ósk um eyðingu upplýsinga í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000. Er því skilyrði þar af leiðandi fullnægt að umrædd ósk hafi verið borin upp af hinum skráða sjálfum.

Þá hefur ekki komið fram að lög standi því í vegi að umræddri færslu verði eytt úr dagbók Grunnskólans [...]. Kemur þá næst til skoðunar hvort það teljist réttlæt看legt, út frá heildstæðu hagsmunamati, að eyða umræddri færslu úr dagbókinni áður en hinn skráði hefur göngu í nýjum skóla. Við það mat þarf bæði að líta til þeirra hagsmuna sem ábyrgðaraðili hefur teft fram gegn eyðingu upplýsinga og þeirra hagsmuna sem tilgreindir hafa verið af hálfu hins skráða og mæla með eyðingu.

Af hálfu Grunnskólans [...] hefur komið fram að skólinn telji mikilvægt að upplýsingar sem skráðar hafa verið í Mentor séu til innan skólans á meðan viðkomandi barn er enn nemandi við skólann. Jafnvel þurfi að varðveita upplýsingar svo lengi sem nemandinn sé á grunnskólaaldri. Ástæðan sé m.a. sú að foreldrar geti þurft á upplýsingunum að halda eða þeirra sé þörf hjá félagsmálayfirvöldum. Slíkar upplýsingar séu þó aldrei sendar út frá skólanum til þriðja aðila. Ljóst er að hinn skráði, sonur kvartanda, mun hætta námi við Grunnskólann [...] og hefja nám við [...] næsta haust. Að mati Persónuverndar hefur ábyrgðaraðili, Grunnskólinn [...], ekki sýnt fram á að honum sé nauðsynlegt að varðveita umræddar upplýsingar né að miðla þeim áfram til þriðja aðila, s.s. þess skóla sem taka mun við hinum skráða næsta haust.

Varðandi hagsmuni hins skráða af eyðingu umræddrar færslu [...] hefur móðir hans bent á að ef færslan fylgi honum á milli skóla kunni hann að fá fyrirfram á sig ákveðinn „stimpil“ og áhyggjuefni sé hvaða áhrif það geti haft fyrir drenginn þegar frá líður, en hann var mjög ungur að aldri þegar atvikið átti sér stað.

Eins og fyrr segir þarf öll vinnsla persónuupplýsinga að uppfylla meginreglur 7. gr. laga nr. 77/2000. Er það mat Persónuverndar að áframhaldandi varðveisla umræddrar færslu fari í bága við framangreind ákvæði þeirrar greinar um sanngirni, málefnalegan tilgang og meðalhóf.

Þegar litið er til framangreinds telur Persónuvernd að eyða eigi færslunni. Er þá m.a. litið til þeirrar staðreyndar að þótt hún verði afmáð úr dagbók skólans verður ekki séð að hinn nýi skóli geti ekki veitt drengnum þá þjónustu sem honum ber samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Hefur Persónuvernd því ákveðið, með vísun til 3. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000, að leggja fyrir Grunnskólann [...] að eyða þeim persónuupplýsingum um son kvartanda sem koma fram í færslu í dagbók skólans um [...]. Skal það hafa verið gert eigi síðar en 10. júlí 2011.

#### *Úrskurðarorð:*

Grunnskólanum [...] ber fyrir 10. júlí 2011 að eyða persónuupplýsingum um son kvartanda sem koma fram í færslu í dagbók skólans um [...].“

### **3.2.48. Birting farþegalista á netinu – mál nr. 2011/223**

Persónuvernd tók ákvörðun í máli Icelandair varðandi birtingu farþegalista á netinu. Fallist var á skýringar Icelandair, en fyrirtækið sagði að birtingin hefði verið mistök. Hins vegar var Icelandair gert að breyta innritunarkerfi sínu þannig að eftirleidis myndu upplýsingar um vegabréfsnúmer farþega ekki birtast öðrum farþegum í sama flugi, hvort sem þeir bókðu ferð á sama bókunarnúmeri eða ekki.

Í ákvörðun Persónuverndar segir m.a.: „Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum

við 2. tölul. 2. gr. er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Samkvæmt framansögðu fellur undir úrskurðarvald Persónuverndar að leysa úr máli sem lýtur að vinnslu persónuupplýsinga um farþega sem innrita sig í flug með Icelandair á internetinu og hvort hún hafi samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000.

## 2.

### *Ferðaskrifstofubókanir*

Af hálfu ábyrgðaraðila hefur komið fram að breytingar hafi verið gerðar á innritunarkerfi Icelandair og að nú geti farþegi sem pantað hefur sér ferð með ferðaskrifstofu, í s.k. hópferð, eingöngu séð upplýsingar um sjálfan sig. Er það því mat Persónuverndar að ekki sé ástæða til að gera athugasemdir við þann þátt málsins.

## 3.

### *Einstaklingsbókanir í hópferðir*

Af hálfu ábyrgðaraðila, Icelandair, hefur komið fram að upplýsingar frá farþega um fríðindakortanúmer, fæðingardag, vegabréfsnúmer og gildistíma þess geti orðið sýnilegar öðrum farþegum sem hafa bókað ferð undir sama bókunarnúmeri. Umræddar upplýsingar hafi hann sjálfur skráð í innritunarkerfið. Hann geti þá séð upplýsingar um aðra farþega á sömu bókun og megi hver og einn farþegi vita að þær upplýsingar sem hann sjálfur skráir með þessum hætti verði aðgengilegar samferðamönnum hans.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000 og eftir atvikum 9. gr. sömu laga ef um er að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar. Í 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. segir að vinnsla sé heimil hafi hinn skráði ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr. Einnig segir í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Sambærileg ákvæði er að finna í 9. gr. sömu laga. Þá segir í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Við mat á því hvort sú aðferð sem Icelandair notar sé heimil verður að líta til eðlis þeirra upplýsinga sem um ræðir. Að mati Persónuverndar eru vegabréfsnúmer sérstaks eðlis, m.a. í ljósi almennra sjónarmiða um öryggi í flugi og öðrum samgöngum. Því er nauðsynlegt að varna því að þau séu notuð í öðrum tilgangi en lög gera ráð fyrir. Bent er á að samkvæmt lögum ber handhafa vegabréfs t.d. að varðveita vegabréf sitt þannig að ekki sé hætt á það glatt og skal tilkynna lögreglu eða sendimönnum Íslands erlendis þegar í stað ef vegabréf glatast og gera sérstaka grein fyrir afdrifum þess. Upplýsingar um vegabréfsnúmer eru því sérstaks eðlis og hafa einstaklingar um margt sömu hagsmuna að gæta við að verjast því að þær séu misnotaðar eins og um kennitölur þeirra væri að ræða.

Í 11. gr. laga nr. 77/2000 er ákvæði um gæði og öryggi persónuupplýsinga. Þar er m.a. er víkið að skyldu ábyrgðaraðila til að verja upplýsingar gegn óleyfilegum aðgangi. Þá er í 3. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000 ákvæði um skyldu ábyrgðaraðila til að gæta þess við alla vinnslu persónuupplýsinga að aðeins séu notaðar nægilegar og viðeigandi upplýsingar og ekki fara umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Með vísan til þeirra öryggiskrafna sem gera ber til meðferðar á vegabréfum, m.a. til að stemma stigu við misnotkun og hugsanlegri fölsun, þarf ábyrgðaraðili – til að uppfylla framangreind ákvæði – að draga úr hættu á að upplýsingar um vegabréfsnúmer berist óviðkomandi aðilum. Að mati Persónuverndar hefur Icelandair ekki sýnt fram á að því sé nauðsynlegt að haga vinnslu þannig að vegabréfsnúmer eins farþega verði aðgengilegt öðrum farþegum sem eiga bókaða ferð á sama bókunarnúmeri.

Af hálfu Icelandair hefur komið fram að hinum skráða megi vera ljóst að vegabréfsnúmer hans muni birtast öðrum farþegum sem eigi ferð á sama bókunarnúmeri. Persónuvernd fellst ekki á að farþegi hafi, með því að bóka sér ferð í umræddu bókunarkerfi, samþykkt í verki að aðrir samferðamenn hans fái aðgang að vegabréfsnúmeri hans. Þar skiptir bæði máli að ekki liggur fyrir að hann eigi um það val og að óljóst getur verið, sérstaklega fyrir þann sem er fyrstur til að skrá slíkar upplýsingar inn, hvernig fyrirkomulagið er að þessu leyti. Að mati Persónuverndar er því ekki fyrir að fara lagaheimild eða annarri heimild samkvæmt 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 fyrir umræddri framkvæmd Icelandair.

Af framangreindu leiðir að Icelandair ber að gera breytingar á innritunarkerfi sínu þannig að upplýsingar



um vegabréfsnúmer farþega birtist ekki öðrum farþegum í sama flugi, hvort sem þeir bóka ferð á sama bókunarnúmeri eða ekki.

*Ákvörðunarorð:*

Sú aðferð Icelandair að birta upplýsingar um vegabréfsnúmer farþega sem nota innritunarkerfi félagsins á Netinu, fyrir öðrum farþegum, er óheimil.“

**3.2.49. Álit á miðlun kennitalna símleiðis – mál nr. 2011/512**

Persónuvernd gaf út álit á heimild Þjóðskrár Íslands til að miðla kennitölum símleiðis. Í ljósi þess að hvorki í lögum um Þjóðskrá og almannaskráningu, né í reglum settum á grundvelli þeirra, væri gert ráð fyrir að Þjóðskrá Íslands miðlaði símleiðis persónuupplýsingum um kennitölur manna gæti vinnslan ekki talist eiga sér lagaheimild. Hún gæti í einstaka tilvikum samrýmt öðrum heimildum 8. gr. laga um persónuvernd – en Þjóðskrá Íslands yrði að meta það hverju sinni.

Í svari Persónuverndar segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Munnleg miðlun er þar af leiðandi vinnsla persónuupplýsinga. Hún getur fallið undir lög, s.s. ef hún er að einhverju leyti rafræn. Hér er um að ræða miðlun sem veitt er munnlega en símleiðis og úr skrá sem ÞÍ heldur og eru á stafrænu formi. Til að vinnsla teljist vera rafræn nægir að hún sé það aðeins að hluta til. Af framangreindu leiðir að um rafræna vinnslu í skilningi laganna telst vera að ræða sem fellur undir lög nr. 77/2000. Heyrir erindi þetta þar með undir verkefnasvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

2.

Svo að vinna megi með almennar persónuupplýsingar – s.s. um kennitölur manna – þarf að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000.

Þar sem ÞÍ er stjórnvald er hún bundin af lögmatísreglu stjórnisýsluréttar. Af reglunni leiðir að ákvarðanir, s.s. um vinnslu persónuupplýsinga, verða að vera í samræmi við lög og eiga sér viðhlítandi stoð í þeim. Samkvæmt 3. tölul. 8. gr. er vinnsla almennra persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til þess að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Að því er varðar lagaskyldu ÞÍ í þessum efnum þarf að líta til 19. gr. laga um Þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962.

Þar segir: „Þjóðskrá Íslands veitir upplýsingar um aðsetur manna og önnur atriði samkvæmt skráum sínum og gögnum eftir reglum sem innanríkisráðherra setur. Þjóðskrá Íslands annast útgáfu fæðingarvottorða og hliðstæðra vottorða til opinberra nota, svo sem um búsetu, hjúskaparstöðu, sambúðarskráningu og staðfestingu á dánardegi.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal ákvæði um skráningu og rekstur þjóðskrár, aðgang að skránni og innheimtu gjalds, svo sem fyrir útgáfu vottorða og skilríkja, aðgang að skránni og afnot af upplýsingum hennar.

Hagstofu Íslands er heimilt að hagnýta þjóðskrá og gögn hennar til hagskýrslugerðar. Þjóðskrá Íslands skal láta Hagstofunni í té afrit af skránni og upplýsingar úr henni eftir því sem hún óskar og án þess að gjald komi fyrir. Þjóðskrá Íslands skal jafnframt aðstoða Hagstofuna eftir fongum við að finna nöfn og heimilisföng þátttakenda í úrtaksathugunum hennar. Hagstofunni er skylt að fara með skrána og önnur gögn tengd henni sem hagskýrslugögn sem um gildir trúnaður.“

Í framangreindu ákvæði er ekki að finna fyrirmæli um að Þjóðskrá Íslands veiti upplýsingar um kennitölur manna gegnum síma. Þar segir að hún veiti upplýsingar um aðsetur manna og önnur atriði eftir reglum sem innanríkisráðherra setur. Í gildi eru reglur nr. 112/1958 um útgáfu vottorða og veitingu upplýsinga úr Þjóðskrá, settar með stoð í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 54/1962. Í 3. gr. þeirra segir:

„Þjóðskráin veitir, gegn greiðslu, hverjum sem er upplýsingar um aðsetur manna samkvæmt skrá og öðrum gögnum, sem hún hefur yfir að ráða. Þó getur Þjóðskráin orðið við tilmælum manns um, að tilteknum einkaaðilum sé ekki veitt vitneskja um aðsetur hans, ef hann hefur, að dómi Þjóðskrárinnar, réttmæta og eðlilega ástæðu til að aðsetri hans sé haldið leyndu gagnvart þeim. Ákvörðun um að leyndu aðsetri á þennan hátt gildir aðeins fyrir eitt ár í senn.

Það fer eftir mati Þjóðskrárinnar hverju sinni, hvort látnar eru í té aðrar upplýsingar en þær, er um ræðir í 1. málsg. , eða hvort synjað er um þær. Heimilt er að setja það skilyrði fyrir veitingu slíkra upplýsinga, að fyrirspyrjandi upplýsi nafn sitt og aðsetur.“

Samkvæmt framangreindu verður ekki séð að í gildandi reglum sé gert ráð fyrir því að Þjóðskrá Íslands veiti upplýsingar um kennitölur manna í gegnum síma. Skortir því að lögum heimild til þess.

Rétt er að taka fram að enda þótt skilyrði 3. tölulíðar sé ekki uppfyllt kunna önnur ákvæði að geta átt við. Samkvæmt 6. tölul. er vinnsla almennra persónuupplýsinga (s.s. miðlun kennitalna gegnum síma) heimil ef hún er nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með. Af ákvæðinu leiðir að stjórnvald getur við meðferð stjórnsýslumáls, þar sem rafræn vinnsla persónuupplýsinga fer fram, miðlað almennum persónuupplýsingum sé það nauðsynlegt við meðferð málsins. Þá getur stjórnvald miðlað almennum persónuupplýsingum til annars stjórnvalds, sé það nauðsynlegt svo að siðarnefnda stjórnvaldið geti beitt opinberu valdi. Stjórnvald getur einnig miðlað persónuupplýsingum til þriðja aðila sé það nauðsynlegt vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. Hið sama gildir sé það nauðsynlegt til að stjórnvaldið, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. Loks kann samþykki hins skráða að standa til vinnslu.

Hvort ÞÍ telji framangreind skilyrði vera uppfyllt ræðst af tilviksbundnu mati í hverju máli.

### 3.

Til frekari leiðsagnar um miðlun á upplýsingum um kennitölur manna má benda á niðurstöðu systurstofnunar Persónuverndar í Danmörku, Datasynet. Það er mál nr. 2005-632-0077, dags. 18. maí 2005. Þar er m.a. fjallað um miðlun persónuupplýsinga frá dönsku þjóðskránni (CPR), bæði beint til einkaaðila og í gegnum milliliði. Þar er m.a. vikið að upplýsingarétti hins skráða og bent á tvær leiðir sem fara megi til að tryggja hann. Þar er og að finna umfjöllun um vernduð aðsetur, þ.e. upplýsingar um þá einstaklinga sem að hér á landi er fjallað um í 1. mgr. 3. gr. reglna nr 54/1962 og hafa réttmæta og eðlilega ástæðu til að aðsetri þeirra sé haldið leyndu gagnvart tilteknum einkaaðilum. Gerður er greinarmunur á miðlun til einkaaðila og til opinberra aðila. Í 38. gr. dönsku laganna (Bekendtgørelse af lov om Det Centrale Personregister 1134/2006) er talið upp hvaða persónuupplýsingum megi miðla til einkaaðila og eru kennitölur *ekki* þar á meðal. Í álitinu er tekið fram að m.a. verði að uppfylla meginreglur laga um meðferð persónuupplýsinga. Þar segir m.a. [...]

### 4.

Hvorki er í lögum um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962, né í reglum settum á grundvelli þeirra, gert ráð fyrir að Þjóðskrá Íslands miðli símleiðis persónuupplýsingum um kennitölur manna. Slík vinnsla styðst þar af leiðandi ekki við 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Af þeim sökum er því aðeins heimilt að veita upplýsingar um kennitölur einstaklinga símleiðis að uppfyllt séu skilyrði 1.–2. eða 4.–7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þjóðskrá Íslands þarf að meta það í hverju einstöku tilviki hvort skilyrðin séu uppfyllt.“

#### **3.2.50. Ákvörðun um leyfisskyldu vegna aðgangs á heilsufarsupplýsingum vegna rannsóknar – mál nr. 2011/581**

Persónuvernd barst umsókn um leyfi til aðgangs að viðkvæmum heilsufarsupplýsingum í þágu vísindarannsóknar. Upplýsingarnar voru ekki í sjúkraskrá og féllu því ekki undir reglur um þær.

Í svariinu segir m.a.: „Vísindarannsóknir eru skilgreindar í 4. mgr. 2. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Þar er hugtakið vísindarannsóknir skilgreint á eftirfarandi hátt: „Rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 29. gr. á rannsókninni verður að hafa leitt í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd hennar“.

Í því tilviki sem hér um ræðir er um að ræða aftursýna rannsókn þar sem eingöngu er farið í fyrirbyggjandi skrár ábyrgðaraðila, í þessu tilviki Landspítala háskólasjúkrahúss. Persónuvernd hefur borist afrit af bréfi lækningaforstjóra Landspítalans til yðar, dags. 11. maí 2011, þar sem yður er heimilað að framkvæma rannsóknina á Landspítalanum og jafnframt veittur aðgangur að gögnum spítalans í þágu rannsóknarinnar. Samkvæmt leyfisumsókn yðar er fyrirhugað að afla rannsóknargagna úr sérstökum aðgangsstýrðum tilkynningargrunni sem haldinn er á skrifstofu mannauðsmála hjá Landspítalanum. Samkvæmt símtali starfsmanns Persónuverndar við yður, dags. 9. júní 2011, kom jafnframt fram að umræddur gagnagrunnur sé andlag fyrir/notaður í gæðaverkefni spítalans.

Aðgangur að sjúkraskrár vegna vísindarannsókna í skilningi 4. mgr. 2. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga er háður leyfi Persónuverndar, sbr. og 33. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þegar um er að ræða aftursýna vísindarannsókn þar sem rannsakandi fær aðgang að öðrum upplýsingum en sjúkraskrárupplýsingum, s.s. hér er ástatt, telur stjórn Persónuverndar ekki vera þörf á sérstöku leyfi stofnunarinnar eins og almennt gildir ef um sjúkraskrárupplýsingar ræðir. Þér og aðrir rannsakendur starfið fyrir ábyrgðaraðila þeirra rannsóknargagna sem fyrirhugað er að nota í þágu rannsóknarinnar „Stunguóhöpp og líkamsvessamengun hjá starfsfólki Landspítalans á árunum 1986–2011“. Er því ekki um miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga til þriðja aðila að ræða heldur er eingöngu farið í fyrirbyggjandi skrár og gagnagrunna LSH. Er það mat stjórnar Persónuverndar að umrædd vísindarannsókn falli hvorki undir leyfisskylda samkvæmt 33. gr. laga nr. 77/2000 né undir ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 712/2008, um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd leiðbeinir yður að lokum um að nauðsynlegt er að tilkynna rannsókn yðar til stofnunarinnar, sbr. 31. og 32. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. reglur nr. 712/2008 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningareyðublað er að finna á heimasíðu Persónuverndar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is) (undir hnappinum „Tilkynningar“), og má senda tilkynninguna rafrænt þáðan.“

### **3.2.51. Afhending nafnalista innan stéttarfélags – mál nr. 2011/450**

Persónuvernd úrskurðaði um afhendingu nafnalista yfir félagsmenn VR til frambjóðenda í kjöri til formanns og stjórnar félagsins. Persónuvernd taldi að afhendingin hefði verið heimil þar sem hún hefði verið liður í lögmætri starfsemi samtakanna og hefði aðeins tekið til félagsmanna.

Í úrskurðinum segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Af framangreindu leiðir að afhending persónuupplýsinga um kvartanda, við afhendingu kjörskrár til frambjóðenda við kjör á einstaklingum til setu í stjórn félagsins og við kjör formanns félagsins, fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000, sem og valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

#### 2.

Samkvæmt e-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 eru upplýsingar um stéttarfélagsaðild viðkvæmar persónuupplýsingar. Samkvæmt 9. gr. þeirra laga er vinnsla slíkra upplýsinga óheimil nema uppfyllt sé eitthvað af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og ennfremur eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. segir að vinnsla sé heimil sé hún framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau. Í lokamálslið tölulíðsins segir að þó megi ekki *miðla* slíkum upplýsingum áfram án samþykkis hins skráða. Með miðlun persónuupplýsinga er hins vegar almennt, í skilningi laga nr. 77/2000, átt við að þær séu afhentar einhverjum öðrum en hinum skráða, ábyrgðaraðila eða vinnsluáðila

eða starfsmönnum sem vinna undir þeirra stjórn. Þegar upplýsingar eru afhentar með þeim hætti sem um ræðir í þessu máli, þ.e. innan félags í samræmi við reglur sem gilda um starfsemi þess og vegna kosningar þess til stjórnar, telst ekki vera um að ræða miðlun í framangreindum skilningi.

Við mat á því hvort vinnslan hafi samrýmst ákvæði 5. töluliðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 ber að líta til 20. gr. laga VR. Þar er vísað til reglugerðar ASÍ um leynilega allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ. Í 2. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar segir að meðmælendur hvers lista eða tillögu (uppástungu) hafi rétt til að fá sameiginlega eitt afrit af kjörskrá ásamt skuldalista, um leið og atkvæðagreiðsla er auglýst. Þá segir einnig að óheimilt sé að afrita kjörskrá og/eða dreifa með nokkrum hætti. Að mati Persónuverndar var afhending persónuupplýsinga um kvartanda við afhendingu kjörskrár til frambjóðenda við kjör á einstaklingum til setu í stjórn félagsins og við kjör formanns félagsins, liður í lögmætri starfsemi samtakanna og uppfyllti það skilyrði töluliðarins að taka aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem eru í reglubundnum tengslum við þau. Samrýmdist vinnslan því skilyrði 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf, auk þess að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr., að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. Samkvæmt 7. tölulið 1. mgr. 8. gr. er heimil vinnsla sem er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra. Að mati Persónuverndar má, að virtum lögum VR og því í hvaða tilgangi nafn kvartanda var afhent frambjóðendum, líta svo á að þetta skilyrði hafi verið uppfyllt enda hefur kvartandi ekki bent á með hvaða hætti réttindi hans eða frelsi hafi vegið þyngra á metunum en lögmætir hagsmunir af lögmætri framkvæmd kosninga til stjórnar félagsins. Samrýmdist vinnslan því skilyrði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

#### *Úrskurðarorð:*

VR var heimilt að afhenda upplýsingar um S við afhendingu kjörskrár til frambjóðenda við kjör á einstaklingum til setu í stjórn félagsins og við kjör formanns félagsins.“

#### **3.2.52. Miðlun upplýsinga úr fæðingaskrá – mál nr. 2011/189**

Persónuvernd gaf álit á miðlun landlæknis til Hagstofu Íslands á persónuupplýsingum úr fæðingaskrá. Var miðlunin talin heimil en lagt fyrir þessar stofnanir að senda Persónuvernd lýsingu á öryggisráðstöfunum sínum til að hindra aðgang óviðkomandi að upplýsingunum – og til að verja þær að öðru leyti. Þá var lagt fyrir bæði landlækni og hagstofuna að senda Persónuvernd tilkynningar, um meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga úr fæðingaskrá, í samræmi við 31. gr. laga nr. 77/2000.

Í niðurstöðunni segir m.a.: „Samkvæmt 6. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 skal Persónuvernd tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga. Með vísun til þessa hlutverks tjáir hún sig um þá spurningu sem Hag- og upplýsingadeild Landspítalans hefur borið upp og lýtur að miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga úr fæðingaskrá til Hagstofu Íslands.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf einhverju skilyrða 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, að vera fullnægt. Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil þarf að auki að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. sömu laga. Þá þarf einnig ávallt að vera fullnægt öllum skilyrðum 1. mgr. 7. gr. laganna um sanngirni, meðalhóf og áreiðanleika við vinnslu persónuupplýsinga. Samkvæmt a- og c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna teljast upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir, trúar- og aðrar líffskoðanir og heilsuhagi til viðkvæmra persónuupplýsinga.

Samkvæmt 3. tölul. 8. gr. og 2. tölul. 9. gr. telst vinnsla heimil ef hún er nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Í 5. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð segir:

„Hagstofunni er heimilt að krefja stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri um gögn og upplýsingar sem hún þarfnast til hagskýrslugerðar sennar samkvæmt lögum þessum og er þeim skylt að veita henni upplýsingarnar á því formi sem hún óskar eftir eða um semst og innan þeirra tímamarka sem hún ákveður. Hagstofan skal jafnan upplýsa í hvaða tilgangi gagna er aflað, hvernig úrvinnslu verði háttað, gögn varðveitt og niðurstöður birtar“

Í 6. gr. sömu laga segir jafnframt: [...]

Af framangreindum ákvæðum laga nr. 137/2006 má ráða að rúmar heimildir standa til vinnslu í þágu

hagtölugerðar. Í ljósi þeirra getur miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga frá landlækni til Hagstofu Íslands, þ.e. á upplýsingum úr fæðingaskrá, samrýmst 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Persónuvernd minnir hins vegar á skyldu ábyrgðaraðila til að gæta ákvæða 11. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Í 2. mgr. 11. gr. segir jafnframt að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Þá eru ákvæði í reglum nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga, en markmið þeirra er að tryggja öryggi við vinnslu persónuupplýsinga; tryggja eðlilega leynd upplýsinganna, lögmætan aðgang að þeim, gæði þeirra og áreiðanleika.

Landlæknir er ábyrgðaraðili þeirra skráa sem hann heldur, þar á meðal fæðingaskráar, sbr. 1. tölul. 2. mgr. og 4. mgr. 8. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni. Honum ber þ.a.l. að tryggja öryggi umræddra persónuupplýsinga meðan hann ber ábyrgð á þeim og skal hann senda Persónuvernd tilkynningu í samræmi við 31. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir að sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga skuli tilkynna Persónuvernd um slíka vinnslu, á þar til gerðu formi, tímanlega áður en hún hefst.

Sömuléiðis ber Hagstofu að gæta sömu reglna og laga um öryggi og tilkynningarskyldu. Þá er minnt á ákvæði 12. gr. laga nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands. Þar segir að Hagstofunni sé skylt að varðveita öll tölfræðigögn um einstaklinga og lögaðila tryggilega og beita viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja öryggi gagna. Trúnaðargögnum til hagskýrslugerðar skal eytt að lokinni hagnýtingu þeirra nema ástæða þyki til að varðveita þau til frekari rannsókna innan eða utan Hagstofunnar, en þá skal afmá persónuauðkenni þeirra eða dylja. Ákvæði laga um skilaskyldu til Þjóðskjalasafns gilda ekki um trúnaðargögn til hagskýrslugerðar og þeim skal ekki komið fyrir til geymslu þar. Hagstofan skal setja sérstakar reglur um öryggi og varðveislu trúnaðargagna – þar á meðal um varðveislu eða eyðingu pappírsgagna, hvort eða hvenær skuli eyða tölvugögnum og afmá eða dylja auðkenni þess háttar gagna.

#### *Niðurstaða:*

Landlækni er heimilt að miðla til Hagstofu Íslands þeim upplýsingum sem hún hefur beðið um að fá úr fæðingaskrá. Persónuvernd hefur tekið ákvörðun um að leggja fyrir landlækni og Hagstofu Íslands að senda Persónuvernd lýsingu á þeim öryggisráðstöfunum sem þeir beita, í samræmi við fyrirmæli reglna nr. 299/2001, til að hindra aðgang óviðkomandi að upplýsingunum og til að verja þær að öðru leyti. Bæði landlækni og Hagstofu Íslands ber að senda Persónuverndar tilkynningar, um meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga úr fæðingarskrá, í samræmi við 31. gr. laga nr. 77/2000.“

#### **3.2.53. Um leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 – mál nr. 2012/733**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn fjármálfyrirtækis um hvort vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt tilmælum FME samrýmdu lögum um persónuvernd. Þá var spurt hvort starfsmenn gætu neitað að afhenda upplýsingarnar. Þess var óskað að Persónuvernd gerði frumkvæðisrannsókn á lögmæti tilmæla FME. Persónuvernd benti á að það er hlutverk dómstóla og eftir atvikum umboðsmanns Alþingis að leysa úr ágreiningsefnum um lögmæti reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla. Þá var bent á að almennt geti menn sagt nei við vinnslu persónuupplýsinga um sig, nema lög mæli fyrir um annað.

Í svari Persónuverndar segir m.a.: „Í bréfi yðar er spurt hvort fyrirhuguð vinnsla fjármálfyrirtækjanna á viðkvæmum persónuupplýsingum og upplýsingum um fjárhagsmálefni starfsmanna þeirra samræmist II. kafla laga nr. 77/2000. Minnt er á að það er skylda og hlutverk ábyrgðaraðila sjálfra, hér viðkomandi fjármálfyrirtækja, að meta og taka afstöðu til þess hvort þau hafi að lögum heimild til sérhverrar vinnslu persónuupplýsinga á sínum vegum.

Til leiðsagnar er bent á að öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stoð í einhverju af heimildarákvæðum 1. mgr. 8. gr. Ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða þarf einnig að uppfylla eitthvert af skilyrðunum í 1. mgr. 9. gr. laganna. Það hvaða upplýsingar eru viðkvæmar er skýrt í 8. tölul. 2. gr. laganna. Auk þess þarf öll vinnsla að samrýmast meginreglunum í 7. gr.

Almennt gæti slík vinnsla sem hér um ræðir stuðst við samþykki hins skráða, sbr. 1. tölulíð 1. mgr. 8. gr. – að uppfylltum skilyrðum 7. gr. Þá getur vinnsla persónuupplýsinga verið nauðsynleg til að fullnægja

lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 8. gr. Það hvort svo sé ræðst m.a. af því hvort umrædd tilmæli FME hafi aðeins að geyma almenna leiðsögn eða hvort um stjórnvaldsfyrirmæli sé að ræða. Um það atriði telur Persónuvernd eðlilegt að þér leitið svara FME.

Vegna óskar um að Persónuvernd geri frumkvæðisrannsókn á lögmæti tilmæla FME, og athugasemdar um að tilmælin hafi ekki lagastöð, er bent á að það er hlutverk dómstóla og eftir atvikum umboðsmanns Alþingis að leysa úr ágreiningsefnum um lögmæti reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla. [...]

Í bréfi yðar er einnig spurt hvort hinn skráði geti neitað að afhenda ábyrgðaraðila (hér tilt. fjármálfyrirtæki) persónuupplýsingar um sjálfan sig. Almenna svarið er já. Það er meginreglan að maður geti sagt nei við vinnslu persónuupplýsinga um sig, nema lög mæli fyrir um annað. Að sama skapi gera löginn ráð fyrir því að vinnsla sé heimil samþykki hinn skráði hana, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Samþykki til vinnslu persónuupplýsinga þarf hins vegar að uppfylla ýmis skilyrði, m.a. verður það að vera fjálst og óþvingað. Hafi hinn skráði veitt samþykki vegna þess að honum hefur þótt hann vera nauðbeygður til þess, s.s. vegna þess að hann myndi að öðrum kosti geta misst vinnuna, gæti niðurstaðan orðið sú að samþykki hans hafi verið ógilt. Niðurstaðan ræðst af mati á aðstæðum hverju sinni.

Berist Persónuvernd kvartanir tekur hún þær til efnislegrar meðferðar eftir því sem efni standa til. Lúti ágreiningur að því hvort samþykki hafi í raun staðið til vinnslu þarf að skoða aðstæður í tilvikum kvartanda. Almenn tilvísun sönnunarbyrði um að samþykki til vinnslu persónuupplýsinga liggja fyrir á hlutaðeigandi ábyrgðaraðila (fjármálfyrirtæki). Haldi hinn skráði því hins vegar fram að hann hafi verið beittur einhvers konar nauðung til að samþykkja vinnslu persónuupplýsinga um sig ber hann almennt sönnunarbyrði um það atriði.“

### **3.2.54. Svikabnappur Vinnuálagstofnunar – mál nr. 2010/1040**

Persónuvernd fjallaði um hnappa, sem sum stjórnvöld höfðu sett á vefsíður sínar, fyrir nafnlausar ábendingar um meint svik o.þ.h. Niðurstaða hennar var sú að það samrýmdist ekki grundvallarreglum um vandaða vinnsluhætti að stjórnvöld hvettu menn með þeim hætti til að koma fram í skjóli nafnleyndar. Persónuvernd lagði fyrir stofnanirnar að gæta öryggis við vinnslu persónuupplýsinga sem tengjast ábendingum um hugsanleg brot einstaklinga gegn lögum um atvinnuleysisstryggingar eða skattalögum.

Í ákvörðun um hnapp *Vinnuálagstofnunar* segir m.a.: „Þau lög, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.“

Pegar stjórnvald opnar gátt á vefsíðu sinni fyrir tilkynningar um meint lögbrot geta borist persónuupplýsingar um þá gátt, þ. á m. um að einstaklingar séu grunaðir um brot. Af því leiðir að í notkun upplýsingagáttarinnar felst vinnsla persónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 77/2000.

2.

*Lagaumbverfi og sjónarmið*

2.1.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að samrýmast einhverri af kröfum 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá verður vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, s.s. um grun um refsiverða háttsemi, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. sömu laga, að samrýmast einhverju af viðbótarskilyrðum 9. gr. laganna.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

## 2.2.

Vinnuhópur samkvæmt 29. gr. persónuverndartilskipunarinnar, nr. 95/46/EB, hefur gefið út álit varðandi nafnlausar ábendingar um upplýsingagáttir fjölþjóðlegra fyrirtækja um meint lögbot þar sem byggt er á sömu grunnreglum og mælt er fyrir um í 7. gr. laga nr. 77/2000, en þær eiga sér samsvörum í 6. gr. tilskipunarinnar. Í áliti vinnuhópsins, sem skipaður er fulltúum persónuverndarstofnana í ESB, auk þess sem sömu stofnanir EFTA-ríkjanna hafa þar áheyrnaraðild, kemur fram sú afstaða að slíkar nafnlausar ábendingar séu varasamar í ljósi þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem sé samfara þeim. Í ljósi þessa telur vinnuhópurinn að almennt eigi aðeins að taka við tilkynningum undir nafni. Hins vegar skuli nafn viðkomandi ekki gefið upp gagnvart þeim sem ásökun lýtur að nema þegar vísitandi hefur verið send röng tilkynning og sá sem tilkynnt var um hyggst leita réttar síns gagnvart tilkynnanda af því tilefni, t.d. með því að höfða meidyrðamál (bls. 11 og 15 í álitinu).

## 2.3.

Í tengslum við mál þetta má líta til 19. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í 1. mgr. þeirrar greinar segir að hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skuli segja á sér deili. Er þar um að ræða tilkynningar um að börn búi við óviðunandi uppeldisástæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Hafi menn ástæðu til að ætla að um slíkt sé að ræða er þeim skylt að senda barnaverndarnefnd tilkynningu þar að lútandi, sbr. m.a. 16. gr. laganna. Ef tilkynnandi samkvæmt þeirri grein óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Eins og nefnt var hér að framan gera barnaverndarlög hins vegar ráð fyrir að nefndin viti ávallt hver tilkynnandi sé.

Þó svo að þetta ákvæði gildi ekki um tilkynningar til Vinnumálastofnunar má hafa hliðsjón af því í máli þessu. Nánar tiltekið má ráða af ákvæðinu þá afstöðu löggjafans að vafasamt geti verið, í ljósi sjónarmiða um gagnsæja málsmeðferð, að stjórnvöld veiti sérstaklega kost á nafnlausum ábendingum um meint lögbot. Í því sambandi má nefna að í athugasemdum við umrætt ákvæði í því frumvarpi, sem varð að barnaverndarlögum, kemur fram að ítarlegt hagsmunamat liggur að baki ákvæðum þess. Eins og segir í athugasemdunum geta barnaverndarnefndum óumbeðið borist nafnlausar tilkynningar þrátt fyrir umrætt ákvæði. Tekið er fram að engu að síður geti þá verið fullt tilefni fyrir barnaverndarnefnd til að hefja rannsókn máls og grípa til ráðstafana ef því sé að skipta. Ekki er því um að ræða bann við að mál séu tekin upp á grundvelli nafnlausra ábendinga, en ljóst er hins vegar að barnaverndarnefndir eiga ekki að veita kost á þeim.

## 3.

### *Niðurstaða Persónuverndar*

#### 3.1.

Persónuvernd telur ljóst að Vinnumálastofnun megi vinna með persónuupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlits stofnunarinnar, sbr. ákvæði 3. og 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Í ljósi þeirra sjónarmiða, sem rakin eru hér að framan, telur Persónuvernd hins vegar að það samrýmist ekki kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngirni, áreiðanleika, meðalhóf og vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga að veita sérstaklega kost á nafnlausum, skriflegum ábendingum um meint lögbot einstaklinga, enda eykur það m.a. hættuna á því að til Vinnumálastofnunar berist óáreiðanlegar upplýsingar um einstaklinga og tilkynningar sem byggjast á ómálefnalegum sjónarmiðum.

Af hálfu Persónuverndar er litið svo á að það að gera beinlínis ráð fyrir nafnlausum ábendingum á heimasíðu Vinnumálastofnunar feli í sér hvatningu af ákveðnum toga til slíkra ábendinga. Það fær ekki samrýmist framangreindum kröfum 7. gr. varðandi rafræna vinnslu persónuupplýsinga að Vinnumálastofnun bjóði upp á sérstakan ábendingahnapp á vefsíðu sinni fyrir slíkar „nafnlausar“ ábendingar um einstaklinga.

Tekið er fram að framangreint á ekki við um þær nafnlausu ábendingar sem berast munnlega, s.s. með símtölum eða ef fólk mætir í eigin persónu til Vinnumálastofnunar, enda falla þær ekki undir gildissvið laga nr. 77/2000.

#### 3.2.

Rétt er að undirstrika að Persónuvernd er ekki með ákvörðun þessari að banna stjórnvöldum að taka við nafnlausum ábendingum, enda geta hvorki stjórnvöld né aðrir komið í veg fyrir að sér berist skrifleg erindi ýmist frá þeim sem ekki vilja láta nafn síns getið eða aðilum sem reyna að villa á sér heimildir. Þótt stjórn-

völd geti þannig ekki varist því að þurfa að einhverju marki að taka við slíkum erindum ber þeim að standa að meðferð þeirra persónuupplýsinga sem þannig berast með vönduðum hætti og í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000.

Í ljósi þess er í fyrsta lagi bent á að greina ber rétt frá staðreyndum um að allar ábendingar er unnt að rekja til þeirra sem senda þær. Á vefsíðu Vinnumálastofnunar segir að ábendingar geti verið *nafnlausar*. Þetta er villandi í ljósi þess að þegar fólk veitir slíkar upplýsingar á Netinu eru þær jafnan persónugreinanlegar því með IP-tölum og greiningartólum er unnt að rekja nær alla fjarskiptaumferð til ákveðinna tölva og notenda þeirra. Til dæmis getur komið til þess að lögregla reki hvaðan ábending kemur sjáí hún ástæðu til að fá upplýst um hver hafi sent hana þar sem rannsóknarhagsmunir krefjast þess. Það er ekki á forræði Vinnumálastofnunar að lofa því að slíkt verði ekki gert.

Í öðru lagi ber að gæta nægra öryggisráðstafana svo ekki skapist sérstök hætta á því að upplýsingar um tilkynnendur berist óviðkomandi aðilum. Ákvæði um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga er í 11. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt henni skal ábyrgðaraðili gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Þessi skylda hvílir á öllum ábyrgðaraðilum vinnslu – bæði stjórnvöldum og öðrum.

Í samræmi við framangreind sjónarmið telur Persónuvernd varhugavert að stjórnvöld geri ráð fyrir að trúnaðarupplýsingar eða viðkvæmar persónuupplýsingar berist með almennum tölvupósti þar sem ekki er gætt sérstaks öryggis. Þess í stað má t.d. nota sérstakan búnað sem tryggir öryggi rafrænna gagna, s.s. dulkóðunarforrit fyrir tölvupóst. Þá ber að gæta öryggis persónuupplýsinga sem sendar eru á sérstökum ábendingarformum á heimasíðum stjórnvalda, ætluðum fyrir tilkynningar sem hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Það skal einkum gert með dulkóðun (s.s. SSL/TSL). Stjórnvöldum ber einnig að gæta að því hvernig þau staðfesta móttöku á innkomnum erindum eða svara þeim. Gæta skal þess að leiðrétta óáreiðanlegar, rangar og villandi upplýsingar. Loks er minnt á reglur 20. og 21. gr. um fræðslu og 18. og 19. gr. um rétt einstaklinga til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig. Þessar reglur gilda ávallt þegar unnið er rafrænt með upplýsingar um einstaklinga.

#### *Ákvörðunarorð:*

Það samrýmist ekki sjónarmiðum 7. gr. laga nr. 77/2000 að Vinnumálastofnun hvetji til nafnlausra ábendinga með því að veita sérstaklega kost á slíkum ábendingum um meint bótasvik einstaklinga á heimasíðu sinni. Gæta ber viðhlítandi öryggisráðstafana til að tryggja öryggi persónuupplýsinga sem tengjast ábendingum sem stofnuninni berast um hugsanleg brot einstaklinga gegn lögum um atvinnuleysistryggingar.“

#### **3.2.55. Svikabnappur RSK – mál nr. 2010/1040**

Persónuvernd fjallaði um hnappa, sem sum stjórnvöld höfðu sett á vefsíður sínar, fyrir nafnlausar ábendingar um meint svik o.þ.h. Niðurstaða hennar var sú að það samrýmdist ekki grundvallarreglum um vandaða vinnsluhætti að stjórnvöld hvettu menn með þeim hætti til að koma fram í skjóli nafnleyndar. Persónuvernd lagði fyrir stofnanirnar að gæta öryggis við vinnslu persónuupplýsinga sem tengjast ábendingum um hugsanleg brot einstaklinga gegn lögum um atvinnuleysistryggingar eða skattalögum.

Í ákvörðun um hnapp *Ríkisskattstjóra* segir m.a.: „Þau lög, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Þegar stjórnvald opnar gátt á vefsíðu sinni fyrir tilkynningar um meint lögbrot geta borist persónuupplýsingar um þá gátt, þ. á m. um að einstaklingar séu grunaðir um brot. Af því leiðir að í notkun upplýsingagáttarinnar felst vinnsla persónuupplýsinga sem fellur undir lög nr. 77/2000.

Hins vegar er ljóst að um upplýsingagáttina kunna einnig að berast upplýsingar sem varða lögaðila en ekki einstaklinga. Það sem hér fer á eftir á ekki við um slíkar upplýsingar.



## 2.

### *Lagaumbhverfi og sjónarmið*

#### 2.1.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að samrýmast einhverri af kröfum 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá verður vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, s.s. um grun um refsiverða háttsemi, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. sömu laga, að samrýmast einhverju af viðbótarskilyrðum 9. gr. laganna.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

#### 2.2.

Vinnuhópur samkvæmt 29. gr. persónuverndartilskipunarinnar, nr. 95/46/EB, hefur gefið út álit varðandi nafnlausar ábendingar um upplýsingagáttir fjölþjóðlegra fyrirtækja um meint lögbrot þar sem byggt er á sömu grunnreglum og mælt er fyrir um í 7. gr. laga nr. 77/2000, en þær eiga sér samsvörum í 6. gr. tilskipunarinnar. Í áliti vinnuhópsins, sem skipaður er fulltúum persónuverndarstofnana í ESB, auk þess sem sömu stofnanir EFTA-ríkjanna hafa þar áheyrnaraðild, kemur fram sú afstaða að slíkar nafnlausar ábendingar séu varasamar í ljósi þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem sé samfara þeim. Í ljósi þessa telur vinnuhópurinn að almennt eigi aðeins að taka við tilkynningum undir nafni. Hins vegar skuli nafn viðkomandi ekki gefið upp gagnvart þeim sem ásökun lýtur að nema þegar vísitandi hefur verið send röng tilkynning og sá sem tilkynnt var um hyggst leita réttar síns gagnvart tilkynnanda af því tilefni, t.d. með því að höfða meiðyrdamál (bls. 11 og 15 í álitinu).

#### 2.3.

Í tengslum við mál þetta má líta til 19. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Í 1. mgr. þeirrar greinar segir að hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skuli segja á sér deili. Er þar um að ræða tilkynningar um að börn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Hafi menn ástæðu til að ætla að um slíkt sé að ræða er þeim skylt að senda barnaverndarnefnd tilkynningu þar að lútandi, sbr. m.a. 16. gr. laganna. Ef tilkynnandi samkvæmt þeirri grein óskar nafnleyndar gagnvart öðrum en nefndinni skal það virt nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Eins og nefnt var hér að framan gera barnaverndarlög hins vegar ráð fyrir að nefndin viti ávallt hver tilkynnandi sé.

Þó svo að þetta ákvæði gildi ekki um tilkynningar til Ríkisskattstjóra má hafa hliðsjón af því í máli þessu. Nánar tiltekið má ráða af ákvæðinu þá afstöðu löggjafans að vafasamt geti verið, í ljósi sjónarmiða um gagnsæja málsmedferð, að stjórnvöld veiti sérstaklega kost á nafnlausum ábendingum um meint lögbrot. Í því sambandi má nefna að í athugasemdum við umrætt ákvæði í því frumvarpi, sem varð að barnaverndarlögum, kemur fram að ítarlegt hagsmunamat liggur að baki ákvæðum þess.

Eins og segir í athugasemdunum geta barnaverndarnefndum óumbeðið borist nafnlausar tilkynningar þrátt fyrir umrætt ákvæði. Tekið er fram að engu að síður geti þá verið fullt tilefni fyrir barnaverndarnefnd til að hefja rannsókn máls og grípa til ráðstafana ef því sé að skipta. Ekki er því um að ræða bann við að mál séu tekin upp á grundvelli nafnlausra ábendinga, en ljóst er hins vegar að barnaverndarnefndir eiga ekki að veita kost á þeim.

## 3.

### *Niðurstæða Persónuverndar*

#### 3.1.

Persónuvernd telur ljóst að Ríkisskattstjóri megi vinna með persónuupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlits embættis hans, sbr. ákvæði 3. og 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga

nr. 77/2000. Í ljósi þeirra sjónarmiða, sem rakin eru hér að framan, telur Persónuvernd hins vegar að það samrýmist ekki kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngirni, áreiðanleika, meðalhóf og vandaða vinnslu-hætti persónuupplýsinga að veita sérstaklega kost á nafnlausum, skriflegum ábendingum um meint lögprot einstaklinga, enda eykur það m.a. hættuna á því að til Ríkisskattstjóra berist óáreiðanlegar upplýsingar um einstaklinga og tilkynningar sem byggjast á ómálefnalegum sjónarmiðum.

Af hálfu Persónuverndar er lítið svo á að það að gera beinlínis ráð fyrir nafnlausum ábendingum á heimasíðu Ríkisskattstjóra feli í sér hvatningu af ákveðnum toga til slíkra ábendinga. Það fær ekki samrýmst framangreindum kröfum 7. gr. varðandi rafræna vinnslu persónuupplýsinga að Ríkisskattstjóri hvetji þegnana til að fara huldu höfði með því að bjóða þeim á vefsíðu sinni sérstakan hnapp þar sem tekið er sérstaklega fram að **ekki** sé nauðsynlegt að fylla út nafn, tölvupóstfang eða annað þegar bent sé á meinta, svarta vinnu eða önnur skattundanskot.

Teikið er fram að framangreint á ekki við um þær nafnlausu ábendingar sem berast munnlega, s.s. með símtölum eða ef fólk mætir í eigin persónu til skattyfirvalda, enda falla þær ekki undir gildissvið laga nr. 77/2000.

### 3.2.

Rétt er að undirstrika að Persónuvernd er ekki með ákvörðun þessari að banna stjórnvöldum að taka við nafnlausum ábendingum, enda geta hvorki stjórnvöld né aðrir komið í veg fyrir að sér berist skrifleg erindi ýmist frá þeim sem ekki vilja láta nafns síns getið eða aðilum sem reyna að villa á sér heimildir. Þótt stjórnvöld geti þannig ekki varist því að þurfa að einhverju marki að taka við slíkum erindum ber þeim að standa að meðferð þeirra persónuupplýsinga sem þannig berast með vönduðum hætti og í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000.

Í ljósi þess er í fyrsta lagi bent á að greina ber rétt frá staðreyndum um að allar ábendingar er unnt að rekja til þeirra sem senda þær. Af vefsíðu Ríkisskattstjóra virðist mega ráða að ábendingar geti verið nafnlausar. Það getur verið villandi í ljósi þess að þegar fólk veitir slíkar upplýsingar á Netinu eru þær jafnan persónugreinanlegar því með IP-tölum og greiningartólum er unnt að rekja nær alla fjarskiptaumferð til ákveðinna tölva og notenda þeirra. Til dæmis getur komið til þess að lögregla reki hvaðan ábending kemur sjái hún ástæðu til að fá upplýst um hver hafi sent hana þar sem rannsóknarhagsmunir krefjast þess.

Í öðru lagi ber að gæta nægra öryggisráðstafana svo ekki skapist sérstök hætta á því að upplýsingar berist óviðkomandi aðilum. Ákvæði um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga er í 11. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt henni skal ábyrgðaraðili gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Þessi skylda hvílir á öllum ábyrgðaraðilum vinnslu – bæði stjórnvöldum og öðrum.

Í samræmi við framangreind sjónarmið telur Persónuvernd almennt varhugavert að stjórnvöld geri ráð fyrir að trúnaðarupplýsingar eða viðkvæmar persónuupplýsingar berist með almennum tölvupósti þar sem ekki er gætt sérstaks öryggis. Þess í stað má t.d. nota sérstakan búnað sem tryggir öryggi rafrænna gagna, s.s. dulkóðunarforrit fyrir tölvupóst. Þá ber að gæta öryggis persónuupplýsinga sem sendar eru á sérstökum ábendingarformum á heimasíðum stjórnvalda, ætluðum fyrir tilkynningar sem hafa að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar. Það skal einkum gert með dulkóðun (s.s. SSL/TSL). Stjórnvöldum ber einnig að gæta að því hvernig þau staðfesta móttöku á innkomnum erindum eða svara þeim. Gæta skal þess að leiðrétta óáreiðanlegar, rangar og villandi upplýsingar.

Loks er minnt á reglur 20. og 21. gr. um fræðslu og 18. og 19. gr. um rétt einstaklinga til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig. Þessar reglur gilda ávallt þegar unnið er rafrænt með upplýsingar um einstaklinga. Í því sambandi er sérstaklega bent á að dönsk lög um meðferð persónuupplýsinga eru byggð á sömu tilskipuninni og íslensku lögin, þ.e. tilskipun nr. 95/46/EB. Á vefsíðu danskra skattyfirvalda (<http://www.skat.dk>) er tekið fram að ekki er gert ráð fyrir rafrænni vinnslu persónuupplýsinga með nafnlausum ábendingum. Þeim verður þannig aðeins komið á framfæri símleiðis. Á vefsíðunni er – undir hnappinum: „Andmeldelse og skattesnyd“ – m.a. að finna svofelld skilaboð: „*En anmelder kan vælge at være anonym, men kun ved telefoniske henvendelser.*“

### Ákvörðunarorð:

Það samrýmist ekki sjónarmiðum 7. gr. laga nr. 77/2000 að Ríkisskattstjóri hvetji til nafnlausra ábendinga

með því að veita sérstaklega kost á slíkum ábendingum um meint skattundanskot einstaklinga á heimasiðu sinni.

Gæta ber viðhlítandi öryggisráðstafana til að tryggja öryggi persónuupplýsinga sem tengjast ábendingum sem embættinu berast um hugsanleg skattundanskot.“

### **3.2.56. Kvörtun yfir markaðssetningarstarfsemi – mál nr. 2011/655**

Persónuvernd fjallaði um kvörtun manns yfir því að hringt var í hann vegna markaðssetningarstarfsemi. Í fjarskiptalögum er bann við því að við beina markaðssetningu sé hringt í menn án þeirra samþykkis. Persónuvernd kvað það ekki vera á sínu verksviði að hafa eftirlit með þeim lögum heldur Póst- og fjarskiptastofnunar.

Persónuvernd veitti þó almenna leiðsögn. Þar segir m.a.: „Um vinnslu persónuupplýsinga í markaðssetningarstarfsemi gildir ákvæði 28. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ákvæðið gerir ráð fyrir sérstökum og ríkum andmælarétti manna að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Er þessi réttur ekki takmarkaður við að þeir tilgreini sérstakar ástæður fyrir andmælum sínum. Ákvæðið hljóðar svo [...]

Eins og fram kemur í ákvæðinu hefur löggjafinn farið þá leið að fela Þjóðskrár Íslands að halda skrá yfir þá sem ekki vilja að unnið sé með persónuupplýsingar um sig af aðilum sem stunda markaðssetningarstarfsemi. Hefur sú skrá í daglegu tali verið kölluð bannskrá. Aðilar í markaðssetningartarsemi skulu gæta þess að bera eigin skrár saman við bannskrá til að koma í veg fyrir vinnslu persónuupplýsinga um einstaklinga sem hafa andmælt því. Sama gildir, eftir því sem við á, einnig um þá sem gera markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Yður stendur þannig til boða að fá nafn yðar fært á bannskrá Þjóðskrár í því skyni að andmæla vinnslu á persónuupplýsingum um yður í tengslum við markaðssetningarstarfsemi.

Það er ekki á valdi Persónuverndar að verða við ósk yðar um að breyta framangreindu fyrirkomulagi svo við markaðssetningu megi ekki vinna persónuupplýsingar um menn án þeirra samþykkis. Til þess þyrfti lagabreytingu. Hins vegar vill Persónuvernd benda yður á 46. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Þar er bann við því að við beina markaðssetningu sé hringt í menn án þeirra samþykkis. Sú grein hljóðar svo [...]

Það er Póst- og fjarskiptastofnun sem hefur eftirlit með því að farið sé að framangreindu ákvæði fjarskiptalaga. Með vísun til 1. mgr. 7. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er yður leiðbeint um að snúa yður til þeirrar stofnunar ef þér kjósið að hún taki mál yðar til meðferðar. Persónuvernd lítur svo á að af hennar hálfu sé afskiptum af málinu lokið.“

### **3.2.57. Kvörtun yfir spurningalistakönnun í grunnskóla – 2011/209**

Persónuvernd fjallaði um kvörtun manns yfir rannsókn en að mati Persónuverndar var ekki unnt að rekja svör til svarenda. Þá voru ekki lagaskilyrði til þess að hún legði úrskurð á hvort heimilt hefði verið að leggja umrædda könnun fyrir nemendum án samþykkis foreldra. Því taldi hún að vísa yrði málinu frá.

Í niðurstöðu hennar um það segir m.a.: „Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna.

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Í at-  
hugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi því sem varð að lögum nr. 77/2000 er ákvæðið skýrt. Þar segir m.a.:

„Skilgreining frumvarpsgreinarinnar á hugtakinu persónuupplýsingar byggist á tilskipun ESB. Í 26. lið formála tilskipunarinnar segir að meginreglur um vernd skuli gilda um allar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar. Þar segir og að til þess að ákveða hvort upplýsingar séu persónugreinanlegar (rekjanlegar) skuli tekið mið af öllum aðferðum sem eðlilegt er að hugsa sér að ábyrgðaraðili eða annar aðili beiti til að bera kennsl á viðkomandi einstakling. Meginreglur um vernd skulu ekki gilda um upplýsingar sem hafa verið aftengdar einstaklingum (rendered anonymous) þannig að ekki sé lengur unnt að persónugreina hina skráðu. Af a-lið 2. gr. tilskipunar ESB leiðir m.a. að upplýsingar teljast persónugreinanlegar ef unnt er að persónugreina þær, beint eða óbeint, með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hinn skráða í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.“

Erindi það sem hér er til úrlausnar lýtur að því að fyrir barn kvartanda var lagður spurningalisti. Það var gert í þágu verkefnis sem ber yfirskriftina „Ungt fólk 2011“ og var könnun gerð meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk.

Persónuvernd hefur farið yfir umræddan spurningalista. Á honum eru spurningar um kyn, fæðingarár og hvort nemandi sé í 8., 9. eða 10. bekk. Í mjög litlum skóla væri ekki algerlega útilokað að rekja svör til einstakra svarenda með slíkar upplýsingar í höndum. Til þess ber hins vegar að líta hver er fjöldi nemenda í X-skóla. Á heimasiðu skólans hefur verið birt ársskýrsla vegna starfsárinsins 2009–2010. Þar kemur fram að þá voru alls 134 nemendur í 8. bekk, 66 drengir og 68 stúlkur. Í 9. bekk voru 141 nemendandi, 75 drengir og 66 stúlkur. Í 10. bekk voru 163 nemendur, 74 drengir og 89 stúlkur. Í svo stórum skóla nægja framangreindar breytur ekki til þess, að mati Persónuverndar, að telja megi umræddar upplýsingar vera persónugreinanlegar. Af því leiðir að vinnsla þeirra fellur utan gildissviðs laga nr. 77/2000 og þar með utan verkefnasviðs Persónuverndar. Eru því ekki lagaskilyrði til þess að Persónuvernd leggji úrskurð á hvort heimilt hafi verið að leggja umrædda könnun fyrir nemendur án samþykkis foreldra. Verður því að vísa málinu frá.

#### *Ákvörðunarorð:*

Vísað er frá kvörtun B, dags. 10. febrúar 2011, yfir spurningalista sem lagður var fyrir barn hans vegna könnunar á vegum Rannsóknar og greiningar í þágu verkefnisins „Ungt fólk 2011“.

#### **3.2.58. Útsending tölvupósts um meintan þjófnað eins starfsmanns – mál nr. 2011/568**

Persónuvernd fjallaði um kvörtun manns yfir því að forstjóri á hans fyrri vinnustað hefði sent tölvupósta til allra starfsmanna fyrirtækisins um meintan þjófnað sinn. Persónuvernd taldi ekki liggja fyrir að sú aðgerð hafi uppfyllt skilyrði laga – verið sanngjörn, hófleg eða málefnaleg og taldi hana ekki hafa verið heimila.

Í niðurstöðunni segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.“

Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lífandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Í mörgum tilvikum ber fremur að líta á póstsendingar innan fyrirtækis sem innanhússnotkun heldur en miðlun. Slík notkun má jafnan fara fram. Það breytir þó ekki því að hún er vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Af því leiðir að sú aðgerð að senda öllum starfsmönnum fyrirtækis upplýsingar um að einum nafngreindum starfsmanni þess hafi verið sagt upp vegna þjófnaðar fellur undir gildissvið þeirra laga og þar með undir valdsvið Persónuverndar.

#### 2.

Í b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 segir að upplýsingar um hvort að maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað teljist til viðkvæmra persónuupplýsinga. Svo að vinna megi með slíkar upplýsingar verður að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Hér kemur í fyrsta lagi til álita ákvæði 1. tölulíðar 1. mgr. 9. gr. um að hinn skráði hafi veitt samþykki sitt. Þarf þá að liggja fyrir samþykki sem uppfyllir skilyrði 7. tölulíðar 2. gr. laganna. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir og verður vinnslan því ekki byggð á þessu ákvæði.

Í öðru lagi þarf að líta til ákvæðis 7. tölulíðar 1. mgr. 9. gr. laganna. Þar segir að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga geti verið heimil sé hún nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Af hálfu ábyrgðaraðila hefur komið fram að sú aðgerð að senda öllum starfsmönnum fyrirtækisins upplýsingarnar um þjófnað kvartanda hafi verið liður í að upplýsa staðreyndir máls á hreinskilinn hátt, m.a. til að fyrirbyggja gróusögur og kvitt. Ekki hefur hins vegar verið skýrt að dreifa hafi þurft hinum viðkvæmu upplýsingum til allra, s.s. vegna laganauðsynja, málaferla eða kæru til lögreglu. Hefur þannig ekki komið fram að þessu skilyrði hafi verið fullnægt.

Öll vinnsla þarf að uppfylla meginreglur 7. gr. laga nr. 77/2000. Af 1. tölulíð 1. mgr. 7. gr. leiðir að forsenda þess að vinnsla teljist hafa verið lögmæt er að hún hafi farið fram með sanngjörnum, málefna-

legum og lögmætum hætti og verið í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Í 3. tölulíð 1. mgr. er einnig skilyrði um meðalhóf við vinnslu persónuupplýsinga en þar segir að þess skuli gætt að vinna persónuupplýsingar ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Í þessu skilyrði felst m.a. að ekki má veita fleirum aðgang að viðkvæmum persónuupplýsingum en þarf til að gæta lögmætra hagsmuna.

Við mat á því hvort sú aðgerð að senda öllum starfsmönnum póst með viðkvæmum persónuupplýsingum um kvartanda hafi uppfyllt þessi skilyrði – verið sanngjörn, hófleg og málefnaleg – skiptir m.a. máli hvers kvartandi mátti vænta. Að mati Persónuverndar gat hann vænst þess að málið myndi ekki hafa frekari eftirmála ef hann myndi í fyrsta lagi viðurkenna að hafa tekið I pod hátalara ófrjálsri hendi úr versluninni Office1 í Skeifunni, í öðru lagi láta af störfum þegar í stað og í þriðja lagi fallast á að hann ætti enga kröfu á fyrirtækið um ógreidd laun. Umræddri dreifingu forstjórans á upplýsingum um hann má hins vegar jafna til slíkra eftirmála. Verður ekki séð að dreifingin hafi uppfyllt skilyrði 7. gr.

Í ljósi þessa, og þar sem ábyrgðaraðili hefur ekki sýnt fram á að dreifing upplýsinganna til allra starfsmanna hafi verið nauðsynleg í skilningi 7. tölulíðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, verður að telja hana hafa farið í bága við ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Tekið er fram að framangreint á ekki við um munnlega miðlun persónuupplýsinga, s.s. þá sem fram fer á starfsmannafundum, enda fellur hún ekki undir efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000.

#### *Úrskurðarorð:*

Sú aðgerð að dreifa upplýsingum um meintan þjófnað starfsmanns síns, J, til allra starfsmanna sinna, hinn 29. apríl 2011, var óheimil.“

#### **3.2.59. Óheimil krafa TR um fjárhagsupplýsingar – mál nr. 2011/184**

Kona kvartaði til Persónuverndar yfir kröfu TR um að fá fjárhagsupplýsingar um sig. Hún hafði sótt um að fá örorkuskírteini frá stofnuninni, en réttur til að fá slíkt skírteini ræðst af örorku og ekki tekjum. Persónuvernd taldi að TR hefði ekki haft þörf, og þar með heimild, til að gera kröfu um að fá fjárhagsupplýsingar um konuna.

Í úrskurði Persónuverndar segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Af framangreindu leiðir að vinnsla Tryggingastofnunar Íslands á upplýsingum um fjárhag einstaklings í tengslum við afgreiðslu óskar hans um að fá útgefið örorkuskírteini er vinnsla almennra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur málið þar með undir gildissvið þeirra laga og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

#### 2.

Svo að vinnsla almennra persónuupplýsinga sé heimil þarf ávallt að vera fullnægt einhverri af kröfunum í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá skal við meðferð persónuupplýsinga gæta þess að unnið sé með persónuupplýsingar á sanngjarnan, málefnalegan og lögmætan hátt og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

#### 3.

Samkvæmt 1. tölulíð 1. mgr. 8. gr. getur vinnsla talist heimil hafi hinn skráði ótvírætt samþykkt hana. Með ótvíræðu samþykki er átt við að ekki sé um það vafi að hinum skráða hafi verið kunnugt um vinnsluna og hafi af fúsum og frjálsum vilja sannanlega tekið afstöðu til þess að hún megi fara fram. Í máli þessu liggur fyrir að þegar kvartandi sótti um örorkuskírteini hjá TR átti hún í raun ekkert val heldur bauðst henni

aðeins að nota eyðublað þar sem á stóð að með því að undirrita það veitti hún Tryggingastofnun heimild til að afla ýmissa persónuupplýsinga um hana, þ. á m. tekjuupplýsinga frá skattayfirvöldum.

#### 4.

Þegar ábyrgðaraðili er stjórnvald þarf, í ljósi lögmætisreglunnar, að skoða hvort uppfyllt sé ákvæði 3. töluliðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um að vinnsla sé heimil vegna þess að hún sé ábyrgðaraðila nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á honum. Ber hér að skoða ákvæði laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, þ.e. að því varðar örorkuskírteini. Í 3. mgr. 54. gr. laganna, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 112/2008, segir að Tryggingastofnun ríkisins gefi út slík skírteini. Þau megi gefa þeim er uppfylli skilyrði 1. mgr. 18. gr. og séu sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Í 1. mgr. 18. gr. segir:

- „Rétt til örorkulífeyris eiga þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi, sbr. II. kafla, eru á aldrinum 18 til 67 ára og:
- hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert er þeir tóku hér búsetu,
  - eru metnir til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar.“

Ákvæði um rétt til örorkulífeyris var áður í 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993. Ákvæði bliðar 1. mgr. 12. gr. var breytt með 1. gr. laga nr. 62/1999 um breytingar á lögum um almannatryggingar. Í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi því sem varð að framangreindum lögum segir um 1. gr. að breytingin lúti að forsendum fyrir ákvörðun örorkulífeyris. Megintilgangurinn með breytingunum sé að falla frá beinni tekjuviðmiðun. Eigi örorkumat alfarið að byggja á læknisfræðilegum forsendum. Með því muni þeir sem læknisfræðilega teljast öryrkjar á háu stigi fá örorkuskírteini og þau réttindi sem því fylgja, óháð því hvort þeir stunda vinnu eða ekki. Örorkuskírteinið tryggir öryrkjum m.a. lægri greiðslu fyrir lækniþjónustu, lyf og sjúkra-, iðju- og talþjálfun.

Af framangreindu er ljóst að rétt til að fá útgefið örorkuskírteini eiga þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi í tiltekinn tíma og eru metnir til 75% örorku til langframa. Má ráða af athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi til laga nr. 62/1999 að rétturinn til örorkulífeyris sé ekki háður tekjum viðkomandi einstaklings og að matið sé eingöngu læknisfræðilegt. Af þessu er ljóst að ekki skal taka tillit til tekna umsækjanda þegar réttur til örorkulífeyris er metinn. Hins vegar gæti slíkt skipt máli við mat á fjárhæð örorkubóta, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 100/2007. Í tilviki kvartanda var óskað eftir örorkuskírteini, og um leið staðfestingu á rétti til örorkulífeyris, en ekki eftir útreikningi á fjárhæð bóta að teknu tilliti til tekna kvartanda.

Með vísan til framangreinds verður ekki séð að til staðar hafi verið þörf, sbr. 3. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000, og þar með heimild samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna, fyrir Tryggingastofnun ríkisins til vinnslu fjárhagsupplýsinga um kvartanda. Þá hefur Tryggingastofnun sjálf ekki sýnt fram á að uppfyllt hafi verið önnur skilyrði 1. mgr. 8. gr. Verður því ekki séð að henni hafi verið heimilt að vinna persónuupplýsingar um fjárhag kvartanda á þeirri forsendu að kvartandi hefði beðið um örorkuskírteini, enda ræðst réttur til þess af læknisfræðilegu mati en ekki tekjum. Af þeim sökum var Tryggingastofnun ríkisins óheimilt að krefja kvartanda um upplýst samþykki fyrir aðgangi að fjárhagsupplýsingum í tilefni af erindi hennar um örorkuskírteini.

#### Úrskurðarorð:

Tryggingastofnun ríkisins var óheimilt að krefja H um upplýst samþykki hennar fyrir aðgangi stofnunarinnar að fjárhagsupplýsingum í tilefni af erindi hennar um að fá útgefið örorkuskírteini.“

#### 3.2.60. Upplýsingaréttur tengdur þátttöku í tölvuleik á netinu – mál nr. 2011/84

Maður kvartaði yfir því að CCP hefði ekki virt upplýsingarétt sinn. Persónuvernd taldi að umrædd vinnsla hefði verið CCP heimil og að fyrirtækið hefði þegar veitt kvartanda þá vitneskju sem því bar, að virtum atvikum máls. Var niðurstaðan að sú vitneskja, sem CCP hafði veitt honum um vinnslu persónuupplýsinga um sig, samrýmdist kröfum 18. gr. laga nr. 77/2000.

Í úrskurðinum segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna,

nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkir vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

Eins og fyrr greinir varðar mál þetta m.a. lögmæti flutnings persónuupplýsinga til landa utan EES. Sem stendur verður ekki tekin afstaða þar að lútandi. Það verður hins vegar gert þegar nánari upplýsingar um flutninginn liggja fyrir. Afmarkast úrlausnarefni máls nú við lögmæti vinnslu og upplýsingarétt kvartanda.

## 2.

### *Heimildir til vinnslu persónuupplýsinga*

#### *Gæði gagna og vinnslu*

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. er heimilt að vinna með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að efna samning sem hinn skráði er aðili að. Þá segir í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Auk þess sem vinnsla þarf að eiga stöð í einhverju af ákvæðum 8. gr. verður hún ávallt að fullnægja öllum grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laganna um gæði gagna og vinnslu. Þar er m.a. mælt fyrir um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (1. tölul.); að þær skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Persónuvernd telur ekki annað fram komið en að þær upplýsingar, sem skráðar voru um kvartanda þegar á samningssambandi við hann stóð, hafi verið þess eðlis að þær megi fella undir framangreint ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. Af hálfu CCP hf. hefur komið fram að af samskiptum við kvartanda verði ráðið að hann telji sig eiga endurgreiðslukröfu vegna áskriftargjalda og ekki sé hægt að útiloka að hann fari með þá kröfu, eða aðrar, fyrir dómstóla. Varðveisla upplýsinganna eftir lok samningssambands sé því álitin nauðsynleg vegna mögulegs réttarágreinings við kvartanda. Á þessi rök er fallist og verður því varðveisla CCP hf. á umræddum upplýsingum nú talin eiga stöð í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Í kröfu framangreinds ákvæðis 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngirni við vinnslu persónuupplýsinga felst m.a. að hún sé gagnsæ, en í gagnsæi vinnslu felst m.a. að vinnsla fari ekki fram með leynd gagnvart hinum skráða. Samkvæmt kvörtun hafa notendur umrædds tölvuleiks ekki verið fræddir um að unnt sé að persónugreina þá. Þegar litið er til þess að þeir verða að gefa upp hverjir þeir séu við innskráningu, m.a. svo að unnt sé að krefja þá um greiðslur, telur Persónuvernd hins vegar ljóst að notendum megi vera ljóst að unnt sé að persónugreina þá. Verður því ekki talið að umrædd vinnsla brjóti gegn framangreindu ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. Þá verður ekki séð að hún brjóti gegn öðrum ákvæðum sömu greinar.

## 3.

### *Réttur til vitneskju um vinnslu*

Um rétt hins skráða til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga um sig er fjallað í 18. gr. laga nr. 77/2000. Skylda samkvæmt ákvæðinu hvílir á ábyrgðaraðila, þ.e. þeim sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, í þessu tilviki CCP hf. Nánar tiltekið segir í 18. gr. að hinn skráði eigi rétt á að fá vitneskju frá honum um (1) hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með; (2) tilgang vinnslunnar; (3) hver fær hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann; (4) hvaðan upplýsingarnar koma; og (5) hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnsluna. Þá segir að veita skuli vitneskju um framangreind atriði skriflega sé þess óskað.

Fram kemur af hálfu kvartanda að hann vill vita nöfn og heimilisföng þeirra sem kvörtuðu undan háttsemi hans í umræddum tölvuleik. Í 19. gr. laga nr. 77/2000 er mælt fyrir um undantekningar frá upplýsingarétti samkvæmt 18. gr., þ. á m. þegar réttur hins skráða þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Fyrir liggur að þeir sem taka þátt í leiknum eiga þess kost að gera það undir dulnefni. Þá mega leikmenn vænta þess að athafnir þeirra á vettvangi leiksins, þ. á m. kvartanir undan háttsemi sem þeir telja brjóta gegn leikreglum, séu ekki tengdar við nafn þeirra og heimilisfang – að öðru leyti en þarf vegna reikningsgerðar o.þ.h. Með vísan til þess, og framangreinds ákvæðis 2. mgr. 19. gr., er það mat Persónuverndar að CCP hf. sé rétt að takmarka upplýsingarétt kvartanda vegna verndar annarra skráðra aðila, enda yrði að öðrum kosti að rjúfa þá nafnleynd sem félagið hefur lofað öðrum þátttakendum í leiknum.

Í framangreindu felst nánar tiltekið að almennt verður talið nægilegt að vísa til kvartana frá öðrum leikmönnum án þess að þeir séu tilgreindir frekar. Telur Persónuvernd – bæði í ljósi þessa og þeirrar vitneskju um umrædda vinnslu, sem CCP hf. hefur þegar veitt kvartanda – að félagið hafi þegar rækt skyldu sína gagnvart honum samkvæmt 18. gr. laga nr. 77/2000.

#### *Úrskurðarorð:*

CCP hf. er heimil vinnsla persónuupplýsinga um B sem skráðar hafa verið vegna samningssambands við hann svo lengi sem þær eru í raun nauðsynlegar vegna mögulegs réttarágreinings. Sú vitneskja, sem CCP hf. hefur veitt honum um vinnslu persónuupplýsinga um sig, samrýmist kröfum 18. gr. laga nr. 77/2000.“

### **3.2.61. Markaðssetningarherferð greiðslukortafyrirtækis – mál nr. 2011/698**

Neytendasamtökin óskuðu álits Persónuverndar á lögmæti markaðssetningarherferðar Kreditkorta hf., sem fór fram með útsendingu tölvupósta. Fyrirtækið bauð á vef sínum upp á tiltekna tegund fjarskiptaþjónustu. Menn gátu skráð sig þar inn, opnað sérstakan tengil – sem bar heitið „vinur þinn er vinur okkar“ – og sent þaðan tölvupósta. Vegna skörunar við valdmörk Póst- og fjarskiptastofnunar var málinu vísað frá.

Í ákvörðun um það segir m.a.: „Fyrir liggur að Kreditkort hf. bjóða á vef sínum upp á tiltekna tegund fjarskiptaþjónustu. Menn geta skráð sig inn á vefinn, opnað þar sérstakan tengil – sem ber heitið „vinur þinn er vinur okkar“ – og sent þaðan tölvupósta. Menn geta samið og sent eigin texta og skilaboð en geri þeir það ekki fær viðtakandinn staðlaðan texta með upplýsingum um American Express kort. Upplýsingar um nöfn og netföng, bæði sendenda og viðtakenda, eru varðveittar hjá félaginu í eitt ár. Félagið ber skráð netföng saman við tölvupóstföng nýrra korthafa til að vita hvaða ábendingar / tölvupóstar hafa leitt til þess að nýjrir aðilar hafa fengið slíkt greiðslukort. Kennitölur þeirra sem senda tölvupósta, með notkun þjónustunnar, eru skráðar til að tryggja að þeim berist vildarpunktur í samræmi við loforð félagsins.

#### *3.1.*

Í 46. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er bann við notkun sjálfvirkra uppkallskerfa – símbréfa, tölvupósts o.þ.h. – fyrir beina markaðssetningu nema ef áskrifandi hefur áður veitt samþykki sitt fyrir því. Ákvæðið hljóðar svo: [...]

Með vísan til 1. mgr. 7. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 er bent á að Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmd laga um fjarskipti nr. 81/2003.[...] Að virtu efni máls þessa – og skörunar við valdmörk við Póst- og fjarskiptastofnun – er máli þessu vísað frá.“

### **3.2.62. Öupplýsingar um innbústryggingar til Viðlagatryggingar – mál nr. 2011/715**

Persónuvernd svaraði erindi tryggingafélags um heimild þess til að afhenda upplýsingar um innbústryggingar, ásamt hámarksbótafjárhæð, til Viðlagatryggingar Íslands. Tilgangurinn var að Viðlagatrygging gæti áætlað hugsanlegar bótagreiðslur sínar vegna tjóns á váttrygðdu lausafé. Taldi Persónuvernd að afhendingin væri heimil.

Í svari Persónuverndar segir m.a.: „Þau lög, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. tölul. 2. gr. laganna. Hér ræðir um vinnslu slíkra upplýsinga og verður hún því að fullnægja þeim skilyrðum sem fram koma í lögnum.

#### *2.1.*

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 1. mgr.



8. gr. laga nr. 77/2000 og eftir atvikum 1. mgr. 9. gr., ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða. Af bréfi VÍS má ráða að um sé að ræða almennar persónuupplýsingar og er því nægilegt að einhverju skilyrðanna í 1. mgr. 8. gr. laganna sé fullnægt.

Þar sem VTÍ er stjórnvald er það bundið af lögmætisreglu stjórnáskrár. Af reglunni leiðir að ákvarðanir, s.s. um vinnslu persónuupplýsinga, verða að vera í samræmi við lög og eiga sér viðhlítandi stoð í þeim. Samkvæmt 3. tölul. 8. gr. er vinnsla almennra persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til þess að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Í því sambandi þarf að líta til laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands. Samkvæmt 1. gr. laganna er það hlutverk VTÍ að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. sömu laga. Í 24. gr. laganna segir jafnframt:

„Viðlagatrygging Íslands getur krafist váttryggingafélög um hvers konar gögn og upplýsingar er varða störf þeirra fyrir stofnunina. Stofnunin á einnig rétt á að fá á venjulegum skrifstofutíma óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi félaganna og öðrum gögnum varðandi iðgjöld af viðlagatryggingu.“

## 2.2.

Með vísun til framangreinds má leiða af 24. gr. laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands að henni sé heimilt að fá afhent umrædd gögn frá VÍS. Persónuvernd bendir hins vegar á að fylgja ber öðrum ákvæðum laganna, þ. á m. reglum 7. gr. um gæði vinnslu og reglum 11. gr. um öryggi. Þá ber að gæta þess að samningur VTÍ og VÍS uppfylli skilyrði 13. gr. laga nr. 77/2000.“

### 3.2.63. Öryggi upplýsinga úr starfsmannaviðtölum – mál nr. 2011/600

Maður kvartaði yfir því að yfirmaður hans hefði skilið möppu, með upplýsingum um sig úr starfsmannasamtölum, eftir á borði í starfsmannarými þar sem aðrir gátu skoðað möppuna og það sem í henni var. Persónuvernd lagði fyrir ábyrgðaraðila að fara yfir öryggisreglur sínar um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Í ákvörðun hennar um það segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.“

Samkvæmt 11. gr. laganna skal ábyrgðaraðili gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi. Meðal öryggisráðstafana í þessum skilningi eru skipulagslegar ráðstafanir s.s. gerð starfs- og verklagsreglna. Í máli þessu liggur fyrir að ábyrgðaraðili hefur þegar sett starfsreglur um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Óumdeilt er að reglur þessar voru brotnar og að um tilfallandi mistök forstöðumanns mun hafa verið að ræða í umrætt sinn, þ.e. þegar að mappa tengd starfsmannaviðtali við kvartanda lá á borði yfir nótt í starfsmannarými. Hins vegar liggur ekki fyrir að nokkur óviðkomandi hafi séð gögnin – en forstöðumaðurinn var ásamt kvartanda síðastur af vakt að kvöldi og kom fyrstur inn að morgni næsta dags. Málið er að mati Persónuverndar upplýst og ekki liggur að öðru leyti fyrir efnislegur ágreiningur um atvik þess eða lögmæti vinnslu persónuupplýsinga.

Með vísun til 1. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er hér með lagt fyrir ábyrgðaraðila að nota umrætt tilefni til þess að fara yfir starfsreglur sínar um meðferð trúnaðarupplýsinga með forstöðumönnum og lykilstarfsmönnum sem heyra undir fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar.“

### 3.2.64. Fræðsla um vinnslu skólahjúkrunarfræðings – mál nr. 2010/906

Foreldri kvartaði yfir upplýsingasöfnun skólahjúkrunarfræðings, sem hafði gert ráð fyrir að foreldrar samþykktu söfnun heilsufarsupplýsinga um börnin sín. Kvartanda þótti hann ekki hafa fengið næga fræðslu. Til dæmis hefði ekki komið fram hvað yrði um upplýsingarnar og hver væri ábyrgðaraðili. Það var niðurstaða Persónuverndar að veitt fræðsla hefði verið ófullnægjandi.

Í niðurstöðu hennar um það segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.“

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins

eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdamum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af því leiðir að söfnun upplýsinga um heilsufar nemenda við grunnskóla telst til vinnslu persónuupplýsinga í skilningi þeirra laga. Fellur mál þetta því undir úrskurðarvald Persónuverndar.

## 2.

Með ábyrgðaraðila er átt við þann sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Af hálfu Landlæknisembættisins og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur komið fram að umrædd vinnsla sé ekki á ábyrgð Landlæknisembættisins. Þá liggur fyrir að hún var unnin af starfsmanni heilsugæslunnar. Lítur Persónuvernd því á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem ábyrgðaraðila vinnslunnar.

## 3.

Á ábyrgðaraðila hvílir sú skylda að tryggja að sú vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum stýðjist við skýra heimild. Það gerir vinnslan ef fullnægt er einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og – sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar – einnig einhverju af sérskilyrðum 9. gr. laganna. Verður ráðið af gögnum málsins að umræddar upplýsingar um barn kvartanda lúta meðal annars að líðan þess og heilsu. Slíkar upplýsingar eru viðkvæmar í skilningi laganna, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. sömu laga. Þarf sú vinnsla sem mál þetta varðar því bæði að uppfylla eitt-hvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr.

Í 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. er gert ráð fyrir að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Bæði Landlæknisembættið og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hafa haldið því fram að umrædd vinnsla sé nauðsynleg vegna heilbrigðisþjónustu og stýðjist við ákvæði laga um sjúkrákrár nr. 55/2009. Í 2. tölulíð 3. gr. þeirra laga er hugtakið heilbrigðisþjónusta skilgreint. Segir að undir það falli hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúspjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjapjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.

Í 22. gr. laga nr. 55/2009 segir að Landlæknir hafi, eftir því sem við á, eftirlit með því að ákvæði þeirra séu virt en Persónuvernd hefur eftirlit með öryggi og vinnslu persónuupplýsinga í sjúkrákrám í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Persónuvernd telur sig ekki bæra til að draga í efa það læknisfræðilega mat Landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að umrædd söfnun persónuupplýsinga um barn kvartanda hafi verið nauðsynleg vegna heilbrigðisþjónustu í skilningi laga nr. 55/2009. Af þeirri ástæðu leggur hún til grundvallar það faglega mat þessara aðila að svo sé.

Sú vinnsla sem er nauðsynleg til þess að veita heilbrigðisþjónustu lýtur ákvæðum laga nr. 55/2009. Í 4. gr. þeirra er mælt fyrir um skyldu til að færa sjúkrákrár. Verður því að telja þá vinnslu, sem kvartað er yfir, hafa verið í samræmi við 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Hins vegar verður öll vinnsla einnig að samrýmast 7. gr. Meðal annars þarf að virða fyrirmæli ákvæðisins um meðalhóf. Í því ljósi ber Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að fara yfir það hvort allar þær upplýsingar sem safnað er um nemendur fyrir tilstilli skólahjúkrunarfræðinga séu nauðsynlegar í því skyni að rækja lögbodid hlutverk heilsugæslunnar.

## 4.

Þótt vinnsla teljist vera heimil þarf ábyrgðaraðili einnig að gæta upplýsingaréttar hins skráða svo hann geti gætt hagsmuna sinna. Samkvæmt 20. gr. laga nr. 77/2000 skal ábyrgðaraðili veita hinum skráða tiltekna fræðslu þegar hann aflar persónuupplýsinga hjá honum sjálfum. Veita ber fræðslu um nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila. Þá skal upplýsa um önnur atriði sem hinn skráði þarf að vita um, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, til að geta gætt hagsmuna sinna. Meðal annars skal veita fræðslu um það hvort skylt sé eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunnir að hafa séu þær ekki veittar.

Í því tilviki sem kvartað hefur verið yfir var kynningarbréf sent foreldrum ásamt framangreindum spurningalista. Ekki var veitt fræðsla um það hver var ábyrgðarmaður vinnslunnar eða hvort hinum skráða væri skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar né hvaða afleiðingar það kynni að hafa ef hann veitti þær ekki. Fræðslan samrýmdist því ekki 20. gr. laga nr. 77/2000.

#### *Úrskurðarorð:*

Söfnun skólahjúkrunarfræðings í Hvaleyrarskóla á upplýsingum um barn G var heimil. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins veitti G ófullnægjandi fræðslu varðandi söfnun viðkvæmra persónuupplýsinga um barn hennar, sem fram fór í tengslum við verkefni skólahjúkrunarfræðings við Hvaleyrarskóla.“

#### **3.2.65. *Upplýsingar um vanskil á umslagi bréfs – mál nr. 2011/653***

Maður kvartaði yfir því að hafa fengið póst frá Orkubúi Vestfjarða, en umslagið hefði borið með sér að hann væri í vanskilum við fyrirtækið. Á umslaginu var áritunin „...Við viljum bara minna þig á...“ sem einungis var notuð þegar viðskiptavinir voru í vanskilum. Var það niðurstaða Persónuverndar að þetta hefði falið í sér sérstaka miðlun upplýsinga sem ekki hafi verið heimil.

Í niðurstöðunni segir m.a.: „Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, skv. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið „vinnsla“ er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, skv. 2. tölul. 2. gr. laganna. Miðlun persónuupplýsinga telst vera ein tegund vinnslu, sbr. b-liður 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB og athugasemdir í greinargerð með frumvarpi því er varð síðar að lögum nr. 77/2000.

Með vísun til framangreinds telur Persónuvernd það að senda persónuupplýsingar með almennum pósti í sérmerktum umslögum fela í sér vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

#### 2.

Mál það sem hér er til úrlausnar lýtur að því að Orkubúi Vestfjarða sendir upplýsingar um að reikningar viðskiptavinar séu komnir fram yfir eindaga með almennum pósti í sérstökum umslögum sem eingöngu hafa verið notuð fyrir slík skilaboð. Að mati Persónuverndar jafngildir slík aðgerð því að miðla persónuupplýsinum um vanskil viðkomandi til þeirra aðila sem sjá umslögin. Það geta t.d. verið starfsmenn póstburðarþjónustu, nágrannar og menn er koma sem gestkomandi – en ætla verður að flestum sé kunnugt um það til hvers orkubúíð hefur notað slík umslög.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að samræmast einhverju af skilyrðunum í 1. mgr. 8. gr. og eftir atvikum einnig 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, sé um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða. Upplýsingar um vanskil einstaklinga hafa ekki verið taldar til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000, sbr. 8. tölul. 2. gr. laganna. Nægir því að vinnsla eigi sér stöð í einhverju af ákvæðum 1. mgr. 8. gr.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf einnig að samrýmast meginreglum 1. mgr. 7. gr. laganna um gæði gagna og vinnslu. Vinnslan þarf meðal annars að samrýmast meginreglunni um meðalhóf. Í því felst m.a. að ekki skal miðla persónuupplýsingum ef þess þarf ekki. Þá þarf að gæta þess að vinnsla sé sanngjörn, lögmæt og málefnaleg. Því skal m.a. gæta þess að haga vinnslu ekki með tilteknum hætti sérstaklega til þess að skapa þrýsting á hinn skráða eða valda honum óþægindum að nauðsynjalausu.

Með vísun til framangreinds, og þess að af hálfu ábyrgðaraðila, Orkubús Vestfjarða, eða lögmanns hans, hefur ekki verið skýrt að nokkurt ákvæði 1. mgr. 8. gr. hafi verið uppfyllt, verður umrædd miðlun upplýsinga um vanskil kvartanda ekki talin heimil. Af þeirri ástæðu koma ekki til skoðunar önnur ákvæði laganna sem fylgja ber að því er varðar heimila vinnslu, s.s. ákvæði 11. gr. um öryggisráðstafanir o.fl.

#### *Úrskurðarorð:*

Orkubúi Vestfjarða ohf. var óheimilt að miðla persónuupplýsingum um vanskil M við félagið; þ.e. með því að senda honum skilaboð með almennum pósti í sérstaklega merktu umslagi.“

### **3.2.66. Framsent mál fellt niður – mál nr. 2011/288**

Póst- og fjarskiptastofnun hafði framsent til Persónuverndar kvörtun manns yfir því að hafa fengið óumbeðinn tölvupóst frá frambjóðanda til stjórnlagabings. Persónuvernd taldi ekki vera tilefni til að taka málið upp sem frumkvæðismál. Var það fellt niður.

Í ákvörðun um það segir m.a.: „Upphaflega var málið til meðferðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun en hún áframsendi það til Persónuverndar. Í bréfi hennar er vikið að tilurð þess lista sem S notaði við útsendinguna. [...] Samkvæmt gögnum máls þessa liggur fyrir að þér viljið ekki sjálfur kvarta við Persónuvernd eða vera aðili kvörtunarmáls yfir S. Stjórn Persónuverndar hefur í dag fjallað um málið og ákveðið að reka það ekki sem frumkvæðismál. Með vísun til framangreinds eru ekki efni til að hafa frekari afskipti af máli þessu. Hefur því verið ákveðið að fella það niður.“

### **3.2.67. Vinnsla Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum um dagforeldra – mál nr. 2011/504**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn Barnavistunar (félags dagforeldra) um það hvort Reykjavíkurborg mætti vinna fjárhagsupplýsingar um dagforeldra. Persónuvernd taldi borginni vera heimilt að gera það og óska eftir kvittunum og reikningum frá dagforeldrum.

Í svari hennar við fyrirspurninni segir m.a.: „Samkvæmt 6. tölul 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 skal Persónuvernd tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga. Með vísun til þessa hlutverks tjáir hún sig um það atriði sem erindi Barnavistunar lýtur að – þ.e. um heimild Reykjavíkurborgar til að óska eftir upplýsingum úr gjaldskrá dagforeldra og reikningum til að stemma við uppgefninn tímafjölda hvers barns fyrir sig.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf ávallt að vera fullnægt einhverri af kröfunum í 8. gr. laga nr. 77/2000. Þegar um ræðir viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnægt einhverri af viðbótarkröfunum fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem taldar eru upp í 9. gr. laganna. Eins og málið liggur fyrir verður ekki talið að hér sé um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í 2. tölul. segir að heimil sé vinnsla sem sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Þá segir í 3. tölul. 8. gr. laganna að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila.

Af hálfu Reykjavíkurborgar hefur verið bent á hina almennu skyldu sem á henni hvílir samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um að gæta ábyrgðar í meðferð fjármuna sveitarfélagsins. Þá hefur hún bent á ákvæði laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í 34. gr. þeirra segi að félagsmálanefnd, eða önnur nefnd samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar, skuli veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum og annast rekstur gæsluvalla fyrir börn og ráðherra setja reglugerð um starfsemi og rekstur gæsluvalla og daggæslu í heimahúsum. Slík reglugerð hafi verið sett; nr. 907/2005 – um daggæslu barna í heimahúsum. Í 4. gr. hennar segi að sveitarfélög beri ábyrgð á eftirliti með starfsemi dagforeldra og í 34. og 35. gr. séu ákvæði um eftirlit með starfsemi dagforeldra. Í 4. mgr. 35. gr. segi að sveitarfélag skuli setja nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins. Borgin hafi sett slíkar reglur 1. september 2010, þ.e. um framlag vegna barna hjá dagforeldrum. Í 11. gr. þeirra segi að borgin áskilji sér rétt til að kanna hvort farið sé að reglunum. Af framangreindu leiði að Reykjavíkurborg verði að fá umræddar upplýsingar frá dagforeldrum til að rækja skyldu sína samkvæmt framangreindum reglum með því að sannreyna þær upplýsingar sem séu grundvöllur fyrir útreikningi á greiðslum borgarsjóðs til foreldra.

Með vísan til framangreindra ákvæða er það álit Persónuverndar að Reykjavíkurborg sé heimilt að óska eftir kvittunum og reikningum frá dagforeldrum, sbr. 3. tölul. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Vegna athugasemdar Barnavistunar um að í svari Reykjavíkurborgar séu aðeins tilvitnanir í reglur um daggæslu barna í heimahúsi, má einnig benda á það sem segir í svari borgarinnar um þann samning sem dagforeldrar hafi gert. Með fylgdi sýnishorn staðlaðs samnings milli dagforeldra og foreldra um framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldrinu. Þar segir að um framlagið gildi reglur borgarinnar. Í ljósi áður nefndra ákvæða er þannig ljóst að slíkur samningur verður ekki efndur nema Reykjavíkurborg berist umræddar upplýsingar til að geta haft eftirlit með ráðstöfun fjármuna sinna. Telst vinnslan því, í ljósi þeirra samninga sem viðkomandi dagforeldrar hafa gert, einnig byggjast á 2. tölul. 8. gr. laga nr. 77/2000.“

### 3.2.68. *Persónuupplýsingar bornar í hús – mál nr. 2011/692*

Persónuvernd barst kvörtun A yfir því að maður nokkur hefði dreift í hús miðum sem á voru rituð ókvæðis-orð í garð A, mynd af honum og hlekkur á dóm Hæstaréttar varðandi brot A. Fyrir lá að málið var þegar á borði lögreglu og því var þ.a.l. vísað frá.

Í ákvörðun um það segir m.a.: „Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Samkvæmt framansögðu telst útprentun, fjölföldun og dreifing skjals með persónuupplýsingum vera vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laganna. Fellur mál þetta þannig undir ákvæði laga nr. 77/2000.

Brot gegn lögum nr. 77/2000 geta leitt til refsingar, sbr. 42. gr. laganna. Af hálfu lögreglunnar [...] hefur komið fram að umrætt mál er nú þegar til meðferðar þar. Með vísan til þess eru ekki efni til þess að Persónuvernd fjalli um málið; eftir atvikum með tilliti til þess að kæra það til lögreglu.

Þegar lögregla – og eftir atvikum dómari – hefur lokið meðferð málsins getur Persónuvernd kannað hvort lagaskilyrði séu uppfyllt til þess að hún fjalli um það enda berist henni um það sérstök ósk frá kvartanda, A.“

### 3.2.69. *Varðveisla lögreglu á persónuupplýsingum – mál nr. 2011/681*

Persónuvernd svaraði kvörtun manns yfir varðveislu persónuupplýsinga um sig hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Um var að ræða upplýsingar um slys. Persónuvernd taldi að á lögreglu hvíldi skylda til að varðveita slík gögn og því bæri henni að varðveita þá skýrslu sem erindið laut að.

Í svari hennar til mannsins segir m.a.: „Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

#### 2.1.

Af lögreglulögum nr. 90/1996 leiðir að tiltekin skráning persónuupplýsinga er nauðsynleg til að lögregla geti rannsakað mál og rækt hlutverk sitt að öðru leyti með fullnægjandi hætti. Þá eru í reglum nr. 322/2001, með síðari breytingum, fyrirmæli um að lögregla haldi skrár, þ. á m. málaskrá og dagbók lögreglu. Í 22. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 segir einnig að stjórnvöldum sé skylt að skrá mál, sem koma til meðferðar hjá þeim, á kerfisbundinn hátt og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg. Það að upplýsinga sé aflað í tengslum við meðferð einstakra mála sem koma til kasta lögreglu, t.d. vegna umferðarslyss eins og hér um ræðir, og þær skráðar og varðveittar kerfisbundið, getur samrýmst þessum ákvæðum.

#### 2.2.

Í 26. gr. laga nr. 77/2000 er ákvæði um eyðingu og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi. Segir í 1. mgr. að þegar ekki sé lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skuli ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu persónuupplýsinga getur m.a. byggst á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra eða að fyrirmæli um varðveislu séu í lögum.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands er afhendingarskyldum aðilum óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema með heimild safnsins eða samkvæmt sérstökum reglum um ónýtingu skjala. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna skulu opinberar stofnanir afhenda Þjóðskjalasafni skjól

sín til varðveislu að tilteknum tíma liðnum. Í greininni eru taldir upp þeir aðilar sem eru skilaskyldir. Það eru forseti Íslands, Alþingi, Hæstaréttur, Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu þess, félagsamtök sem fá hluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félög sem njóta verulega styrks af opinberu fé. Af því leiðir að löginn ná til lögreglunnar.

Samkvæmt framangreindu hvílir á lögreglu varðveisl- og skilaskylda samkvæmt lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Þar með telst það málefnalegt og um leið lögmætt, sbr. 26. gr. laga nr. 77/2000, að hún varðveiti persónuupplýsingar tengdar málum sem hún hefur haft til meðferðar. Af því leiðir að Lögreglunni á Suðurnesjum ber að varðveita þá skýrslu sem erindi yðar lýtur að og skila henni til Þjóðskjalasafns Íslands í samræmi við lög nr. 66/1985, með síðari breytingum.“

### **3.2.70. Spurningalisti Vinnumálastofnunar – mál nr. 2011/55**

Kona, sem hafði þegið atvinnuleysisbætur, kvartaði yfir söfnun viðkvæmra persónuupplýsinga á námskeiði Vinnumálastofnunar. Samkvæmt kvörtun fór söfnunin fram með spurningalista sem lagður var fyrir hana án þess að hún ætti í raun nokkurt val um að svara honum ekki. Persónuvernd taldi vinnsluna ekki hafa verið heimila.

Í ákvörðun um það segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérherrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000.

Með vísan til framangreinds telst sú aðgerð að safna viðkvæmum persónuupplýsingum um kvartanda með fyrirlögn spurningalista vera vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000.

## 2.

Mál þetta lýtur að því hvort heimild hafi staðið til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga um kvartanda í tengslum við námskeið sem hann, sem bótaþegi atvinnuleysisbóta, sótti á vegum Vinnumálastofnunar. Námskeiðið var hluti af svonefndu vinnumarkaðsúrreði Vinnumálastofnunar fyrir langtímaatvinnulausa, sbr. bréf Vinnumálastofnunar, dags. 28. júlí sl.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og eftir atvikum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf aðeins að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. en vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að auki að eiga sér stoð í einhverju af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna. Heilsufarsupplýsingar teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Vinnumálastofnun er stjórnvald, bundið af lögmætisreglu stjórnsýsluréttarins. Af hennar hálfu hefur ekki verið vísað til þess að vinnslan styðjist við lagaheimild heldur þess að vinnslan byggist á samþykki hins skráða, þ.e. kvartanda.

Um samþykki sem heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga er fjallað í 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. Er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil byggi hún á samþykki hins skráða. Átt er við samþykki eins og það er skilgreint í 7. tölul. 2. gr. laganna. Þar er það skilgreint sem sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig. Fyrir liggur að engin slík yfirlýsing var veitt.

Bent er á að enda þótt slík yfirlýsing liggi fyrir þarf einnig að uppfylla skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. Í því felst að samþykki þarf að vera ótvírætt. Þá þarf það að vera gefið af fúsum og frjálsum vilja um að viðkomandi sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig. Við mat á því skiptir m.a. máli aðstöðumunur sem vera kann á ábyrgðaraðila og hinum skráða. Í því máli sem hér er til úrlausnar var um að ræða lista sem Vinnumálastofnun lagði fyrir bótaþega að fylla út og á honum var sérstakur texti um að svarandi gengi úr skugga um að hann hefði merkt við öll atriðin. Í þessu endurspeglast sá aðstöðumunur sem er á aðilum.

Í því máli sem hér um ræðir er óumdeilt að ekki var leitað eftir yfirlýstu samþykki frá kvartanda fyrir öflun viðkvæmra persónuupplýsinga um hann á umræddu námskeiði. Þegar af þeirri ástæðu var ekki uppfyllt skilyrði 1. tölulíðar 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 að því er varðar þá söfnun Vinnuálagstofnunar á viðkvæmum persónuupplýsingum um kvartanda sem kvartað er yfir. Var hún því ekki heimil.

*Úrskurðarorð:*

Skráning Vinnuálagstofnunar á viðkvæmum persónuupplýsingum um kvartanda, H, var ekki heimil.“

**3.2.71. Miðlun upplýsinga frá Þjóðskrá og Umferðarstofu til slitastjórnar – mál nr. 2011/803**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn slitastjórnar varðandi efni og gildi tveggja ákvarðana tölvunefndar, þ.e. hvort þær hefðu áhrif á heimildir Þjóðskrár Íslands og Umferðarstofu til að miðla tilteknum persónuupplýsingum til slitastjórnarinnar. Í svarinu sagði að umræddar stofnanir hefðu sömu heimildir til að miðla upplýsingum til slitastjórnar og þær hefðu til að miðla upplýsingum til skiptastjóra samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum.

Þar segir m.a.: „Í ákvörðunum tölvunefndar í málum 97/319 og 98/201 er fjallað um miðlun upplýsinga úr ökutækjaskrá og fasteignaskrá. Í 4. gr. ákvörðunar, dags. 17. apríl 1998, um miðlun úr ökutækjaskrá, mál tölvunefndar nr. 97/319, segir:

„Óheimil er miðlun upplýsinga um eignastöðu einstakra aðila samkvæmt Ökutækjaskrá. Skal áskrifendum að Ökutækjaskrá því vera ókleift að fletta upp einstökum aðilum, eftir nöfnum þeirra eða kennitölum, og fá upplýsingar um ökutækjæign þeirra, nema til þess standi sérstök heimild Tölvunefndar. Þó er Skráningarstofu hf. heimilt að gera saminga við [...] Mann sem skipaður hefur verið skiptastjóri í þrotabúi eða dánarbúi þess aðila sem óskað er upplýsinga um, enda framvísi sá maður endurríti af úrskurði héraðsdóms þar sem hann er skipaður skiptastjóri í viðkomandi búi.“

Í 1. gr. ákvörðunar, dags. 2. september 1998, um miðlun úr fasteignaskrá, mál tölvunefndar nr. 98/201, segir:

„Ekki má miðla upplýsingum um eignastöðu aðila samkvæmt Fasteignaskrá. Er óheimil öll uppfletting eftir nöfnum aðila eða kennitölum í því skyni að fá fram upplýsingar um fasteignir í þeirra eigu, nema til slíks standi sérstök heimild Tölvunefndar. Þetta á þó ekki við um [...] mann sem skipaður hefur verið skiptastjóri í þrotabúi eða dánarbúi þess aðila sem óskað er upplýsinga um, enda framvísi sá maður endurríti af úrskurði héraðsdóms þar sem hann er skipaður skiptastjóri í viðkomandi búi.“

Framangreindar ákvarðanir tölvunefndar voru teknar í tíð laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga og byggðust á ákvæðum þeirra og reglna sem settar höfðu verið með stoð í þeim. Þau tóku bæði til upplýsinga um einstaklinga og aðra. Þau féllu úr gildi hinn 1. janúar 2001 þegar lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga öðluðust gildi en þau gilda aðeins um upplýsingar um einstaklinga með þeirri undantekningu þó er leiðir af 45. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum nr. 77/2000 skal ábyrgðaraðili – berist honum ósk um að láta almennar persónuupplýsingar í té – meta hvort honum sé það heimilt samkvæmt 8. gr. laganna. Samkvæmt 3. tölulíð 1. mgr. hennar á það við ef honum er það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á honum.

Í 1. mgr. 82. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, með síðari breytingum, segir: „Þeim sem hafa eignir þrotabús í umráðum sínum er skylt að veita skiptastjóra þær upplýsingar og láta honum í té þau gögn um málefni búsins sem hann krefst. Sama skylda hvílir á opinberum stofnunum og öðrum stjórnvöldum og sýslunarmönnum, viðskiptabönkum, sparisjóðum og verðbréfamiðstöðvum, svo og öðrum sem geta haft vitneskju um eignir og skuldir þrotabús vegna viðskiptatengsla við þrotamanninn eða af öðrum sambærilegum ástæðum.“

Stöðu slitastjórnar Kaupþings banka hf. og miðlun persónuupplýsinga til hennar ber að skoða í ljósi aðdragandans að skipun hennar, hlutverks hennar og ákvæða framangreindra laga nr. 161/2002. Aðdragandinn að skipun hennar er sá að hinn 9. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hlutahafafundar í félaginu, vék stjórn félagsins frá störfum og skipaði skilanefnd sem tók við öllum heimildum stjórnarinnar. Um það giltu ákvæði 100. gr. a. laga nr. 161/2002, eins og þeim hafði verið breytt með 5. gr. laga nr.

125/2008. Í framhaldinu skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur félaginu slitastjórn 25. maí 2009, í samræmi við 4. mgr. 101. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009 og 4. tölulið ákvæðis II til bráðabirgða við þau lög. Í framangreindu ákvæði segir m.a. að að því leyti sem ekki sé mælt fyrir á annan veg í lögnum gjldi reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um slitastjórn, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni.

3.

Samkvæmt framangreindu, og með vísun til áðurnefnds ákvæðis 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, hafa umræddar stofnanir – Þjóðskrá Íslands og Umferðarstofa – sömu heimildir til að miðla til slitastjórnar upplýsingum um fasteignir eða lausafé í eigu tiltekinna einstaklinga og þær hafa til að miðla upplýsingum til skiptastjóra í ljósi 82. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.“

**3.2.72. Skrá stjórnvalds um hundaeigendur – mál nr. 2011/629**

Persónuvernd svaraði fyrirspurn Reykjavíkurborgar um hvort borginni væri heimilt að birta lista yfir hundaeigendur. Í svarinu kom fram að ákvæði upplýsingalaga, um skyldu stjórnvalda til að láta í té upplýsingar ættu ekki við um heilar skrár eða gagnasöfn. Var Reykjavíkurborg leiðbeint um að meta hvort skilyrði 8. gr. pvl. væru uppfyllt.

Í svarinu segir m.a.: „Hér á eftir fara svör Persónuverndar við spurningum Reykjavíkurborgar. Ekki er um að ræða endanlega bindandi svör um lögmæti vinnslu, enda gæti Persónuvernd síðar þurft að úrskurða um ágreining vegna hennar. Reykjavíkurborg til leiðbeiningar er hins vegar farið yfir þau sjónarmið sem líta ber til.

1.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í 7. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar segir að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Í bréfi Reykjavíkurborgar kemur fram að tilgangur umræddrar birtingar er m.a. sá að auka öryggi við hundahald og ábyrgð hundaeigenda. Í því felast lögmætir hagsmunir sem meta verður andspænis hagsmunum af því að upplýsingar um hundaeign einstaklinga séu ekki birtar.

2.

Sé það mat Reykjavíkurborgar að hagsmunir af birtingu vegi þyngra en andstæðir hagsmunir reynir á hvort fræða beri viðkomandi einstaklinga um birtinguna. Slíkt mætti t.d. gera með texta á eyðublöðum fyrir umsóknir um hundahald. Hér ræðir hins vegar einnig um birtingu upplýsinga um þá sem þegar hafa fengið leyfi og þá er ekki unnt að beita þeirri aðferð.

Í 20. gr. laga nr. 77/2000 ræðir um fræðslu sem veita ber hinum skráða þegar persónuupplýsinga um hann er aflað hjá honum sjálfum, t.d. með viðtöku útfylltrar umsóknar. Ákvæðið miðast við það tímamark þegar upplýsinga er aflað. Þegar um ræðir þá sem þegar hafa fengið leyfi á ákvæðið því ekki við.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 77/2000 ber þeim sem aflar persónuupplýsinga um hinn skráða frá öðrum en honum sjálfum almennt að gera honum viðvart um þá upplýsingaöflun. Þetta ákvæði á ekki við í umræddu tilviki þar sem ekki ræðir um öflun upplýsinga frá þriðja aðila heldur birtingu upplýsinga sem þegar hefur verið aflað.

Þrátt fyrir að framangreind ákvæði eigi ekki við með beinum hætti getur Reykjavíkurborg verið skylt að veita fræðslu á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. þess efnis að vinnsla skuli vera sanngjörn og samrýmast vönduðum vinnsluháttum. Í því felst m.a. að vinnsla á að vera gagnsæ gagnvart hinum skráða, en það getur m.a. haft í för með sér að honum skuli veitt fræðsla, t.d. með kynningarbréfi. Hvort slík skylda sé til staðar fer eftir eðli vinnslu og upplýsinga, t.d. hvort vinnsla tiltekinna persónuupplýsinga geti verið íþyngjandi gagnvart hinum skráða. Þá skiptir máli hversu mikil fyrirhöfn er því samfara að veita fræðslu í samanburði við eðli vinnslunnar.



Í 1. mgr. 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 er rætt um rétt almennings til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum sem varða tiltekið mál. Af 2. mgr. 2. gr. leiðir að persónuupplýsingaskrár, t.d. yfir alla þá sem fengið hafa leyfi til hundahalds, falla ekki þar undir. Hins vegar ber Reykjavíkurborg skylda til að afhenda gögn í einstökum málum þegar farið er fram á það nema 5. gr. upplýsingalaga banni afhendingu, þ. á m. þegar um er að ræða gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á.“

### 3.2.73. Varðveisla fyrndra kröfuréttinda – mál nr. 2011/148

Maður kvartaði yfir varðveislu fjarskiptafyrirtækis á persónuupplýsingum um fyrnda kröfu þess á hendur sér. Í fjarskiptalögum er ekki sérregla um bann við slíkri varðveislu. Persónuvernd leit m.a. til hagsmuna fyrirtækisins af því að hafa yfirsýn yfir eigin fjármál og viðskiptasögu – og taldi hagsmunum hins skráða, af því að upplýsingunum yrði eytt, ekki veða þyngra. Ekki var tekin afstaða til þess hvernig fjarskiptafyrirtækið mætti nota upplýsingarnar.

Í ákvörðuninni segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

Óumdeilt er að skráning umræddra upplýsinga var lögmæt í upphafi. Til úrlausnar er hins vegar hvort varðveisla upplýsinganna, eftir að umrædd krafa fyrndist, teljist lögmæt. Sú varðveisla þarf, eins og öll vinnsla persónuupplýsinga, að fullnægja einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Einnig verður við vinnslu persónuupplýsinga að vera farið að öllum grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. um að upplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og á þann veg að öll meðferð þeirra samrýmist vönduðum vinnsluháttum persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

Það að einstaklingar og lögaðilar vinni með upplýsingar varðandi vanefnda löggæringa, sem þeir sjálfir hafa átt aðild að, getur helgast af lögmætum hagsmunum, sbr. fyrrgreint ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þeir hagsmunir felast m.a. í því að hafa yfirsýn yfir eigin fjármál og viðskiptasögu og geta litið til hennar þegar ákveðið er hvort stofnað skuli til viðskipta og á hvaða kjörum. Af því leiðir jafnframt að viðkomandi aðila verður þá talið heimilt að varðveita upplýsingar um vanefndan samning nema eitthvað sérstakt komi til, s.s. lagaákvæði um eyðingu.

Fyrir liggur umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar þess efnis að fjarskiptafyrirtækjum sé óheimilt að synja um alþjónustu þegar þau hafa fellt niður köfu á hendur þeim sem hennar beiðist vegna fyrninga. Til þess er hins vegar að líta að jafnvel þótt fyrirtæki sé óheimilt að synja um tiltekin viðskipti á grundvelli viðskiptasögu getur talist lögmætt að taka tillit til hennar með öðrum hætti, s.s. við ákvörðun um hvort viðkomandi skuli eiga kost á sérstökum ívilnandi kjörum.

Í athugasemdum við framangreint ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. í greinargerð með því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, segir að hagsmunir þurfi að vera lögvarðir. Af hálfu kvartanda kemur fram sá skilningur að orðalag ákvæðisins beri því að skilja svo að þar sem krafan sé fyrnd séu hagsmunir af varðveislu

hennar ekki lengur lögvarðir þar sem efnda verði ekki krafist fyrir dómi. Til þess er hins vegar að líta að sé málefnaleg ástæða til varðveislu tiltekinna upplýsinga getur varðveislun verið lögvarin í þeim skilningi að ekki verði lagt fyrir viðkomandi að eyða upplýsingunum.

Telja verður að af því séu lögmatir hagsmunir að umræddar upplýsingar séu varðveittar. Ekki verður séð að hagsmunir hins skráða af því að upplýsingunum sé eytt séu þess eðlis að þeir vegi þyngra. Þá verður ekki séð að sérstakar ástæður aðrar leiði til þess að upplýsingunum beri að eyða, né heldur að varðveislun brjóti í bága við ákvæði 7. gr. laga nr. 77/2000. Verður Símanum hf. því talið heimilt að varðveita upplýsingarnar með stöð í framangreindu ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna. Hins vegar skal tekið fram að með þeirri niðurstöðu er ekki tekin afstaða til þess hvenær Símanum hf. sé heimilt að nota upplýsingarnar.

#### *Úrskurðarorð:*

Símanum hf. er heimilt að varðveita upplýsingar um fyrnda kröfu sína á hendur A vegna þjónustu sem ekki var greitt fyrir.“

### **3.2.74. Ákveðið að aðhafast ekki meðan mál var til meðferðar hjá öðru stjórnvaldi – mál nr. 2011/327**

A kvartaði yfir því að vinnuveitandi sinn hefði skoðað tölvupósthólf sitt. Lögmaður hennar gerði þá kröfu að Persónuvernd tæki málið til efnislegrar meðferðar þótt það væri til meðferðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS). Varð niðurstaða Persónuverndar sú að málið yrði ekki tekið til meðferðar meðan það væri hjá PFS, m.a. í ljósi skörunar á verksviðum þessara stofnana. Að lokinni umfjöllun PFS myndi Persónuvernd eftir atvikum taka það til úrskurðar.

Í ákvörðun Persónuverndar um það segir m.a.: „Mál þetta lýtur að ágreiningi um það hvort tölvupóstur A, sem varðveittur er í pósthólfi, sem hún hafði hjá Karli K. Karlssyni hf., hafi verið skoðaður með þeim hætti að farið hafi í bága við fyrirmæli laga og settra reglna. Þá er þess krafist að Persónuvernd mæli fyrir um stöðvun á frekari skoðun á póstinum að viðlögðum sektum.

#### *2.1.*

Í ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eru ákvæði um viðurlög við því að raska bréfaeynd. Samkvæmt 228. gr. þeirra, með áorðnum breytingum, varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn sem hafa að geyma upplýsingar um einkamálefni manna og hann hefur komist yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirslu eða beitt annarri áþekkri aðferð. Þá segir í 229. gr. sömu laga að hver sá sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknadinn, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Í. 242. gr. laganna er afmarkað hvaða brot sæta saksókn, hvaða brot sæta ákæru ef sá krefst þess, sem misgert var við, og hvenær sá einn sem misgert er við getur höfðað mál út af broti. Það á m.a. við um brot gegn 228. og 229. gr. laganna. Það er ekki á forræði Persónuverndar að fjalla um refsímál eða skera úr um það hvort brotið hafi verið gegn almennum hegningarlögum. Það er hlutverk dómstóla. Þá hefur Persónuvernd ekki heimild til að beita stjórnvaldssektum.

#### *2.2.*

Að öðru leyti en að framan er rakið kann umrætt ágreiningsmál að falla undir verksvið Persónuverndar. Fyrir liggur hins vegar að það er nú til efnislegrar úrlausnar hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Hefur sú stofnun greint Persónuvernd frá því að það varði hugsanlega 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti sem kveður á um að óheimilt sé að skrá eða notfæra sér á nokkurn hátt upplýsingar sem borist hafa með fjarskiptamerkjum fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar.

Að lögum skarast verksvið Persónuverndar og Póst- og fjarskiptastofnunar. Skörunin stafar af því að ákvæði um sömu álitæfni er bæði að finna í lagaákvæðum sem Persónuvernd hefur eftirlit með og ákvæðum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með. Orsök þessa er sú að þegar tilskipun Evrópubandalagsins um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs í fjarskiptum var innleidd hér á landi var eftirlit að öllu leyti falið Póst og fjarskiptastofnun, þ. á m. með ákvæðum um persónuvernd. Eftirlit með hinum almennu reglum laga nr. 77/2000 er hins vegar á hendi Persónuverndar. Þessu fylgir sá vandi að í málum varðandi brot á ákvæðum IX. kafla fjarskiptalaga reynir iðulega einnig á almennar reglur laga nr. 77/2000 sem gilda ávallt þar sem sérákvæðum IX. kafla fjarskiptalaga sleppir og eru þeim að öðru leyti til fyllingar. Það ákvæði sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur vísað til – þ. e. 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 – er í umræddum kafla fjarskiptalaganna.

### 2.3.

Með vísan til framangreinds, og almennra reglna stjórnvísulaganna um valdmörk stjórnvalda og meðalhöfðsreglu stjórnvísulaganna, eru ekki efni til þess að Persónuvernd fjalli um málið meðan það er til meðferðar hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Þegar sú stofnun hefur lokið afgreiðslu á málinu af sinni hálfu mun Persónuvernd kanna hvort það falli undir gildissvið laga nr. 77/2000 – og þar með hennar verksvið – enda berist henni um það sérstök ósk kvartanda, A.“

#### **3.2.75. Kennitöluskráning við skil á vöru – mál nr. 2011/753**

A kvartaði yfir að verslun nokkur hefði gert það að skilyrði að kennitala dóttur hans, B, yrði skráð þegar dóttirin skilaði vöru fyrir A. Varan var ógölluð og því var versluninni ekki skylt að taka við vörunni. Persónuvernd taldi að versluninni hefði verið heimilt að skrá kennitölu dótturinnar þar sem í umrætt sinn hefði verið veitt meiri þjónusta en lögskyld var.

Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Skráning Miklatorgs hf. – IKEA á kennitölum þeirra sem koma með vörur og fá útgefnar inneignarnótur felur í sér vinnslu persónuupplýsinga í framangreindum skilningi. Fellur mál þetta því undir gildissvið laga nr. 77/2000 og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

### 2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar þarf ávallt að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í 2. tölul. þeirrar greinar er ákvæði um vinnslu sem er nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að. Við mat á því hvort þetta skilyrði sé uppfyllt skiptir m.a. máli hvort veitt er lögskyld þjónusta eða rýmri réttur. Í því máli sem hér um ræðir liggur fyrir að ekki var einungis veitt lögskyld þjónusta heldur tekið við ógallaðri vöru og hún endurgreidd.

Samkvæmt framangreindu lýtur mál þetta að tilviki þar sem veittur er aukinn réttur m.t.t. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Af hálfu ábyrgðaraðila hefur komið fram að skráning kennitölu þess sem kemur með vöruna sé forsenda þess að veita slíkan rétt. Þar með er skráningin orðin forsenda samningsgerðar og telst því geta samrýmst ákvæði 2. tölulídar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Að því er varðar það skilyrði að hinn skráði sé aðili að samningi ber að líta til þess að þótt hinn skráði, B, hafi ekki sjálf verið aðili þess samnings sem gerður var þegar varan var keypt af Ikea var það hún sem kom með vöruna til Ikea og fékk greiðslu fyrir. Hefur enda ekkert komið fram um að krafa hafi verið gerð um að hún framvísaði kaupnótu, kassakvittun eða öðrum gögnum um kaup á vörunni. Telst B því vera aðili samnings í skilningi þessa ákvæðis.

Í 10. gr. laga nr. 77/2000 er það viðbótarskilyrði sett fyrir skráningu kennitölu að hún eigi sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Við mat á því hvort þetta skilyrði hafi verið uppfyllt í því tilviki sem hér er til úrlausnar ber að líta til röksemda Miklatorgs hf. – IKEA um að kennitöluskráning sé félaginu nauðsynleg við bókun á útgefnum inneignarnótum og til að koma í veg fyrir að óprúttir aðilar geti skilað illa fengnum vörum. Með vísan til alls framangreinds telur Persónuvernd umrædda kennitöluskráningu Miklatorgs hf. – IKEA uppfylla skilyrði 10. gr. laga nr. 77/2000.

#### *Úrskurðarorð:*

„Skráning Miklatorgs hf. – IKEA á kennitölu B, þegar hún skilaði ógallaðri vöru, var heimil.“

#### **3.2.76. Upplýsingar um einstaklinga í greiðsluadlögun – mál nr. 2011/817**

Persónuvernd fjallaði um skráningu banka á persónuupplýsingum um einstaklinga í greiðsluadlögun. Hún var talin heimil til að gæta lögmætra hagsmuna bankans, enda var einungis um að ræða söfnun úr opinberum gögnum til innanhússnota en ekki miðlun til þriðja aðila.

Í úrskurðinum segir m.a.: „Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Skráning Byrs hf. á upplýsingum um nauðasamning H. til greiðsluaðlögunar er því vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laganna. Hún fellur undir úrskurðarvald Persónuverndar.

[...] Greiðsluaðlögun er úrræði fyrir einstaklinga í verulegum greiðsluerfiðleikum. Lög nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga lúta að frjálsri greiðsluaðlögun. Þá sækir skuldari um greiðsluaðlögun til Umboðsmanns skuldara. Samþykki hann umsóknina skipar hann sérstakan umsjónarmann sem gerir frumvarp til samnings um greiðsluaðlögun. Náist ekki frjálsir samningar við kröfuhafa um greiðsluaðlögun getur skuldari óskað heimildar héraðsdóms til þess að leita nauðasamnings um greiðsluaðlögun. Fer þá um mál eftir gjaldþrotaskiptalögum nr. 21/1991.

Í c-lið 63. gr. þeirra laga segir: „Ljúka má gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla ...“ Í þeim kafla laganna er fjallað um nauðasamninga við gjaldþrotaskipti og segir í 2. mgr. 153. gr. að verði krafa um staðfestingu nauðasamnings tekin til greina skuli auglýsa lok gjaldþrotaskipta í samræmi við 2. mgr. 162. gr. Þar segir að skiptastjóri skuli fá birta auglýsingu um skiptalok í Lögbirtingablaði. Þær upplýsingar um H, sem mál þetta varðar, hafa verið auglýstar með þeim hætti.

## 2.2.

Fyrst voru ákvæði um greiðsluaðlögun einstaklinga færð inn í gjaldþrotaskiptalögin með lögum nr. 24/2009 sem bættu X. kafla á við lögin. Síðar voru sett heildarlög um úrræðið, þ.e. lög nr. 101/2010. Í greinargerðum með þeim frumvörpum, sem urðu að lögum nr. 24/2009 og 101/2010, kemur fram að með þeim var brugðist við sérstökum aðstæðum til að gera fólki eftir fremsta megni kleift að endurskipuleggja fjármál sín. Að virtum aðdraganda að lögfestingu þessa úrræðis hefur Persónuvernd ekki talið ákvæði 8. gr. laga nr. 77/2000 geta rennt stoðum undir söfnun umræddra upplýsinga í því skyni að miðla þeim til annarra. Í því máli sem hér er til úrlausnar er ekki um slíkt að ræða, en það varðar skráningu til innanhússnota.

## 2.3.

Vinnsla almennra persónuupplýsinga telst lögmæt ef hún fullnægir einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna ábyrgðaraðila. Í svarbréfi Byrs hf. kemur fram að tilgangur félagsins með því að skrá upplýsingar um nauðasamning H til greiðsluaðlögunar hafi verið að gæta lögmætra hagsmuna sinna. Hagsmunirnir felist í því að upplýsingar um að menn hafi fengið nauðasamninga til greiðsluaðlögunar hafi áhrif á lánstraust þeirra og lán til þeirra auki útlánaáhættu bankans. Að mati Persónuverndar er hér um að ræða lögmæta hagsmuni í skilningi 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Til að vinnsla geti átt sér stoð í því ákvæði er skilyrði að grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi ekki þyngra en tilgreindir hagsmunir ábyrgðaraðila. Við mat á því hvort svo sé skiptir í fyrsta lagi máli að hér er um að ræða löglega opinberlega birtar persónuupplýsingar. Í öðru lagi að ábyrgðaraðili skráir þær aðeins til innanhússnota. Þá hefur hinn skráði sjálfur ekki rökstutt að skráningin hafi ógnað eða getað ógnað grundvallarréttindum og frelsi hans þannig að telja megi hagsmuni hans, af því að skráningin fari ekki fram, vega þyngra en framangreindir hagsmunir Byrs hf. af skráningunni. Er það því mat Persónuverndar að umrædd vinnsla Byrs hf. samrýmist 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Að auki verður, eins og ávallt þegar unnið er með persónuupplýsingar, að vera farið að öllum grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti slíkra upplýsinga (1. tölul.); að persónuupplýsingar skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að persónuupplýsingar skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skulu vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang

vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.). Að mati Persónuverndar hefur ekkert komið fram um að vinnslan fari í bága við framangreind ákvæði 7. gr.

Í ljósi alls sem að framan er rakið er það mat Persónuverndar að umrædd skráning Byrs hf. á upplýsingum um nauðasamning H til greiðsluaðlögunar hafi verið heimil á grundvelli 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. og samrýmst 7. gr. laga nr. 77/2000.

#### *Úrskurðarorð:*

Heimil var skráning Byrs hf. á upplýsingum, sem birst höfðu í Lögbirtingablaðinu, um nauðasamning H til greiðsluaðlögunar.“

#### **3.2.77. Kennitölur birtar í fundargerðum byggingafultrúa Reykjavíkur – mál nr. 2011/811**

Persónuvernd fékk kvörtun yfir birtingu kennitalna í fundargerðum byggingafultrúa Reykjavíkurborgar. Þær birtust á Google-leitarsíðunni þegar viðkomandi var slegið upp. Byggingafultrúi Reykjavíkurborgar lét af birtingu kennitalna í fundargerðum sínum og var málið látið niður falla.

Í ákvörðun Persónuverndar um það segir m.a.: „Efnislegt gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og þar með valdsvið Persónuverndar, nær til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekens einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í at-hugasemdum við 2. tölul. 2. gr. er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Samkvæmt framansögðu telst birting kennitölu á vefsíðu byggingafultrúa Reykjavíkurborgar vera vinnsla persónuupplýsinga. Fellur mál þetta þannig undir ákvæði laga nr. 77/2000 og verkefnasvið Persónuverndar.

Þann 15. september 2011 framkvæmdi Persónuvernd könnun á því hvort að framangreind birting væri enn til staðar. Í ljós kom að fundargerðir byggingafultrúa hafa nú verið fjarlægðar af heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Eins og mál þetta liggur fyrir hefur byggingafultrúi Reykjavíkurborgar látið af birtingu kennitalna í fundargerðum sínum. Samkvæmt því er ekki lengur til staðar ágreiningur sem tilefni er til umfjöllunar um. Með vísan til þess tilkynnist hér með að Persónuvernd mun ekki hafa frekari afskipti af máli þessu og er það fellt niður.“

#### **3.2.78. Verklagsreglur um varðveislutíma fjarskiptaupplýsinga – mál nr. 2010/638**

Póst- og fjarskiptastofnun beindi fyrirspurn til Persónuverndar um það hvort verklagsreglur Símans um varðveislutíma samrýmdust fjarskiptalögum. Það var niðurstaða Persónuverndar að umræddar reglur væru ekki nógu skýrar. Síminn andmælti niðurstöðunni og kvað reglurnar vera auðskiljanlegar fyrir þá starfsmenn sem þyrftu að hlíta þeim. Í svari Persónuverndar til Símans sagði m.a. að ekki væri nóg að tilteknir starfsmenn fyrirtækisins skildu reglunar heldur yrðu þær einnig að vera skýrar fyrir utanaðkomandi aðila. Í svarinu segir m.a.: „Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti skal gögnum um fjarskiptaumferð notenda, sem geymd eru hjá fjarskipta-fyrirtæki, eytt eða þau gerð nafnlaus þegar þeirra er ekki lengur þörf við afgreiðslu ákveðinnar fjarskiptasendingar. Í 2. mgr. 42. gr. segir að gögn um fjarskiptanotkun, sem nauðsynleg séu til reikningsgerðar fyrir áskrifendur og uppgjörs fyrir samtengingu, megi geyma þar til ekki sé lengur hægt að véfengja reikning eða hann fyrnist. Í 3. mgr., sbr. lög nr. 78/2005 og 88/2008, segir að varðveita megi gögn í sex mánuði í þágu rannsókna sakamála og almannaöryggis. Ákvæðið hljóðar svo:

„Drátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu fjarskipta-fyrirtæki, í þágu rannsókna sakamála og almannaöryggis, varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í sex mánuði. Lágmarksskráningin skal tryggja að fjarskipta-fyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekens símanúmers, IP-tölu eða notandanafns, jafnframt því að upplýsa um allar tengingar sem notandinn hefur gert, dagsetningar þeirra, hverjum var tengst og magn gagnaflutnings til viðkomandi notanda. Fjarskipta-fyrirtæki skal tryggja vörslu framangreindra gagna og er óheimilt að nota eða afhenda umræddar upplýsingar öðrum en lögreglu

eða ákærvaldi í samræmi við ákvæði 3. mgr. 47. gr. Eyða ber umferðargögnunum að þessum tíma liðnum enda sé ekki þörf fyrir þau á grundvelli 2. mgr.“

Í þeim verklagsreglum Símans hf., sem bárust Persónuvernd hinn 24. júní sl., er ekki að finna skýrt ákvæði um varðveislutíma fjarskiptaupplýsinga hjá félaginu þannig að ljóst sé hvernig þeim sé eytt til samræmis við ákvæði fjarskiptalaga. Í kafla 4.1 eru afmarkaðir einstakir flokkar upplýsinga sem unnið er með. Meðal upplýsingaflokka eru svonefndar „gjaldfærsluupplýsingar.“ Segir að það séu sundurliðaðar upplýsingar um ákveðin símtöl og þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að mynda gjaldfærslur, s.s. um gerð samskipta, upphafs- og endapunkt og lengd. Þessa skilgreiningu á gjaldfærsluupplýsingum má skilja svo að hún falli saman við skilgreiningu 3. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga á lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð. Í kafla 7.1 í verklagsreglunum kemur fram að þessar upplýsingar skuli varðveita í 12 mánuði.

Samkvæmt framangreindu eru verklagsreglur Símans hf. ekki nægilega skýrar að því er varðar varðveislutíma persónuupplýsinga um fjarskiptanotkun einstaklinga þannig að af megi ráða hvort hann sé í samræmi við ákvæði 42. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Að öðru leyti hefur Persónuvernd ekki tekið efnislega afstöðu til reglnanna. Til þess getur komið, t.d. ef henni berst kvörtun frá einstaklingi yfir varðveislu persónuupplýsinga um sig – enda falli það mál undir hennar verksvið.“

### **3.2.79. Birting bæjar á teikningum af húsum og tengdum upplýsingum – mál nr. 2011/439**

Persónuvernd fjallaði um birtingu Kópavogsbæjar á teikningum af húsum og tengdum upplýsingum á vefsíðu bæjarins. Hún taldi birtingu aðeins vera heimila að því marki sem hún væri bænum nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldum. Var litið til fordæmis í úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að óheimilt væri að afhenda grunnmyndir af hæðum í íbúðarhúsi, en talið skylt að afhenda teikningar af þökum og þaksvólum, sem og útlitsteikningar.

Í álitu Persónuverndar segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhvarrafrafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.“

Hugtakið persónuupplýsingar er skilgreint svo í 1. tölul. 2. gr. laganna: „Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.“ Af skilgreiningunni leiðir m.a. að þótt hugtakið persónuupplýsingar taki fyrst og fremst til upplýsinga sem beinlínis eru um einstaklinga kunna ýmsar upplýsingar um hluti að falla undir það. Það á við ef þær hafa slík tengsl við viðkomandi einstaklinga að vinnsla með þær geti haft áhrif gagnvart þeim. Það á við um upplýsingar um fasteignir sem varpa ljósi á persónulega hagi manna og fjárhag.

Hugtakið vinnsla er skilgreint svo í 2. tölul. 2. gr. laganna: „Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.“ Í ljósi þessarar skilgreiningar, sem og þess sem fyrr segir um hugtakið persónuupplýsingar, telur Persónuvernd mál þetta lúta að vinnslu slíkra upplýsinga, þ.e. að því marki sem þær varpa ljósi á framangreind atriði. Af því leiðir jafnframt að málið fellur undir valdsvið stofnunarinnar.[...]

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf ávallt að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000. Í 3. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar segir að vinna megi með persónuupplýsingar þegar vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, þ.e. þeim sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna, í þessu tilviki Kópavogsbæ.

Á Kópavogsbæ sem stjórnvaldi hvílir skylda samkvæmt 1. mgr. 3. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 til að veita almenningi aðgang að gögnum í einstökum málum þegar farið er fram á slíkan aðgang. Í skyldu samkvæmt þessu ákvæði felst ekki að stjórnvald verði að birta upplýsingar að eigin frumkvæði, en stjórnvaldi getur engu að síður verið það heimilt. Af skýringum Kópavogsbæjar verður ráðið að hann telji birtingu umræddra teikninga nauðsynlega, til að fullnægja lagaskyldum sínum, í ljósi mikillar eftirspurnar eftir teikningunum.

Grunnregla 1. mgr. 3. gr. upplýsingalaga er ekki án undantekninga. Á meðal undantekninganna er að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sannjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á, sbr. 5. gr. Úrskurðarnefnd um upp-

lýsingamál fjallar um það hvort lögmætt hafi verið að synja um aðgang að gögnum, m.a. á grundvelli þessa ákvæðis, sbr. V. kafla laganna.

Í úrskurði nefndarinnar, dags. 22. desember 2006 (mál nr. A-236/2006), var komist að þeirri niðurstöðu að 5. gr. upplýsingalaga legði bann við því að Kópavogsbær afhenti grunnmyndir af hæðum í íbúðarhúsi. Hins vegar taldi nefndin að afhenda bæri teikningu af þaki og þaksvölum, sem og útlitsteikningar. Í úrskurðinum segir m.a.:

„Á grunnmynd 1 og 2 er lýst allnákvæmlega innra skipulagi fyrirhugaðs íbúðarhúss að [X-götu nr. Y] og verður að leggja til grundvallar að það sé sérstaklega hannað samkvæmt persónulegum óskum eigandans og lýsi sérstökum þörfum hans og fjölskyldu. Þegar til þessa er litið og afstöðu hans til takmarkaðs aðgangs almennings að teikningunum, á grundvelli öryggishagsmuna sinna verður að telja að ekki sé útilokað að framangreindir hagsmunir hans geti skaðast ef þær upplýsingar sem þar koma fram verða veittar.

Með vísun til þess sem að framan greinir er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að Kópavogsbæ sé óheimilt að veita kæranda aðgang að grunnmyndum vegna 1. og 2. hæðar [X-götu nr. Y], en að öðru leyti eigi kærandi rétt á aðgangi að þeim gögnum sem hann hefur beðið um.“

Ljóst er að samkvæmt framangreindu getur birting allra teikninga af hybílum manna ekki samrýmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996. Meta verður hvaða teikningar eru þess eðlis að þær varði slíka hagsmuni sem í framangreindum úrskurði úrskurðarnefndarinnar greinir. Þegar engin slík sjónarmið eiga við verður hins vegar ekki gerð athugasemd við birtingu teikninga – að því marki sem hún telst vera Kópavogsbæ nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldum sínum.

Komið hefur fram af hálfu Kópavogsbæjar að ásamt birtingu teikninga sem slíkra geti komið til birtingar tengdra upplýsinga. Bærinn hefur ekki afmarkað nánar hvaða upplýsingar það séu, en að því marki sem um getur verið að ræða persónuupplýsingar verður birting þeirra að eiga sér stoð í einhverju af ákvæðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Í því sambandi er til leiðbeiningar bent á 2. mgr. 45. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 um rétt manna til að upplýsingar um heimilisfang þeirra séu ekki birtar.

#### *Álitsorð:*

„Við birtingu teikninga af húsum ber Kópavogsbæ að virða 5. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 um að stjórnvöldum sé óheimilt að birta upplýsingar um einkamálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Þegar engin slík sjónarmið eiga við er ekki gerð athugasemd við birtingu teikninga sem er Kópavogsbæ nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldum sínum.“

#### **3.2.80. Miðlun upplýsinga frá tannlæknum til kortafyrirtækis – mál nr. 2010/942**

Tannlæknafélag Íslands spurði Persónuvernd hvort tannlæknar mættu afhenda kortafyrirtækjum upplýsingar um kortalán vegna lækni meðferðar, og afrit vörureikninga. Var það álit Persónuverndar að ekki mætti veita fyrirtækinu upplýsingar um tegund veittrar lækni meðferðar.

Í álitinu segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

#### 2.

#### *Lagaumhverfi*

Upplýsingar um heilsuhagi eru viðkvæmar, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Svo að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar þarf að vera fullnægt einhverju skilyrðanna fyrir vinnslu slíkra upplýsinga sem mælt er fyrir um í 9. gr. laga nr. 77/2000. Þá þarf

að vera fullnægt einhverju hinna almennu skilyrða fyrir vinnslu persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í 8. gr. laganna.

Það ákvæði 9. gr., sem hér gæti einkum átt við, er 7. tölul. 1. mgr., en þar segir að vinna megi með viðkvæmar persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganaúðsynja. Þau ákvæði 8. gr., sem einkum gætu átt við, eru 2. og 7. tölul. 1. mgr. Í fyrrnefnda ákvæðinu segir að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Þá segir í síðarnefnda ákvæðinu að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Auk þess verður öllum grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. að vera fullnægt. Þar er m.a. mælt fyrir um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Við beitingu framangreindra ákvæða verður að líta til þess að samkvæmt 10. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækningar er sérhverjum tannlækni skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þá segir þar að sama þagnarskylda hvíli á öllu aðstoðarfólki tannlækna og haldist þagnarskylda þótt viðkomandi láti af starfi. Í 16. gr. er mælt fyrir um að ákvæði læknalaga nr. 53/1988 gildi, eftir því sem við geti átt, um tannlækna og sérmenntað aðstoðarfólk þeirra. Í 15. gr. læknalaga er að finna ákvæði um þagnarskyldu, en þar segir að lækni beri að gæta fyllstu þagmælsku og hindra það að óviðkomandi fái upplýsingar um sjúkdóma og önnur einkamál sem hann kunni að komast að sem læknir. Einnig verður að líta til laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, en í 12. gr. þeirra laga segir að aðgangur að sjúkraskrár sé óheimill nema til hans standi lagaheimild.

Í 1. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald er mælt fyrir um skyldu til að halda bókhald. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna skal bókhaldi haga þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna. Það skuli veita svo sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og efnahag sem þarfir eigenda, lánardrottna og hins opinbera krefjast og séu nauðsynlegar til að meta megi tekjur og gjöld, eignir og skuldir.

Samkvæmt 6. gr. reglna nr. 383/2007 um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna, sbr. 17. og 18. gr. laga nr. nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, skal tannlæknir afhenda neytanda sundurliðaðan reikning í samræmi við gjaldskrá þannig að hann geti á auðveldan hátt séð hvaða meðferð hefur verið framkvæmd.

### 3.

#### *Niðurstæða*

Þegar litið er til þeirra ákvæða 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, sem að framan eru rakin, telur Persónuvernd ljóst að Valitor hf. sé heimilt að vinna með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að innheimta kortalán vegna þjónustu tannlækna. Í ljósi fyrrnefndra ákvæða laga um bókhald er og ljóst að Valitor hf. á að varðveita tilteknar upplýsingar um kortalán sem fyrirtækið hefur veitt. Af 7. gr. laga nr. 77/2000 leiðir hins vegar að sú vinnsla á ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er til að innheimta lánin. Þá setja áðurnefnd ákvæði um þagnarskyldu og takmörkun á aðgangi að sjúkraskrárupplýsingum því takmörk hvaða upplýsingar korta-fyrirtæki geta farið fram á að tannlæknar afhendi.

Í ljósi alls framangreinds telur Persónuvernd að Valitor hf. sé heimilt að fara fram á afrit kortaláns-samninga vegna tannlæknaþjónustu. Hins vegar telur Persónuvernd að Valitor hf. sé ekki heimilt að krefja tannlækna um að afhenda gögn þar sem fram kemur hvaða þjónustu um sé að ræða, enda er þar um að ræða heilsufarsupplýsingar sem bundnar eru þagnarskyldu.

Umræddir vörureikningar þjóna því hlutverki að gefa sjúklingi sundurliðun á því hvaða þjónusta honum hefur verið veitt, eins og ráðið verður af 6. gr. reglna nr. 383/2007, en einnig er ljóst að þeim er ætlað að vera til sönnunar um tiltekin viðskipti. Ekki verður útilokað að á þeim séu upplýsingar sem nauðsynlegar geti verið vegna innheimtu vangoldinna kortalána. Í ljósi framangreinds verður hins vegar að gæta þess að samfara þeim upplýsingum sé ekki jafnframt miðlað upplýsingum um hvaða þjónusta var veitt tilteknum einstaklingi.

Slíkt mætti gera með því að strika yfir þær upplýsingar á vörureikningi sem ekki eru nauðsynlegar vegna



innheimtu kortalána. Hins vegar mætti einnig hafa reikning tvískiptan þannig að upplýsingar, sem ekki má senda, séu hafðar á sérstöku blaði sem eingöngu sé afhent notanda tannlæknaþjónustu. Einnig mætti gera ráð fyrir því á eyðublaði fyrir lánsamning að þar væru fylltar út nauðsynlegar upplýsingar af vörureikningi þannig að ekki þyrfti að senda afrit af honum ásamt samningnum.

#### *Álitsorð:*

Valitor hf. er heimilt að fara fram á afrit kortalánssamninga vegna tannlæknaþjónustu, sem og þær upplýsingar á vörureikningum sem nauðsynlegar eru vegna innheimtu slíkra lána. Upplýsingar um hvaða þjónusta hefur verið veitt tilteknum einstaklingi má hins vegar ekki senda fyrirtækinu. Taka ber upp fyrirkomulag sem tryggir að ekki komi til þess.“

#### **3.2.81. Persónuupplýsingar úr tölvuleik fluttar út fyrir EES – mál nr. 2011/84**

Persónuvernd fékk kvörtun frá manni sem hafði tekið þátt í tölvuleik á netinu. Hann kvartaði yfir því að persónuupplýsingar um sig hefðu verið fluttar til landa sem ekki veittu þeim fullnægjandi vernd. Persónuvernd taldi að flutningur upplýsinganna þangað hefðu ekki verið heimill. Sækti fyrirtækið um leyfi til slíks flutnings persónuupplýsinga yrði metið hvort til staðar væru fullnægjandi tryggingar fyrir öryggi þeirra, að því marki sem það félli undir valdsvið Persónuverndar.

Í úrskurði hennar segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við það ákvæði í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að hér ræðir um meðferð persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

#### *2.[...]*

CCP hf. nýtur þjónustu dótturfélaga í Kína og Bandaríkjunum. Bæði þau lönd teljast til þriðju landa, þ.e. landa utan EES, sem ekki eru talin veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd. Í því felst að flutningur persónuupplýsinga til þeirra landa er óheimill nema fullnægt sé skilyrðum 30. gr. laga nr. 77/2000.

Fram hefur komið af hálfu CCP að vafi leiki á því hvort um sé að ræða flutning persónuupplýsinga, í skilningi 30. gr., þar sem upplýsingar séu geymdar á miðlægum og öruggan hátt í miðlurum í London og starfsmenn annars staðar, þ. á m. í Bandaríkjunum og Kína, spegli þær til sín.

Í dómi Evrópudómstólsins frá 6. nóvember 2003 í svonefndu Lindqvist-máli (nr. C-101/0<sup>1</sup>) var fjallað um hvort birting persónuupplýsinga á Netinu fæli í sér flutning þeirra til þriðju landa. Þó svo að hér ræði ekki um opinbera birtingu upplýsinga á Netinu má hafa þennan dóm til hliðsjónar. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að netbirting fæli ekki í sér slíkan flutning, m.a. vegna þess að ekki væri um neinn skilgreindan viðtakanda að upplýsingum að ræða, sbr. 61. og 71. mgr. dómsins.

Í þessu tilviki er hins vegar um að ræða skilgreinda viðtakendur í Kína og Bandaríkjunum sem vinna fyrir CCP við að veita margvíslega stoðþjónustu. Í ljósi þess er um að ræða flutning á persónuupplýsingum til þeirra, jafnvel þótt til þess sé notuð sú aðferð að spegla upplýsingarnar úr gagnagrunnum sem eru innan EES. Er sú afstaða m.a. í samræmi við réttarframkvæmd í Danmörku þar sem talið hefur verið að innri not persónuupplýsinga fæli í sér slíkan flutning þegar í þeim felst aðgangur starfsmanna utan EES, sbr. úrlausn dönsku persónuverndarstofnunarinnar frá 5. desember 2006 í máli nr. 2006-42-1061 varðandi vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við kerfi fyrir tilkynningar um meint lögbrot innan fyrirtækis (e. whistleblowing) með starfsstöðvar utan og innan EES. Sama á við um flutning upplýsinga til vinnsluaðila.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd ljóst að umræddur flutningur persónuupplýsinga til Bandaríkjanna og Kína þurfi að samrýmast 30. gr. laga nr. 77/2000.

#### *3.[...]*

Skilyrði 30. gr. laga nr. 77/2000 eru tvenns konar. Annars vegar er um að ræða atvik eða aðstæður sem leiða

til þess að flutningur persónuupplýsinga sé heimill, s.s. að hinn skráði samþykki flutninginn, sbr. 1. mgr. 30. gr. Hins vegar getur mátt flytja upplýsingarnar samkvæmt leyfi Persónuverndar í samræmi við 2. mgr. 30. gr.

Af hálfu CCP hefur komið fram að fyrirtækið telur flutning persónuupplýsinganna til Kína og Bandaríkjanna vera heimilan á grundvelli samþykkis, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. Í athugasemdum við ákvæðið segir að samþykki þurfi að vera upplýst og yfirlýst og samrýmast skilyrðum 7. tölul. 2. gr., en þar er hugtakið samþykki skilgreint sem sérstök ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv. Um hugtakið samþykki má til frekari skýringar vísa til álits nr. 15/2010 frá vinnuhópi samkvæmt 29. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 95/46/EB.

Persónuvernd telur að þótt leikmaður haki við persónuverndarstefnu CCP, sem ekki tilgreinir til hvaða landa persónuupplýsingar séu fluttar, hafi hann ekki veitt samþykki sitt fyrir flutningi þeirra samkvæmt framangreindu. Kröfum 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000 er því ekki fullnægt um umræddan flutning persónuupplýsinga til Kína og Bandaríkjanna. Þá hefur ábyrgðaraðili ekki sýnt fram á að uppfyllt séu skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 30. gr. laganna, en gera verður ríkar kröfur til þess að flutningur persónuupplýsinga teljist nauðsynlegur í skilningi ákvæðisins.

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr., telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Þær geta falist í gerð skriflegs samnings við tökuaðila, þ.e. samnings sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, sbr. nú auglýsingu nr. 228/2008.

Skal CCP eigi síðar en 1. desember nk. senda Persónuvernd tillögu að fullnægjandi tryggingum fyrir vernd umræddra persónuupplýsinga.

#### *Úrskurðarorð:*

Flutningur CCP hf. á persónuupplýsingum um leikmenn til aðila í Kína og Bandaríkjanna á sér ekki stoð í 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Skal CCP eigi síðar en 1. desember nk. senda Persónuvernd tillögu að fullnægjandi tryggingum fyrir vernd umræddra persónuupplýsinga, sbr. 2. mgr. 30. gr. laganna.“

#### **3.2.82. Upplýsingar um greiðsluáðlögun notaðar í skólamötuneyti – mál nr. 2011/905**

Persónuvernd barst ábending um að aðili sem seldi mat í grunnskólum hefði gert kröfu um að fá upplýsingar um greiðsluáðlögun foreldra. Að fengnum útskýringum frá Umboðsmanni skuldara, og lögmanni fyrirtækisins, var tekin ákvörðun um að fella málið niður.

Í þeirri ákvörðun segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að skráning upplýsinga um greiðsluáðlögun einstaklinga telst vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000.

Verkefni Persónuverndar eru rakin í 37. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með áorðnum breytingum. Er þau m.a. að hafa eftirlit með framkvæmd þeirra laga, þ.m.t. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, að úrskurða í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga og tjá sig samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga. Á grundvelli þess ákvæðis ákvað Persónuvernd að taka málið til meðferðar að eigin frumkvæði í kjölfar ábendingar þeirrar sem stofnuninni barst þann 24. ágúst 2011.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti umboðsmanns skuldara teljast skólamáltíðir til þeirrar framfærslu sem að einstaklingum í greiðsluaðlögun er heimilt að greiða án aðkomu umsjónarmanns viðkomandi, sbr. bréf umboðsmanns skuldara, dags. 21. september 2011. Þá hefur lögmaður Skólamatar ehf. jafnframt bent á, sbr. tölvubréf dags. 23. september sl., að Skólamatar hafi ekki, og muni ekki, skrá upplýsingar um greiðsluaðlögun viðskiptavina sinna. Jafnframt kom fram að áskriftarskilmálum félagsins muni verða breytt.

Stjórn Persónuverndar hefur rætt mál þetta á fundi sínum í dag. Í ljósi þess að Skólamatar ehf. hefur látið af umræddri vinnslu hefur verið ákveðið að fella málið niður.

### **3.2.83. Miðlun persónuupplýsinga um fanga til TR – mál nr. 2011/812**

Persónuvernd barst kvörtun fanga vegna miðlunar persónuupplýsinga um sig frá Fangelsismálastofnun til Tryggingastofnunar. Miðlunin hafði farið fram í tengslum við ákvörðun um greiðslu vasapeninga. Að mati Persónuverndar var hún liður í því að Tryggingastofnun gæti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og þar með hefði hún verið heimil.

Í ákvörðun Persónuverndar segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekens einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af þessu öllu er ljóst að mál þetta lýtur að vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

## 2.

Svo að vinna megi með persónuupplýsingar verður að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar þarf að auki að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. Í 8. tölul. 2. gr. laganna er talið upp hvaða upplýsingar séu viðkvæmar og má þar nefna upplýsingar um hvort maður hefur verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknáð, t.d. um hvort einstaklingur sæti fangelsisvist.

Þegar ábyrgðaraðili er stjórnvald þarf, í ljósi lögmætisreglunnar, að skoða hvort uppfyllt sé ákvæði 3. tölulíðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um að vinnsla sé heimil vegna þess að hún sé ábyrgðaraðila nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á honum. Þá segir í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil standi til hennar sérstök heimild samkvæmt öðrum lögum. Ber hér að skoða ákvæði laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, þ.e. að því er varðar heimild Fangelsismálastofnunar til að miðla umræddum lista til Tryggingastofnunar.

Í 56. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar segir að ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun skuli falla niður allar bætur til hans eftir fjögurra mánaða samfellda fangelsisvist eða dvöl. Þegar bætur hafa verið felldar niður er heimilt að greiða fanga vasapeninga í samræmi við 8. mgr. 48. gr. laganna.

Af framangreindu ákvæði er ljóst að fyrrgreind miðlun upplýsinga frá Fangelsismálastofnun til Tryggingastofnunar ríkisins er nauðsynleg til að Tryggingastofnun geti gætt lögbodins hlutverks síns, um að fella niður bætur til þeirra sem dæmdir eru til fangelsisvistar, og er því heimil samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Í þessu sambandi minnir Persónuvernd enn fremur á ákvæði 11. gr. laga nr. 77/2000 þar sem mælt er fyrir um að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

### *Álitsorð:*

Fangelsismálastofnun er heimilt að miðla lista með nöfnum, kennitölum, vistunarstað, komudegi og

áætluðum brottfarardegi þeirra sem sæta fangelsisvist til Tryggingastofnunar ríkisins þannig að Tryggingastofnun geti gætt lögboðins hlutverks síns í samræmi við 56. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar.“

### *3.2.84. Ferilvöktun í strætisvögnum – mál nr. 2011/564*

Úrskurðað var í ágreiningsmáli um lögmæti ferilvöktunarkerfis hjá Strætó bs. Í úrskurði var litið til þess að starfsmenn ækju vögnum fyrirtækisins eingöngu við vinnu en ekki við athafnir sem tilheyrðu heimilum þeirra eða einkalífi að öðru leyfi. Þá var litið til þeirra hagsmuna sem Strætó bs. hafði vísað til. Vöktunin var talin heimil, en annmarkar taldir hafa verið á fræðslu til starfsmanna.

Í úrskurði Persónuverndar segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Ferilvöktunarkerfi Strætó bs. safnar rafrænum gögnum um ökutæki fyrirtækisins, þ.e. númer ökutækja og ferla. Þótt vaktstjórar vinni breytilegar vaktir, og aki ekki alltaf sama ökutækinu, eru til gögn er sýna hvenær hver starfsmaður ók því. Þannig er unnt að rekja þær upplýsingar sem til verða í ferilvöktunarkerfinu til þeirra. Teljast þær því vera persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt framansögðu fellur undir úrskurðarvald Persónuverndar að svara því hvort umrædd vinnsla persónuupplýsinga hafi samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000.

Það fellur hins vegar ekki undir verksvið Persónuverndar að úrskurða um á hvaða tíma starfsmenn skuli kynna sér umrædda vinnslu, þ.e. á vinnutíma eða ekki. Sama á við um notkun á hljóðkerfi í strætisvögnum fyrirtækisins. Tekur úrskurður þessi því ekki til þeirra atriða. Þá er, vegna athugasemdar í svarbréfi Strætó bs. um að gögn séu vistuð til samræmis við leyfisveitingu Persónuverndar, sérstaklega leiðrétt að Persónuvernd hefur ekki gefið út leyfi vegna hennar.

#### 2.

##### *Ábyrgðaraðili*

Erindi kvartanda lýtur í fyrsta lagi að því hvort ekki eigi „að vera einhver einn ábyrgðaraðili frá fyrirtækinu.“ Ábyrgðaraðili er sá nefndur sem ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga. Hann ákveður tilgang vinnslunnar, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Það er jafnan lögaðili sem er ábyrgðaraðili en ekki einhver starfsmaður lögaðilans jafnvel þótt þeim starfsmanni hafi verið falið að koma fram fyrir hans hönd. Markmiðið er að gera það skýrt fyrir hinn skráða hvert hann getur snúið sér og auðvelda honum að leita réttar síns. Í því ljósi telst Strætó bs. vera ábyrgðaraðili framangreindrar vinnslu, en ekki einstakir starfsmenn fyrirtækisins – hvorki þeir sem hafa umsjón með ferilvöktunarkerfinu né aðrir.

#### 3.

##### *Heimild til vinnslu*

Vinnsla persónuupplýsinga, bæði sú sem fram fer með rafrænni vöktun og með öðrum aðferðum sem falla undir gildissvið laga nr. 77/2000, verður ávallt að fullnægja einhverju af skilyrðum 8. gr. laganna. Í framkvæmd hefur rafræn vöktun á vinnustöðum verið talin geta stuðst við 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. Samkvæmt því ákvæði er vinnsla heimil ef hún er nauðsynleg í þágu lögmætra hagsmuna – nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra. Strætó bs. hefur lýst því yfir að ferilvöktunin fari fram til að koma í veg fyrir þjónustubresti og bæta gæði í akstursþjónstu. Einnig að afla rauntímaupplýsinga til að varpa yfir á ýmsa upplýsingamiðla til farþega – á vefinn, upplýsingaskjái, í farsíma o.s.frv. Telst slík vinnsla fara fram í þágu lögmætra hagsmuna í skilningi ákvæðis 7. tölulíðar.

Hins vegar er skilyrði að grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi ekki þyngra en framangreindir hagsmunir ábyrgðaraðila. Við mat á því hvort svo sé skiptir máli að hér er um að ræða strætisvagna sem eingöngu eru nýttir sem vinnutæki, þ.e. starfsmenn aka þeim aðeins við vinnu en ekki við athafnir sem tilheyra heimilum þeirra eða einkalífi að öðru leyti. Þá verður ekki ráðið af erindi kvartanda að umrædd ferilvöktun strætisvagna hafi ógnað eða getað ógnað grundvallarréttindum og frelsi hans þannig að telja megi hagsmuni

hans vega þyngra en framangreindir hagsmunir Strætó bs. af því að vöktunin fari fram. Er það því mat Persónuverndar að umrædd vinnsla Strætó bs. samrýmist 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Að auki verður, eins og ávallt þegar unnið er með persónuupplýsingar, að vera farið að öllum grunnkröfum 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti slíkra upplýsinga (1. tölul.); að persónuupplýsingar skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að persónuupplýsingar skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skulu vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu áreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta (4. tölul.). Að mati Persónuverndar hefur ekkert komið fram um að vinnslan fari í bága við framangreind ákvæði 7. gr.

#### 4.

##### *Fræðsla*

Í máli þessu er kvartað yfir því að Strætó bs. hafi ekki rækt fræðsluskyldu sína gagnvart kvartanda. Í 20. gr. laga nr. 77/2000 segir m.a. að þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skuli hann m.a. fræða hinn skráða um þau atriði sem hann þarf að vita, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna. Í 10. gr. reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun er sömuleiðis að finna ákvæði um fræðslu sem veita ber þeim sem sæta rafrænni vöktun. Þar segir:

„Ábyrgðaraðili að rafrænni vöktun skal setja reglur og/eða veita fræðslu til þeirra sem henni sæta, sbr. þó að ekki er átt við tilkynningu í samræmi við 48. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Áður en slíkum reglum er beitt skal kynna þær með sannanlegum hætti, s.s. við gerð ráðningarsamnings.

Reglur eða fræðsla samkvæmt 1. mgr. skulu taka til tilgangs vöktunarinnar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að upplýsingum sem safnast og hversu lengi þær verði varðveittar. Ef kjarasamningur eða samkomulag, sem telja verður bindandi milli aðila, felur í sér ríkari rétt en leiðir af slíkum reglum þá víkja þær síðarnefndu.

Að öðru leyti skal, eftir því sem við á, tilgreina eftirfarandi:

- a. Hvaða búnaður er notaður, t.d. stafrænar myndavélar, ökusíritar eða hljóðupptökutæki.
- b. Rétt til að andmæla vöktuninni og hverjar geti verið afleiðingar þess.
- c. Rétt viðkomandi til að fá að vita hvaða upplýsingar verða til um hann og um rétt hans til að fá upplýsingar leiðréttar eða þeim eytt.
- d. Að hvaða marki netnotkun sé heimil, s.s. hvort bannað sé að sækja á netið ólöglegt og/eða kynlífstengt efni og/eða senda slíkt með tölvupósti.
- e. Hvernig farið sé með einkatölvupóst og annan tölvupóst.
- f. Hvort símvöktun fari fram og hvort takmarkanir, og þá hvaða, séu á heimild til einkanota á tilgreindum símtækjum.
- g. Afleiðingar þess ef brotið er gegn fyrirmælum, s.s um notkun síma eða internets.
- h. Önnur atriði, að því marki sem þörf krefur með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, svo að starfsmenn geti gætt hagsmuna sinna.

Af hálfu ábyrgðaraðila hafa verið lagðar fram þrjár tilkynningar sem bera með sér veitta fræðslu. Við samamburð á þeim og ákvæði 10. gr. reglna nr. 837/2006 er ljóst að nokkuð vantar á að fræðslan hafi náð til allra þeirra atriða sem þar eru talin upp. M.a. kemur ekki fram að starfsmönnum hafi verið gerð grein fyrir rétti sínum til að andmæla vöktuninni og hvaða afleiðingar slík andmæli gætu haft. Er nauðsynlegt að úr því verði bætt.

##### *Úrskurðarorð:*

Vinnsla Strætó bs. á persónuupplýsingum um A, með notkun ferilvöktunarbúnaðar í strætisvögnum, var heimil. Strætó bs. skal hins vegar gera úrbætur á fræðslu þannig að hún verði í samræmi við 10. gr. reglna nr. 837/2006 og 20. gr. laga nr. 77/2000.“

### **3.2.85. Umsögn um tillögu Stjórnlagaráðs – mál nr. 2011/792**

Persónuvernd gaf umsögn um drög Stjórnlagaráðs að breyttum stjórnarskrárákvæðum um söfnun og notkun upplýsinga. Að mati Persónuverndar þurfti að ígrunda betur hvort ákvæði 7. gr. í drögum ráðsins fengju samrýmt tilskipunum sem Ísland var bundið af eða væru of fortakslaus, en frjálss söfnun persónuupplýsinga væri hvergi heimil í hinum vestræna heimi.

Í umsögninni sagði m.a.: „Persónuvernd hefur borist ósk um umsögn um tillögudrög Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Í þeim er að finna tillögur að ákvæðum fyrir nýja stjórnarskrá hvað varðar skoðana- og tjáningarfrelsi, upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla.

Stofnunin vill koma eftirfarandi á framfæri. Bæði í núgildandi stjórnarskrá og drögum að tillögum Stjórnlagabings er að finna ákvæði um friðhelgi einkalífs en þar kemur m.a. fram að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skuli tryggð. Ákvæðið kom nýtt inn með 9. gr. laga nr. 97/1995 en í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því er varð að þeim lögum kemur fram að hugtakið friðhelgi einkalífs geti náð til vinnslu persónuupplýsinga. Í þessu sambandi vekur Persónuvernd athygli á því að í nýrri mannréttindaskrá, s.s. 8. gr. mannréttindaskrár Evrópusambandsins, hefur sjálft ákvæðið um friðhelgi einkalífs verið gert skýrara að þessu leyti. Þar er tekið fram í textanum sjálfum að friðhelgin taki einnig til vinnslu persónuupplýsinga. Er lagt til að hér verði sambærileg breyting gerð.

Að því er varðar tillögur að ákvæðum um upplýsingafrelsi er minnt á þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands vegna EES-samningsins. Samkvæmt honum ber Íslandi m.a. að virða ákvæði tilskipunar 95/46EB. Að mati Persónuverndar þarf að ígrunda vandlega hvort að ákvæði 7. gr. í drögum ráðsins fái örugglega samrýmt tilskipuninni eða séu of fortakslaus því augljóst er að frjálss söfnun persónuupplýsinga er hvergi heimil í hinum vestræna heimi.“

### **3.2.86. Umsögn um tölvunotkunarreglur sveitafélags – mál nr. 2011/548**

Persónuvernd veitti umsögn um tölvunotkunarreglur Akureyrarbæjar. Í umsögninni kom m.a. fram að bænun væri óheimilt að skoða gögn um netnotkun einstakra starfsmanna nema fyrir lægi rökstuddur grunur um misnotkun, s.s. að starfsmaðurinn hefði brotið gegn gildandi lögum og reglum eða fyrir mælum vinnuveitanda, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglna nr. 837/2006 og 2. mgr. 6. gr. reglna Akureyrarbæjar um meðferð tölvupósts og netnotkun.

Í svari Persónuverndar sagði m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekens einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Skoðun á netnotkun starfsmanns er þar af leiðandi vinnsla persónuupplýsinga. Skoðunin fer fram með tölvubúnaði og telst því vera rafræn vinnsla sem fellur undir lög nr. 77/2000. Heyrir erindi þetta þar með undir verkefnasvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

## 2.

Svo að vinna megi með almennar persónuupplýsingar, s.s. um netnotkun manna, þarf ávallt að fullnægja einhverju skilyrðanna í 8. gr. laga nr. 77/2000.

Vinnsla er ávallt heimil ef hinn skráði veitir samþykki sitt fyrir henni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. Slíkt samþykki þarf þá að vera ótvírátt. Þá er ábyrgðaraðila heimilt að vinna með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að geta gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. Ábyrgðaraðila gæti því verið heimilt að skoða netnotkun starfsmanns, s.s. gagnamagn, ef grunur liggur fyrir um misnotkun eða að kerfi sé sýkt af tölvuvírus eða tölvuormi.

Með vísan til framangreinds gæti vinnuveitanda, í þessu tilfelli Akureyrarbæ, verið heimilt að skoða gagnamagn starfsmanns ef grunur leikur á um misnotkun af hans hálfu eða að tölvubúnaður hans sé „sýktur.“

### 3.

Um rafræna vöktun gilda, auk laga nr. 77/2000, reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Í 2. mgr. 9. gr. reglnanna kemur fram að óheimilt sé að skoða upplýsingar um gagnamagn starfsmanns nema það liggi fyrir rökstuddur grunur um að hann hafi brotið gegn gildandi lögum og reglum eða fyrirmælum vinnuveitanda. Þá segir einnig í málsgreininni að sé tilfni skoðunar grunur um refsiverðan verknað skuli óska atbeina lögreglu.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. sömu reglna skal gera starfsmanni fyrst grein fyrir því, þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð, og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun. Undanþága er veitt í sömu málsgrein ef þess er enginn kostur, s.s. vegna alvarlegra veikinda starfsmanns en þá skal veita honum færi á að tilnefna annan mann í sinn stað.

Akureyrarbær hefur sett reglur um tölvunotkun. Í 2. mgr. 6. gr. reglnanna segir að óheimilt sé að skoða netvafur einstakra starfsmanna nema fyrir liggi rökstuddur grunur um að brotið hafi verið gegn gildandi lögum og reglum eða fyrirmælum umsjónarmanns tölvukerfa.

Af framangreindu er ljóst að Akureyrarbær – að óbreyttum þeim reglum sem hann hefur sjálfur sett – óheimilt að skoða gagnamagn starfsmanns nema fyrir liggi rökstuddur grunur um misnotkun, s.s. að hann hafi brotið gegn gildandi lögum og reglum eða fyrirmælum vinnuveitanda. Ef slíkt tilvik kemur upp ber Akureyrarbær þó að veita starfsmanni færi á að vera viðstaddur skoðunina og ef hann getur það ekki þá ber að veita honum færi á að tilnefna annan mann í sinn stað.

### 4.

Akureyrarbær er óheimilt að skoða gagnamagn einstakra starfsmanna sinna nema fyrir liggi rökstuddur grunur um misnotkun, s.s. að hann hafi brotið gegn gildandi lögum og reglum eða fyrirmælum vinnuveitanda, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglna nr. 837/2006 og 2. mgr. 6. gr. reglna Akureyrarbæjar um meðferð tölvupósts og netnotkun. “

#### **3.2.87. Umsögn um reglugerð um upplýsingaskyldu framhaldsskóla – mál nr. 2011/626**

Persónuvernd veitti mennta- og menningarmálaráðuneytinu umsögn um reglugerð um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólalald, og um aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur.

Í umsögninni sagði m.a.: „Persónuvernd vísar til bréfs mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 18. maí sl., þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um reglugerð um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólalald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur. Reglugerðin á sér stöð í 2. mgr. 55. gr. laga um framhaldsskóla.

Persónuvernd vekur athygli á því að í 3. gr. er gert ráð fyrir skráningu persónuupplýsinga um þjóðerni nemenda. Slíkar upplýsingar eru viðkvæmar í lagaskilningi. Í því felst að skýr lagaheimild þarf að standa til þess að skrá þær. Í öðru lagi bendir Persónuvernd á að í sömu grein segir að skrá skuli „stöðu“ nemanda. Hér þarf að skýra nánar hvað við er átt. Að öðru leyti telur Persónuvernd að ekki séu efni til sérstakra annarra athugasemda af sinni hálfu við umrædd reglugerðardrög.“

#### **3.2.88. Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimila – mál nr. 2011/319**

Persónuvernd veitti efnahags- og skattanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimila (þskj. 381, 314. mál á 139. löggjafarþingi). Í umsögninni var m.a. ítrekuð fyrri afstaða stofnunarinnar og áhyggjur hennar af þeirri víðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem í rannsókninni myndu felast. Þá taldi stofnunin að ákvæði laganna um allt að tíu ára fangelsisrefsingu væru ekki í samræmi við refsiramma íslenskra refsilaga. Þá taldi hún ekki rétt að hún myndi bæði fara með framkvæmd tiltekins hluta vinnslunnar og um leið eftirlit með henni.

Í umsögn hennar sagði m.a. þetta: „Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 2. mars 2011 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimila (þskj. 381, 314. mál á 139. löggjafarþingi).

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er markmið þess að fyrir liggi reglulega upplýsingar um stöðu mismunandi tegunda heimila þannig að stjórnvöld geti markað stefnu til að standa vörð um hag heimilanna, sérstaklega þeirra sem höllum fæti standa.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um framkvæmd umræddrar rannsóknar. Er m.a. lagt til að

Hagstofan rannsaki fjárhagsstöðu heimilanna ársfjórðungslega. Við rannsóknina hafi hún náð samráð við Persónuvernd varðandi persónuupplýsingar og Fjármálaeftirlitið varðandi bankaleynd. Opinberir aðilar, fjármálastofnanir, lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir og háskólar, sem búi yfir upplýsingum um tekjur heimila, lántökur, afborganir af lánum, leigu og annan kostnað vegna húsnæðis eða náms, skuli að eigin frumkvæði miðla upplýsingum til Hagstofunnar á því formi og á þeim tíma sem Hagstofan tiltaki. Hagstofan taki við gögnum á starfsstöð viðkomandi og flytji á miðil í eigu Hagstofunnar undir eftirliti Persónuverndar.

Fram kemur í 2. gr. að dulkóða eigi gögnin. Um það segir nánar að gögnum skuli safnað á einn stað hjá Hagstofunni undir eftirliti Persónuverndar og þau dulrituð þar með þremur dulritunarlyklum. Skuli hver lykkill útbúinn í tvíriti og skuli hagstofustjóri og staðgengill hans geyma eitt par, framkvæmdastjóri Persónuverndar og staðgengill hans eitt par og framkvæmdastjóri Fjármálaeftirlitsins og staðgengill hans eitt par. Geyma skuli dulritunarlyklana í tíu ár en gögnin í fjögur ár hverju sinni. Fyllstu varúðar og leyndar skuli gætt á þeim gögnum sem safnað sé saman. Í 3. gr. segir að sá sem brjóti trúnað og leynd um gögnin skuli sæta fangelsi allt að tíu árum.

## 2.

Áður hafa tvisvar verið lögð fram frumvörp um rannsókn á fjárhagsstöðu heimilanna (þskj. 961, 570. mál á 138. lögjafarþingi, og þskj. 381, 314. mál á 139. lögjafarþingi). Persónuvernd veitti umsögn um þau frumvörp með bréfum, dags. 17. maí 2010 og 31. janúar 2011. Í umræddu frumvarpi er gert ráð fyrir að nánari framkvæmd rannsóknar verði með nokkuð öðrum hætti en í fyrri frumvörpum. Meginefni frumvarpanna allra er þó mjög sambærilegt, þ.e. að ríkisvaldið safni mjög víðtækum upplýsingum um fjárhagsstöðu einstaklinga í rannsóknarskygni og varðveiti þær um nokkurra ára skeið.

Í fyrri umsögnum hefur Persónuvernd lýst yfir áhyggjum af þeirri víðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem í framangreindu felst, ekki síst í ljósi tilhneigingar til að framlengja varðveislutíma í gagnagrunnum sem til verða með upplýsingum um einstaklinga. Þá hefur Persónuvernd komið á framfæri þeirri afstöðu að við lagasetningu um slíka vinnslu, sem hér um ræðir, þurfi að sýna fram á nauðsyn á varðveislu persónugreinanlegra upplýsinga, en einungis þannig séu uppfyllt ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu felist að sýnt sé fram á af hverju sá möguleiki sé ekki fyrir hendi að vinna úr viðkomandi persónuupplýsingum, búa til nauðsynlega tölfræði og þegar að því loknu eyða öllum persónugreinanlegum upplýsingum.

Persónuvernd ítrekar framangreinda afstöðu sína. Þá skal sérstaklega tekið fram að þrátt fyrir mikilvægi þess að friðhelgi einkalífs njóti verndar telur Persónuvernd ákvæði frumvarpsins um allt að tíu ára fangelsisrefsingu ekki í samræmi við refsiramma íslenskra refsilaga.

## 3.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Persónuvernd myndi hafa virka aðkomu að dulkóðun gagna. Slíkt fæli í sér að stofnunin hefði bæði með höndum ákveðna þætti í umræddri vinnslu persónuupplýsinga og um leið eftirlit með vinnslu. Það fer ekki saman að hafa bæði með höndum framkvæmd verks og eftirlit með því. Af því leiðir að finna þarf aðra lausn að því er varðar öryggisþátt vinnslunnar.“

### **3.2.89. Umsögn um frumvarpsdrög varðandi þvinganir á fötluðum – mál nr. 2011/1182**

Persónuvernd veitti umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fatlaðra. Í drögunum var gert ráð fyrir rafrænni vöktun sem þvingunaradgerð. Að mati stofnunarinnar myndi það fela í sér umtalsverða íhlutun í stjórnarskrárvarin réttindi og ganga lengra heldur en samsvarandi ákvæði í norskum og dönskum lögum.

Í umsögn hennar sagði m.a.: „Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarráðuneytisins frá 1. nóvember 2011 þar sem óskað er umsagnar um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindagæslu fatlaðs fólks nr. 88/2011. Með tölvubréfi hinn 17. nóvember 2011 óskaði Persónuvernd eftir drögum að greinargerð með frumvarpsathugasemdum. Degi síðar bárust Persónuvernd ný drög að frumvarpinu sem hafa að geyma slíka greinargerð.“

Í frumvarpsdrögunum er lagt til að við lögin bætist nýr kafli sem beri heitið „Ráðstafanir til að draga úr nauðung í vinnu með fötluðu fólki“. Í kaflanum er að finna ákvæði sem bannar beitingu nauðungar gagnvart fötluðum, sem og ákvæði um undantekningar frá því banni til að tryggja velferð fatlaðra einstaklinga og málsmeðferð við beitingu undantekninganna, þ. á m. leyfi til að beita þvingunum sem veitt yrðu af



svonefndri undanþágunefnd, sbr. ákvæði sem yrði í 15. gr. laganna. Einkum eru það ákvæði um rafræna vöktun sem falla undir málefna svið Persónuverndar.

Í tillögu að ákvæði, sem yrði að finna í 3. mgr. 11. gr. umræddra laga, kemur fram að fjarvöktun með myndavélum eða hljóðnema geti talist til nauðungar í skilningi laganna, hvort sem hún fari fram með vitund viðkomandi eða ekki, sem og að skilyrðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verði að vera fullnægt, sbr. einnig ákvæði sem yrði í 3. tölul. 2. mgr. 14. gr. Þá segir í ákvæði, sem yrði í 5. mgr. 19. gr., að ákvörðun um fjarvöktun samkvæmt 5. mgr. 11. gr. sé hægt að skjóta til Persónuverndar eftir ákvæðum laga nr. 77/2000.

## 2.

Eins og rakið er í athugasemdum með umræddum frumvarpsdrögum er í norsku lögnum um félagsþjónustu (lov om sociale tjenester m.v. nr. 1991-12-13-8<sup>1)</sup> að finna ákvæði sem sambærileg eru við ákvæðin í drögnum. Nánar tiltekið er um að ræða ákvæði í kafla 4A í hinum norsku lögnum. Einnig er sambærileg ákvæði að finna í 24. kafla dönsku laganna um félagsþjónustu, nr. 1096/2010.

Ljóst er að setning slíkra reglna, sem fram koma í umræddum frumvarpsdrögum, felur í sér íhlutun í rétt manna til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Þann rétt má hins vegar takmarka ef brýna nauðsyn ber til, sbr. 3. mgr. þeirrar greinar. Af athugasemdum með frumvarpsdrögnum verður ráðið að ákvæði þeirra byggist á hagsmunamati sem hafi leitt til þeirrar niðurstöðu að um sé að ræða nauðsynlega íhlutun í einkalífsrétt manna.

Ekki verður útilokað að nauðsynlegt geti verið að beita rafrænni vöktun til að tryggja velferð fatlaðra einstaklinga. Má raunar ætla að slíkt gæti, eftir atvikum, þegar talist heimilt með vísan til 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt fyrrnefnda ákvæðinu er vinnsla persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða; og samkvæmt síðarnefnda ákvæðinu er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt.

Umrædd ákvæði laga nr. 77/2000 eru ekki hugsuð sem heimildir til vöktunar sem gagngert fer fram til að vakta einn tiltekinn einstakling sem lýst hefur sig ósamþykkan vöktuninni. Með öðrum orðum, þá fela ákvæðin ekki í sér heimild til að viðhafa vöktun sem þvingunarráðstöfun. Til að heimildir til slíkrar vöktunar séu teknar upp í lög þarf ríkar ástæður til. Ef vöktunin ætti að fara fram án vitundar þeirra sem henni sæta þyrfti enn ríkari ástæður til enn ella. Má raunar ætla að leynileg vöktun gangi gegn grunnreglu 71. gr. stjórnarskrárinnar nema þegar um ræðir rannsókn sakamála og byggt er á dómsúrskurði í samræmi við 82. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Frumvarpsdrögin voru rædd á fundi stjórnar Persónuverndar hinn 22. nóvember 2011. Í ljósi framangreinds telur hún tillögu draganna að ákvæði, sem yrði í 3. mgr. 11. gr. laga um réttindagæslu fatlaðs fólks, ekki standast í núverandi mynd. Í því sambandi er minnt á að ef vöktun samkvæmt ákvæðinu á að fara fram með leynd er þeim sem sætir vöktuninni í reynd gert ókleift að nýta málskotsrétt sinn samkvæmt þeim ákvæðum sem yrðu í 19. gr. laganna. Er því lagt til að orðalagi ákvæðisins verði breytt á þann veg að ekki sé gert ráð fyrir leynilegri vöktun.

Einnig telur Persónuvernd að í ljósi þess að umrædd vöktun fæli í sér þvingunarúrræði væri réttaröryggi best borgið með sem greiðustu aðgengi að dómstólum þegar uppi væri ágreiningur um réttmæti hennar. Í því ákvæði, sem yrði í 4. mgr. 19. gr. laganna, er mælt fyrir um málskotsrétt til dómstóla sem ætlað er að liðka fyrir málsmeðferð. Í 5. mgr. er hins vegar ákvæði um að ákvörðun um vöktun sé hægt að skjóta til Persónuverndar. Ákvæðið má skilja sem sérreglu sem feli í sér undantekningu frá ákvæði 4. mgr., þ.e. að kæra til Persónuverndar komi í stað málskots til dómstóla samkvæmt 4. mgr. Þá er þess að geta að Persónuvernd telur það ekki hlutverk sitt að mæla fyrir um að einstaklingar skuli beittir þvingunarúrræðum, en til þess gæti í reynd komið ef umrætt ákvæði verður að lögum. Persónuvernd leggur því til að 5. mgr. verði felld brott, en þá verður jafnframt skýrt af ákvæðum 19. gr. að ákvæði 4. mgr. um dómsmeðferð gildi um umræddar ákvarðanir.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið en tekur engu að síður fram að ákvæði þess fela í sér umtalsverða íhlutun í stjórnarskrárvarin réttindi, auk þess sem þau ganga talsvert lengra heldur en samsvarandi ákvæði í norskum og dönskum lögum; má þar nefna að norsku löggin hafa ekki að geyma ákvæði

um vöktun. Þess má og geta að dönsku lögin, sbr. einkum 133.–135. gr., hafa að geyma skýrari úrræði um rétt fatlaðs einstaklings, þess beittur er þvingun, til að leita réttar síns. Þar sem starfssvið stofnunarinnar snýr að meðferð persónuupplýsinga heyrir meginefni frumvarpsins hins vegar ekki undir hana.“

### **3.2.90. Markpóstur sendur sambyliskonu kvartanda – mál nr. 2011/877**

Persónuvernd barst kvörtun yfir markpósti frá Frumherja. Notaðar voru upplýsingar um sambyliskonu kvartanda, en það var ekki hún sjálf sem kvartaði, og sá sem kvartaði hafði ekki umboð hennar til að fara með málið fyrir hennar hönd. Var það þá fellt niður.

Í ákvörðun Persónuverndar um það segir m.a.: „Í lögum nr. 77/2000 eru hinum skráða, þ.e. þeim sem persónuupplýsingar eru um, tryggð ýmis réttindi. Sem spegilmynd af þeim hvílir samsvarandi skylda á ábyrgðaraðila. Honum ber að virða réttindi hans skráða – m.a. rétt hans til aðgangs að upplýsingum um sig, til að fá rangar upplýsingar leiðréttar eða þeim eytt. Þá ber honum að virða andmæli hans skráða þ. á m. gagnvart notkun persónuupplýsinga um sig í þágu markaðssetningar. Telji hinn skráði að á sér hafi verið brotinn sá réttur sem honum er tryggður í lögnum getur hann leitað til Persónuverndar – eða veitt öðrum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.

## 2.

A hefur talið sig aðila máls vegna þess að umræddur markpóstur kom inn á hans heimili. Um hugtakið aðili máls er m.a. fjallað í dómi Hæstaréttar, í máli nr. 83/2003, dags. 19. júní 2003. Þar segir m.a.

„...gefa lögskýringargögn til kynna að aðildarhugtak í stjórnslumálum beri að skýra rúmt, þannig að ekki sé einungis átt við þá, sem eiga beina aðild að máli heldur einnig þá sem hafa óbeinna hagsmuna að gæta. Ekki er til einhlítur mælikvarði í þessum efnum og líta ber til hvers tilviks fyrir sig. Almenn er sá talinn aðili að máli, sem á einstaklegra, beinna og lögvarinna hagsmuna að gæta. Þannig eru þeir, sem bera fram kærur eða kvartanir yfirleitt taldir aðilar að stjórnslumáli, enda eigi þeir slíkra hagsmuna að gæta við úrlausn þess.“

Samkvæmt aðildarhugtakinu þarf einstaklingur, til að geta talist vera aðili máls, að eiga einstaklegra, verulegra, beinna og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn í því. Það ræðst aftur af því hvaða svið stjórnslunnar um er að ræða. Að því er varðar svið persónuverndar og vinnslu persónuupplýsinga fellur þetta tvennt – að vera hinn skráði og að vera aðili máls – oftast saman. Í þeim tilvikum sem það gerir það ekki er ástæðan jafnan sú að hinn skráði nýtur grundvallarréttar sem er óháður því hvort hann hafi verið aðili máls. Sá réttur er persónubundinn sem þýðir að annar getur ekki farið með þann rétt nema hafa til þess alveg sérstaka heimild.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 77/2000 getur Persónuvernd fjallað um einstök mál samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um sig í samræmi við lögin, reglur sem settar hafa verið samkvæmt þeim eða samkvæmt einstökum fyrirmælum. Hún getur einnig fjallað um mál að eigin frumkvæði.

Hvorki liggur fyrir kvörtun frá hinum skráða í máli þessu, né aðila sem hinn skráði hefur veitt heimild til að fara með sinn rétt. Þá hefur Persónuvernd ekki ákveðið að taka málið upp sem frumkvæðismál. Eru þar með ekki lagaskilyrði til frekari efnislegrar umfjöllunar um það og er það því fellt niður.“

### **3.2.91. Söfnun upplýsinga í gegnum tölvuleik – mál nr. 2011/1113**

Persónuvernd barst fyrirspurn manns um tölvuleikinn Battlefield, en forrit sem keyrði hann gerði fyrir-tækinu sem seldi leikinn kleift að skoða upplýsingar á tölvu leiknotenda og nýta þær til markaðssetningar. Spurt var almennt um lögmæti þessa. Persónuvernd gaf almennt svar og benti m.a. á að þótt íslensk lög gætu gilt að einhverju marki, og málið komið til úrlausnar hér á landi, gætu risið vandamál tengd fullnustu. Þá yrði að skoða efni notendaskilmála um lögsögu o.fl. Var bent á að vænta mætti nýrra reglna innan ESB þar sem fyrirhugað væri að eyða óvissu á þessu sviði.

Í svarinu sagði m.a.: „Persónuvernd hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þau byggja efnislega á tilskipun nr. 95/46/EB og gilda um sérhverja raf-ræna vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Það tilvik sem þú spyrð um er rafræn vinnsla persónuupplýsinga í framangreindum skilningi sem fellur undir lögin. Um bandarískan ábyrgðaraðila er að ræða en í 2. mgr. 6. gr. segir að lögin gildi um vinnslu á vegum ábyrgðaraðila með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins noti hann búnað eða aðstöðu hér á landi.

Sá tölvuleikur sem þú nefnir er þannig að áður en hann er keyrður í fyrsta skipti er notanda gert að setja upp tiltekið forrit á tölvuna sína. Forritið gerir söluaðila leiksins kleift að skoða upplýsingar á tölvu notandans. Tölvun er þá orðinn búnaður hér á landi, í skilningi ákvæðisins. Af því leiðir að lög geta átt við að því er varðar þá vinnslu persónuupplýsinga um þig sem fram fer á þinni tölvu hér á landi.

## 2.

### *Vinnsluheimild*

Öll vinnsla persónuupplýsinga sem fellur undir lög þarf að samrýmast einhverju af heimildarákvæðum 1. mgr. 8. gr. þeirra. Við lauslega athugun á þeim notendaskilmálum sem þú vísar til sést að litið er svo á að notandi hafi, með því að nota tenginguna, samþykkt vinnsluna („by installing or using the Application, you consent to be bound by this License“). Að lögum þarf samþykki hins vegar að vera skýrt og ótvírætt. Aftur á móti segir í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. að sú vinnsla sé heimil sem er nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Auk þess þarf vinnsla persónuupplýsinga að samrýmast 7. gr. – þ. á m. um að hún sé sanngjörn og hófleg. Í svari þessu verður, eins og áður segir, ekki tekin efnisleg afstaða til þess hvort um heimila vinnslu sé að ræða, þ.e. hvort hún uppfylli 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. og samrýmist 7. gr.

## 3.

### *Sjónarmið um valdmörk, lögsögu og fullnustu*

Þótt umrædd vinnsla persónuupplýsinga falli undir lög nr. 77/2000 er ljóst að kæmi upp ágreiningur yrði að huga að reglum um valdmörk og lögsögu. Almenna reglan er sú að Persónuvernd úrskurðar um lögmæti vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer hér á landi. Í skilmálum þess skjals sem þú vísar til í tölvupóstinum þínum eru hins vegar ákvæði um „governing law“ (sjá 14. lið) og gerðardómsmeðferð (sjá 17. lið). Yrði úrskurðaraðili þá m.a. að skoða hvort þú hafir, með því að haka við í tiltekna reiti, gert fullgildan samning og veitt ótvírætt og afdráttarlaust samþykki í lagaskilningi.

Loks er ljóst að þótt málið teldist lúta úrskurðarvaldi Persónuverndar gæti fullnusta úrskurðar orðið þrautin þyngrri þar sem ábyrgðaraðilinn er utan íslenskrar lögsögu. Innan Evrópu hefur ekki verið endanlega ákveðið hvernig bregðast megi við slíku. Er von á nýjum evrópskum reglum og mun vera fyrirhugað að taka á þessu atriði. Til fróðleiks má vitna í fréttatilkynningu sem var birt 15. þ.m. á vef framkvæmdastjórnar ESB. Þar segir m.a.:

„The Vice-President of the European Commission, Viviane Reding, and the German Federal Minister for Consumer Protection, Ilse Aigner, have issued a joint statement regarding the proposed reform of the Data Protection Directive (95/46/EC). As well as revealing that the proposal will be published in January 2012, the statement gave several clues as to the nature of the proposals. It said that data protection “needs to be addressed at the European level, through high, common European standards with global appeal”. Also, “companies who direct their services to European consumers should be subject to EU data protection laws. Otherwise, they should not be able to do business on our internal market.” Finally, the statement said that “EU law should require that consumers give their explicit consent before their data are used. And consumers generally should have the right to delete their data at any time.”“

Í þessu felst m.a. að hinir skráðu þurfi að gefa yfirlýst og afdráttarlaust samþykki, geta fengið persónuupplýsingum um sig eytt og staðreynt að það hafi verið gert. Þá mun jafnvel vera ráðgert að útiloka aðila frá því að selja vöru sína, þ. á m. tölvuleiki, á hinum innra markaði Evrópu nema þeir hlíti evrópskum lögum í þessum efnum.“

### **3.2.92. Birting upplýsinga um áhafnir á erlendri heimasíðu – mál nr. 2011/593**

Persónuvernd bærust nokkrar kvartanir vegna birtingar upplýsinga á grískri vefsíðu. Um var að ræða upplýsingar sem komu úr AIS-staðsetningarbúnaði sem skylt var að hafa í skipum. Þeir sem námu AIS-merkinu sendu þau til aðila í Grikklandi sem sýndi upplýsingarnar á tiltekinni vefsíðu. Persónuvernd ákvað að vekja athygli grísku persónuverndarstofnunarinnar á málinu.

Í ákvörðun Persónuverndar segir m.a.: „Í ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 25. janúar 2005 nr. 2005/53/EB, er mælt fyrir um að notast skuli við AIS-kerfið. Ákvörðunin er tekin með stöð í e-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar nr. 1999/5/EB. Bæði ákvörðunin og tilskipunin hafa verið teknar upp í EES-samninginn,

sbr. ákvarðanir Sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2001 og 101/2005. Mælt er fyrir um AIS-tilkynningakerfi í reglugerð nr. 672/2006 um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa, setti með stoð í m.a. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum. Nánar tiltekið er ákvæði um kerfið í 27. gr. reglugerðarinnar, sbr. breytingar á þeirri málsgrein, gerðar með reglugerð nr. 565/2009.

Sú upplýsingabirting sem erindi yðar varðar fer fram á vefsíðunni [marinetraffic.com](http://marinetraffic.com). Þar má sjá upplýsingar um staðsetningu skipa á hafsvæðum sem AIS-kerfið nær til. Kemur fram að grískur aðili, þ.e. Háskóli Eyjahafsins, vistar síðuna og hefur komið sér upp búnaði til að nema sendingar úr AIS-kerfinu. Persónuvernd hefur fengið það svar frá Siglingastofnun, sbr. bréf hennar til Persónuverndar, dags. 27. maí 2011, að hún hafi ekki haft atbeina að birtingu umræddra upplýsinga á þessari grísku vefsíðu.

## 2.

Persónuvernd hefur eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna. Þá úrskurðar hún í málum um vinnslu sem fram fer hér á landi, sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna.

Framangreind ákvæði taka mið af reglum tilskipunar 95/46/EB. Í a-lið 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 28. gr. tilskipunarinnar er fjallað um skil milli gildissviðs laga um meðferð persónuupplýsinga í einstökum ríkjum sem fara skulu að tilskipuninni, sem og stjórnvald hvaða ríkis úrskurði um mál í einstökum tilvikum. Af þessum ákvæðum leiðir að lög tiltekins ríkis gilda þegar um ræðir vinnslu persónuupplýsinga á vegum aðila sem hefur staðfestu í því ríki, þ.e. hefur við það einhver föst tengsl, s.s. í formi varanlegrar starfsstöðvar. Þá kemur fram að stjórnvöld í einstökum ríkjum leysa úr ágreiningi um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á yfirráðasvæði þeirra. Grikkland er meðal þeirra ríkja sem fer að tilskipun 95/46/EB.

Ekki er vitað hvort aðilar hér á landi safna upplýsingunum og koma þeim til hins gríska aðila eða hverjir þeir þá eru. Mun Persónuvernd ekki grípa inn í málið að því leyti en bendir, með vísun til 1. mgr. 7. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, á að Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmd laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Erindi yðar varðar þá birtingu sem fram fer á vefsíðunni [marinetraffic.com](http://marinetraffic.com). Ekki liggur fyrir að Háskóli Eyjahafsins hafi staðfestu á Íslandi. Aftur á móti er ljóst að hann hefur staðfestu í Grikklandi og því gildir grísk persónuupplýsingalöggjöf um starfsemi hans. Þar sem umræddar upplýsingar eru þannig birtar af hálfu aðila í Grikklandi telst birtingin fara fram þar. Það fellur því undir hið gríska stjórnvald á sviði persónuupplýsingaverndar að taka afstöðu til álitafna í tengslum við birtinguna. Nánar tiltekið er það stofnunin „Hellenic Data Protection Authority“ eins og hún heitir á ensku. Nánari upplýsingar um hana er að finna á vefsíðu hennar, [dpa.gr](http://dpa.gr). Persónuvernd mun vekja athygli hinnar grísku stofnunar á málinu.“

### 3.2.93. Miðlun frá tryggingafélagi til Seðlabanka Íslands – mál nr. 2011/885

Persónuvernd barst fyrirspurn um skyldu tryggingafélags til að afhenda Seðlabanka Íslands (SÍ) upplýsingar um viðskiptavin sína. Við meðferð málsins kom í ljós að annað félag í sömu samsteypu, staðsett í Þýskalandi, hefði afhent SÍ slíkar upplýsingar. Persónuvernd vakti athygli þýsku persónuverndarstofnunarinnar á því.

Í niðurstöðunni segir m.a.: „Allianz á Íslandi hf. er með staðfestu á Íslandi í skilningi 6. gr. laga nr. 77/2000 og fer samkvæmt því um vinnslu þess á persónuupplýsingum að þeim lögum. Samkvæmt þeim þarf öll vinnsla að styðjast við eitthvert af heimildarákvæðum 1. mgr. 8. gr. og – ef um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða – einnig við eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr.“

Persónuvernd hefur áður tekið afstöðu til þess að hvaða marki slík vinnsla sem erindi yðar varðar samrýmist þessum ákvæðum, sbr. ákvörðun hennar frá 3. mars 2010 í máli nr. 2010/610. Ákvörðunin er birt á vefsíðu Persónuverndar og vísast efnislega um afstöðu Persónuverndar, til þess sem þar kemur fram.

Til skýringar er tekið fram að um er að ræða ákvörðun í máli sem til var stofnað að frumkvæði Persónuverndar til að ganga úr skugga um (1) hvort Seðlabanki Íslands hefði lagaheimild til að safna persónuupplýsingum við gjaldeyriseftirlit, (2) minna Seðlabanka Íslands á þær reglur sem samhliða þarf að huga að, svo sem 7. gr. laga nr. 77/2000, og (3) taka afstöðu til þess hvort fram þyrfti að fara öryggisúttekt á vinnslu Seðlabanka Íslands á persónuupplýsingum.

Ákvörðunin felur ekki í sér að Persónuvernd hafi heimilað Seðlabanka Íslands vinnslu persónuupplýsinga við gjaldeyriseftirlit – aðeins að bankinn hefur lagaheimild til þess að safna persónuupplýsingum við gjaldeyriseftirlit.

## II.

### *Um miðlun persónuupplýsinga frá Allianz Lebensversicherungs-AG til Seðlabanka Íslands*

#### 1.

##### *Fyrirspurn*

Í bréfi yðar, dags. 16. september 2011, er greint frá því að Allianz Lebensversicherungs-AG í Þýskalandi hafi afhent Seðlabanka Íslands tiltekna persónuupplýsingar. Hér er um að ræða miðlun af hálfu ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu í Þýskalandi en ekki á Íslandi. Þarf því að líta til ákvæða um það hvaða lög gilda um þessa vinnslu og undir hvaða stofnun það fellur að taka afstöðu til lögmætis hennar.

#### 2.

##### *Svar Persónuverndar*

Eins og áður segir gilda lög nr. 77/2000 um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna. Það ákvæði byggir á lagaskilareglu 4. gr. tilskipunar 95/46/EB sem var innleidd hér á landi með lögum nr. 77/2000. Í 4. gr. tilskipunarinnar segir m.a. að beita skuli innlendum ákvæðum varðandi vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram í tengslum við starfsemi fyrirtækis ábyrgðaraðila á yfirráðasvæði aðildarríkis. Í 6. lið 28. gr. tilskipunarinnar segir að hvert eftirlitsfirvald sé bært á yfirráðasvæði eigin aðildarríkis til að beita þeim heimildum sem því hafi verið fengnar án tillits til þess hvaða lög gilda um viðkomandi vinnslu. Þar segir einnig að eftirlitsfirvöld skuli hafa með sér samstarf að því marki sem það sé nauðsynlegt til að þau geti gegnt skyldustörfum sínum, einkum með því að skiptast á öllum gagnlegum upplýsingum. Til samræmis segir í 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 að Persónuvernd úrskurði í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á Íslandi.

Allianz Lebensversicherungs-AG hefur höfuðstöðvar í Stuttgart í Þýskalandi og umrædd miðlun persónuupplýsinga er vinnsla sem fór fram í Þýskalandi. Með vísun til framangreinds telur Persónuvernd umrædda vinnslu falla utan sinna valdmarka. Eftirlitsaðili með meðferð persónuupplýsinga þar í landi er Der Bundesbeauftragte für den Datenschutz und die Informationsfreiheit. Persónuvernd mun vekja athygli hinnar þýsku stofnunar á málinu.“

#### **3.2.94. Netbirting úrskurða og álita endurskoðendaráðs – mál nr. 2011/939**

Persónuvernd fjallaði um birtingu niðurstaðna endurskoðendaráðs. Taldi stofnunin að almenn lagaheimild stæði til birtingar úrskurða og rökstuddra ákvarðana ráðsins um að vísa málum til opinberrar rannsóknar, en slík heimild stæði ekki til að birta aðrar niðurstöur, s.s. áminningar.

Í álitinu segir m.a.: „Þau lög, sem Persónuvernd framfylgir og starfar eftir, þ.e. lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Með vísun til framangreinds er ljóst að birting á nöfnum endurskoðenda í úrskurðum eða rökstuddum álitum endurskoðendaráðs fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

#### 2.2.

Að því marki sem um er að ræða vinnslu almennra persónuupplýsinga um einstaklinga er tekið fram að hún verður að samrýmast einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000 svo hún sé heimil. Ef vinna á með viðkvæmar persónuupplýsingar verður að auki að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. sömu laga. Upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknáð eru viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Af 16. og 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur telur Persónuvernd, sbr. 5. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, leiða að um viðkvæmar persónuupplýsingar í þeim skilningi geti verið að ræða. Slíkar upplýsingar verða því almennt ekki birtar af opinberum eftirlitsaðila án skýrrar heimildar að lögum.

Að auki verður öll vinnsla persónuupplýsinga að fullnægja grunnkröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar er mælt fyrir um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skuli vera nægilegar og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); að þær skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, en persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta (4. tölul.); og að þær skuli varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á hina skráðu lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

### 2.3.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur skipar ráðherra fimm menn til setu í endurskoðendaráði til fimm ára í senn. Hlutverk endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði þessara laga, síðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda. Af framangreindu er ljóst að endurskoðendaráð er stjórnvald og verður því að hlíta almennum meginreglum stjórnisýsluréttarins. Þegar ábyrgðaraðili er stjórnvald er, í ljósi lögmætireglunnar, jafnan skoðað hvort uppfyllt er skilyrði 3. tölulíðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um að vinnsla sé heimil vegna þess að hún sé ábyrgðaraðila nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á honum. Þá er, ef um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða, einnig skoðað hvort skilyrði 2. tölul. 9. gr. laganna sé uppfyllt.

Að mati stjórnar Persónuverndar er mál þetta tvíþætt. Annars vegar snýr það að birtingu úrskurða endurskoðendaráðs og rökstuddra álita um að máli skuli vísað til opinberrar rannsóknar samkvæmt 16. gr. laga nr. 79/2008. Hins vegar lýtur það að birtingu áminninga og tillagna um sviptingu réttinda samkvæmt 17. gr. sömu laga.

#### 2.3.1.

Um hið fyrrnefnda er fjallað í 7. mgr. 18. gr. laga nr. 79/2008. Þar segir að ráðið skuli árlega gera skýrslu um störf sín og skuli hún opin almenningi. Þá segir að birta skuli opinberlega og rekja alla úrskurði ráðsins samkvæmt 16. gr. laganna, en ráðið getur tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða að kvörtun þess sem telur á sér brotið af hálfu endurskoðanda. Þá getur ráðið, með rökstuddu álitu, vísað máli til opinberrar rannsóknar. Í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 79/2008 er vísað til þess að tilgangur tilskipunar 2006/43/EB frá 17. maí 2006, um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, og lögin byggja á, sé að tryggja með betri hætti en áður að fjárfestar og aðrir hagsmunaaðilar geti reitt sig á störf endurskoðenda og að koma í veg fyrir fjármálamisferli innan Evrópusambandsins. Þá má ætla að slíkri birtingu sé ætlað að hafa varnaðaráhrif.

Með vísun til framangreinds er það mat Persónuverndar að löggjafinn hafi tekið afstöðu til opinberrar birtingar úrskurða endurskoðendaráðs og rökstuddra ákvarðana þess um að vísa máli til opinberrar rannsóknar. Telst hún því heimil. Það að hvaða marki ber að afmá nöfn manna úr einstökum ákvörðunum þarf ráðið hins vegar sjálft sem ábyrgðaraðili að meta hverju sinni. Þar þarf að meta hvort tilgangi laganna verði ekki náð nema með því að birta nöfnin. Þá þarf, í ljósi meðalhófsreglu 7. gr. laganna, að ákveða að hvaða marki beita ber almennum öryggisráðstöfunum til að hindra óþarfa vinnslu persónuupplýsinga, s.s. til að hindra að nafnbirtingar verði aðgengilegar með leitarvélum á netinu.

#### 2.3.2.

Telji endurskoðendaráð sýnt að endurskoðandi hafi í störfum sínum brotið gegn lögum nr. 79/2008, svo að ekki verði við unað, skal það í rökstuddu álitu veita viðkomandi aðila áminningu eða leggja til við ráðherra að réttindi endurskoðandans verði felld niður. Hér er ekki til að dreifa sambærilegu almennu ákvæði um opinbera birtingu enda tekur ákvæði 7. mgr. 18. gr. laganna ekki til ákvarðana samkvæmt 17. gr. laganna. Ekki verður því séð að birting þeirra geti stúðst við ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

#### *Álitsorð:*

Heimil er opinber birting úrskurða endurskoðendaráðs og rökstuddra ákvarðana þess um að vísa málum til

opinberrar rannsóknar. Slík heimild stendur ekki til að birta áminningar ráðsins og tillögur þess, samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008.“

### **3.2.95. Aðvaranir um rafræna vöktun við Hvalfjarðargöng – mál nr. 2011/802**

Persónuvernd fjallaði um lögmæti rafrænnar vöktunar í og við Hvalfjarðargöng á vegum Spalar ehf. Í kjölfar vettvangskönnunar og úrbóta sem fyrirtækið gerði á fræðslu til öikumanna taldi stofnunin að væru skilyrði 24. gr. laga nr. 77/2000.

Í niðurstöðu hennar segir m.a.: „Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Myndir af bílum úr eftirlitsmyndavélum hafa samkvæmt þessu verið taldar til persónuupplýsinga þótt aðeins sé unnt að greina einstök bílnúmer á myndunum en ekki andlit farþega. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Af framangreindu er ljóst að rafræn vöktun Spalar ehf. í og við Hvalfjarðargöng fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000.

#### 2.2.

Öll rafræn vöktun þarf, eins og önnur vinnsla persónuupplýsinga sem fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000, að uppfylla eitthvert af heimildarskilyrðum laganna. Þau eru í 1. mgr. 8. og 1. mgr. 9. gr. Að því er varðar almennar persónuupplýsingar hefur verið talið að rafræn vöktun geti samrýmst 7. tölul. 1. mgr. 8. gr., að því marki sem hún er nauðsynlegur liður í lögmætri gjaldtöku og henni hagað í samræmi við meginreglur 7. gr. Það þýðir að gæta þarf meðalhófs og vinna aðeins með nægilegar og viðeigandi persónuupplýsingar. Þá þarf að virða 4. gr. laganna þar sem segir að rafræn vöktun sé háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi og að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem fram fer.

Fyrir liggur að hjá Speli ehf. er eftirliti hagað með tilliti til gjaldtöku, í samræmi við lengd bifreiða, og myndir eru ekki þannig að unnt sé að sjá andlit þeirra sem eru í bifreiðum. Jafnframt er eftirlitinu hagað með tilliti til öryggis vegfarenda. Það er gert í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 992/2007 um öryggiskröfur fyrir jarðgöng, en með henni var innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/54/EB frá 29. apríl 2004. Að mati Persónuverndar hefur ekkert komið fram um annað en að vinnslan samrýmist framangreindum ákvæðum laga nr. 77/2000.

#### 2.3.

Í máli þessu er til úrlausnar hvornig vegfarendur eru fræddir um vinnslu persónuupplýsinga með rafrænni vöktun í Hvalfjarðargöngum á vegum Spalar ehf. Auk þess sem heimild þarf að standa til vinnslu persónuupplýsinga þarf að gæta ákvæða laganna um fræðslu til hinna skráðu, en þegar beinni fræðslu verður ekki viðkomið getur nægt að gera þeim aðvart í samræmi við ákvæði 24. gr. laganna. Þar segir að þegar rafræn vöktun fari fram á vinnustað eða á almannafæri skuli með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um vöktunina og hver beri ábyrgð á henni.

Spölur ehf. vísaði til þess að gefinn hefði verið út bæklingur um Hvalfjarðargöng til að upplýsa þá sem hefðu hug á að fara um göngin um hina rafrænu vöktun o.fl. Hins vegar höfðu ekki verið sett upp merki sem uppfylltu skilyrði 24. gr., þ.e. um vöktun af hálfu Spalar ehf. Í framhaldi af vettvangsathugun Persónuverndar, sem fram fór þann 30. september 2011, setti Spölur ehf. hins vegar upp fullnægjandi merki til að greina vegfarendum frá þeirri rafrænu vöktun sem félagið sjálf framkvæmir í og við Hvalfjarðargöng. Nú er því fullnægt viðvörðunarskyldu í samræmi við 24. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

#### *Ákvörðunarorð:*

Aðvaranir um rafræna vöktun Spalar ehf. í og við Hvalfjarðargöng eru í samræmi við 24. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

### 3.2.96. *Mál varðandi dagbók grunnskólanemanda fellt niður – mál nr. 2011/784*

Persónuvernd barst kvörtun móður yfir því að skólastjóri hefði fengið í hendur rafræna dagbók dóttur sinnar, en dóttirin var nemandi við viðkomandi grunnskóla. Var málið fellt niður þar sem málið sætti þá áfrýjun til Hæstaréttar.

Í ákvörðun Persónuverndar um það segir m.a.: „Með vísan til þess að framangreindur dómur sætir nú áfrýjun til Hæstaréttar Íslands getur Persónuvernd ekki sem stjórnvald aðhafst af tilefni málsins og tekið efnislega afstöðu til þess. Er það því fellt niður að svo stöddu.

Þegar dómur er fallinn getið þér eftir atvikum borið málið undir Persónuvernd, enda hafi rétturinn ekki tekið efnislega afstöðu til þess atvís sem um er deilt. Þá er bent á að þegar og ef til þess kemur þarf að afmarka kvörtunarefni með skýrum hætti og tilgreina nánar þá aðgerð sem talin er hafa farið gegn ákvæðum laga nr. 77/2000.“

### 3.2.97. *Synjað undanþágu frá því að virða bannmerkingu í Þjóðskrá – mál nr. 2010/874*

Persónuvernd barst umsókn styrktarfélags um undanþágu frá því að virða bannmerkingar í Þjóðskrá við áritun og útsendingu happdrættismiða. Persónuvernd ákvað að synja um veitingu undanþágu þar sem ekki væri um að ræða sérstakt tilvik í skilningi 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000.

Í ákvörðun Persónuverndar um það segir m.a.: „Í 28. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er að finna ákvæði sem mælir fyrir um andmælarétt manna gegn því að nöfn þeirra og persónuupplýsingar séu notaðar við markaðssetningarstarfsemi. Hugtakið markaðssetning hefur verið túlkad rúmt og þannig að það taki ekki aðeins til kynninga á vöru eða þjónustu sem í boði er gegn gjaldi heldur einnig annars áróðurs-, auglýsinga- og kynningarstarfs þar sem reynir á sömu sjónarmið, þ. á m. fjáröflunar góðgerðarfélag. Um það er m.a. fjallað í úrskurði Persónuverndar, dags. 12. mars 2010, af tilefni kvörtunar manns sem fékk heimsenda happdrættismiða frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra vegna símanúmerahappdrættis, þrátt fyrir að vera með svonefnt x-merki í símaskrá.

## 2.

Í 2. mgr. 28. gr. segir meðal annars að þeir sem noti skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar, eða miðli þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi, skuli, áður en skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við bannskrá Þjóðskrár til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafi andmælt slíku. Í niðurlagi 2. mgr. segir að Persónuvernd geti heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Í því frumvarpi sem var lagt fram á 125. löggjafarþingi (1999–2000), og varð að lögum nr. 77/2000, var ekki miðað við að undanþáguheimildin yrði takmörkuð við sérstök tilvik.

Í frumvarpinu var lagt til að 1. mgr. 28. gr. myndi hljóða svo:

„Hagstofa Íslands skal halda skrá yfir þá sem vilja ekki að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum o.þ.h. eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er í fyrsta sinn notuð í slíkum tilgangi og síðan a.m.k. tvisvar á ári, bera skrána saman við skrá Hagstofunnar til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem eru því mótfallnir. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu.“

Í athugasemdum þeim sem fylgdu frumvarpinu segir m.a.:

„Ákvæðið veitir Persónuvernd svigrúm til að undanþiggja ákveðna hópa frá skyldunni til að uppfæra útsendingarskrár sínar til samræmis við skrá Hagstofu Íslands. Til dæmis gæti verið raunhæft að undanþiggja frá þessari skyldu ýmiss konar hugsjónasamtök, stjórnmalahópa eða félög sem markaðssetja beint í mjög smáum stíl. Sama getur átt við um ýmiss konar styrktarfélag sem selja happdrættismiða eða annað efni til að styrkja ýmis málefni.“

Ákvæðinu var breytt í meðförum þingsins og áskilnaður gerður um sérstök tilvik. Í nefndaráliti er að finna svohljóðandi skýringu:

„Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. getur Persónuvernd veitt undanþágu frá þessari skyldu og lítur nefndin svo á að í undanþágunni felist að stofnunin geti veitt undanþágu frá skyldunni til að bera skrána saman við skrá Hagstofunnar og undanþágu frá því að uppfæra skrána mánaðarlega. Aðilar sem nota skrárnar sjaldan, t.d. einu sinni eða tvisvar á ári, gætu þannig fengið undanþágu þannig að skráin yrði uppfærð áður



en hún yrði notuð. Nefndin vill leggja áherslu á að undanþágum frá skyldunni til að bera skrána saman við skrá Hagstofunnar verði stillt í hóf svo að óskir einstaklinga um að verða teknir af skrá fyrir markpóst og marksímtöl séu virtar.“

### 3.

Með vísan til framangreinds vilja löggjafans, og þess að Persónuvernd telur ekki vera um að ræða sérstakt tilvik í skilningi ákvæðisins, verður ekki fallist á ósk Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra um undanþágu í samræmi við 2. mgr. 28. gr. laga nr. 77/2000.

#### *Ákvörðunarorð:*

Synjað er ósk Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra um undanþágu frá því að virða bannmerkingar í Þjóðskrá við áritun og útsendingu happdrættismiða.“

#### **3.2.98. Aðgangur að sjúkraskrá í tengslum við rekstur matsmáls fyrir héraðsdómi – mál nr. 2011/873**

Persónuvernd barst kvörtun manns yfir því að LSH hefði farið í sjúkraskrá hans í tengslum við rekstur dómsmáls milli mannsins og spítalans. Yfirstjórn LSH hafði lagt fyrir starfsmenn sína að skoða heilsufarsupplýsingar um manninn svo LSH gæti tekið til varna í umræddu máli. Persónuvernd taldi spítalanum hafa verið þetta heimilt að því marki sem hann þurfti til að verjast í því máli sem maðurinn hafði höfðað gegn spítalanum.

Í niðurstöðu hennar um það atriði segir m.a.: „Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Mál þetta lýtur að því hvort sérfræðilæknana X, Y og Z, sem allir eru starfsmenn LSH, hafi skort heimild samkvæmt 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 til að skoða sjúkraskrárgögn LSH um B og hvort framkvæmdastjóri lækninga hafi haft heimild samkvæmt 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 til að afhenda ríkislögmanni greinargerðir sérfræðilæknanna til nota í tengslum við rekstur umrædds matsmáls. Telst það til vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 sem fellur undir úrskurðarvald Persónuverndar.

Lögmaður kvartanda hefur haldið því fram að niðurstöður sérfræðilæknanna um heilsufar kvartanda hafi verið rangar og hann mótmæli þeim sem órökstuddum og ósönnuðum. Að því er þetta varðar er tekið fram að Persónuvernd telur sig ekki bæra til að taka afstöðu til réttmætis hins læknisfræðilega sérfræðimats læknanna. Er þeim þætti kvörtuninnar vísað frá. Þá er tekið fram að þegar atvik máls þessa gerðust höfðu lög nr. 55/2009, um sjúkraskrár, ekki öðlast gildi og koma ákvæði þeirra því ekki til skoðunar.

[...]

Til úrlausnar er í fyrsta lagi hvort læknana X, Y og Z, sem allir eru starfsmenn LSH, hafi skort heimild samkvæmt lögum nr. 77/2000 til að skoða sjúkraskrár LSH um kvartanda, B. Á sjúkraskrám eru heilsufarsupplýsingar sem teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Svo að vinna megi með slíkar persónuupplýsingar verður ávallt bæði að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 1. mgr. 9. gr. laganna og einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laganna.

Í 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 kemur fram að heimil er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé hún nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Fyrir liggur að tilefni þess að yfirstjórn Landspítala háskólasjúkrahúss (LSH) lagði fyrir starfsmenn sína, þá X, Y og Z, að skoða heilsufarsupplýsingar um kvartanda, var vörn spítalans í matsmáli sem kvartandi hafði höfðað gegn honum. Skoðunin fór fram fyrir tilstilli framkvæmdastjóra lækninga, sem þá var staðgengill forstjóra spítalans. Hún var liður í vörn spítalans í dómsmáli sem telst samrýmanleg 7. tölul. 1. mgr. 9. gr.

Auk þess sem vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9.

gr. þarf hún að styðjast við eitthvert af heimildarákvæðum 1. mgr. 8. gr. Í 7. tölul. 8. gr. segir að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda beri samkvæmt lögum vegi þyngra. Að mati Persónuverndar fór umrædd vinnsla persónuupplýsinga fram í þágu lögmætra hagsmuna í þessum skilningi. Við mat á því hvort vinnslan hafi verið til þess fallin að ógna grundvallarréttindum eða frelsi kvartanda skiptir máli að hún fór fram vegna máls sem hann hafði höfðað gegn ábyrgðaraðila og þjónaði ekki því markmiði að raska einkalífi hans heldur að leiða hið sanna í ljós um raunverulegt tjón hans. Liggur enda ekki annað fyrir en að umrædd gögn hafi haft þýðingu við mat á tjóninu. Telst hún því hafa verið nauðsynleg svo unnt væri að fjalla efnislega um tjón kvartanda og þannig hafa samrýmst 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Að því er varðar heimild framkvæmdastjóra lækninga hjá LSH til að afhenda ríkislögmanni umræddar greinargerðir sérfræðinganna í tengslum við rekstur matsmálsins er það mat Persónuverndar að hún hafi einnig, með vísun til sömu forsendna, samrýmst framangreindum ákvæðum.

Í lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann, segir og að hann fari með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði og vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu. Að því leyti má einnig – að því er þetta atriði varðar – vísa til heimildarákvæða 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna.

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða Persónuverndar að sú vinnsla heilsufarsupplýsinga um kvartanda sem hann kvartar yfir hafi samrýmst heimildarákvæðum 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.“

### **3.2.99. Viðbrögð við fréttum um gagnagrunn FME – mál nr. 2007/728**

Persónuvernd bárust fyrirspurnir vegna fréttuumfjöllunar um gagnagrunn Fjármálaeftirlitsins um verðbréfavíðskipti. Hafði því verið haldið fram að hann kæmi ekki komið að notum vegna þess að Persónuvernd legðist gegn leit eftir kennitölum *fyrirtækja*. Um það sagði Persónuvernd m.a.:

„Í aðdraganda þess að reglugerð nr. 108/2007 var sett veitti Persónuvernd viðskiptaráðuneytinu umbeðna umsögn, dags. 5. desember 2007. Hún tók enga afstöðu til þess hvernig auðkenningu *lögaðila*, s.s. *fyrirtækja* og *félaga* ýmiss konar, yrði háttáð. Varðandi *einstaklinga* var, með hliðsjón af framkvæmd í Danmörku, ekki gerð athugasemd við að tilkynningar yrðu auðkenndar með nöfnum og heimilisföngum einstaklinga, auk reikningsnúmera. [...]

Áður en lengra er haldið er rétt að benda á að afstaða Persónuverndar í þessu máli er afmörkuð við auðkenningu einstaklinga, Persónuvernd tekur enga afstöðu til þess hvernig auðkenningu lögaðila kunnir að verða háttáð.

Þann 23. október sl. veitti Persónuvernd umsögn um drög viðskiptaráðuneytisins að reglugerð um tilkynningar um viðskipti skv. 30. gr. laga nr. 108/2007. Í framangreindum drögum var fjallað um auðkenningu viðskiptavina og sagði að auðkenning skyldi vera sérkennandi fyrir viðskiptavin þannig að hún vísaði einungis til viðkomandi viðskiptavinar. Í umsögn Persónuverndar var bent á að í stað þess að nota kennitölur manna mætti nota einhvers konar viðskiptanúmer sem viðkomandi fjármálaeftirtæki notar til að auðkenna sína viðskiptavini.


Í samræmi við framangreinda afstöðu lítur Persónuvernd svo á að sá kostur sem nefndur er í lið eitt hér að framan, þ.e. að notast við viðskiptanúmer eða reikningsnúmer en ekki kennitölur einstaklinga, sé frá sjónarhóli einkalífsverndar æskilegur.

Varðandi þá tillögu sem sett er fram í lið tvö hér að framan, þ.e. að heimilt verði að notast við kennitölur sem auðkenningu viðskiptavina í tilkynningum um viðskipti, vísast til þess sem fram kom í framangreindri umsögn Persónuverndar frá 23. október sl. Frá sjónarhóli einkalífsréttar er varhugavert að auðkenna slíkar tilkynningar með kennitölum, enda getur það leitt til þess að mjög umfangsmiklar upplýsingar um fjármál fjölda einstaklinga verði aðgengilegar hjá opinberu stjórnvaldi. Þá er það mat stjórnar Persónuverndar að ef það hafi verið ætlan löggjafans að notast yrði við einkvæm persónuauðkenni, á borð við kennitölur, hefði það komið fram í lögum nr. 108/2007 eða öðrum lögskýringargögnum. Einnig er rétt að benda á þær viðtæku heimildir sem Fjármálaeftirlitið hefur til upplýsingaöflunar vegna athugunar tiltekins máls en samkvæmt 2. mgr. 133. gr. laga nr. 108/2007 er Fjármálaeftirlitinu, í tengslum við athugun tiltekins máls, heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg.

Í þriðja lið er tillaga um að í tilkynningum um viðskipti skv. 30. gr. laga nr. 108/2007 verði nöfn manna og heimilisföng notuð sem auðkenni. Ólíkt kennitölum eru slík auðkenni ekki einkvæm og þjóða ekki upp á samskonar vinnslumöguleika, s.s til samkeyrslna. Notkun slíkra auðkenna er, frá sjónarhóli einkalífsréttarins, þar af leiðandi æskilegri heldur en notkun kennitalna. Þessu til stuðnings er rétt að benda á að Persónuvernd er kunnugt um að framangreind leið hafi verið farin í Danmörku við innleiðingu MiFID tilskipunarinnar nr. 2004/39/EB í danskan rétt. Stofnuninni er aftur á móti ekki kunnugt um að sú leið hafi verið farin, hjá þeim ríkjum sem innleitt hafa MiFID tilskipunina í landsrétt, að notast við einkvæm persónuauðkenni á borð við kennitölur við auðkenningu viðskiptavina vegna tilkynninga um viðskipti.

Persónuvernd tekur ekki afstöðu til þess hvort notast eigi við upplýsingar um nafn og heimilisfang *ásamt* upplýsingum um reikningsnúmer eða hvort notast eigi við upplýsingar um reikningsnúmer *í stað* upplýsinga um heimilisfang en vísar í ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þar sem fram kemur að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess m.a. gætt að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

Í fjórða lið erindis viðskiptaráðuneytisins er sú tillaga sett fram að ekki verði sett reglugerð á grundvelli 3. tölul. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 108/2007. Persónuvernd tekur almennt ekki afstöðu til þess hvort setja eigi reglugerð á grundvelli heimildar 3. tölul. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 108/2007 en bendir þó á að setning reglugerðar geti verið til þess fallin að auka fyrirsjáanleika innan stjórnsluslunnar og kunnri því að vera æskileg í ljósi almennra stjórnsluslúsjónarmiða.“



## 4. Erlent samstarf

### 4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Fundur starfsmanna persónuverndarstofnana á Norðurlöndum var haldinn í Kaupmannahöfn, 8.–10. júní 2011. Fundinn sótti Þórður Sveinsson.

Fundur forstjóra persónuverndarstofnana á Norðurlöndunum er haldinn annað hvert ár. Árið 2011 var hann haldinn 15.–17. júní í Kasnäs í Finnlandi. Hann var ekki sóttur af Íslands hálfu.

Vinnufundur norrænna tæknisérfræðinga í persónuverndarmálum var haldinn 1.–2. september 2011 í Osló, Noregi. Fundinn sótti f.h. Persónuverndar Vigdís Eva Líndal. Meðal annars var rætt um merkustu viðburði í hverju einstöku ríki á árinu, öryggi gagna í tölvuskýjum, notkun smáforrita í sínum, öryggi gagna við miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands og staðsetningartækni. Þá var rætt um svör Facebook við spurningalista norrænu persónuverndarstofnananna.

Að frumkvæði norsku persónuverndarstofnunarinnar, Datatilsynet, var haft norrænt samstarf um gerð skýrslu um Facebook. Skrifstofa fyrirtækisins í Dublin var heimsótt 22.–25. október 2011. Af hálfu Persónuverndar tók Alma Tryggvadóttir þátt í heimsókninni.

### 4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

23. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Varsjá 4.–5. október 2011. Hann var ekki sóttur.

Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Brussel 5. apríl. Forstjóri sótti fundinn.

Haldnir voru tveir fundir í Brussel, þ.e. 8. júní og 21. október, á vegum Evrópska persónuverndarfulltrúans (EDPS) um Eurodac-fingrafaragagngrunninn, en hann hefur að geyma fingraför tiltekinna útlendinga, þ. á m. hælisleitenda, og er notaður við landamæraeftirlit í Evrópuríkjum. Hvorugur fundurinn var sóttur.

Sameiginlega Schengen-eftirlitsstofnunin (JSA), sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu, hélt fjóra fundi í Brussel á árinu, þ.e. 2. mars, 7. júní, 29. september og 1. desember. Einnig hélt stofnunin fund í Ljubljana, Slóveníu, 1. febrúar. Þórður Sveinsson sótti þann fund sem haldinn var 2. mars í Brussel.

Vinnuhópur um lögreglumál (WPPJ) fjallar um meðferð persónuupplýsinga í samvinnu í dóms- og löggæslumálum. Hann á að fjalla um þau mál sem falla utan þeirra eftirlitsstofnana sem þegar eru til staðar, s.s. EDPS varðandi Eurodac-fingrafaragagngrunninn og JSA. Hann hélt 3 fundi í Brussel á árinu, þ.e. 3. mars, 8. júní og 30. september. Einnig hélt hópurinn fund í Ljubljana, Slóveníu, 1. febrúar. Fundirnir voru ekki sóttir.

### 4.3. Alþjóðlegt samstarf

33. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin 2.–3. nóvember í Mexíkóborg. Ráðstefnan var ekki sótt.

#### 4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (T-PD) hélt sinn 25. fund í Strassborg 10.–12. október. Fundurinn var ekki sóttur.

#### 4.5. Starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk löggjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður fulltrúum eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þ. á m. Íslandi.

Á árinu 2011 voru haldnir 5 fundir: 79. fundur var 10.–11. febrúar; 80. fundur var 4.–5. apríl; 81. fundur var 31. maí; 82 fundur var 13.–14. október og 83. fundur var 7.–8. desember. Forstjóri mætti á alla fundina, að þeim undanskildum sem haldinn var 31. maí. Hann var ekki sóttur.

Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB.

Helstu skjöl, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2011, eru eftirtalin:

- Álit nr. 16/2011 um bestu framkvæmd við neytlumiðaða markaðssetningu á netinu, skjal nr. WP 188 „Opinion 16/2011 on EASA/IAB Best Practice Recommendation on Online Behavioural Advertising.“
- Álit nr. 15/2011 um hugtakið samþykki, skjal nr. WP 187. „Opinion 15/2011 Consent.“
- Álit nr. 14/2011 um vinnslu persónuupplýsinga í þágu baráttu gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, skjal nr. WP 186. „Opinion 14/2011 on data protection issues related to the prevention of money laundering and terrorist financing.“
- Álit nr. 13/2011 um staðsetningar á þjónustu fyrir snjallsíma, skjal nr. WP 185. „Opinion 13/2011 on Geolocation services on smart mobile devices.“
- Rammaskjal nr. 1/2011 um brot gegn gildandi persónuverndarreglum og framtíðarstefnu, skjal nr. 184. „Working Document 01/2011 on the current EU personal data breach framework and recommendations for future policy developments.“
- Álit nr. 12/2011 um snjallmæla, skjal nr. WP 183. „Opinion 12/2011 on smart metering.“
- Álit nr. 11/2011 um gæði persónuverndar á Nýja Sjálandi, skjal nr. WP 182. „Opinion 11/2011 on the level of protection of personal data in New Zealand.“
- Álit nr. 10/2011 um tillögu að nýrri tilskipun um notkun farþegaupplýsinga í þágu forvarna, rannsóknna og saksóknna vegna hryðjuverka og alvarlegra glæpa, skjal nr. WP 181. „Opinion 10/2011 on the proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council on the use of passenger name record data for the prevention, detection, investigation and prosecution of terrorist offences and serious crime.“
- Álit nr. 9/2011 um endurskoðaða iðnaðartillögu að matstæki fyrir á einkalífssáhhættu af örmerkjatækni, skjal nr. WP 180. „Opinion 9/2011 on the revised Industry Proposal for a Privacy and Data Protection Impact Assessment Framework for RFID Applications.“



## 5. Ýmislegt fréttæmt af erlendum vettvangi

### 5.1. Evrópski persónuverndardagurinn 2011

Þann 28. janúar var evrópski persónuverndardagurinn haldinn í fimmta skipti. Þessi dagsetning er valin þar sem Evrópuráðssamningur um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga var gerður þennan dag árið 1981. Markmiðið með persónuverndardeginum er að vekja athygli almennings á réttinum til persónuverndar og friðhelgi einkalífs.

Ýmsir aðilar brydduðu upp á nýjungum í tilefni dagsins. Evrópski persónuverndarfulltrúinn gaf út tvö myndbönd í tilefni dagsins og birti á heimasíðu sinni. Þau er að finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.edps.europa.eu/EDPSWEB/edps/site/mySite/DPD2011>

Þá gaf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins út myndband um nethegðun. Það er að finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.youtube.com/eutube?gl=GB&hl=en-GB#p/search/1/v4I1H3sJIMc>

Danska Persónuverndarstofnunin gerði spurningakönnun þar sem einstaklingar gátu kannað þekkingu sína á persónuverndarmálefnum. Upplýsingar um hana eru á eftirfarandi vefslóð: <http://www.datatilsynet.dk/borger/test-din-viden-om-beskyttelse-af-personoplysninger/>

Persónuvernd birti fræðslu um samskiptaefni og atriði tengd öryggi á Facebook.

### 5.2. Franska Persónuverndarstofnunin sektar Google

Franska persónuverndarstofnunin (CNIL) komst að þeirri niðurstöðu að Google hefði í nokkur ár safnað bæði tæknilegum upplýsingum og persónuupplýsingum án vitundar hinna skráðu í gegnum Wifi-kerfi þeirra. Aflaði Google upplýsinganna með svokölluðum Google-bílum en þeir hafa það hlutverk að mynda umhverfi sitt, m.a. til að búa til svonefnt Google Street View. Var tilgangurinn sagður sá að veita þjónustu á grundvelli staðsetningar, s.s. með Google Maps, fyrrnefnds Google Street View og Latitude. Var niðurstaða stofnunarinnar sú að Google skyldi sektað um 100.000 evrur vegna ólögmatrar upplýsingasöfnunar.

Niðurstöðu CNL er að finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.cnil.fr/english/news-and-events/news/article/google-street-view-cnil-pronounces-a-fine-of-100000-euros/>.

### 5.3. Svissneskur stjórnarsýsludómstóll fjallaði um Google Street View

Þann 30. mars 2011 kvað stjórnarsýsludómstóllinn í Sviss upp dóm þess efnis að Google Street View bryti gegn friðhelgi einkalífs og væri í andstöðu við svissnesk lög.

Í dómi sínum komst dómstóllinn meðal annars að þeim niðurstöðum að:

- Google bæri að tryggja að bæði andlit og bílnúmer væru gerð ópersónugreinanleg áður en myndir væru birtar á Netinu. Þá kom fram að í nágrenni við staði sem geta verið viðkvæmir, s.s. spítala, fangelsi og kvennaathvörf, skyldi Google ekki eingöngu afmá andlit heldur einnig aðra einkennandi þætti, s.s. litarhaft, fatnað og stuðningstæki, þannig að einstaklingar væru með öllu óþekkjanlegir.
- Google væri óheimilt að taka myndir af einkasvæðum, s.s. lokuðum gördum, sem eru ætluð almenningi. Þá var Google gert að fjarlægja allar slíkar myndir sem nú þegar væri að finna hjá Google Street View eða afla samþykkis þeirra sem málið varðar.
- Myndir af einkavegum væru heimilar að því tilskildu að upplýsingar hefðu verið gerðar ópersónugreinanlegar og ekki væri um að ræða nein einkasvæði sem væru ætluð almenningi.
- Áður en teknar væru myndir af tilteknum svæðum skyldi Google ekki eingöngu tilkynna slíkt á heima-

síðu Google Maps heldur einnig í héraðsfréttablöðum o.þ.h. Það sama ætti við þegar myndir væru birtar á Netinu.

## 5.4. Álit Evrópska persónuverndarfulltrúans (EDPS) um varðveislu fjarskiptaupplýsinga

Þann 18. apríl 2011 birti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skýrslu um þá þróun sem hefur orðið á framkvæmd tilskipunar nr. 2006/24/EB um varðveislu persónuupplýsinga sem verða til við rafræn fjarskipti (e. *Data retention directive*). Í kjölfarið gaf Evrópski persónuverndarfulltrúinn út álit um tilskipunina og skýrslu framkvæmdastjórnarinnar.

Samkvæmt ákvæðum 5. og 6. gr. tilskipunar nr. 2006/24/EB skulu aðildarríki Evrópusambandsins innleiða löggjöf um varðveislu allra gagna sem verða til við símnotkun og netnotkun einstaklinga innan aðildarríkis. Í slíkri löggjöf skal mælt fyrir um að þeir aðilar, sem halda uppi fjarskipta- eða netþjónustu, skuli varðveita gögnin í a.m.k. sex mánuði og allt að tveimur árum. Markmiðið með varðveislunni er að tryggja að gögn séu til svo að þau megi nota til rannsókna og greiningar á alvarlegum glæpum, auk saksóknar fyrir slíka glæpi, sbr. 1. mgr. tilskipunarinnar.

Evrópski persónuverndarfulltrúinn gerir sérstaklega þrjár athugasemdir við tilskipunina:

Í fyrsta lagi telur hann að ekki hafi verið nægilega sýnt fram á *nauðsyn þess að varðveita persónuupplýsingar* samkvæmt tilskipuninni.

Því til stuðnings nefnir hann að ekki hafi verið aflað nægilegra gagna frá aðildarríkjunum við gerð skýrslunnar. Þá telur hann að skoða hefði mátt betur hvort önnur vægari úrræði gætu náð sama tilgangi. Í því sambandi nefnir hann að í stað þess að varðveita fjarskiptaupplýsingar allra manna innan Evrópusambandsins væri hægt að varðveita fjarskiptaupplýsingar um menn sem grunaðir eru um afbrot og aðeins að fengnum dómsúrskurði.

Í öðru lagi telur hann að *farid sé út fyrir það sem nauðsynlegt er*.

Í því sambandi bendir hann á að notkun fjarskiptaupplýsinga hefur verið of víðtæk og að of mörg stjórnvöld geta nýtt sér þær. Það telur hann leiða af óskýru og opnu orðalagi tilskipunarinnar. Einnig nefnir Evrópski persónuverndarfulltrúinn að tveggja ára varðveislutími sé of langur en það hafi sýnt sig að gögn eru oftast sótt sex mánuðum eftir að þau verða til.

Í þriðja lagi telur hann að tilskipunina *skorti fyrirsjáanleika*.

Samkvæmt skýrslunni er aðildarríkjum sambandsins eftirlátið að skilgreina nánar hvað teljist vera alvarleg afbrot og hvaða yfirvöld séu hæf til að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem varðveitt eru samkvæmt tilskipuninni. Af þeim ástæðum telur persónuverndarfulltrúinn að misræmi hafi myndast í skýringu ákvæðanna og við innleiðingu tilskipunarinnar. Það leiði til þess að tilskipunina skorti fyrirsjáanleika.

## 5.5. Svör Facebook til norrænu persónuverndarstofnananna

Facebook svaraði spurningalista norsku persónuverndarstofnunarinnar (Datatilsynet). Í svarinu staðfesti Facebook að það sem hver notandi skrifi á vegginn sinn sé notað til að sérvelja auglýsingar sem birtist honum. Hins vegar sé upplýsingunum ekki miðlað til annarra nema notandinn hafi heimilað það sérstaklega með uppsetningu utanaðkomandi forrita. Þetta eigi einnig við um myndir og myndbönd. Segir að ip-tölur séu geymdar í allt að 90 daga, en einungis notaðar fyrir framkvæmd og öryggi en ekki í markaðssetningartilgangi. Þá sé fyrirtækið þeirrar skoðunar að starfsemi þess falli undir evrópska persónuverndarlöggjöf þar sem höfuðstöðvar þess í Evrópu séu staðsettar í ESB-ríki, þ.e. Írlandi.



## 6. Lög og reglur

### 6.1. Breyting á reglum um vöktun

Á árinu 2011 var gerð breyting á reglum nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Eftir þá breytingu eru þær svohljóðandi:

#### **Reglur um rafræna vöktun [og meðferð persónuupplýsinga sem til verða við rafræna vöktun.]<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> Reglur 475/2011, 2. gr.

1. gr.

*Markmið og gildissvið.*

Markmið reglna þessara er að stuðla að því að jafnvægi ríki milli einkalífsréttar annars vegar og hins vegar hagsmuna ábyrgðaraðila af því að tryggja öryggi og hafa eðlilegt eftirlit með starfsmönnum og öðrum sem sæta rafrænni vöktun, m.a. með því hvernig sá hug- og vélbúnaður sem hann leggur til sé nýttur í þágu viðkomandi starfsemi.

[Reglur þessar gilda um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Reglurnar gilda óháð því hvers konar tæknibúnaður er notaður, s.s. hvort notaðir eru netþjónar, búnaður til að fylgjast með símanotkun, eftirlitsmyndavélar, vefmyndavélar, ökuritar, rafrænni staðsetningarbúnaður o.s.frv. Þær gilda þó ekki um búnað til að fylgjast með mætingum, s.s. stimpilkortavélar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Reglur nr. 394/2008, 1. gr.

2. gr.

*Merking hugtaka.*

Merking hugtaka í reglum þessum er sem hér segir:

1. Rafræn vöktun: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum sem fram fer með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði. Hugtakið tekur til:
  - a. vöktunar sem felur í sér vinnslu persónuupplýsinga, eða leiðir, á að leiða eða getur leitt til slíkrar vinnslu, og
  - b. vöktunar sem hvorki felur í sér söfnun myndefnis né annarra persónuupplýsinga.
2. Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ákveður tilgang rafrænnar vöktunar, þann búnað sem notaður er, aðferð við vöktunina og ráðstöfun upplýsinga sem til verða.
3. Einkatölvupóstur: Tölvupóstur sem sendur er eða móttækinn með vél- eða hugbúnaði ábyrgðaraðila, s.s. vinnuveitanda, og lýtur að einkalífi viðkomandi, en varðar hvorki hagsmunum ábyrgðaraðila né þá starfsemi sem hann rekur. Til viðmiðunar um það hvort um slíkan póst er að ræða má m.a. líta til þess hvort hann sé:
  - a. auðkenndur sem einkamál í efnislínu eða er að öðru leyti þannig að augljóst sé að um einkatölvupóst er að ræða



- b. vistaður í sérstakri möppu á vinnusvæði í tölvupóstkerfi sem er auðkennd sem einkamál eða ef af öðru má ráða að hún hafi þannig efni að geyma.
4. Netnotkun: Notkun einstaklings á hug- og vélbúnaði sem ábyrgðaraðili lætur honum í té, t.d. til að vafra um netið, til að taka við og senda tölvupóst eða til snarspjalls (msn).
  5. Atburðaskráning: Aðgerð til að tryggja rekjanleika upplýsinga og vinnsluáðgerða í tölvukerfum (þ.e. með log-skrám).
  6. Símvöktun: Viðvarandi eða reglubundin söfnun upplýsinga um símanotkun einstaklings, s.s. með skráningu upplýsinga um valin númer eða hljóðritun símtala.
  - [7. Ökuriti: Rafrænn búnaður í farartæki sem vinnur eða gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um ökumenn, þ. á m. um ferðir þeirra og/eða aksturslag.]<sup>1)</sup>
  8. Rafrænn staðsetningarbúnaður: Rafrænn búnaður sem vinnur eða gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um staðsetningu og ferðir einstaklinga, s.s. örmerkjabúnaður (RFID).
- <sup>1)</sup> Reglur nr. 394/2008, 2. gr.

3. gr.

*Vöktun með leynd.*

Vöktun með leynd er óheimil nema hún styðjist við lagaheimild eða úrskurð dómara.

4. gr.

*Tilgangur.*

Rafræn vöktun verður að fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, s.s. í þágu öryggis eða eignavörslu.

5. gr.

*Meðalhóf.*

Við alla rafræna vöktun skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. Skal gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkrri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.

6. gr.

*Sérákvæði um vöktun með vinnuskilum.*

Vöktun til að mæla vinnu og afköst starfsmanna er háð því að hennar sé sérstök þörf s.s. vegna þess:

- a. að ekki sé unnt að koma við verkstjórn með öðrum hætti; eða
- b. að án vöktunarinnar sé ekki unnt að tryggja öryggi á viðkomandi svæði, s.s. í ljósi laga og sjónarmiða um hollustuhætti og mengunarvarnir; eða
- c. að hún sé nauðsynleg vegna ákvæða kjarasamnings eða annars konar samkomulags um launakjör, s.s. þegar laun eru byggð á afkastatengdu, tímamældu launakerfi.

7. gr.

*Varðveisla, miðlun, eyðing og önnur meðferð persónuupplýsinga.*

Óheimilt er að varðveita persónuupplýsingar sem til verða við rafræna vöktun nema það sé nauðsynlegt í ljósi tilgangs vöktunarinnar.

Persónuupplýsingum sem safnast við rafræna vöktun skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða því að ábyrgðaraðili vinni enn með þær í samræmi við upphaflegan tilgang með öflun þeirra. Upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun má þó ekki varðveita lengur en í 90 daga nema lög heimili. Þetta á ekki við um persónuupplýsingar sem verða til við atburðaskráningu eða eru geymdar á öryggisafritum. Sama á við um upplýsingar sem þarf að varðveita vegna fyrirliggjandi réttarágreinings, sbr. 7. tl. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Persónuupplýsingar sem til verða við rafræna vöktun má aðeins nota í þágu tilgangs með söfnun þeirra

og aðeins að því marki sem þess gerist þörf í þágu tilgangansins. Þær má ekki vinna með eða afhenda öðrum nema með samþykki hins skráða eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Þó er heimilt að afhenda lög-reglu upplýsingar um slys eða meintan refsiverðan verknad.

#### 8. gr.

##### *[Sérákvæði um vöktun með ferðum manna.*

Notkun ökurita eða rafræns staðsetningarbúnaðar í þeim tilgangi að fylgjast með ferðum einstaklinga er háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf til að ná lögmætum og málefnalegum tilgangi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Reglur nr. 394/2008, 3. gr.

#### 9. gr.

##### *Sérákvæði um tölvupóst og netnotkun.*

Óheimilt er að skoða einkatölvupóst nema brýna nauðsyn beri til s.s. vegna tölvuveiru eða sambærilegs tæknilegs atviks. [Tilvikabundin skoðun vinnuveitanda á tölvupósti starfsmanns er óheimil nema uppfyllt séu ákvæði 7., 8., og eftir atvikum, 9. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, s.s. ef grunur er uppi um brot starfsmanns gegn trúnaðar- eða vinnuskyldum.]<sup>1)</sup>

Heimilt er að skoða upplýsingar um netvafur, tengingar og gagnamagn starfsmanns eða nemanda liggja fyrir rökstuddur grunur um að hann hafi brotið gegn gildandi lögum og reglum eða fyrirmælum vinnuveitanda eða skólafyrivalda. Sé tilefni skoðunar grunur um refsiverðan verknad skal óska atbeina lögreglu.

Þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð skal þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun. Þetta á þó ekki við sé þess enginn kostur s.s. vegna alvarlegra veikinda starfsmanns. Geti starfsmaður ekki verið viðstaddur skoðunina sjálfur skal veita honum færi á að tilnefna annan mann í sinn stað.

Við starfslok skal starfsmanni gefinn kostur á að eyða eða taka afrit af þeim tölvupósti sem ekki tengist starfsemi vinnuveitandans. Tölvupósti nemenda skal eytt við námslok en áður skal veita hæfilegan frest til töku afrita. [Við starfslok skal starfsmanni leiðbeint um að virkja sjálfvirka svörun úr sínu pósthólfi um að hann hafi látið af störfum. Eigi síðar en að tveimur vikum liðnum skal loka pósthólfinu. Vinnuveitanda er óheimilt að senda áfram á annan starfsmann þann póst sem berst í pósthólf fyrrverandi starfsmanns eftir starfslok, nema um annað hafi verið samið.]<sup>2)</sup> Óheimilt er að skoða upplýsingar um netnotkun starfsmanns eða nemanda eftir starfs- eða námslok, nema að uppfylltum sömu skilyrðum og greinir í 1.-3. mgr. eða annað leiði af lögum.

<sup>1)</sup> Reglur nr. 475/2011, 1. gr.

#### 10. gr.

##### *Fræðslu- og upplýsingaskylda.*

Ábyrgðaraðili að rafrænni vöktun skal setja reglur og/eða veita fræðslu til þeirra sem henni sæta, sbr. þó að ekki er átt við tilkynningu í samræmi við 48. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Áður en slíkum reglum er beitt skal kynna þær með sannanlegum hætti, s.s. við gerð ráðningarsamnings.

Reglur eða fræðsla samkvæmt 1. mgr. skulu taka til tilgangs vöktunarinnar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að upplýsingum sem safnast og hversu lengi þær verði varðveittar. Ef kjarasamningur eða samkomulag, sem telja verður bindandi milli aðila, felur í sér ríkari rétt en leiðir af slíkum reglum þá vika þær síðarnefndu.

Að öðru leyti en greinir í 2. mgr. skal, eftir því sem við á, tilgreina eftirfarandi:

- Hvaða búnaður er notaður, t.d. stafrænar myndavélar, ökusíritar eða hljóðupptökutæki.
- Rétt til að admæla vöktuninni og hverjar geti verið afleiðingar þess.
- Rétt viðkomandi til að fá að vita hvaða upplýsingar verða til um hann og um rétt hans til að fá upplýsingar leiðréttar eða þeim eytt.
- Að hvaða marki netnotkun sé heimil, s.s. hvort bannað sé að sækja á netið ólöglegt og/eða kynlífstengt efni og/eða senda slíkt með tölvupósti.
- Hvernig farið sé með einkatölvupóst og annan tölvupóst.
- Hvort símvöktun fari fram og hvort takmarkanir, og þá hvaða, séu á heimild til einkanota á tilgreindum símtækjum.
- Afleiðingar þess ef brotið er gegn fyrirmælum, s.s. um notkun síma eða internets.

h. Önnur atriði, að því marki sem þörf krefur með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, svo að starfsmenn geti gætt hagsmuna sinna.

Ákvæði 1.-3. mgr. gilda ekki ef ótvírætt má ætla að sá sem vöktuninni sætir hafi þegar vitneskju um þau atriði sem þar eru talin.

*11. gr.*

*Tilkynningarskylda.*

Ábyrgðaraðila að rafrænni vöktun ber að senda Persónuvernd tilkynningu um hana í samræmi við gildandi reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Þar skulu koma fram upplýsingar um tilhögun vöktunarinnar, þá fræðslu sem veitt hefur verið um hana og að öðru leyti þau atriði sem tilgreind eru í 32. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

*12. gr.*

*Réttur til að skoða gögn sem til verða við rafræna vöktun.*

Sá sem sætt hefur rafrænni vöktun á rétt á að skoða gögn, s.s. fá að hlusta á hljóðupptökur, sem til verða um hann við vöktunina, í samræmi við 18. gr. laga nr. 77/2000, enda standi ákvæði 2. mgr. 19. gr. laganna því ekki í vegi. Beiðni um slíkt má hvort heldur sem er setja fram munnlega eða skriflega.

Ábyrgðaraðili, eða eftir atvikum vinnsluaðili, skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku erindis verða við beiðni samkvæmt 1. mgr. Komi upp ágreiningur má vísa honum til úrlausnar Persónuverndar. Getur Persónuvernd þá lagt fyrir ábyrgðaraðila að varðveita gögn þar til niðurstaða hennar liggur fyrir.

*13. gr.*

*Stöðvun rafrænnar vöktunar.*

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun rafrænnar vöktunar sem brýtur í bága við ákvæði reglna þessara og um eyðingu þess efnis sem til hefur orðið.

*14. gr.*

*Heimild.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 5. gr. laga nr. 81/2002, taka þegar gildi.

Samhliða gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 888/2004 um rafræna vöktun.

Persónuvernd, 19. mars 2008

\*Breytt með reglum nr. 394/2008.

\*Breytt með reglum nr. 475/2011.

## **6.2. Lög nr. 77/2000**

Hér að neðan eru lög nr. 77/2000 birt eins og þau voru í árslok 2011:

### **I. kafli.**

#### **Markmið, skilgreiningar og gildissvið.**

*1. gr.*

*Markmið.*

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, sbr. nánar ákvæði 36. gr.

## 2. gr.

### *Skilgreiningar.*

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

- 1 *Persónuupplýsingar*: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
- 2 *Vinnsla*: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
- 3 *Skrá*: Sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn.
- 4 *Ábyrgðaraðili*: Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
- 5 *Vinnsluáðili*: Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.
- 6 *Rafræn vöktun*: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannaferi eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
  - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
  - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.<sup>1)</sup>
- 7 *Samþykki*: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
- 8 *Viðkvæmar persónuupplýsingar*:
  - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir.
  - b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad.
  - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
  - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
  - e. Upplýsingar um stéttarfélagasáðild.
- 9 *Sértæk ákvörðun*: Ákvörðun sem afmarkar rétt og/eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga.

<sup>1)</sup> Lög 46/2003, 1. gr.

## 3. gr.

### *Efnislegt gildissvið.*

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota.

## 4. gr.

### *[Rafræn vöktun.*

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 46/2003, 2. gr.

## 5. gr.

### *Tengsl við tjáningarfrelsi.*

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta.

Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

## 6. gr.

### *Landfræðilegt gildissvið.*

[Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, [í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu]<sup>1)</sup>eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.<sup>2)</sup>

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.<sup>1)</sup>

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Þegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>L. 72/2003, 5. gr. <sup>2)</sup>Augl. 228/2010. <sup>3)</sup>L. 90/2001, 1. gr.

## II. kafli.

### **Almennar reglur um vinnslu persónuupplýsinga.**

## 7. gr.

### *[Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.]<sup>1)</sup>*

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;

1. að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
2. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
3. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;
4. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.<sup>1)</sup>

<sup>2)</sup>L. 90/2001, 2. gr.

## 8. gr.

### *[Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.]*

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi:

1. hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.<sup>1)</sup>
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;

6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.  
...2)

Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitið til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>L. 90/2001, 3. gr. <sup>2)</sup>L. 46/2003, 3. gr.

## 9. gr.

*[Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.]<sup>1)</sup>*

[Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum:]<sup>1)</sup>

1. hinn skráði samþykki vinnsluna;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan sé framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau; slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða;
6. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna læknismedferðar eða vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
9. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

[Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.]<sup>2)</sup>

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í [1. og 2. mgr.]<sup>2)</sup> telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur<sup>3)</sup> um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknnum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkis þess er óskað.

Persónuvernd leysir úr ágreiningu um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.

<sup>1)</sup> L. 90/2001, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 81/2002, 1. gr. <sup>3)</sup> Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 853/2010.

#### 10. gr.

##### *Notkun kennitölu.*

Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.

#### 11. gr.

##### *[Áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.*

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur<sup>1)</sup> og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rgl. 299/2001. <sup>2)</sup> L. 90/2001, 5. gr.

#### 12. gr.

##### *Innra eftirlit.*

[Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli<sup>1)</sup> um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rgl. 299/2001. <sup>2)</sup> L. 90/2001, 6. gr.

#### 13. gr.

##### *[Trúnaðarskylda vinnsluaðila við meðferð persónuupplýsinga.*

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu<sup>1)</sup> í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.<sup>2)</sup>

[Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluaðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluaðili ekki.]<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> Augl. 228/2010. <sup>2)</sup> L. 90/2001, 7. gr. <sup>3)</sup> L. 72/2003, 6. gr.

#### 14. gr.

##### *Frestur til að fullnægja skyldum.*

Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er fyrir ábyrgðaraðila að afgreiða erindi innan eins mánaðar er honum heimilt að gera það síðar. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili innan mánaðarfrestsins gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

#### 15. gr.

##### *Greiðsla kostnaðar.*

Verða skal við erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. án þess að taka fyrir það sérstakt gjald. Þó má, ef um er að ræða mikinn kostnað, svo sem vegna ljósritunar skjala, taka greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af [ráðherra]<sup>1)</sup> með reglugerð.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 164. gr.

### III. kafli.

#### **Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda. Fræðslu- og viðvörunarskylda. Réttur til rökstuðnings.**

#### 16. gr.

##### *Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga.*

Ábyrgðaraðila er skylt að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Þeim sem þess óskar skal enn fremur, að því er varðar tiltekna tegund vinnslu, veitt vitneskja um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum þessum;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum persónuupplýsinga sem unnið er með;
5. hvaðan upplýsingar koma;
6. viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar úr landi og þá til hverra.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint til ábyrgðaraðila, eða fulltrúa hans skv. 6. gr., og má krefjast skriflegrar greinargerðar um þau atriði sem óskað er vitneskju um.

#### 17. gr.

##### *Opinber skrá um veittar heimildir og móttæknar tilkynningar.*



Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilar skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður.

#### 18. gr.

##### *Upplýsingaréttur hins skráða.*

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

#### 19. gr.

##### *Takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða.*

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfraeðivinnslu eða vísindarannsókna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Skal þá m.a. tekið tillit til heilsu hins skráða og hagsmuna venslamanna hans. Þó má samkvæmt beiðni veita umboðsmanni hins skráða vitneskjuna, enda mæli engar sérstakar ástæður gegn því.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.

Þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. getur hann óskað greinargerðar um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

Dragi veiting vitneskju um tilteknar upplýsingar úr möguleikum á að leiða til lykta mál sem er til meðferðar má fresta veitingu upplýsinganna þar til lokið er undirbúningi málsmeðferðar.

Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir.

#### 20. gr.

##### *Fræðsluskylða þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.*

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
  - a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
  - b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni
  - c. að hafa veiti hann þær ekki,
  - d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1. mgr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/2002, 2. gr.

## 21. gr.

*[Skylda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.*

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr. Sé ætlan ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. málsl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og láns- traust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
  - a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
  - b. hvaðan upplýsingarnar koma,
  - c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
  - d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sann- girni má krefjast,
  2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,
  3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða
  4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.]<sup>1)</sup>
- <sup>1)</sup> L. 81/2002, 3. gr.

## 22. gr.

*Rökstuðningur sértækra ákvarðana sem byggjast á sjálfvirkeri upplýsingavinnslu.*

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga getur sá sem ákvörðunin beinist að krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðuninni til grundvallar.

## 23. gr.

*Viðvaranir um notkun persónusníða.*

Þegar persónusníð sem skilgreinir tiltekið háttæni, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:

1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. Eða
  2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv., getur Persónuvernd, þegar henni berst til- kynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili geri hinum skráða viðvart og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.
- Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörðun er að hennar mati ófram- kvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.

## 24. gr.

*Viðvaranir um rafræna vöktun.*

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannaferi skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

#### IV. kafli. Leiðrétting, eyðing, lokun o.fl.

25. gr.

*Leiðrétting og eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.*

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttaðar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

26. gr.

*Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.*

Pegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirætlunum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili engu síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlætjanlegt út frá heildstæðu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat skal taka tillit til hagsmuna annarra, almennra persónuverndarhagsmuna, almannahagsmuna og þeirra aðgerða sem þörf er á til að verða við kröfunni.

Persónuvernd getur, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notkun slíkra upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra.

27. gr.

*Réttur til að fá ákvörðun sem byggist á handvirkri vinnslu upplýsinga.*

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr., sem að öllu leyti hefur byggst á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, getur sá sem ákvörðun beinist að, eða mál varðar beinlínis með öðrum hætti, krafist þess að fá ákvörðunina handunna, enda sé um að ræða ákvörðun sem varðar persónulega hagi eða eiginleika hans og hefur verulega þýðingu fyrir hann.

Réttur skv. 1. mgr. er ekki til staðar ef beitt er viðhlítandi ráðstöfunum til að gæta persónuverndarhagsmuna viðkomandi og um er að ræða ákvörðun sem byggist á fyrirætlunum laga eða tengist gerð eða efndum sammings.

28. gr.

*[[Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá [Þjóðskrár Íslands].<sup>1)</sup>]]<sup>2)</sup>*

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

[[Þjóðskrá Íslands]<sup>1)</sup> skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarsarfsemi. [Ráðherra]3) setur, í samráði við Persónuvernd, nánari reglur<sup>4)</sup> um gerð og notkun slíkrar skrár og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram.<sup>2)</sup> Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá [Þjóðskrár Íslands]<sup>1)</sup> til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur. [Ef markpóstur er sendur með rafrænum hætti er skylt að fram komi á ótvíræðan hátt um leið og hann er móttækinn að um slíkan póst sé að ræða.]5)

Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við [Þjóðskrá Íslands],<sup>1)</sup> sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

[Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.]<sup>6)</sup>

<sup>1)</sup> L. 77/2010, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 50/2006, 23. gr. <sup>3)</sup> L. 162/2010, 164. gr. <sup>4)</sup> Rgl. 36/2005. <sup>5)</sup> L. 30/2002, 23. gr. <sup>6)</sup> 90/2001, 8. gr.

## V. kafli.

### Flutningur persónuupplýsinga úr landi.

29. gr.

*Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.*

Heimill er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr. [Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir<sup>1)</sup> í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.]<sup>2)</sup>

Við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipun 95/46/ESB fullnægi skilyrðum 1. mgr. skal m.a. líta til reglna viðkomandi ríkis um meðferð persónuupplýsinga, reglna um góða viðskiptahætti og þeirra öryggisráðstafana sem viðhafðar eru hjá viðtakanda. Þá skal taka mið af því hvort viðkomandi ríki hafi fullgilt samning Evrópuráðsins nr. 108 frá 28. janúar 1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

<sup>1)</sup> Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010. Augl. 228/2010. <sup>2)</sup> L. 90/2001, 9. gr.

30. gr.

*Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.*

Óheimill er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema:

1. hinn skráði hafi samþykkt flutninginn, eða
2. slíkt sé nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða vegna aðildar Íslands að alþjóðastofnun, eða
3. heimild standi til slíks flutnings í öðrum lögum, eða
4. afhendingin sé nauðsynleg til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila, eða
5. flutningurinn sé nauðsynlegur til að gera eða efna samning í þágu hins skráða, eða
6. afhendingin sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða,
7. [ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur, eða
8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að].<sup>1)</sup>

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. [Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einka-

lífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli<sup>2)</sup> um flutning persónuupplýsinga úr landi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 90/2001, 10. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

## VI. kafli.

### Tilkynningarskylda, leyfisskylda o.fl.

#### 31. gr.

##### *Tilkynningarskylda.*

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu.

Tilkynningarskyldan á ekki við ef einungis er unnið með upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi.

Persónuvernd getur ákveðið<sup>1)</sup> að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið<sup>1)</sup> að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar. Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu getur Persónuvernd sett fyrirmæli, þar á meðal um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða.

<sup>1)</sup> Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010.

#### 32. gr.

##### *Efni tilkynninga.*

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, sbr. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
12. hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr.]<sup>1)</sup>

Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli<sup>2)</sup> um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfrest eftir tegund og eðli vinnslu.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/2002, 4. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. <sup>3)</sup> Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

33. gr.

*Leyfisskyld vinnsla.*

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið<sup>1)</sup> að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið<sup>2)</sup> að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu.

<sup>1)</sup> Rgl. 712/2008, sbr. rgl. 927/2009 og rgl. 423/2010. <sup>2)</sup> Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 157/2003 og rgl. 853/2010. Rgl. 1100/2008, sbr. rgl. 424/2010.

34. gr.

*Forsendur leyfisveitingar o.fl.*

Ábyrgðaraðila má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögnum eða fyrir mælum Persónuverndar.

Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal Persónuvernd, innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða.

35. gr.

*Skilmálar Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga.*

Þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 33. gr. skal Persónuvernd binda það skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr.

Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga:

- 1 hvort tryggt sé að hinn skráði geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögnum, þar á meðal til að hætta þátttöku í verkefni, og eftir atvikum fá eytt skráðum persónuupplýsingum, til að fá fræðslu um réttindi sín og beitingu þeirra;
- 2 hvort persónuupplýsingar verði nægjanlega öruggar, áreiðanlegar og uppfærðar í samræmi við tilgang vinnslunnar skv. 7. gr.;
- 3 hvort með persónuupplýsingarnar verði farið af þeirri varúð sem reglur um þagnarskyldu og tilgangur vinnslunnar krefst;
- 4 hvort skipulagt hafi verið hvernig hinum skráða verði veittar upplýsingar og leiðbeiningar, innan þeirra marka sem sanngjarnt er að ætlast til miðað við umfang vinnslunnar og aðrar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru;
- 5 hvort stofnað hafi verið til öryggisráðstafana sem séu eðlilegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagmælsku um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst.

## VII. kafli. Eftirlit og viðurlög.

36. gr.

### *Skipulag Persónuverndar og stjórnáslá.*

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarslega undir [innanríkisráðherra].<sup>1)</sup>

Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar.

Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk Persónuverndar.

Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.

1) L. 162/2010, 164. gr.

37. gr.

### *Verkefni Persónuverndar.*

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga [á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna].<sup>1)</sup>

Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi:

1. að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og mæla, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laganna,<sup>2)</sup>
2. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum,
3. að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitafni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,
4. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,
5. að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, um persónuvernd, þar á meðal með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir,<sup>3)</sup>
6. að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitafni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd,
7. að birta árlega skýrslu um starfsemi sína.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleysis og annarrar afgreiðslu.

Persónuvernd setur reglur<sup>4)</sup> um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirsmæli um

rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.5)

<sup>1)</sup> L. 90/2001, 11. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 340/2003. <sup>3)</sup> Augl. 1001/2001. <sup>4)</sup> Rgl. 837/2006, sbr. rgl. 394/2008. <sup>5)</sup> L. 81/2002, 5. gr.

#### 38. gr.

##### *Aðgangur Persónuverndar að upplýsingum o.fl.*

Persónuvernd getur krafð ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna. Einnig getur Persónuvernd kvatt ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar og skýringar varðandi ákveðna vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar sem lúta rafrænni vinnslu, og tæki til slíkrar vinnslu. Persónuvernd getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðvum og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu.

#### 39. gr.

##### *Undanþágur frá þagnarskyldu.*

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Persónuvernd veiti persónuverndarstofnunum erlendis upplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt til að hún eða hin erlenda persónuverndarstofnun geti ákveðið eða framkvæmt aðgerðir til að tryggja persónuvernd.

#### 40. gr.

##### *Stöðvun vinnslu o.fl.*

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráð eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Við mat á því hvort og þá hvaða úrræðum skuli beitt skal Persónuvernd m.a. taka tillit til þeirra atvika sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laga þessara eða reglur settar samkvæmt þeim er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Sinni aðili ekki fyrirmælum Persónuverndar skv. 1. mgr. getur hún afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati.

#### 41. gr.

##### *Dagsektir.*

Ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirmælum Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.



42. gr.  
*Refsingar.*

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirætlum Persónuverndar.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

43. gr.  
*Bætur.*

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laga þessara, reglna eða fyrirmæla Persónuverndar skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluaðila.

**VIII. kafli.**

**Lagatengsl, gildistaka o.fl.**

44. gr.

*Tengsl við ákvæði annarra laga.*

Lögin gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega.

Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.

45. gr.

*Reglugerðir um einstaka flokka starfsemi.*

Með reglugerð má mæla fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstéttum.

Í reglugerð<sup>1)</sup> skal mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi skal bundin leyfi Persónuverndar og um hana gilda eftirfarandi ákvæði laganna: 11. gr. um öryggi og gæði upplýsinga, 12. gr. um innra eftirlit, 13. gr. um meðferð vinnsluaðila á upplýsingum, 18. gr. um upplýsingarétt hins skráða, 21. gr. um viðvörunarskyldu þegar upplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða, 25. gr. um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi upplýsinga, 26. gr. um eyðingu og bann við notkun upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi, 33. gr. um leyfisskylda vinnslu, 34. gr. um forsendur leyfisveitingar, 35. gr. um skilmála, 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl., 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl., 41. gr. um dagsektir, 42. gr. um refsingar og 43. gr. um bætur.

Að fenginni umsögn Persónuverndar skal ráðherra í reglugerð<sup>2)</sup> mæla nánar fyrir um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

Þá skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi þeirra sem nota nafnalista, vinna nafnárítanir, þar á meðal við markaðssetningarstarfsemi, og við gerð markaðs- og skoðanakannana.

<sup>1)</sup> Rg. 246/2001. <sup>2)</sup> Rg. 322/2001, sbr. 926/2004, 362/2008 og 1137/2008.

46. gr.  
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þegar er lög þessi hafa verið birt skal ráðherra skipa stjórn og auglýsa embætti forstjóra Persónuverndar laust til umsóknar. Eftir að forstjóri hefur verið skipaður ræður hann eftir þörfum annað starfsfólk til að annast undirbúning að gildistöku laganna og sinna stjórnslu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 46. gr. skal Persónuvernd þegar er stjórn hennar hefur verið skipuð taka að sér eftirlit með því að meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi sé í samræmi við lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga við gildistöku laganna skal á þar til gerðu eyðublaði tilkynna Persónuvernd um vinnsluna í samræmi við ákvæði 31. og 32. gr. innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Leyfi tölvunefnd hefur gefið út skulu halda gildi, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.